**allt**

**ÞÓRUNN ERNA CLAUSEN**

*Hryggurinn hennar ömmu er bestur*

jól • matur • tilboð

**Í MIÐJU BLAÐSINS**



**BIRTA**

**HREFNA RÓSA JÓHANNSDÓTTIR:**

*Stelpan í kokkalandsliðinu*

jólamatur • tíska • börn

**FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG**







# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

16. desember 2005 — 340. tölublað — 5. árgangur

**MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI**

Sími: 550 5000

### Annasöm helgi



Söngvarinn Páll Rósinkrans nýtur þess að vera á fullu í desember.

**FÓLK 59**

### Sjónvarpsstöðin Sirkus:



Ætlar sér mikla hluti með nýju fólki. Brynja Björk Garðarsdóttir meðal nýrra þáttastjórnenda.

**FÓLK 74**

### Rótlaus Framsóknarflokkur

Það skýtur skökku við, að mati Birgis Guðmundssonar, að Framsóknarflokkurinn hafi gripið til þess ráðs að auglýsa eftir frambjóðendum í Reykjavík.

**Í DAG 36**

### Landsliðið valið



Viggó Sigurðsson, landsliðsþjálfari í handbolta, tilkynnti í gær hvaða 15 leikmenn munu fara fyrir Íslands hönd á Evrópumótið í næsta mánuði. Einn nýliði er í hópnum og enn er eitt sæti laust.

**ÍÞRÓTTIR 66**

### VEÐRIÐ Í DAG




**VÍÐA NOKKUÐ BJART** á landinu. Skýjað og stöku él allra norðaustast, annars úrkomulaust. Þykknar upp vestan til síðdegis er éljaloft nálgast. Frost 1-11 stig, kaldast til landsins nyrðra.

**VEÐUR 4**



**KULDALEGAR VISTARVERUR** Sævar Arnfjörð mun ylja sér við sprittkerti um jólin á þessu kuldalega heimili sínu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Útilegumaður býr í tjaldi í Öskjuhlíð

**Fyrrverandi sjómaður hefur búið í tjaldi í Öskjuhlíð í fimm mánuði. Hann segist hafa beðið eftir að komast í íbúð fyrir öryrkja í fimm ár.**

**SAMFÉLAGSMÁL** „Ég kvarta ekki, ég er bara þannig uppalinn,“ segir Sævar Arnfjörð sem býr í tjaldi í Öskjuhlíð, steinsnar frá Perlunni.

„Ég er búinn að vera hérna síðan í ágúst og það er svo sem ekkert þægilegt, ég segi það ekki. En ég fæ 85 þúsund krónur á mánuði og það er ekkert hægt að leigja fyrir þann pening. Reyndar leigi ég á gistiheimili svona fyrstu daga hvers mánaðar, svona til að komast í bað og til að geta verið svolítið betri til fara. Það þýðir ekkert að vera í fínum fötum þegar maður býr við þessar aðstæður,“ segir Sævar og bendir á tjaldið. Hann kaupir sér stundum tilbúinn mat og fær að hita hann í örbylgjuofni á Shellstöð í Öskjuhlíðinni. Eldaðan mat hefur hann hins vegar ekki fengið frá því í júní.

Sævar er Arnfirðingur og sótti sjóinn frá unglingsárum þar til hann lenti í slysi fyrir tíu árum þegar hann var stýrimaður á báti frá Rifi. „Ég fékk drekann í bakið og það brotnuðu nokkur rif og ég var lamaður í fjóra mánuði á eftir og varð að læra að ganga upp á nýtt.“ Dreki er notaður við línuveiðar og er líkur akkeri í laginu. „Svo fór útgerðin á hausinn skömmu eftir þetta þannig að ég fékk engar slysabætur,“ útskýrir Sævar. „Eftir þetta leit enginn við manni, fólkið bara hvarf sem hafði verið nærri manni. Það vill enginn neitt með öryrkja hafa.“

Sævar varð að taka kvalastillandi lyf og eftir það hefur hann átt við áfengis- og lyfjavanda að stríða. Hann fær nú svefnlyf og róandi lyf hjá heimilislækni.

Sævar á börn en vill ekki þiggja aðstoð frá þeim. „Þau lifa sínu lífi og ég er nú á þeim aldri að maður á að sjá um sig sjálfur, ég vil ekkert vera að blanda þeim inn í minn vanda. Einu sinni kom dóttir mín hingað í heimsókn til mín. Hún leit inn í tjaldið og sagði: „Pabbi, hvernig getur þú búið í þessu?““

Sævar segist vera búinn að bíða í fimm ár eftir því að komast í íbúð fyrir öryrkja hjá Öryrkjabandalaginu. „Sumir komast þar inn eftir nokkra mánuði svo þetta gengur allt út á klíkuskapinn. Ég hefði nú getað nýtt mér það líka, ég er náfrændi eins fyrrverandi ráðherrans en ég bara vildi það ekki. Ég er þannig uppalinn,“ segir Sævar.

Ef fer sem horfir mun þessi gamli sægarpur kúldrast í tjaldinu sínu í Öskjuhlíðinni um jólin. **- jse**

Þriðja tegund símaþjónustu í burðarliðnum með nýjum reglum:

# Númer má flytja í nýtt kerfi

**UPPLÝSINGATÆKNI** Hægt verður að flytja símanúmer úr almenna símkerfinu yfir í netsímaþjónustu (VoIP þjónustu) samkvæmt nýjum reglum Póst- og fjarskiptastofnunar. „Þetta er náttúrulega tímamótabreyting, það er engin spurning,“ segir Hrafnkell V. Gíslason, forstjóri Póst- og fjarskiptastofnunar, en fyrirséð er að samkeppni á símamarkaði stóraukist með gildistöku reglanna. „Þá einfaldlega heimilum við númeraflutning. Stóra breytingin er að númeraflutningur fæst úr hefðbundna kerfinu yfir í það nýja.“ Með VoIP tækni er talmáli breytt í gagnaflutningspakka og sent yfir internetið, en ekki með ákveðnum rásaskiptum leiðum eins og í almenna símkerfinu.

Ef hringt er í Neyðarlínuna úr VoIP síma getur verið að ekki sé hægt að staðsetja hvaðan símtalið kemur. Hrafnkell segir þá afstöðu Neyðarlínunnar að nægja mundi að auðkenna símanúmerin sem VoIP, hefði skipt miklu. „En við munum hins vegar stöðva þjónustu ef ekki er hægt að hringja í 112.“

Hrafnkell segir viðbúið að einhverjar athugasemdir beristenda sé um grundvallarbreytingu á fjarskiptamarkaði að ræða, en frestur til að skila þeim inn rennur út 30. þessa mánaðar. **- óká**

Leiðtogafundur ESB:

## Búist er við átakafundi

**BRUSSEL, AP** Tony Blair, forsætisráðherra Bretlands, kvaðst við upphaf leiðtogafundar Evrópusambandsins í Brussel í gær búast við afar erfiðum fundi. Þar á að ræða fjárlög sambandsins og hafa Frakkar krafist að Bretar gefi eftir hluta þeirra endurgreiðslna sem þeir njóta úr sjóðum þess. Það vilja þeir ekki gera nema að landbúnaðarstefna ESB verði endurskoðuð.



**FUNDUR FRAMUNDAN** „Þetta verður bæði langt og strangt,“ sagði Blair í upphafi fundar.

Jose Manuel Barroso, forseti framkvæmdastjórnar ESB, sagði að trúverðugleiki sambandsins væri í hættu næðu aðildarríkin ekki sáttum. ESB megi ekki við fleiri skakkaföllum á árinu eftir að Frakkar og Hollendingar höfnuðu stjórnarskrársáttmála þess í þjóðaratkvæðagreiðslum. **Sjá síðu 26**

Starfsmannaleigan 2 plús 1:

## Stefnir í þrot

**VINNUMIÐLUN** Starfsmannaleigan Tveir plús einn sem hefur haft starfsemi hérlendis um alllangan tíma stefnir í þrot, en yfir 80 starfsmenn hennar eiga inni laun hjá fyrirtækinu.

Umrædd starfsmannaleiga er þýsk og sérhæfir sig í að flytja hingað til lands þýska starfsmenn. Fyrirtækið hefur nú verið innsiglað vegna vangoldinna skatta og flest bendir til þess að starfsmennirnir fái laun sín ekki greidd, en þar er um talsverðar upphæðir að ræða fyrir margra mánaða störf.

**Sjá síður 18 og 19**







**Skoðaðu kvöldsprengjuna á bls. 17**



## SPURNING DAGSINS

*Snorri, eru þetta bolabrögð?*

„Nei, bolakjöt er af gömlum nautum en við slátrum ungum nautum sem gefa af sér gott kjöt.“

Verð á ungnautakjöti hefur hækkað vegna vaxandi vegna skorts á kjöti sem kúabændur rekja meðal annars til vinsælda skyrdrykkja. Snorri Sigurðsson er framkvæmdastjóri Landssambands kúabænda.

Marwan Barghouti og félagar hans stofna nýjan stjórnmálaflokk:

# Klofningur í Fatah-hreyfingunni

**RAMALLAH, AP** Yngri kjarninn í Fatah-hreyfingu Mahmoud Abbas, forseta palestínsku heimastjórnarinnar, hefur yfirgefið hreyfinguna og stofnað nýjan stjórnmálaflokk.

Mikil ólga hefur ríkt í Fatah að undanförnu eftir að Abbas skipaði helstu bandamenn sína í efstu sæti framboðslista hreyfingarinnar fyrir þingkosningarnar í janúar. Í fyrrakvöld sauð svo upp úr þegar stuðningsmenn Marwans Barghouti, sem situr í fangelsi fyrir aðild að hermdarverkum, með eiginkonu hans í fararbroddi skráðu nýjan stjórnmálaflokk, Framtíðina, til þátttöku í kosningunum.



**MARWAN BARGHOUTI** Þótt hann afpláni fimmfalt lífstíðarfangelsi nýtur hann óhemjuvinsælda á meðal ungra Palestínumanna. MYND/AP

Í gær reyndu Abbas og menn hans að telja klofningshópnum hughvarf, meðal annars með því að bjóða fulltrúum hans örugg sæti á framboðslistunum, en allt kom fyrir ekki. Menn Barghoutis segja of seint að reyna sættir og því sé kominn tími til að leiðir skilji.

Spenna hefur lengi ríkt á milli gömlu valdaklíkunnar í Fatah, stærstu hreyfingarinnar innan Frelsissamtaka Palestínu, sem var með Yasser Arafat í útlegðinni á sínum tíma og yngri manna sem stóðu erfiða vaktina í Palestínu á meðan. Þótt ungu mennirnir segist ætla að mynda stjórn með Fatah að loknum kosningum telja stjórnmálaskýrendur líklegt að klofningurinn verði til að styrkja stöðu Hamas-samtakanna enn frekar. - shg

Rækjuveiðar:

# Ekkert veitt í síðasta mánuði

**SJÁVARÚTVEGUR** Ekkert veiddist af rækju hér við land í síðasta mánuði. Þetta eru mikil viðbrigði frá því sem áður var, því ekki er langt síðan aflaverðmæti hennar fyrir þjóðarbúið jafnaðist á við aflaverðmæti þorsksins.

Mun þetta vera í fyrsta sinn í tugi ára sem engri rækju er landað við stendur landsins í heilan mánuð. Þessi staða getur þó orðið mun algengari enda hafa rækjutogurum fækkað mikið í flotanum. Einnig er það sí vaxandi vandamál að rækja finnst ekki í því magni eða stærð sem áður var. ■

## BANDARÍKIN

**Barði fjölskylduna til ólífis** Maður í Indiana-ríki hefur viðurkennt að hafa barið eiginkonu sína og þrjár dætur til bana vegna deilna um hver ætti að sjá um húsverkin á heimilinu. Maðurinn sagði við lögregluna að hann hefði verið undir miklu álagi að undanförnu en hann missti vinnuna fyrr á árinu. Hann á yfir höfði sér lífstíðardóm.

## DANMÖRK

**Ástralar kaupa Kastrup** Ástralska fyrirtækið Macquarie Airports hefur keypt ráðandi hlut í flugvöllum Kaupmannahafnar fyrir rúma áttatíu milljarða íslenskra króna. Mestur fengur er í Kastrup-flugvelli en einnig fylgir Hróarskelduvöllur með í kaupunum. Nýju eigendurnir segjast í viðtali við Jyllands-Posten hafa tröllatrú á vaxtarmöguleikum vallanna.

## LÖGREGLUMÁL

**Pilturinn fannst látinn** Lík 18 ára pilts fannst í nágrenni Öskjuhlíðar um hádegisbil í gær. Lögreglan í Reykjavík hafði lýst eftir honum kvöldið áður. Pilturinn hafði síðast sést við Laugarásbíó seint á þriðjudagskvöld. Nokkur viðbúnaður var viðhafður vegna leitarinnar, en frá því um miðjan dag á miðvikudag naut lögregla aðstoðar björgunarsveita við leitina.

## Ritskoðun

Sökum lögbanns sem sýslumaðurinn í Reykjavík setti á skrif Fréttablaðsins sem byggja á tölvupósti sem með einum eða öðrum hætti hefur haft viðkomu hjá Jónínu Benediktsdóttur, eru lesendur beðnir að athuga að blaðið getur þar með ekki skrifað fréttir um aðdraganda rannsóknar Baugsmálsins eins og það hefði kosið að gera. Sýslumaður hefur bannað Fréttablaðinu að endurbirta, í heild eða hluta, fyrri fréttir um sama mál. Þar sem fátt fréttnæmt var eftir óbirt í þeim gögnum sem hald var lagt á munu aðgerðir sýslumanns ekki skaða fréttaskrifin eins mikið og í fyrstu mætti ætla.

-ritstj.

# Mikil og góð kjörsókn í Írak

**Þingkosningarnar í Írak í gær gengu vonum framar. Vegna góðrar kjörsóknar varð að framlengja afgreiðslutíma kjörstaða og atkvæðaseðlar kláruðust á stöku stað. Góð þátttaka súnnía er talin sérstakt fagnaðarefni en þeir sniðgengu kosningarnar sem haldnar voru í janúar.**

**ÍRAK** Sögulegar kosningar voru haldnar í Írak í gær þegar landsmenn kusu í fyrsta sinn löggjafarþing sem starfa mun heilt kjörtímabil síðan Saddam Hussein var steypt af stóli.

Búist hafði verið við góðri þátttöku enda höfðu atkvæðisbærir menn verið duglegir við að skrá sig á kjörskrá. Kjörsóknin fór hins vegar vel fram úr björtustu vonum, langar raðir mynduðust við kjörstaðina 33.000 og því fór svo að framlengja þurfti afgreiðslutíma þeirra um eina klukkustund. Þegar þeim var síðan loks lokað undir kvöld kváðu byssuhvellir víða við, að þessu sinni í fagnaðarskyni yfir vel heppnuðum degi.

Al-Jazeera sjónvarpsstöðin hefur eftir Hussein Hendawi, fulltrúa í landskjörstjórn, að yfir tíu milljónir manna hafi kosið, eða 67 prósent kjósenda. Það er talsvert betri þátttaka en í kosningunum í janúar þegar 58 prósent þeirra sem voru á kjörskrá lögðu leið sína í kjörklefann. Mestu munar um þátttöku súnnía sem í janúar sátu flestir heima. Í Tikrit, heimaborg Saddams, var kjörsóknin 83 prósent og í hinum stríðshrjáða bæ Fallujah varð talsverður dráttur á kjörfundi þar sem atkvæðaseðlar kláruðust.



**BÚNAR AÐ KJÓSA** Þessar vinkonur sem búa í Az Zubayr í suðurhluta landsins voru á meðal þeirra sem greiddu atkvæði í gær, eins og glögglega má sjá á fingrum þeirra. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

## Hvað gerist í kosningunum?

Kosningarnar í gær, 15. desember, voru þær fyrstu þar sem byggt er á stjórnarskránni sem samþykkt var í október. Nýja þingið kallast Fulltrúaþingið en það mun mynda ríkisstjórn sem stjórna á landinu næstu fjögur árin.




Heimild: AP

Dagurinn gekk þó ekki að öllu leyti áfallalaust fyrir sig. Tveir fórust og þrír særðust í sprengjuárásum á kjörstaði í Tal Afar og Mosul og í Bagdad særðust þrír þegar sprengja sprakk á græna svæðinu svonefnda.

Írökum voru sendar árnaðaróskir hvaðanæva úr heiminum. „Þetta er sögulegur dagur fyrir írösku þjóðina, Mið-Austurlönd og heiminn allan, sögulegur dagur fyrir framgang frelsisins,“ sagði Scott McClellan, talsmaður Hvíta hússins á blaðamannafundi í gærkvöldi.

Engar áreiðanlegar útgönguspár liggja fyrir en talið er að hið svonefnda Sameinaða sjíabandalag, flokkur heittrúaðra sjía fái flest atkvæði, eða um fjörtíu prósent, sameinað framboð Kúrda gæti fengið fjórðung og flokkur Iyad Allawi, fyrrverandi forsætisráðherra og leiðtoga þeirra sem vilja tengsl ríkis og íslam sem minnst, tæpan fimmtung. Talning hófst strax eftir lokun kjörstaða en endanleg úrslit munu ekki liggja fyrir fyrr eftir hálfan mánuð.

sveinng@frettabladid.is






Maður dæmdur í þriggja mánaða fangelsi skilorðsbundið í þrjú ár:

# Var með barnaklám í tölvu

**DÓMSMÁL** Fertugur maður var dæmdur í þriggja mánaða fangelsi í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær. Á tveimur hörðum diskum turntölvu hans höfðu uppgötvast 349 ljósmyndir og 17 stuttar hreyfimyndir sem sýndu börn á kynferðislegan eða klámfenginn hátt.

Maðurinn fór með tölvu sína í viðgerð í Tölvulistann í vor, en starfsmenn fyrirtækisins kölluðu til lögreglu þegar efnið uppgötvaðist. Gefin var út kæra á hendur honum í haust.

Maðurinn játaði brot sitt skýlaust, en dómurinn telur, í ljósi þess magns af barnaklámefni sem á tölvu hans fannst, að brotið sé stórfellt.

„Ákærði, sem er fæddur í desember 1966, hefur ekki áður gerst sekur um refsiverða háttsemi og ber að taka tillit til þess við ákvörðun refsingar hans. Einnig horfir til mildunar refsingar að hann játaði brot sitt greiðlega,“ segir í dómnum, en refsingin er skilorðsbundin í þrjú ár. Þá var maðurinn einnig dæmdur til að þola upptöku á turntölvunni sem lögregla lagði hald á við rannsókn málsins.

Dóminn kvað upp Ásgeir Magnússon héraðsdómari, en af hálfu Ríkissaksóknara sótti málið Sigríður J. Friðjónsdóttir saksóknari.

- óká



**UPPTÆKUR TÖLVUBÚNAÐUR** Turntölva með barnaklámi var gerð upptæk með dómi í gær. Myndin tengist barnaklámsmáli í Þýskalandi. MYND/AFP




Líf, fjör og fegurð um helgina í Smáralind

**Tökum vel á móti Unni Birnu, Ungfrú heimi, á morgun! Móttaka í Vetrargarðinum hefst kl. 17.**

**Í dag kl. 17** verður hinn landskunni **Afi á Stöð 2** í hlutverki gestgjafans með frábæra jóladagskrá. Hann fær til sín marga góða gesti. Þeirra á meðal eru **Sigga Beinteins**, **Grétar Örvarsson**, **jólasveinarnir**, **Spark, Sönglist, Heitar Lummur** og **Birgitta Haukdal**.

***Jólastemningin heldur áfram í Vetrargarðinum um helgina. Gerðu jólainnkaupin í Smáralind og taktu þátt í stemningunni!***




ENNEMM / SÍA / NM19692

**Verslanir opnar til 22 öll kvöld til jóla** / smaralind.is / 528 8000

## GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 15.12.2005

| | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 62,14 | 62,44 |
| Sterlingspund | 110,1 | 110,64 |
| Evra | 74,67 | 75,09 |
| Dönsk króna | 10,019 | 10,077 |
| Norsk króna | 9,361 | 9,417 |
| Sænsk króna | 7,922 | 7,968 |
| Japanskt jen | 0,5351 | 0,5383 |
| SDR | 89,7 | 90,24 |

*Gengisvísitala krónunnar*
104,9155

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Þýskur framkvæmdastjóri segir Landsbankann hafa svikið Slippstöðina:

# Komast mátti hjá gjaldþroti

**GJALDÞROT** Thomas C. Kenny, einn framkvæmdastjóra þýska fyrirtækisins Pro Works H & E, segir að komast hefði mátt hjá gjaldþroti Slippstöðvarinnar á Akureyri ef Landsbankinn, viðskiptabanki Slippstöðvarinnar, hefði veitt félaginu stuðning þegar félagið þurfti mest á að halda.

Slippstöðin var undirverktaki hjá þýska fyrirtækinu DSD Stahlbau vegna umfangsmikils verkefnis í Kárahnjúkavirkjun en Pro Works var undirverktaki Slippstöðvarinnar í sama verki. Verkefnið kostaði Slippstöðina mikil fjárútlát og fékk félagið greiðslustöðvun 13. september.



**THOMAS C. KENNY** Framkvæmdastjóri Pro Works.

Kenny segir að Landsbankinn hafi svikið Slippstöðina og aukið mjög á fjárhagsvanda félagsins með því að greiða DSD 135 milljónir króna þann 29. september, vegna ábyrgðar tengdu verkinu. Landsbankinn krafði síðan Slippstöðina um sömu fjárhæð og daginn eftir óskaði lögmaður Slippstöðvarinnar eftir gjaldþrotaskiptum.

Úlfar Indriðason, forstöðumaður sértækra útlána hjá Landsbankanum, segist vísa ásökunum Kennys algerlega á bug. „Landsbankinn vann að lausn á vanda Slippstöðvarinnar, með stjórn félagsins, og ég vísa til skýringa stjórnarinnar á gjaldþrotinu. Að öðru leyti get ég ekki tjáð mig um málefni viðskiptavina bankans vegna bankaleyndar. Málefni Slippstöðvarinnar eru nú í höndum skiptastjóra og eiga að ræðast á skiptafundi,“ segir Úlfar. **- kk**

Krabbmeinssjúk börn:

## Fá fjórar milljónir í styrk

**FJÁRSTYRKUR** Styrktarfélagi krabbameinssjúkra barna verður í dag veittur um fjögurra milljóna króna fjárstyrkur frá fyrirtækjunum Kynningu og Mjólku, Bónus og KB-banka. Lítil stúlka sem nú er í erfiðri krabbameinsmeðferð mun taka á móti styrknum fyrir hönd félagsins.

KB-banki gefur einnig 3000 geisladiska með upptöku af jólatónleikum sem haldnir voru til styrktar félaginu í fyrra auk þess sem félagið fær útgáfurétt á tónleikunum. Fjárstyrkurinn kemur í stað tónleikahalds sem fyrirhugað var um hátíðirnar en hætt hefur verið við. **-sh**



**VINIR Á NÝ** Repúblikanarnir Bush og McCain eru nú sammála. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Lög um bann við pyntingum:

## McCain vann hálfan sigur

**WASHINGTON, AP** Eftir margra mánaða þref hefur Hvíta húsið loks fallist á kröfur öldungadeildarþingmannsins Johns McCain um að sett verði lög þar sem grimmileg, ómannúðleg og niðurlægjandi meðferð verði bönnuð á erlendum föngum sem Bandaríkjastjórn hefur í haldi grunaða um hermdarverk.

Dick Cheney varaforseti hafði þrýst mjög á að leyniþjónustan yrði undanþegin slíku banni og George W. Bush forseti hafði gefið í skyn að hann kynni að beita neitunarvaldi til að stöðva slík lög.

Í lögunum verður hins vegar málamiðlunartillaga sem veitir þeim sem gerast brotlegir við lögin nokkra vernd. ■

Maður lést í vinnuslysi:

## Verkstjórinn var sektaður

**DÓMSMÁL** Verkstjóri sem stýrði breikkun Krossanessbrautar á Akureyri var sektaður um 50.000 krónur vegna banaslyss sem varð við verkið í ágústbyrjun 2004.

Stjórnarformaður fyrirtækisins var sýknaður, en verkstjórinn var ekki talinn hafa gætt nægilega að öryggi á staðnum. Ökumaður stórrar vörubifreiðar lést þegar hún valt út af veginum og niður bratta brekku. Bil milli fremri og aftari hjóla bílsins var 5,7 metrar en vegurinn var bara 6 metra breiður og vinnunni þannig háttað að snúa þurfti bílnum við á veginum. **- óká**

# Lánasýslan er ósátt við Íbúðalánasjóð

**Eftirlitsstofnanir eru ekki á einu máli um lögmæti samninga Íbúðalánasjóðs. Þingmenn hafa eftir fulltrúa Lánasýslu ríkisins að ekki sé farið að lögum. Íbúðalánasjóður segir farið með dylgjur og fagnar úttekt Ríkisendurskoðunar.**

**STJÓRNMÁL** Fulltrúi Lánasýslu ríkisins telur að lánasamningar Íbúðalánasjóðs til banka og sparisjóða í kjölfar víðtækrar uppgreiðslu íbúðalána séu ekki í samræmi við lög. Lánasamningarnir fælu í sér óviðunandi meðferð á ríkisfé.

Þetta er haft eftir þingmönnum sem sitja í félagsmálanefnd Alþingis, en nefndin fékk ýmsa aðila á sinn fund í fyrradag til þess að fjalla um stöðu sjóðsins.

Jóhanna Sigurðardóttir, þingmaður Samfylkingar, sem sæti á í nefndinni, segir skoðanir eftirlitsstofnana eins og Ríkisendurskoðunar, Lánasýslunnar og Fjármálaeftirlitsins séu skiptar um það hvort lánasamningarnir hvíli á traustum lagagrunni, en útlán sjóðsins námu liðlega 80 milljörðum króna. Jóhanna segir að skiptar skoðanir séu einnig um það hvort ríkisábyrgðir nái yfir samningana og telur hún afleitt að slík óvissa skuli ríkja.



**JÓHANNA SIGURÐARDÓTTIR**

Siv Friðleifsdóttir, formaður félagsmálanefndar segir að Íbúðalánasjóður hafi orðið að bregðast við óvæntum aðstæðum þegar stórfelld uppgreiðsla íbúðalána hófst fyrir meira en ári.

Árni Mathiesen fjármálaráðherra og Árni Magnússon félagsmálaráðherra hafa beðið Ríkisendurskoðun um úttekt á fjárhag sjóðsins.



**Á BLAÐAMANNAFUNDI ÍBÚÐALÁNASJÓÐS** Íbúðalánasjóður hélt í nóvemberlok blaðamannafund þar sem farið var yfir stöðu sjóðsins og fyrirkomulag reglulegrar skýrslugjafar til Fjármálaeftirlitsins og til lánshæfismatsfyrirtækjanna Standard & Poor´s og Moody´s. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Hallur Magnússon, sviðsstjóri þróunar- og almannatengslasviðs Íbúðalánasjóðs, segir sjóðinn fagna úttekt Ríkisendurskoðunar. „Það er alveg ljóst að fjárhagsstaða Íbúðalánasjóðs er skýr, trygg og traust og að fá Ríkisendurskoðun til að staðfesta það gerir ekki annað en styrkja sjóðinn. Með því verða allar dylgjur um annað úr sögunni,“ segir hann og telur ekki hægt að álykta sem svo að beðið hafi verið um úttektina vegna þess að ráðherrarnir óttist um stöðu sjóðsins. „Við höfum ítrekað farið yfir þessa hluti og fengum meðal annars eitt virtasta ráðgjafafyrirtæki Evrópu á sviði áhættu- og fjárstýringar, Capto Financials Consulting, til að fara yfir stöðu okkar.“ Hallur segir stöðu Íbúðalánasjóðs hafa batnað eftir fyrstu þrjá mánuði ársins og er þess fullviss að úttektin staðfesti niðurstöður Capto.

johannh@frettabladid.is /
olikr@frettabladid.is



**NIKOLAS SARKOZY** Franski innanríkisráðherrann kvaðst fagna handtökunum þegar hann ræddi við fréttamenn. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Þrír handteknir í Frakklandi:

## Sagðir tengjast al-Kaída í Írak

**PARÍS, AP** Franskar öryggissveitir handtóku í gær þrjá menn sem grunaðir eru um að hafa átt í samskiptum við Abu Musab al-Zarqawi, en hann er sagður höfuðpaur al-Kaída í Írak.

Mennirnir voru handsamaðir í hinum róstusama úthverfi höfuðborgarinnar, Clichy-sous-Bois. Á heimili þeirra fundust vopn, sprengiefni og önnur áhöld sem nota má til óhæfuverka. Athygli vekur að fjölmargir rifflar sem einungis franski herinn notar fundust í fórum mannanna.

Talið er að mennirnir hafi framið fjölmörg vopnuð rán og sent afraksturinn til uppreisnarmanna í Írak. ■

Hæstiréttur:

## Ríkisskattstjóri sýknaður

**DÓMSMÁL** Indriði H. Þorláksson ríkisskattstjóri var í gær sýknaður í Hæstarétti af meiðyrðakröfu erlends manns sem krafðist þess að ummæli Indriða í blaðagrein yrðu dæmd dauð og ómerk.

Hafði Indriði í grein í Morgunblaðinu vísað til mannsins sem „þekkts sérfræðings í skattsniðgöngumálum“ og taldi maðurinn að um meiðyrði væri að ræða. Hæstiréttur féllst ekki á rök hans. **-aöe**

Færð þú jólagjöf frá ÓB-jólasveini?

Jólasveinar mæta á ÓB við Fjarðarkaup reglulega til jóla og gefa gjafir frá Nóa Síríusi, Senu eða JPV.

Fylgstu með á Rás 2!

Allt um leikinn á ob.is

RÁS 2

ÓB ódýrt bensín

## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**NÚ ER FROST Á FRÓNI**
Ískalt loft hvílir yfir landinu og vindur er sem betur fer víðast hægur. Það verður tiltölulega bjart yfir en þó er éljabakki örstutt vestur af landinu sem nálgast þegar líður á síðdegið og kvöldið. Þá þykknar upp vestan til og stöku él verða á annesjum.

**HÖFUÐBORGIN Í DAG**
Hæglætisveður. Bjartviðri fram eftir degi en þykknar smám saman upp. Gæti éljað undir kvöld. Frost 2-5 stig.




| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 7°C hálfskýjað | París | 10°C skýjað | Alicante | 16°C heiðskírt |
| Osló | -3°C hálfskýjað | Berlín | 5°C rigning | Mílano | 7°C heiðskírt |
| Stokkhólmur | 1°C alskýjað | Frankfurt | 10°C skýjað | New York | 7°C rigning |
| Helsinki | -1°C snjókoma | Madríd | 11°C heiðskírt | San Francisco | 13°C hálfskýjað |
| London | 12°C alskýjað | Barcelona | 11°C hálfskýjað | Orlando/Flórída | 18°C heiðskírt |

* Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknuð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.

# Hagkaup bjóða landsins mesta úrval kjötvöru

**OPIÐ**
til kl. 22
öll kvöld til jóla

# Besti hryggurinn

## að mati landsliðs matreiðslumeistara

Við fengum kokkalandsliðið til að taka út nýja hamborgarhrygg Hagkaupa. Dómar landsliðsins eru einróma - **þetta er besti hryggur sem þeir hafa smakkað!**




Þarf ekki að sjóða! Aðeins 90 mín. í ofni!

Kjöt & fisktorgið



**Svínalundir** úr kjötborði

TILBOÐ **1.498** kr/kg
Verð áður 2.298,-




30% afsláttur við kassa

**Hamborgarhryggur** með beini

TILBOÐ **1.048** kr/kg
Merkt verð 1.498,-



Jói FEL

*Við kynnum með stolti: Nýja eðal ístertu frá Jóa Fel*




Gott verð **899** kr/stk

Gildir til 18. desember eða á meðan birgðir endast.


HAGKAUP
*Skemmtilegast að versla*



## KJÖRKASSINN

*Skortir samkeppni á matvörumarkaði?*

| | |
|---|---|
| Já | 73% |
| Nei | 27% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Á að afnema innflutningshöft á landbúnaðarvörum?*

Segðu þína skoðun á visir.is

Hwang Woo-suk, frumkvöðull á sviði klónunar og stofnfrumurannsókna:

# Sagður hafa falsað niðurstöður

**SEÚL, AP** Suðurkóreski vísindamaðurinn Hwang Woo-suk er talinn hafa falsað niðurstöður í mikilvægum stofnfrumurannsóknum. Vísindagreinar hans verða dregnar til baka úr fagtímaritum.

Ásakanir um að Hwang, sem talinn var hafa tekist fyrstum manna að klóna fósturvísa úr mönnum og ná úr þeim stofnfrumum, hefði óhreint mjöl í pokahorninu blossuðu upp í vikubyrjun. Þá viðurkenndi einn af starfsmönnum á rannsóknarstofu Hwangs að yfirmaður sinn hefði sagt honum að falsa ljósmyndir af stofnfrumuklösum sem Hwang hlaut í sumar mikla viðurkenningu fyrir að takast að framleiða.



**Í VONDUM MÁLUM** Hwang var þráspurður út í mál sín á mánudaginn en síðan hefur hann farið huldu höfði. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Roh Sung-il, stjórnarformaður Mizmedi-sjúkrahússins í Seúl og samstarfsmaður Hwangs, sagði við fréttamenn í gær að Hwang hefði fallist á að biðja ritstjóra vísindaritsins Science að draga greinarnar til baka þar sem tilraununum var lýst. Roh sagði ennfremur að níu af þeim ellefu stofnfrumuklösum sem Hwang sagðist hafa framleitt væru tilbúningur og vafi léki á hvort afgangurinn væri ófalsaður.

Hwang hefur legið undir ámæli að undanförnu fyrir vafasamar aðferðir sínar. Í síðasta mánuði baðst hann opinberlega afsökunar á að hafa notað egg úr konum sem unnu hjá honum á rannsóknarstofunni, en slíkt brýtur í bága við siðareglur vísindamanna. **- shg**

Hæstiréttur:

# Gæsluvarðhald staðfest

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur staðfesti í gær gæsluvarðhaldsúrskurð yfir manninum sem handtekinn var eftir að fjöldi kannabisplantna og fleiri fíkniefni fundust við húsleit heima hjá honum á sveitabýli skammt frá Selfossi fyrr í vikunni.

Þótti brot mannsins vera af því taginu að lögregla þyrfti meiri tíma til rannsóknar og var því fallist á einnar viku gæsluvarðhald til handa manninum.

Hefur maðurinn þar að auki nokkrum sinnum áður komið við sögu lögreglunnar á Selfossi þó aldrei vegna fíkniefna. ■

Árás á varnarliðsmann:

# Ofbeldismaður í farbann

**DÓMSMÁL** Framhald á farbannsúrskurði yfir karlmanni frá Venesúela var staðfest í Héraðsdómi Reykjanesbæjar í gærmorgun.

Maðurinn var kærður í sumar fyrir að ráðast á varnarliðsmann og veita honum mikla áverka með brotinni flösku. Ekki er búið að gefa út ákæru í málinu að sögn fulltrúa sýslumannsins í Keflavík og er rannsókn málsins ekki lokið. „Við sendum málið frá okkur til ríkissaksóknara 30. nóvember og töldum þá að rannsókninni væri lokið en embættið óskaði eftir því að örfá atriði yrðu rannsökuð betur og endursendi málið til okkar. Maðurinn verður því í farbanni til 31. janúar,“ segir Júlíus Kristinn Magnússon, fulltrúi sýslumannsins í Keflavík. **- sk**











**LEIKSKÓLAKENNARAR HÓTA UPPSÖGNUM** Reykjavíkurdeild Félags leikskólakennara segir ekki útilokað að faglært leikskólafólk segi upp störfum sínum ef ekki fæst viðunandi kjarabót í samræmi við aðra nýlega samninga Reykjavíkurborgar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Rætt við leikskólakennara fyrir jól

**Launanefnd sveitarfélaganna mun funda með Félagi leikskólakennara fyrir jól í þeirri von að finna megi lausn á kjaramálum leikskólakennara og koma í veg fyrir fjölduppsagnir eins og raddir eru uppi um.**

**KJARAMÁL** Bæði Steinunn Valdís Óskarsdóttir, borgarstjóri, og Launanefnd sveitarfélaganna munu funda með Félagi leikskólakennara fyrir jól til að reyna að finna farsæla lausn á þeim kjaradeilum sem upp eru komnar. Ætla faglærðir leikskólakennarar ekki að una því að ófaglært starfsfólk á leikskólum Reykjavíkurborgar fái hærri laun fyrir sömu vinnu og þeir sem menntaðir eru eins og hefur gerst með nýjum samningum borgarinnar við Eflingu og Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar.

Samkvæmt þeim eru ákveðnir aðilar sem starfa við deildarstjórn á leikskólum borgarinnar með betri laun en félagar í Félagi leikskólakennara en í því félagi er aðeins fagmenntað fólk. Hefur þetta farið mjög fyrir brjóstið á þeim er menntað hafa sig sérstaklega til starfa á leikskólum og hafa fjölduppsagnir verið ræddar.



**BORGARSTJÓRI** Mun eiga fund með leikskólakennurum í Félagi leikskólakennara eftir helgina og taka stöðuna. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Steinunn Valdís Óskarsdóttir, borgarstjóri, mun funda með leikskólakennurum á mánudaginn kemur. „Þar förum við saman yfir stöðu mála og skiptumst á skoðunum. Mínar skoðanir eru þekktar. Ég vil sjá leiðréttingu á lægstu launum þjóðfélagsins og það á sannarlega við um leikskólakennara sem hefur eins og allir vita hefur verið erfitt að fá fólk í lengi vel. Þessir samningar eru til að bæta kjör þeirra er verst eru settir.“

Launanefnd sveitarfélaganna hefur enn ekki ákveðið dagsetningu fyrir fund með Félagi leikskólakennara eins og félagið hefur óskað eftir. Gunnar Rafn Sigurbjörnsson, formaður nefndarinnar, segir vissulega brýnt að ræða við leikskólakennara með tilliti til hótana þeirra um uppsagnir og það verði gert fyrir jól. „Við ræddum mál þessi á síðasta fundi okkar og vilji stendur til að hitta leikskólakennara og heyra þeirra sjónarmið. Það verður fljótlega og með því er ég að meina fyrir hátíðarnar.“

**albert@frettabladid.is**

Svíi grunaður um hryðjuverkaaðild í haldi í tékknesku fangelsi:

# Handsamaður í Prag af FBI

**SVÍÞJÓÐ** Sænskur hryðjuverkamaður hefur verið handtekinn í Prag. Hann er grunaður um að hafa skipulagt búðir hryðjuverkamanna í Oregon í Bandaríkjunum árið 1999 ásamt Abu Hamza og Haroon Aswat sem einnig eru grunaðir um að skipuleggja hryðjuverk. Svíinn er líka talinn tengjast fleiri hermdarverkamönnum. Hann er nú í fangelsi í Prag.

Sænska blaðið Aftonbladet segir að Svíinn eigi það á hættu að sitja í fangelsinu í allt að eitt ár áður en hann verður framseldur til Bandaríkjanna eða Svíþjóðar.



**Í PRAG** Svíi er þar í haldi grunaður um aðild að hryðjuverkastarfsemi í Bandaríkjunum.

Vopnaðir menn á vegum bandarísku alríkislögreglunnar FBI yfirbuguðu Svíann þar sem hann sat í farþegaflugvél um helgina og afhentu hann tékknesku lögreglunni. Hann var yfirheyrður og settur í fangelsi.

Auk þess að koma á fót búðunum í Oregon er sagt að maðurinn hafi tekið þátt í skotæfingum, safnað peningum til hryðjuverkastarfsemi og haft undir höndum upplýsingar á geisladiski um hvernig eiturefni af ýmsu tagi eru framleidd. **- ghs**

JPV ÚTGÁFA
www.jpv.is




„Unnendur glæpasagna verða ekki sviknir af nornatíma Árna … **kom þessi saga skemmtilega á óvart … eiginlega skelfilega á óvart svo ekki sé meira sagt.**“
Sigríður Albertsdóttir / DV

# ERLENDIR ÚTGEFENDUR SLÁST UM TÍMA NORNARINNAR

**Þegar hefur verið samið um útgáfu í Þýskalandi, Danmörku, Finnlandi, Svíþjóð og Noregi.**

**„Stórkostleg!“** segja Þjóðverjar, sem greiddu metupphæð fyrir útgáfuréttinn.

„**Meiriháttar lesning …** gat hreinlega ekki slitið mig frá henni.“
Stefán Þór Sæmundsson / hexia.net

„Tími nornarinnar er fín glæpasaga … **ætti að senda kaldan hroll niður eftir baki einhverra lesenda.**“
Guðrún Lára Pétursdóttir / KISTAN.IS

**„Hörkufín glæpasaga með öllu sem til þarf.“**
Ingvi Þór Kormáksson / BOKMENNTIR.IS

**„Glæsilega fléttuð bók.“**
Jakob Bjarnar / DV

**„Spennandi og trúverðug.“**
Páll Ásgeir Ásgeirsson / RÁS 2

„Góður húmor … **vel skrifuð bók … góður höfundur.**“
Ingo / BLAÐIÐ





## VEISTU SVARIÐ

1 *Forseti hvaða lands segir að helförin gegn gyðingum sé þjóðsaga?*

2 *Hvar í Evrópu er næst dýrast að kaupa matvörur?*

3 *Hver er markahæstur í DHL-deild karla í handbolta?*

Samtök ferðaþjónustunnar ósátt við íslensk stjórnvöld:

# Lítil trú á Guðna

**MATVÖRUMARKAÐUR** Samtök ferðaþjónustunnar skora á íslensk stjórnvöld að bretta upp ermarnar og vinna að því að íslenskir neytendur geti keypt matvæli fyrir lægra verð. Þetta kemur fram í fréttatilkynningu sem samtökin hafa sent frá sér.

Eins og komið hefur fram er verð á matvöru 42 prósentum hærra á Íslandi en í löndum Evrópusambandsins og segja forsvarsmenn samtakanna að þetta komi hart niður á rekstri íslenskra veitingahúsa. Þeir benda á að innkaup landbúnaðarvara, sem er einn stærsti liður í rekstri veitingahúsanna, séu gríðarlega kostnaðarsöm fyrir veitingahús. „Það hefur alltaf verið íslenskum veitingahúsum mjög erfitt að búa við þetta háa matvöruverð, sérstaklega á landbúnaðarvörum,“ segir Erna Hauksdóttir framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar.

„Stjórnvöld þurfa að fella niður tolla og auka frelsi í innflutningi. Mér heyrist nú samt ekki á landbúnaðarráðherra að hann hafi mikinn áhuga á að breyta þessu,“ segir Erna. - sk



**GUÐNI ÁGÚSTSSON** Samtök ferðaþjónustunnar telja ólíklegt að landbúnaðarráðherra beiti sér fyrir lægra matvöruverði.

Yfirmaður öryggislögreglu:

# Óttast árás á Norðurlöndin

**NOREGUR** Jørn Holme, yfirmaður norsku öryggislögreglunnar segir aðeins tímaspursmál hvenær öfgasinnaðir múslimar geri hryðjuverkaárás í Noregi.

Holme segir íslamska uppreisnarmenn nýta sér frelsið á Norðurlöndum til að skipuleggja hryðjuverk í öðrum löndum Evrópu og gagnrýnir norsk stjórnvöld harðlega fyrir að taka ekki harðar á þessum málum. Norðmenn studdu ekki innrásina í Írak árið 2003 en Holme segir í samtali við Aftenposten að ímynd Norðurlandanna sem frjálst og opið samfélag hafi orðið til þess að öfgasinnaðir múslimar hafi í auknum mæli ákveðið að flytja þangað. ■


Á eigin vegum um jólin



Jólatilboð

Toyota Corolla
frá 3.571 kr. á dag

Toyota Rav4
frá 4.471 kr. á dag

Toyota Land Cruiser
frá 5.071 kr. á dag

Innifalið: 100 km á dag og CDW (kaskótrygging).
Verð miðast við 7 daga leigu.
Tilboð gildir til 15.01.2006

Sjá nánar á hertz.is

Ekkert jafnast á við að aka um frjáls í bíl frá Hertz. Ef þú átt ekki bílinn sem hentar hverju sinni þá getum við hjá Hertz bætt úr því fyrir lægra verð en þig grunar. Það er óþarfi að eiga jeppa til að komast allt sem þú vilt fara. Engar áhyggjur, bara gleðileg jól.

Hertz

50 50 600 • www.hertz.is

Vildarklúbbur Icelandair

upplifðu ÍSLAND·SÆKJUM ÞAÐ HEIM

Sölustaðir: Keflavíkurflugvöllur, Reykjavík, Ísafjörður, Akureyri, Höfn, Egilsstaðir



Átakasaga byggð á einstökum heimildum

„Merkileg bók um litríkt og misviturt og misheiðarlegt og misgott fólk … undarlega hrífandi.“

Illugi Jökulsson / TALSTÖÐIN

„Fróðleg og skemmtileg aflestrar…“

Soffía Auður Birgisdóttir / MORGUNBLAÐIÐ

„Ég hvet fólk eindregið til að lesa þessa áhugaverðu og heillandi ævisögu þar sem ýmsum steinum er velt við … efnismikil og skemmtileg.“

Þórdís Gísladóttir / KISTAN.IS







**ÖSKJUHLÍÐIN** 25 ára maður ók í byrjun árs með 13 ára stúlku yfir í Öskjuhlíð þar sem hann kom fram vilja sínum við hana. Stúlkan sagði móður sinni um kvöldið hvað gerst hafði. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

# Samræði við 13 ára stúlku

**Hálfþrítugur maður hefur verið dæmdur í átta mánaða fangelsi fyrir samræði við 13 ára stúlku. Kynni þeirra hófust á spjallsíðu textavarps Sjónvarpsins.**

**DÓMSMÁL** Maður hefur verið dæmdur í átta mánaða fangelsi fyrir samræði við stúlkubarn í Öskjuhlíð 3. janúar á þessu ári. Maðurinn var þá 25 ára gamall og stúlkan 13 ára.

Hann var einnig dæmdur til að greiða stúlkunni 400.000 krónur í miskabætur og málskostnað upp á 498.058 krónur.

Kynni mannsins og stúlkunnar hófust 30. desember í fyrra með spjalli á síðu textavarps Sjónvarps, en þróuðust svo yfir í SMS sendingar. Maðurinn kvaðst vera 18 ára, en stúlkan gaf upp gælunafn og sagðist vera „13 kvk rvk“.

Dómurinn taldi ljóst að manninum hafi frá upphafi verið aldur stúlkunnar ljós. Hún sagði líka til aldurs í SMS skeyti og augliti til auglitis þegar hann sótti hana á bíl sínum til að fara í Öskjuhlíðina. Maðurinn sagðist hins vegar hafa haldið að hún væri 14 ára, en gat ekki gefið á því skýringar af hverju hann laug sjálfur til um aldur. Mat dómsins var að útlit stúlkunnar hafi verið í samræmi við að hún væri „varla deginum eldri en 13 ára“.

Þá kemur fram í útprentuðum skilaboðum Símans, sem maðurinn sendi úr farsíma sínum á tímabilinu 7. til 27. desember í fyrra, að hann hafi ítrekað reynt að komast í samband við stúlkur á spjallrás textavarpsins.

Fram kemur í dómnum að maðurinn hefur þrisvar hlotið refsidóma, á árunum 1998 til ársloka 2000, fyrir rán, þjófnaði, fíkniefnabrot, líkamsárás og fleira.

Maðurinn sagðist hafa snúið baki við fyrri háttum og félagsskap, auk þess að vera í sambúð og eiga lítið barn. Dómurinn kvaðst líta til þessara hluta. „En einnig þess að ákærði var 25 ára gamall er atburðir þeir sem í ákæru greinir áttu sér stað,“ segir dómurinn og áréttar að maðurinn hafi í krafti reynslu og aldurs haft yfirburðastöðu gagnvart stúlkunni, sem hafði samkvæmt gögnum málsins aldrei haft reynslu af kynlífi. „Ákærði vissi frá upphafi netsamskipta þeirra um réttan aldur stúlkunnar og hlaut enn fremur að vera ljóst þegar hann leit hana augum að aðeins var um óþroskað barn að ræða.“ Maðurinn er því með háttsemi sinni talinn hafa brotið ákvæði hegningarlaga sem löggjafinn hefur sett til að veita börnum vernd gegn kynferðislegri hegðun og eru mörkuð við ákveðinn aldur. „Verða þessi mörk ekki upphafin með samþykki barnsins,“ segir dómurinn.

Í niðurstöðu sálfræðings Barnahúss kemur fram að stúlkan hafi eftir atburðinn sýnt viðbrögð og einkenni barna sem orðið hafa fyrir kynferðisofbeldi og ætla megi að hún komi til með að þarfnast viðtalsmeðferðar síðar, þótt einkenni séu nú á undanhaldi.

olikr@frettabladid.is

# Hagstæðustu heildar innkaupinn

## *meira fyrir minna*




allt í matinn á einum stað

nettó

Akranes • Akureyri • Grindavík • Mjódd Reykjavík • Salahverfi Kópavogi



**TUNGLIÐ ER TAKMARKIÐ** Þessa dagana fer fram heljarinnar geimferðasýning í Shanghai í Kína í tilefni þess að þarlend yfirvöld hafa tilkynnt að þau hyggist senda geimfara til tunglsins árið 2017. MYND/AP

Leyfi til að rannsaka virkjunarkost jafngildir ekki leyfi til að að virkja á staðnum:

# Ráðherra leiðréttir umræðu

**STJÓRNMÁL** Valgerður Sverrisdóttir iðnaðarráðherra telur að misskilnings hafi gætt í umræðu um frumvarp til breytinga á lögum um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu. Afgreiðslu þess var frestað á síðustu starfsdögum Alþingis í desember eftir langar og ítarlegar umræður.

Í fréttatilkynnninningu frá iðnaðarráðuneytinu segir að frumvarpið geri aðeins ráð fyrir breytingum sem varða rannsóknir á vatnsafli en ekki nýtingu þess með útgáfu virkjunarleyfa. Tekið er fram að rannsóknarleyfi feli ekki sjálfkrafa í sér virkjunarleyfi, en því hefur meðal annars verið haldið fram af stjórnarandstæðingum á þingi.



**VALGERÐUR SVERRISDÓTTIR IÐNAÐARRÁÐHERRA** Alltaf þarf sérstakt leyfi til nýtingar vatnsorku eða virkjunarleyfi.

„Hið rétta er að samkvæmt raforkulögum er gert ráð fyrir að sækja þurfi sérstaklega um leyfi til nýtingar eða virkjunarleyfi,“ eins og segir í tilkynningunni.

Gert er ráð fyrir að sá sem fær leyfi og leggur fé í rannsóknir fái kostnað endurgreiddan verði leyfi til virkjunar veitt öðrum.

Í tilkynningunni eru það sagðar alvarlegar rangfærslur að halda því fram að engin greiðsla komi fyrir nýtingu orkuauðlinda. Þær séu háðar einkaeignarrétti, eignarnámi og jafnvel lögum um þjóðlendur en þau gera ráð fyrir greiðslum fyrir nýtingarrétt. -jh

Dularfullt mannshvarf:

# Móður saknað í níu mánuði

**NOREGUR** Lögregla á Rogalandi hefur hafið fyrir alvöru leit að þriggja barna móður sem ekkert hefur spurst til síðan í mars á þessu ári.

Síðast sást til Ann Helen Karlsen, 35 ára, í íbúð manns sem dæmdur var fyrir morð árið 1996 og hefur hann verið yfirheyrður vegna málsins. Að sögn dagblaðsins Verdens Gang bíður hann ákæru fyrir ofbeldisbrot gegn fleiri konum.

Karlsen átti við fíkniefnavandamál að stríða og því var að sögn Aftenposten ekki brugðist fyrr við hvarfinu. ■

Tryggingastofnun ríkisins:

# Opið á Þorláksmessu

**STOFNANIR** Opið verður á Þorláksmessu hjá Tryggingastofnun ríkisins en ekki lokað eins og greint var frá í Fréttablaðinu í gær. Hugmyndir voru uppi innan stofnunarinnar að gefa starfsfólki frí þennan dag. Fallið hefur verið frá því að loka og verður opið eins og venjulega þann dag frá 8.30 til 15.30. ■

## FINNLAND

**Fyrirtæki í víking** Skoðanakönnun sýnir að finnsk fyrirtæki ætla að auka umsvif sín í Rússlandi verulega á næstu tveimur árum. Dagblaðið Helsingin Sanomat sagði í gær að Finnar tryðu á kaupgetu Rússa og að nánast allir teldu sig geta aukið umsvif sín hinum megin við landamærin. Tvö af hverjum þremur fyrirtækjum ætla að leggja mesta áherslu á Moskvu eða Pétursborg í markaðssetningu sinni.

Nepalskur hermaður:

# Skaut ellefu manns til bana með vélbyssu

**NEPAL, AP** Nepalskur hermaður batt enda á deilur sínar við hóp óbreyttra borgara með því að skjóta á fólkið úr vélbyssu sinni í fyrrakvöld. Ellefu létust og nítján særðust. Maðurinn féll svo sjálfur fyrir byssukúlum óþekktra manna.

Embættismenn úr nepalska hernum greindu frá harmleiknum í gærmorgun en ekki fylgdi sögunni hvert deiluefnið var. Morðin áttu sér stað í Nagarkot, þorpi norðaustur af Katmandú, höfuðborg Nepals.

Herinn hefur sætt harðri gagnrýni frá mannréttindasamtökum fyrir að beita of miklu valdi í framgöngu sinni gegn uppreisnarmönnum sem aðhyllast maóisma en samt er talið að voðaverkið í fyrradag hafi verið óskipulagt stundarbrjálæði. ■



**MORÐUNUM MÓTMÆLT** Víða kom til mótmæla í gær í Nepal, meðal annars í Bhaktapur, úthverfi Katmandú. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**HÆNA Í INDÓNESÍU** Fuglaflensan hefur breiðst víða út í Asíu. Myndin er tekin á markaði á Balí. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Deila um verksmiðju

**Heilbrigðisráðherrar Svíþjóðar og Danmerkur deila um hvar reisa eigi verksmiðju til að framleiða bóluefni gegn fuglaflensu. Ráðherrarnir hittast í dag.**

**FUGLAFLENSAN** Norrænir heilbrigðisráðherrar funda í Kaupmannahöfn í dag um sameiginleg viðbrögð Norðurlandanna við útbreiðslu fuglaflensunnar. Búast má við átökum milli danska og sænska heilbrigðisráðherrans. Svíar hafa lýst yfir að þeir hyggist reisa verksmiðju til framleiðslu á bóluefni gegn farsótt á borð við fuglaflensuna í Svíþjóð og hafa leitað eftir samstarfi við alþjóðleg lyfjafyrirtæki. Þeir telja sig hafa stuðning Íslendinga og Finna.



**HARALDUR BRIEM SÓTTVARNALÆKNIR** „Ég bíð eftir niðurstöðu fundarins. Þetta er vel unnin skýrsla að mínu mati. Hún gæti verið grundvöllur ákvarðanatöku og við bara vonum það besta.“

Danski heilbrigðisráðherrann lýsti yfir undrun sinni þegar sænski ráðherrann kom fram í fjölmiðlum fyrr í vikunni og lýsti því sem ákvörðun sænskra heilbrigðisyfirvalda að reisa verksmiðju í Svíþjóð. Hann sagðist telja að Norðurlöndin hefðu ákveðið að standa saman að verksmiðjunni.

Danir telja verksmiðjuna hins vegar best komna í Kaupmannahöfn og hafa ekki viljað taka þátt í að reisa hana ef hún verður í Svíþjóð. Þeir eru hins vegar reiðubúnir að standa að samstarfi einkaaðila og hins opinbera og hafa gert Svíum tilboð þar að lútandi. Eina skilyrðið er að verksmiðjan verði í Danmörku.

Sænski heilbrigðisráðherrann telur sig hafa gert Dönunum greiða. Með yfirlýsingu sinni fyrr í vikunni hafi hann gefið ráðherrunum færi á að hugsa sinn gang og taka ákvörðun um það hvaða stefnu þjóðirnar taka.

Í sænskum fjölmiðlum kom fram í gær að Svíar teldu nægan tíma fyrir hendi að ná samkomulagi við hin Norðurlöndin.

Haraldur Briem sóttvarnalæknir sat í nefndinni sem átti að kanna möguleikana á norrænni samstöðu um verksmiðju. Hann segir að nefndin hafi skilað skýrslu fyrir ráðherrana til að fjalla um í dag. „Ég bíð eftir niðurstöðu fundarins. Þetta er vel unnin skýrsla að mínu mati. Hún gæti verið grundvöllur ákvarðanatöku og við bara vonum það besta,“ sagði hann í gær.

ghs@frettabladid.is







www.toyota.is

# risaSMÁR



ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS TOY 30306 12/2005

## Nýr Yaris. Hann er risaSMÁR

**Það er gott að vera lítill. Það er gott að vera stór.**
**En risaSMÁR er snilld.**
Stúfur er lítill. Samt er það alltaf stór stund þegar hann kemur til byggða.
Stúfur setur gjafir í alla skó, hvort sem þeir eru á jarðhæð eða á áttundu hæð.
Hann getur allt sem stóru sveinarnir geta - kannski meira. Stúfur er risaSMÁR.
**Nýr Yaris** er risaSMÁR. Yaris hefur eiginleika stórs bíls í litlum bíl,
tilfinninguna fyrir stórum bíl í litlum bíl, rými stórs bíls í litlum bíl.

Það er gott að vera lítill. Það er gott að vera stór.
En risaSMÁR er snilld.



**Verð frá 1.359.000 kr.**

TODAY TOMORROW TOYOTA

| Toyota | Toyota Akureyri | Toyotasalurinn | Toyotasalurinn |
|---|---|---|---|
| Nýbýlavegi 4 | Baldursnesi 1 | Njarðarbraut 19 | Fossnesi 14 |
| Kópavogur | Akureyri | Reykjanesbær | Selfoss |
| Sími: 570-5070 | Sími: 460-4300 | Sími: 421-4888 | Sími: 480-8000 |



**LJÓS Í MYRKRINU** Glenda Fuster er ein af fjölmörgum íbúum Alaska sem kemur sér í gegnum dimmasta árstímann með því að bregða sér í ljósatíma. Þótt Ísland nái yfir svipaðar breiddargráður er skammdegisþunglyndi hér mun óalgengara en í Alaska. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Könnun meðal starfsmanna á Landspítala - háskólasjúkrahúsi:

# Fagmennska og virðing mikilvægust

**HEILBRIGÐISMÁL** Starfsmenn Landspítala - háskólasjúkrahúss setja fagmennsku í fyrsta sætið yfir algildar meginreglur sem þeir vilja fylgja í daglegum störfum. Næst í röðinni eru virðing og gæði, samkvæmt upplýsingum frá LSH.

Þetta eru niðurstöður könnunar sem gerð var meðal starfsfólks LSH dagana 25. nóvember til 5. desember. Þar var kannað hver starfsmönnum fyndust að gildi LSH ættu að vera, en þau eru algildar meginreglur sem starfsmenn fylgja í daglegum störfum. Þeim var gefinn kostur á 12 mögulegum gildum sem raðað var í stafrófsröð, en einnig var hægt að skrifa inn önnur orð eða skrifa athugasemdir. Óskað var eftir að starfsmenn merktu við eitt til fjögur gildi.



**LANDSPÍTALI - HÁSKÓLASJÚKRAHÚS** Könnun var gerð meðal starfsmanna á þeim gildum sem þeir meta mest.

Ástæða þessarar könnunar var sú að verið er að vinna að heildarstefnumótun fyrir LSH. Að þeirri mótun stendur stór þverfaglegur hópur sem leitar eftir umsögnum og aðstoð frá öðrum starfsmönnum LSH eftir þörfum.

Alls bárust 740 svör við könnuninni, 663 rafræn og 77 á pappír. Flestir merktu við fjögur gildi, en á 22 svörum var merkt við öll. Af gildum sem voru skrifuð inn má nefna heiðarleika, réttsýni, ábyrgð, auðmýkt, áreiðanleika, gagnsæi, stolt, heildræna nálgun, þjónustulund, liðsheild, jákvæðni, kurteisi, metnað, sjúklinginn í fyrirrúmi, umburðarlyndi, víðsýni, umhyggju, traust, alúð, þekkingu, skilning og samviskusemi. -jss

Félag um lýðheilsu:

# Heilsuverndarstöðin akkeri

**ÁSKORUN** Félag um Lýðheilsu hefur sent frá sér fréttatilkynningu þar sem skorað er á stjórnvöld að breyta ekki hlutverki Heilsuverndarstöðvarinnar í Reykjavík eins og hugmyndir standa til.

Segir að Heilsuverndarstöðin sé akkeri og minnismerki um heilsuvernd hér á landi og eigi áfram að gegna því hlutverki og ráðamenn og stjórnvöld eigi að sjá til þess að svo verði áfram.

Borgaryfirvöld auglýstu hús Heilsuverndarstöðvarinnar við Barónsstíg til sölu fyrir skömmu. Átta tilboð bárust í húsið en einn bjóðenda féll frá tilboði sínu áður en afstaða var tekin til þess. Reykjavíkurborg tók tilboði Mark-húss ehf. sem hljóðaði upp á 980 milljónir króna.

Húsið þarfnast töluverðar viðgerðar. ■

Ekki lengur hætta á mjólkurskorti:

# Mjólkurframleiðslan í góðum málum

**MJÓLKURFRAMLEIÐSLAN** Framleiðslan á mjólk hefur tekið góðan kipp í haust og er ekki lengur hætta á mjólkurskorti eins og útlit var fyrir í lok september. Framleiðslan fór þá niður í 1,8 milljónir lítra en var komin í tvær milljónir lítra í síðustu viku. Það er fimmtíu þúsund lítrum minna en í fyrra en fimmtíu þúsund lítrum meira en í hittiðfyrra.



**GUÐBRANDUR SIGURÐSSON** „Við gætum hugsað okkur meiri mjólk til að lenda örugglega ekki í vandræðum úti á markaðnum.“

Guðbrandur Sigurðsson, forstjóri MS, segir að ekki hafi verið nógu mikið af mjólkandi gripum í haust auk þess sem sumarið og haustið séu alltaf erfið. Menn hafi verið áhyggjufullir yfir að það gæti leitt til skorts ef bændur næðu ekki tökum á framleiðslunni. „Framleiðslan hefur hins vegar tekið góðan kipp á síðustu vikum,“ segir hann.

„Við teljum að við séum í bærilegum málum. Við gætum hugsað okkur meiri mjólk til að lenda örugglega ekki í vandræðum úti á markaðnum en þurfum þess ekki nauðsynlega.“

- ghs



**ÞETTA ER SÁRT!** Enn hefur ekki tekist að þróa bóluefni við fuglaflensunni en hægt er að gefa þeim sem þegar hafa smitast lyf á borð við tamiflu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Rannsóknir á lyfi vegna fuglaflensu:

# Bóluefni lofar góðu

**LONDON, AP** Fyrstu niðurstöður rannsókna á nýju bóluefni við fuglaflensu af H5N1-stofni benda til að þróa megi lyf sem komið getur í veg fyrir smit á þessum banvæna sjúkdómi.

Franskir vísindamenn við lyfjafyrirtækið Sanofi Pasteur segja að með því að bæta sérstöku efni, álúni, í bóluefnið þurfi mun minna magn af svonefndum mótefnisvökum en skortur á þeim hefur einkum komið í veg fyrir að hægt sé að búa til bóluefni við flensu sem orðið getur að alheimsfaraldri. ■




# Vísað aftur heim í hérað

**Ómerktur hefur verið sýknudómur yfir manni sem var sakaður um að hafa misnotað stúlku. Hæstiréttur segir skort hafa á heildarmat á sönnunargögnum.**

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur hefur vísað aftur heim í hérað sýknudómi yfir manni sem sakaður var um að hafa misnotað 10 ára gamla systurdóttur sína.

Héraðsdómur Norðurlands vestra klofnaði í málinu þegar dómur var kveðinn upp í byrjun maí á þessu ári. Tveir dómarar sýknuðu manninn en sá þriðji skilaði séráliti og vildi dæma hann í 10 mánaða fangelsi.

„Í niðurstöðu hins áfrýjaða dóms var talið að þrjú nánar tilgreind atriði drægju svo úr vægi framburðar telpunnar að sýkna yrði ákærða af sakargiftum í málinu. Þessi atriði voru þó ekki metin skýrlega með tilliti til annarra atriða, sem komið hafa fram, einkum læknisfræðilegra gagna og framburðar bróður telpunnar,“ segir í dómi Hæstaréttar í gær og áréttað að samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála eigi heildarmat á öllum sönnunargögnum að ráða niðurstöðu máls. „Þar sem á skortir að í héraðsdómi sé þetta nægilega virt verður ekki hjá því komist að fella hann úr gildi og vísa málinu heim í hérað til frekari meðferðar og dómsálagningar að nýju.“

Upphaf málsins var að 10 ára stelpa sagði móður sinni frá því í ágúst 2003 að frændi hennar hefði gert eitthvað við hana nokkru fyrr um sumarið. „Nánar aðspurð sagði hún grátandi frá því að hann hefði, þegar hann átti að gæta hennar um nótt, komið við hana með höndum og sett fingurna inn í hana og henni fundist það vont,“ segir í dómnum, en atburðurinn átti sér stað á heimili mannsins þar sem stúlkan var gestkomandi.

„Stúlkan bar að maðurinn hafi talið hana vera sofandi, en hún lét ekki vita af því að hún vakti og greindi frá því hvernig hann hafi að lokum farið á klósett og þvegið sér. Þegar hún taldi að maðurinn væri sofnaður sagðist hún hafa fært sig niður á gólf og var hún þar það sem eftir lifði nætur.“

Í skoðun hjá kvensjúkdómalækni í október komu í ljós grónir áverkar á meyjarhafti stúlkunnar sem samrýmdust sögu hennar.

Maðurinn neitaði sakargiftum staðfastlega og kvaðst enga skýringu hafa á ásökunum stúlkunnar. Hún var tvisvar fengin til að tjá sig um atburðina fyrir héraðsdómi. Í fyrra skiptið vildi hún ekki tjá sig, en þótti skýr og trúverðug í seinna skiptið. Í millitíðinni hafði verið rætt við hana í Barnahúsi. Meirihluti héraðsdóms taldi þessa annmarka á framburði stúlkunnar, gegn staðfastri neitun mannsins, þýða að ekki hefði tekist „að færa fram lögfulla sönnun á sekt hans“. olikr@frettabladid.is


TILBOÐ
Sniðugar vörur fyrir alla jólasveina
DESEMBER
Komdu og fáðu þér rjúkandi heitt kakó
og ilmandi smákökur frá Korninu
Geomag
Yfir 15 tegundir af þessum skemmtilega fjölskylduleik.
GEOMAG
Verð frá: 599 kr.
Jólaspilin
Óþelló, Catan, Carcassonne og úrval annarra leikspila.
Carcassonne
Óþelló
CATAN
Verð frá: 3.990 kr.
Borðtölva FX400S
+ 17" flatskjár
Gateway
Intel Pentium D 820 2.8GHz/2x1MB 800MHz FSB
1024MB Dual Channel DDR2 533MHz (2x512)
250GB (7,200 rpm) SATA harður diskur
17" Gateway flatskjár 8ms
16X DVD+R(dual layer)
10/100/1000 netkort
128MB PCI-Express nVidia GeForce 6600 skjákort
7.1 hljóðkort
8 USB 2 (þrjú að framan) 3 firewire (tvö að framan)
9-1 minniskortalesari (les algengustu minniskort)
Þráðlaust Logitech lyklaborð og mús
Microsoft Windows XP Home
Verð áður: 159.900 kr.
Verð nú: 134.900 kr.
15%
Geisladiskar
Gott úrval af íslenskum geisladiskum.
1.299 kr.
Geisladiskar á frábæru verði!
Aðeins 1.499 kr.
Samsonite
Snyrtitaska
Glaze snyrtitaskan frá Samsonite er frábær í jólapakkann. Fæst í fjórum litum.
Stærð: 30 x 21 x 14 sm.
35%
Verð áður: 4.590 kr.
Verð nú: 2.990 kr.
Samsonite
Ferðataska
Stækkanleg ferðataska á tveimur hjólum. Taskan er létt og mjög stöðug.
Stærð: 38 x 50 x 25 sm.
36%
Verð áður: 13.999 kr.
Verð nú: 8.995 kr.
ODDI
SKRIFSTOFUVÖRUR
Verslun Odda • Borgartúni 29 • Sími 515 5170 • Opið virka daga 8 - 20 og laugardaga kl. 10 - 17




SMÁRALIND SÍMI 545 1550 ○ GLÆSIBÆ SÍMI 545 1500 ○ KRINGLUNNI SÍMI 545 1580







# North Face í jólapakkann





ÚTILÍF







# North Face í jólapakkann





ÚTILÍF






Tryggingastofnun ríkisins gerir upp við lífeyrisþega:

# 800 milljónir endurgreiddar

**LÍFEYRISMÁL** Tryggingastofnun greiddi út inneignir í gær samtals að upphæð 800 milljónir króna. til þeirra lífeyrisþega sem fengu vangreitt á síðasta ári. Við uppgjör tekjutengdra bóta ársins 2004 í síðasta mánuði reyndust tæplega 20 þúsund lífeyrisþegar eiga inneign hjá TR. Það fé verður lagt inn á bankareikninga í dag, samkvæmt upplýsingum frá stofnuninni.

Inneignir reyndust í uppgjörinu vera að meðaltali rúmlega 41 þúsund krónur en alls nemur endurgreiðsla TR til lífeyrisþega tæpum 800 milljónum króna fyrir skatt. Þorri lífeyrisþeganna sem fær endurgreitt eru ellilífeyrisþegar, eða tveir af hverjum þremur.


**TRYGGINGASTOFNUN** Ofgreiðslur til lífeyrisþega sem komu í ljós við endurreikning bóta ársins 2004 verða innheimtar á næsta ári.

Ofgreiðslur sem komu í ljós við endurreikning bóta ársins 2004 verða innheimtar á næsta ári. Bréf um tilhögun endurgreiðslu verða send til lífeyrisþega fyrri hluta janúarmánaðar. Dregið verður af bótum þeirra lífeyrisþega sem eiga greiðslurétt árið 2006, að hámarki 20 prósent af bótum hvers mánaðar. Þá lífeyrisþega sem ekki eiga greiðslurétt eða óska eftir annarri tilhögun frádráttar en TR gerir tillögu um hvetur stofnunin til að hafa samband í janúar á næsta ári til að semja um endurgreiðslur á skuldum. **- jss**

# Baugsmál eina ferð enn til Hæstaréttar

**Héraðsdómur synjaði í gær kröfu verjenda í Baugsmálinu um að málið verði fellt niður. Dómstóllinn féllst ekki á neinar ástæður verjenda sem leitt gátu til niðurfellingar málsins. Niðurstaðan hefur verið kærð til Hæstaréttar.**

**BAUGSMÁL** Verjendur sakborninga í Baugsmálinu ákváðu í gær að kæra til Hæstaréttar úrskurð Héraðsdóms Reykjavíkur þar sem synjað var kröfu um að fella málið niður.

Einar Þór Sverrisson, verjandi Jóhannesar Jónssonar, segir eðlilegt að fá úrlausn Hæstaréttar varðandi þau þrjú atriði sem verjendur lögðu til grundvallar kröfu um niðurfellingu málsins.

Verði úrskurðurinn staðfestur í Hæstarétti fara þeir átta ákæruliðir, sem enn eru reknir fyrir dómstólum, til efnislegrar meðferðar í Héraðsdómi Reykjavíkur.

Krafa verjenda um niðurfellingu málsins byggist á þremur meginröksemdum. Í fyrsta lagi telja þeir að Sigurður Tómas Magnússon, settur saksóknari í málinu, hafi ekki haft umboð til þess að fara með þá átta ákæruliði sem eftir sátu þegar Hæstiréttur vísaði 32 ákæruliðum Baugsmálsins frá með dómi 10. október síðastliðinn.

Í öðru lagi telja verjendur sakborninga að Björn Bjarnason hafi verið vanhæfur til þess að setja saksóknara í málið.

Í þriðja lagi telja verjendur að óheimilt hafi verið að flytja í miðjum klíðum forræði málsins frá ríkislögreglustjóra til ríkissaksóknara eftir að ákæra hafði verið gefin út.

Af þessum sökum telja verjendur að líta verði svo á að rétt settur saksóknari hafi ekki verið viðstaddur þinghald í málinu í þrígang og því verði að láta málið niður falla.


**SIGURÐUR TÓMAS MAGNÚSSON SETTUR SAKSÓKNARI** Engir meinbugir eru á því að Sigurður fari með málið samkvæmt úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur.


**EINAR ÞÓR SVERRISSON, KRISTÍN EDWALD OG ÞÓRUNN GUÐMUNDSDÓTTIR** Þrír verjendur sakborninga bíða úrskurðar í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær.

Héraðsdómur Reykjavíkur hafnaði í gær öllum ofangreindum ástæðunum. Dómurinn telur að Sigurður Tómas Magnússon sé nú rétt settur sækjandi og hafi svo verið þegar málið var fyrir dómi 9. desember síðastliðinn.

Í öðru lagi telur dómurinn að þótt ummæli Björns Bjarnasonar séu mjög gagnrýnin verði ekki séð að þau tengist beint sakarefnum. Þá lítur dómurinn svo á að í lýðfrjálsu landi hafi ráðherra verulegt svigrúm til þess að ræða og rita opinberlega um stjórnmál án þess að hann verði við það vanhæfur í athöfnum sínum.

Loks telur Héraðsdómur að lögreglustjórar, þar á meðal ríkislögreglustjóri, hafi ekki sjálfstætt ákæruvald og ríkissaksóknari geti á öllum stigum máls hlutast til um meðferð ákæruvalds hjá lögreglustjórum. Því verði ekki fallist á að óheimilt hafi verið að flytja málið frá ríkislögreglustjóra til ríkissaksóknara á sínum tíma.

**johannh@frettabladid.is**

Ótryggt ástand á landamærum Eþíópíu og Erítreu:

# Fyrstu friðargæsluliðarnir farnir

**ADDIS ABABA, AP** Sameinuðu þjóðirnar kölluðu í gær fyrstu friðargæsluliðana frá Erítreu í gær en talið er líklegt að styrjöld geti brotist út á milli Erítreu og Eþíópíu þá og þegar.

3.300 friðargæsluliðar hafa undanfarin fimm ár gætt hlutlauss svæðis á landamærum ríkjanna en þá lauk rúmlega tveggja ára löngu stíði þeirra um hvar mörkin ættu að liggja.

6. desember kröfðust Erítreumenn að allir friðargæsluliðar frá Norður-Ameríku og Evrópu, alls 180 manns, yrðu farnir úr landi innan tíu daga og við því var orðið í gær. Engar skýringar voru gefnar á kröfunum en herflutningar beggja ríkjanna að landamærunum undanfarnar vikur gefa til kynna að spennan sé að magnast.

Þótt aðeins sé um að ræða lítinn hluta friðargæsluliðsins var að heyra á Kofi Annan, framkvæmdastjóra SÞ, að heimkvaðning friðargæsluliðanna í gær væri aðeins upphafið að lengra ferli sem gæti endað á því að ekkert friðargæsluliði væri eftir til að gæta hlutlausa svæðisins.


**BEÐIÐ ÁTEKTA** Eþíópískir hermenn eru í viðbragðsstöðu skammt frá landamærunum og starfsbræður þeirra í Erítreu hafa gert svipaðar ráðstafanir. NORDICPHOTOS/AFP

Jean-Marie Guehenno, yfirmaður friðargæslumála hjá SÞ, telur friðarhorfurnar vera mjög teknar að dökkna á svæðinu. Hann segir öryggisráð SÞ munu ákveða næstu skref 2. janúar næstkomandi. **- shg**

# Opið til 22:00...

## ...til jóla!*

*Skútuvogi *Smáratorgi *Grafarholti

# Kvöldsprengjan

## springur kl. 20:30



999

50 stk. til í hverri búð
Aðeins 1 stk. á mann



99

50 stk. til í hverri búð
Aðeins 1 stk. á mann



599

25 stk. til í hverri búð
Aðeins 1 stk. á mann



99

50 stk. til í hverri búð
Aðeins 1 stk. á mann



999

30 stk. til í hverri búð
Aðeins 1 stk. á mann




99

250 stk. til í hverri búð
Aðeins 1 stk. á mann



## Kaffi Garður

í Skútuvogi

**Tilboð alla helgina**

Heitt súkkulaði á **99** kr.

Ís fyrir börnin á **99** kr.




1.899

**Helgi Björnsson** mætir á svæðið kl. 21:00, flytur nokkur lög og áritar nýja diskinn sinn í kjölfarið.

Athugið að tilboðin gilda aðeins í þeim verslunum sem opnar eru til 22:00 í kvöld, þ.e. Húsasmiðjunni Grafarholti, Smáratorgi og Skútuvogi. Tilboðin taka gildi stundvíslega kl. 20:30 og gilda til 22:00, eða á meðan birgðir endast. Aðeins 1 stk. á mann. Gildir aðeins um staðgreiðslu.

# Fyrstir koma fyrstir fá

**HÚSASMIÐJAN**

...ekkert mál






Útilíf - Sportver - K-sport - Toppmenn




Útilíf - Sportver - K-sport - Toppmenn

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

Erlendar starfsmannaleigur hafa náð góðri fótfestu hér á landi:

# Minnst átta leigur starfa hér

**VINNUMARKAÐUR** Að minnsta kosti átta erlendar starfsmannaleigur eru starfandi hér á landi og stöðugt fleiri taka til starfa. Starfsmannaleigurnar eru frá mörgum löndum en að minnsta kosti tvær þó frá Portúgal.

Portúgalska starfsmannaleigan Elpalmo Europe hefur verið starfandi hér á landi hvað lengst. Hún útvegar einkum portúgalska starfsmenn. Rais er einnig portúgölsk starfsmannaleiga sem hefur getið sér gott orð fyrir að standa skil á sköttum og skyldum hér á landi.

Starfsmannaleigan Tveir plús einn í Hafnarfirði er þýsk og útvegar einkum Þjóðverja. Hún hefur verið innsigluð frá því á mánudag.

3B Baltic er starfsmannaleiga frá Eystrasaltslöndunum. Fora/s er norsk starfsmannaleiga með tengsl í Tékklandi. Þá hefur starfsmannaleigan 2B verið í fréttum.

Ótalin er starfsmannaleigan Vislandia sem hefur sambönd til Lettlands. Hún er skráð í sama húsnæði og Viðskiptanetið við Þverholt og er undir stjórn bræðranna Benedikts og Arnar Karlssona hjá Nordic Barter í Lettlandi.

Einnig má nefna írska og rúmenska starfsmannaleigu sem taldar eru starfandi hér á landi. *- ghs*



**Í BYGGINGU** Starfsmannaleigurnar hafa einkum útvegað iðnaðarmenn og verkamenn í byggingavinnu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Sviku starfsmenn og stefna í þrot

**Starfsmannaleigan Tveir plús einn skuldar laun fyrir nóvember og desember. Starfsmenn hafa leitað aðstoðar með innheimtuna. Þeir tapa peningunum taki fyrirtækið ekki aftur til starfa. Tveir plús einn er innsiglað.**

**VINNUMARKAÐUR** Yfir 80 starfsmenn starfsmannaleigunnar Tveir plús einn í Hafnarfirði eiga inni vangoldin laun hjá fyrirtækinu fyrir nóvember og það sem af er desember. Má búast við að skuldin nemi frá 60 og upp í 300 þúsund krónur á hvern einstakling.

Hilmar Harðarson, formaður Félags iðn- og tæknigreina, FIT, segir að margir starfsmenn hafi haft samband við félagið síðustu daga til að kanna rétt sinn og óska eftir leiðréttingu. Hilmar segir að eigandi Tveggja plús eins hafi staðið skil á launum til starfsmannanna og gjöldum til stéttarfélagsins fram á haust og hafi verið mjög samvinnufús við gagnaöflun upp á síðkastið.

Dæmi er þó um að starfsmaður eigi inni rúmlega 600 þúsund krónur fyrir vinnu á tímabilinu frá maí til septemberloka. Hilmar segir að þeir sem hafi unnið yfirvinnu virðist ekki hafa fengið greitt yfirvinnukaup samkvæmt samningum. Þess sé dæmi að maður hafi unnið 250 tíma á mánuði og aðeins fengið greitt samkvæmt dagvinnutaxta.

FIT hefur fengið umboð frá starfsmönnunum til að annast málið. Verið er að safna gögnum og fara yfir laun þessara manna og reikna út hugsanlegar kröfur til innheimtu. Fréttablaðið hefur undir höndum gögn sem sýna þrjú dæmi. Í einu tilvikinu á starfsmaður inni tæpar 400 þúsund krónur hjá fyrirtækinu en það er mismunurinn á útborguðum launum og því sem hann á rétt á samkvæmt samningum. Í öðru tilviki á starfsmaður inni 600 þúsund krónur og í þriðja tilvikinu á maður inni um 70 þúsund krónur. Kolbeinn Gunnarsson, formaður Hlífar í Hafnarfirði, segir að gott samstarf hafi verið við eiganda Tveggja plús eins við gagnasöfnun síðustu daga.

Svo virðist sem sjúkratryggingar starfsmanna frá nýju aðildarríkjunum ESB og fjarlægari löndum utan Evrópu, sem hafa komið hingað á vegum starfsmannaleiga, geti í mörgum tilfellum verið í ólestri og geta þessir menn lent í vandræðum með sjúkrakostnað ef þeir eru ekki með evrópskt sjúkratryggingakort eða sjúkratryggingar frá heimalandi sínu. FIT hefur áhyggjur af þeim málum og er verið að skoða þau enda um margslunginn málaflokk að ræða.



**EIGA INNI LAUN** Yfir 80 erlendir iðnaðarmenn hjá Tveir plús einn eiga inni laun hjá starfsmannaleigunni. Starfsmannaleigan hefur verið innsigluð frá því á mánudag. Myndin er úr safni og tengist starfsmannaleigunni ekki beint.



**HILMAR HARÐARSON** Hilmar Harðarson, formaður Félags iðn- og tæknigreina, segir starfsmenn hjá Tveimur plús einum hafa haft samband við FIT síðustu daga til að óska eftir leiðréttingu á kjörum sínum.



Hlíf í Hafnarfirði:

## Fara peningalausir utan

**VINNUMARKAÐUR** Fjölmargir starfsmenn starfsmannaleiga hafa farið úr landi án þess að hafa fengið greidd rétt laun og án þess að hafa fengið launauppgjör. Margir hafa jafnvel farið utan allslausir. Hlíf í Hafnarfirði safnar gögnum og fer yfir launaseðla til að kanna hvort rétt laun hafi verið greidd.

„Við verðum meira varir við að menn fari úr landi og séu ekki búnir að fá launauppgjör og fara kannski peningalausir og allslausir utan,“ segir Kolbeinn Gunnarsson, formaður Hlífar.

- ghs

### DÆMI

**Starfsmaður 1**
Apríl-september 2005
Fékk greitt samtals 1.637.250 krónur.
Hefði átt að fá 2.027.528,66 krónur.
Mismunurinn: 390.278,66 krónur

**Starfsmaður 2**
Apríl-september 2005
Fékk greitt samtals 1.228.550 krónur.
Hefði átt að fá 1.844.707,85 krónur.
Mismunurinn: 616.157,85 krónur.

**Starfsmaður 3**
Apríl-september 2005
Fékk greitt samtals 389.850 krónur.
Hefði átt að fá 459.256,47 krónur.
Mismunurinn: 69.406,47 krónur.

*Hámarksfjöldi dagvinnutíma er 173,33 á mánuði. Vinnutími sem fer yfir þann tíma skal greiddur með yfirvinnukaupi. Þá eiga starfsmenn að fá greitt fyrir vinnu á frí- og helgidögum, orlofsuppbót, desemberuppbót og orlof.*

Meginreglan er sú að menn sem ekki hafa lögheimili á Íslandi lenda á svokallaðri utangarðsskrá. Þeir sem eru á utangarðsskrá eru til dæmis þeir sem þiggja eða einhvern tímann hafa þegið hér laun. Margir erlendir menn búa á gistiheimili og geta ekki skráð lögheimili sitt þar. Samkvæmt upplýsingum frá Tryggingastofnun þurfa mennirnir að hafa samband og þarf að meta hvert tilfelli fyrir sig.

Starfsmannaleigan Tveir plús einn hefur verið innsigluð vegna vangoldinna vörsluskatta frá því á mánudag og liggur starfsemi fyrirtækisins því niðri. Taki fyrirtækið ekki aftur til starfa munu mennirnir sennilega tapa þeim launum sem þeir hafa ekki þegar fengið greidd.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er starfsmannaleigan Tveir plús einn rekin í tengslum við FH-verk. Það fyrirtæki aflar verkefna og fær svo starfsmenn hjá Tveimur plús einum í verkin. Ekki náðist í Frank Witascheck, eiganda starfsmannaleigunnar, í gær.

ghs@frettabladid.is







Jólatréð!
1699 KR.
100-150sm
1899 KR.
150-225sm
Normannsþinurinn
fæst í Bónus Skútuvogi
og í Holtagörðum
Þú þarft ekki
TAÐREYKT ÚRBEINAÐUR FRAMPARTUR
1349 kg KR.
Merkt verð 1799kr.
25% afsláttur við kassann
TAÐREYKT ÚRBEINAÐ HANGILÆRI
1799 kg KR.
Merkt verð 2399kr.
BIRKIREYKT HANGIKJÖT
Úrbeinað SS hangilæri
1657 kg KR.
Merkt verð 2368kr.
30% afsláttur við kassann
Úrbeinaður SS hangiframpartur
1217 kg KR.
Merkt verð 1738kr.
30% afsláttur við kassann
30% afsláttur við kassann
1049 KR.kg
ALI hamborgarhryggur
Merkt verð 1498KR.
1399 KR.kg
ALI hamborgarhryggur
ÚRBEINAÐUR
Merkt verð 1998KR.
ALI BAJONSKINKA
1049 kg KR.
Merkt verð 1498kr.
30% afsláttur við kassann
30% afsláttur við kassann
Ali
Ali Bayonne skinka
BÓNUS

# að fletta lengra!

FIESTA PITSA
129 KR.
280-400g

Úr frystinum í ofninn og allt er klárt!

KJÚKLINGUR GRILLAÐUR
899 KR.
KÍLÓVERÐ

EKKERT BRUDL

Grillaður heill kjúklingur með PEPSI MAX 2ja lítra í kaupbæti!

Reddar deginum!

STEIKTAR FISKIBOLLUR
299 KR.
430g

Fullsteiktar fiskibollur - aðeins 1% fita!

KLETTASALAT
199 KR.
100g

FORSOÐNAR ÍSLENSKAR PARÍSARKARTÖFLUR
2x 300grömm
359 KR.
600g

IL DIVO - tenórarnir
ÓVIÐJAFNANLEG TÓNLIST!

Ave Maria
O holy night
Unchained melody
Feelings
Ti amero
Mama

Sykurpúðatenórarnir
1679 KR.
DISKURINN

ENGLABASSARNIR UNAÐSLEGU

MJÓLKUFETI
195 KR.
200g

FETAOSTURINN FRÁ MJÓLKU FÆST Í BÓNUS!

EKKERT BRUDL

WALDORFSALAT
259 KR.
250g

ÁVAXTASALAT
259 KR.
280g

BÓNUS

www.bonus.is

ERAN/Landlist

bonus.is



**PANDAN PRÍLAR** Su Lin heitir þessi risapönduhúnn sem er í dýragarðinum í San Diego í Bandaríkjunum. Eins og sjá má þykir Su Lin hreint ekki leiðinlegt að klifra í trjám enda er slík iðja pandadýra siður. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ársskýrsla Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna:

# Ungbarnadauði fátíðastur hér

**BARNADAUÐI** Tíðni ungbarnadauða er minnst á Íslandi og í Singapor samkvæmt ársskýrslu Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna sem kom út í gær.

Mældust aðeins þrjú dauðsföll hér á landi á hverja þúsund íbúa á síðasta ári og er staðan enn betri þegar litið er til ungbarnadauða fyrir eins árs aldur en aðeins voru tvö slík á hverja þúsund íbúa árið 2004.

Ungbarnadauði þykir góður mælikvarði á lífsgæði í hverju landi fyrir sig og mega Íslendingar prísa sig sæla miðað við mörg vanþróuð ríki. Þannig létust til að mynda tæplega 300 börn á hverja þúsund íbúa í Sierra Leone á síðasta ári og 257 í Afganistan.

Stríðsástand og almennt bág lífskjör eru meginástæður þessa mikla fjölda en ungbarnadauði er mikill í öllum löndum Afríku.

-aöe



**UNGVIÐIÐ Í GÓÐUM HÖNDUM HÉRLENDIS** Fæst börn látast hérlendis miðað við hverja þúsund íbúa samkvæmt skýrslu Barnahjálpar SÞ. Það er talið skýrt merki um almenn lífsgæði í landinu. AFP.NORDICPHOTOS/AFP

Danir eru uggandi:

## Telja spillingu hafa aukist

**DANMÖRK** Þriðji hver Dani er á þeirri skoðun að spilling hafi aukist í landinu síðustu þrjú ár.

Þetta kemur fram í skoðanakönnun sem stofnunin Transparency International lét gera. Stofnunin hefur það markmið að berjast gegn spillingu víðs vegar um heiminn.

Forsvarsmaður hennar segir í Politiken að aukin umfjöllun fjölmiðla og uppljóstrun nokkurra mála undanfarin ár skýri þessa niðurstöðu.

Þrátt fyrir þetta mælist spilling í Danmörku með því lægsta í heiminum. ■




Samgönguráðherra var viðstaddur vígslu nýs íþróttahúss á Patreksfirði:

# Fögnuðu nýju íþróttahúsi

**FRAMKVÆMDIR** Íþróttahúsið Brattahlíð var vígt á Patreksfirði um síðustu helgi og var fjölmenni þar saman komið af því tilefni. Meðal gesta voru þingmenn Norðvesturkjördæmis og þar á meðal Sturla Böðvarsson samgönguráðherra.

Margar gjafir hlotnuðust Íþróttafélaginu Herði á Patreksfirði á þessum tímamótum. Þar á meðal var bikar sem Hjörtur Sigurðsson og fjölskylda gáfu íþróttafélaginu til minningar um dóttur Hjartar, Hjördísi Láru sem var upprennandi körfuknattleiksstúlka, en hún lést árið 2002.

Á fréttavef Patreksfjarðar segir að áætlaður kostnaður við mannvirkið sé um 280 milljónir og mun jöfnunarsjóður greiða þrjátíu milljónir þar af.

Í vígsluleiknum mættust svo körfuknattleikslið Harðar og KFÍ frá Ísafirði. Fengu þar mestu körfuknattleiksstjörnur Harðar frá síðustu öld að spreyta sig og fóru á kostum. Heldur dró þó af þeim þegar líða tók á leikinn og unnu Ísfirðingar því með 93 stigum gegn 71 stigi Harðarmanna.

Séra Leifur Ragnar Jónsson vígði íþróttahúsið og Guðmundur Sævar Guðmundsson, forseti bæjarstjórnar, og Jón B.G. Jónsson, forveri hans, lögðu hornstein að byggingunni.

- jse



**SÉRA LEIFUR VÍGIR ÍÞRÓTTAHÚSIÐ** Íþróttahúsið var vígt að viðstöddu fjölmenni. Gæfan var þó ekki með heimamönnum í vígsluleiknum en þar léku margar gamlar kempur og dró mjög svo af þeim þegar leið á leikinn. MYND/GUÐLAUGUR ALBERTSSON




••• SANNKÖLLUÐ •••
JÓLASVEIFLA
OPIÐ TIL 22:00 FRAM AÐ JÓLUM
ERUM EINNIG Í KRINGLUNNI
Kringlan
DRAUMUR GOLFARANS
RAM GOLFSETT
GÆÐA GOLFSETT MEÐ 4-SW, DRIVER (400 CC), ÞRJÚTRÉ, FIMMTRÉ, HÁLFVITA, PÚTTER OG BURÐARPOKA
VERÐ: 34.900,-
BÓNUS
SKÓR OG HANSKI FYLGJA FRÍTT MEÐ
20% AFSLÁTTUR
ÞRÍHJÓLA KERRA
LÉTT OG MEÐFÆRILEG ÁLKERRA SEM HÆGT ER AÐ OPNA OG LOKA MEÐ EINNI HREYFINGU
VERÐ: 7.920,-
VERÐ ÁÐUR : 9.900,-
ORYX GOLFSETT
VANDAÐ GOLFSETT MEÐ 4-SW, DRIVER (400 CC), ÞRJÚTRÉ, HÁLFVITA, PÚTTER OG BURÐARPOKA
VERÐ: 24.900,-
VERÐ ÁÐUR : 35.700,-
FARA GOLFSKÓR OG GOLFHANSKI FYLGJA FRÍTT MEÐ
40% AFSLÁTTUR
ROYAL CLUB
FYRIR ÞÁ SEM VILJA LÉTTA OG STERKA BURÐARPOKA. POKINN ER VEL FÓÐRAÐUR MEÐ MJÚKUM AXLARÓLUM
VERÐ: 5.880,-
VERÐ ÁÐUR : 9.800,-
SPENNANDI JÓLAGJAFIR ÚR SPORTDEILDINNI
TILBOÐ
6 FETA POOL BORÐ
VERÐ: 29.900,-
TILBOÐ
FÓTBOLTASPIL
VERÐ: 9.880,-
VERÐ ÁÐUR : 14.000,-
TILBOÐ
BORÐTENNISBORÐ
VERÐ: 16.900,-
kaldaljós 2005
Hole in One
GOLFVERSLUN
SPORT DEILDIN
MUNIÐ GJAFABRÉFIN VINSÆLU
HOLE IN ONE • BÆJARLIND 1-3 & KRINGLUNNI • SÍMI: 577 4040 • WWW.HOLEINONE.IS

## „ORÐRÉTT“

### *Lokum oftar á almenning*

**„Tónleikarnir með Bryn Terfel færðu hljómsveitinni mikinn byr í seglin og verða henni hvatning til dáða í smærri og stærri verkefnum á komandi misserum.“**

ÞRÖSTUR ÓLAFSSON, FRAMKVÆMDASTJÓRI SINFÓNÍUHLJÓMSVEITARINNAR, Í GREIN Í MORGUNBLAÐINU.

### *Vitlaus þessi þjóð*

**„Engin frír Jóni vits en hann var ekki hugulsamur við þjóðina þegar hann hafði tækifæri til. Hún aftur á móti, hefur mulið undir hann, óverðskuldaðan.“**

ALBERT JENSEN TRÉSMIÐUR Í GREIN UM JÓN BALDVIN HANNIBALSSON Í FRÉTTABLAÐINU.

*nær og fjær*
**tilveran**

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** BJARTMAR GUÐLAUGSSON TÓNLISTARMAÐUR

# *Á leiðinni að opna jólafjör á Egilsstöðum*

„Ég er nú bara á leiðinni upp í flugvél, ég er nefnilega að fara að spila annað kvöld austur á Egilsstöðum í Listakompunni. Listakompan er nýtt afdrep fyrir listamenn og er mjög flottur staður,“ segir Bjartmar Guðlaugsson tónlistarmaður sem situr ekki auðum höndum frekar en venjulega. „Ég er að fara að opna eitthvert jólafjör fyrir þá þarna fyrir austan.“

Bjartmar Guðlaugsson hefur verið önnum kafinn undanfarnar vikur við spilamennsku úti um víðan völl og við að kynna plötu sína, „Ekki barnanna beztur“, sem kom út fyrir skömmu. Hann segist ekki hafa nokkurn áhuga á því að taka þátt í þessum hefðbundna jólaslag eins og hann kallar plötusöluna núna fyrir jólin og því hafi hann ákveðið að vera ekki að trana sér of mikið fram með plötuna sína.

Það er engu að síður nóg að gera hjá Bjartmari í tónleikahaldi næstu dagana. Í næstu viku



eru fyrirhugaðir nokkrir tónleikar með honum í Reykjavík. Eftir jólin segir Bjartmar þó að nýtt og afar spennandi verkefni taki við.

„Við erum að skipuleggja stærri tónleika á næsta ári með bandinu sem spilaði með mér á plötunni.“ Bjartmar er jafnframt að skipuleggja heimsókn til Danmerkur ásamt hljómsveit sinni, þar sem að hann ætlar að halda tvenna tónleika næsta sumar til að kynna plötuna sína og útilokar hann ekki að fleiri lönd kunni að fylgja í kjölfarið.

„Hún gengur mjög vel þessi músík sem ég er með á festivaltímanum á Norðurlöndunum. Og ef maður getur ferðast svolítið með músíkinni, þá er það bara hið besta mál.“

Það má því búast við því að Bjartmar muni hafa í mörgu að snúast næstu vikur og mánuði og ekki er að heyra á honum að hann kunni því illa.









**SIGURTILLAGAN** Kort þremenninganna af göngstígunum í Nauthólsvík.

# Göngustígar og baðlækur í Nauthólsvík

**Margar frumlegar tillögur bárust í hugmyndasamkeppni Reykjavíkurborgar á meðal ungs fólks um skipulag útivistarsvæðisins við Nauthólsvík.**

Fyrstu verðlaun hlutu þrír 17. ára bekkjarfélagar úr Verzlunarskólanum, Auðbergur Daníel Hálfdánarson, Elvar Örn Þormar og Hanus Jacobsen og hlutu þeir 100.000 króna í verðlaun. Tillaga piltanna var hugmynd að stígakerfi sem liggur í kringum svæðið og opnun heita lækjarins fornfræga fyrir baðgesti. Í umsögn dómnefndar var komið á framfæri ánægja með hversu umhugað hönnuðunum var um þarfir margra ólíkra hópa.

Aðspurðir um hugmyndina á bak við tillöguna, sögðu þeir að þetta ferli hafi byrjað í gríni en svo hafi alvaran fljótlega tekiðtekið við. Þeim finnst svæðið í dag vera gott, en alltaf megi betrumbæta það sem gott er.

Í öðru sæti varð tillaga um hvernig hægt væri að gera svæðið aðlaðandi á öllum árstímum, hvernig mini-golfvöllur að sumri gæti nýst sem skautasvell að vetri til. Tillöguna unnu þær Elín Björk Tryggvadóttir og Helga Guðrún Óskarsdóttir og hlutu þær verðlaunafé að upphæð 75.000 krónur.

Þær Fanney Sigrid Ingólfsdóttir, Þóra Óskarsdóttir og Íris Stefanía Skúladóttir hlutu þriðju verðlaun fyrir tillögu sína að neðansjávargöngum sem nýst gætu til að skoða lífríki sjávarins. Tilgangur samkeppninnar, sem bar heitið „Ef ég mætti ráða“, var að sögn borgarstjóra að fá tillögur um bætta útivistaraðstöðu við Nauthólsvík sem væri í góðu samspili við umhverfið og þá starfsemi sem þar er og mun koma til með að vera.

Verðlaunatillögurnar munu verða fylgigögn í fyrirhugaðri alþjóðlegri hugmyndasamkeppni um skipulagningu Vatnsmýrarsvæðisins og kvaðst Steinunn Valdís sannfærð um að tillögurnar yrðu hafðar til hliðsjónar af tilvonandi þátttakendum.



**VERÐLAUNAHAFARNIR ÁSAMT BORGARSTJÓRA** Auðbergur Daníel Hálfdánarson, Elvar Örn Þormar og Hanus Jacobsen og Steinunn Valdís Óskarsdóttir.



**NAUTHÓLSVÍK** Svona lítur svæðið út í dag.

**aegir@frettabladid.is**



★★★★★ **Úlfar:** „Virkilega góður hryggur. Bragð og safi í toppi.“

★★★★★ **Eyþór:** „Gott reykbragð, safaríkur og góður.“

★★★★ **Örn:** „Góður. Aðeins of blautur en gott eftirbragð.“

★★★★★ **Sigmar:** „Gott jafnvægi á milli salts og reykbragðs.“

# SS hamborgarhryggur bestur í bragðkönnun DV




HAMBORGAR HRYGGUR

Í árlegri blindsmökkun matgæðinga DV á 13 tegundum hamborgarhryggja fékk SS hamborgarhryggurinn langbestu dómana, eða **19 stjörnur af 20 mögulegum.** SS hamborgarhryggur rýrnar ennfremur mjög lítið við suðu og það var samdóma álit matgæðinganna að hann væri bæði safaríkur og bragðmikill.

Matgæðingar DV eru: Úlfar Eysteinsson matreiðslumeistari á Þremur Frökkum, Eyþór Rúnarsson matreiðslumaður hjá Sigga Hall og hinir valinkunnu áhugamenn um góðan mat, Sigmar B. Hauksson og Örn Árnason leikari.

SS fremstir fyrir bragðið

Fiton/SÍA

## Svona erum við

> Verslun einstaklinga á netinu 2005




Heimild: Hagstofa Íslands

# baksvið

*fréttir og fróðleikur*

**FBL GREINING:** ÞRÓUNARSAMVINNUSTOFNUN

# *Stuðlar að uppbyggingu í þriðja heiminum*

Þróunarsamvinnustofnun Íslands, ÞSSÍ, hefur stutt menntamál í Malaví síðan árið 1995 þegar samstarf við þarlend menntamálayfirvöld var tekið upp. Stofnunin byggði nýlega þrjá barnaskóla í Malaví, sem munu koma að góðum notum enda hefur skortur á kennsluhúsnæði verið mikill í landinu.



**Hvenær var Þróunarsamvinnustofnun sett á laggirnar?**

Þróunarsamvinnustofnun Íslands var stofnuð árið 1981. Hún heyrir undir utanríkisráðuneytið og er ætlað að vinna að tvíhliðasamstarfi Íslands við þróunarlöndin. Stofnunin leggur áherslu á samvinnu við þau þróunarlönd þar sem lífskjör eru verst og aðstoð er helst veitt á þeim sviðum þar sem Íslendingar búa yfir sérstakri þekkingu og reynslu.

**Hver eru helstu verkefni Þróunarsamvinnustofnunar?**

Helstu samstarfslönd stofnunarinnar eru Úganda, Malaví, Mósambík, Namibía og Srí Lanka. Í Úganda leggur stofnunin áherslu á samstarf á sviði fisk- og jarðhitamála og fullorðinsfræðslu. Í Malaví er stærsta verkefnið uppbygging heilsugæslu í einu af héröðum landsins, Monkey Bay. Einnig hefur stofnunin komið að menntamálum en elsta verkefni hennar er skipulagning og framkvæmd fiskeldisnáms við landbúnaðarháskóla í borginni Bunda. Í Mósambík og Namibíu hefur helst verið lögð áhersla á samstarf í sjávarútvegsmálum og í Srí Lanka, þar sem blóðugt borgarastríð hefur geisað í mörg ár, hefur 75 milljónum verið varið í uppbyggingarstarf. Einnig hafa stjórnvöld þar í landi beðið um aðstoð í sjávarútvegsmálum.

**Hversu há eru framlög ÞSSÍ?**

Frá árinu 2003 hafa framlög frá ÞSSÍ til þróunarmála aukist töluvert. Árið 2003 voru heildarframlög íslenska ríkisins til þróunaraðstoðar um 1.400 milljónir og runnu um 470 milljónir af þeirri upphæð til tvíhliða þróunaraðstoðar í umsjá stofnunarinnar. Undanfarin tvö ár hefur þessi upphæð aukist og samkvæmt fjárlagafrumvarpi ársins 2005 hækkaði hlutfall styrkja og framlaga til þróunaraðstoðar úr 0,19 prósentum af vergri landsframleiðslu árið 2004 í 0,21 prósent árið 2005.






GESTGJAFINN Tony Blair, forsætisráðherra Bretlands, verður í eldlínunni á leiðtogafundinum en Bretar eru í forsæti Evrópusambandsins um þessar mundir. Fyrir fundinn brá Blair sér til Strassborgar til viðræðna við þingnefndir Evrópuþingsins en svo settust þeir Jacques Chirac Frakklandsforseti á rökstóla.
NORDICPHOTOS/AFP

# Sáralitlar líkur á sáttum

**Við upphaf leiðtogafundar Evrópusambandsins í Brussel í gær voru horfur ekki góðar á því að leiðtogarnir myndu í kvöld standa upp frá samningaborðinu með samkomulag í höfn um stærsta deilumálið – fjárhagsáætlun sambandsins fyrir tímabilið 2007-2013.**

Drög brezku ríkisstjórnarinnar, sem gegnir formennskunni í ESB til áramóta, að fjárhagsáætluninni hlutu í aðdraganda leiðtogafundarins kaldar móttökur í höfuðborgum flestra hinna ESB-ríkjanna 25. Jose Maria Barroso, forseti framkvæmdastjórnar sambandsins, lýsti vonbrigðum með brezku tillögurnar.

Afdráttarlausasta gagnrýnin kom þó annars vegar frá París og hins vegar frá Varsjá, ásamt fleiri höfuðborgum nýjustu og fátækustu aðildarríkjanna í austanverðri álfunni. Ráðamönnum hinna síðastnefndu mislíkar mjög að gert skuli ráð fyrir talsverðum samdrætti í styrkjagreiðslum til efnahagsuppbyggingar í þessum löndum, austantjaldslöndunum fyrrverandi.

### Blair og Chirac verða að sættast

Eigi samkomulag yfirleitt að nást í þessari atrennu er talið mest um vert að brezka forsætisráðherranum Tony Blair og Jacques Chirac Frakklandsforseta takist að sætta sín sjónarmið í deilunni. Í brýnu sló í milli þeirra vegna sama máls á leiðtogafundinum í júní síðastliðnum, en þá gegndi Lúxemborg formennskunni í ESB og hinn þaulreyndi forsætisráðherra stórhertogadæmisins, Jean-Claude Juncker, reyndi sitt ýtrasta til að stuðla að málamiðlun um fjárhagsáætlunina 2007-2013.

Chirac krefst þess að Bretar gefi eftir stærri hluta endurgreiðsla sem þeir hafa fengið úr sameiginlegum sjóðum sambandsins frá því Margaret Thatcher tókst að semja um þær árið 1984. Þáverandi forsendur fyrir þessum endurgreiðslum fólust í meginatriðum í því að Bretar fengu mun minna í sinn hlut úr landbúnaðarstyrkjasjóðum sambandsins en Frakkar eða Þjóðverjar. Frakkar – og reyndar flestar hinar aðildarþjóðirnar – eru nú þeirrar skoðunar að brezku endurgreiðslurnar séu tímaskekkja þar sem þessar upprunalegu forsendur fyrir þeim séu ekki lengur fyrir hendi. Þó er það enn svo að Bretar greiða meira í hina sameiginlegu sjóði ESB en þeir fá úr þeim.

Almennt séð ganga tillögur Breta út á að stemma stigu við sjálfvirkri aukningu útgjalda ESB. Samkvæmt þeim er gert ráð fyrir að útgjöldin á umræddu sjö ára tímabili nemi að hámarki alls 849,3 milljörðum evra (um 63.700 milljörðum króna) eða 1,03 prósentum af landsframleiðslu aðildarlandanna. Þetta er talsvert minna en málamiðlunartillaga Lúxemborgara frá því í sumar hljóðaði upp á.

### Frakkar verja landbúnaðarstyrkjakerfið

Í tillögu Breta að fjárhagsáætluninni 2007-2013 er gert ráð fyrir að endurgreiðslurnar í brezka ríkiskassann lækki um 1,2 milljarða evra á ári, en í ár numu greiðslurnar um 5,6 milljörðum evra. Blair hefur fyrir hönd Breta staðið fast á því að ekki komi til greina að gefa meira af endurgreiðslunum eftir nema gegn því að landbúnaðarstyrkjakerfi ESB verði stokkað alveg upp. En það er einmitt þessi krafa sem Frakkar standa öndverðir gegn. Franskir bændur fá drýgstan hluta styrkjanna úr landbúnaðarsjóðunum að óbreyttu. Almenningsálitið í báðum löndum setur leiðtogum þeirra þröngar skorður – Chirac getur ekki leyft sér að líta út fyrir að samþykkja rýrðan kost franskra bænda og það myndi ganga mjög illa í brezka kjósendur ef Blair gæfi endurgreiðslurnar eftir án þess að eitthvað annað kæmi í staðinn sem drægi úr mismuninum á því sem þeir greiða meira í sjóði ESB en þeir fá úr þeim.

### Miðla Þjóðverjar málum?

Brezki utanríkisráðherrann Jack Straw lýsti því yfir fyrir fundinn að brezku tillögurnar væru „góðar fyrir Bretland og góðar fyrir Evrópu“; þær væru góður grunnur að skynsamlegu samkomulagi.

Hinn þýzki starfsbróðir Straws, Frank-Walter Steinmeier, tók að vissu leyti undir þessi orð hans í gær. „Við höfum ekki tekið þátt í að fordæma brezku tillögurnar,“ sagði Steinmeier á þinginu í Berlín fyrir brottför hans og Angelu Merkel kanzlara til Brussel. „Við höfum alltaf sagt að þær væru góður grunnur fyrir vinnu okkar. Við teljum og vonum að á grunni tillagnanna sé samkomulag mögulegt,“ sagði hann.

Steinmeier tók hins vegar fram að hann vildi sjá sérstakt samkomulag um stuðning hinna ríkari ríkja sambandsins við grannríkin í austurhluta álfunnar. Það væri hagur alls sambandsins að hagvöxtur yrði sem mestur og hraðastur í þessum löndum. Þýzki ráðherrann varaði við því að staðið yrði upp frá samningaborðinu í þetta sinn án samkomulags, eins og gerðist fyrir hálfu ári. Sá skellur bætti þá gráu ofan á svart eftir að kjósendur í Frakklandi og Hollandi felldu stjórnarskrársáttmála sambandsins í þjóðaratkvæðagreiðslum um mánaðamótin maí-júní.

Því lagði Steinmeier áherzlu á að nú væri brýnt að leiðtogarnir nýttu þetta tækifæri til að sýna borgurunum að framtíðarsýn sambandsins væri skýr. „Mistakist okkur aftur væri það skelfilegt teikn,“ sagði ráðherrann.



FRÉTTASKÝRING
AUÐUNN ARNÓRSSON
audunn@frettabladid.is




www.lyfja.is
LYFJA
- Lifið heil
Jólaboð
Fjölbreytt úrval af gjafavörum
Morgan
Morgan Love gjafakassar fyrir kærustuna.
Edt. 60 ml og bodylotion
Edt. 60ml og varagloss
2.429 kr.
1.550 kr.
Lamaze
Mjúkur kubbur til að þekkja form og finna mismunandi áferð.
Levante Easy Chic
Glæsilegt undirfata-sett frá Levante.
4.934 kr.
Clarins
Clarins Volume augnumhirðu- og maskarakassi.
2.119 kr.
2.435 kr.
Allison herrasnyrtitaska
Rakakrem 75 ml, sturtugel 150 ml og svitalyktareyðir 75 ml. Frískandi ilmur og frábært verð.
L'Oréal húðvörur
1.329 kr.
959 kr.
Gelkornamaski fyrir líkama sem skrúbbar og mýkir.
Húðmjólk sem gerir húðina mjúka og áferðarfallega.
1.999 kr.
Naomi Campell
Naomi Campell ilmirnir eru flottir og vinsælir, henta nútímadömum.
frá 1.699 kr.
Úrval geisladiska
Núna eru komin tónlistarhorn í allar verslanir Lyfju. Þar færðu alla nýjustu og vinsælustu geisladiskana.
Gefðu tónlistargjöf um jólin eða finndu þér eitthvað skemmtilegt að hlusta á.
12 Tónar
Plan B
Komdu í Jólaboðið og skoðaðu frábært úrval af gjafasettum handa henni eða honum.
GJAFAPOKI FYLGIR GJAFAVÖRU
GJAFAPOKI FYLGIR
Garðatorgi - Grindavík - Keflavík - Kringlunni - Lágmúla - Laugavegi - Setbergi - Smáralind - Smáratorgi - Spönginni - Egilsstöðum - Höfn - Fáskrúðsfirði - Seyðisfirði - Neskaupstað - Eskifirði Reyðarfirði - Ísafirði - Bolungarvík - Patreksfirði - Borgarnesi - Grundarfirði - Stykkishólmi - Búðardal - Húsavík - Kópaskeri - Raufarhöfn - Þórshöfn - Sauðárkróki - Blönduósi - Hvammstanga - Skagaströnd - Selfossi - Laugarási
ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS LYF 30479 12/2005

# Hærri laun geta fækkað öryrkjum

**Höfunda tveggja skýrslna um velferð og öryrkja greinir á um orsakir fjölgunar öryrkja og leiðir til að draga úr hvatanum til að fá örorkumat. Jónína Bjartmarz fagnar hækkun lægstu launa, enda dragi það úr umræddum hvata.**

Forsætisráðherra hefur óskað eftir því að óháður aðili fari yfir niðurstöður skýrslna tveggja fræðimanna, sem fjalla báðar um velferð og fjölgun öryrkja. Því verki verður þó varla lokið fyrr en á næsta ári.

Tryggvi Þór Herbertsson, forstöðumaður Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands, og Stefán Ólafsson félagsfræðiprófessor gerðu heilbrigðis- og trygginganefnd Alþingis grein fyrir niðurstöðum sínum á fundi nefndarinnar í fyrradag.

### Bilið milli launa og bóta

Jónína Bjartmarz, formaður nefndarinnar, segir að Tryggvi Þór hafi meðal annars reynt að skoða í hve ríkum mæli fólk færi af félags- og atvinnuleysisbótum yfir á örorkubótakerfið, en ekki fengið fullnægjandi gögn til þess við gerð skýrslu sinnar um fjölgun öryrkja á Íslandi.

Tryggvi Þór telur engu að síður að fyrir hendi séu fjárhagslegir hvatar til þess að sækja í örorkumat og komast á örorkulífeyri. „Hann sýnir það glögglega í sínum gögnum að afkoman getur verið betri á örorkubótum en á bótum félagslega kerfisins, atvinnuleysisbótum eða á lágmarkslaunum. Þetta á sérstaklega við ef fólk er með börn á framfæri,“ segir Jónína.

Stefán Ólafsson fullyrðir að Tryggvi Þór leggi beinlínis til í sinni skýrslu að örorkubætur verði lækkaðar til þess að draga úr umræddum hvata.

Tryggvi segir í skýrslu sinni að sennilega sé áhrifamesta aðgerðin til þess að hvetja öryrkja til að fara út á vinnumarkaðinn, og letja fólk til að sækja um örorkumat, sú að draga úr fjárhagslegum ávinningi af því að vera á örorkubótum, nema þegar um algert neyðarbrauð sé að ræða.

Stefán segir að þarna sé tvímælalaust lagt til að kjör öryrkja verði rýrð frá því sem nú er.

Tryggvi Þór neitar þessu. „Þetta hefur verið borið upp á mig áður. En ég vil auðvitað hag öryrkja sem mestan og bestan.“

Jónína Bjartmarz tekur undir orð Tryggva Þórs eftir fundinn í heilbrigðis- og trygginganefnd. „Hann hefur hvergi lagt það til. Enda er eðlilegt að benda á að hækka beri lægstu launin ef draga á úr þessum hvata. Það er enginn að tala um að skera niður öryrkjabætur. Stjórnvöld vilja efla starfsendurhæfingu og skoða tillögur eldri borgara og öryrkja um að draga úr skerðingu vegna annarra tekna. Koma upp vinnuhvetjandi kerfi en ekki vinnuletjandi. Þetta eru menn sammála um. Við höfum lagt áherslu á að bæta kjör þeirra sem ekkert hafa nema bæturnar. Jón Kristjánsson ætlaði að nota 400 milljónir króna af bensínstyrknum margumrædda til að bæta tekjutryggingarauka þeirra sem minna hafa handa á milli. Sú leið varð ekki ofan á,“ segir Jónína.



ÖRYRKJAR Halldór Ásgrímsson hefur óskað eftir því að óháður aðili fari yfir niðurstöður skýrslna Tryggva Þórs Herbertssonar og Stefáns Ólafssonar.

### Eiga öryrkjar að búa við fátækt?

Stefán Ólafsson telur að Tryggvi Þór styðjist í umfjöllun sinni við sjónarhorn bandarískrar velferðarstefnu. Þar sé sérstaklega horft til þess að örorkulífeyrir verði alltaf að vera umtalsvert lægri en lægstu laun á vinnumarkaði, annars verði til hvati fyrir fullfrískt láglaunafólk til að sækja inn í örorkulífeyriskerfið. Af því hljótist það sem í frjálshyggjuhagfræði sé kallað siðferðisvandi eða freistnivandi.

Stefán segir að forsenda þessa þankagangs sé að flestir vilji frekar verja lífi sínu í iðjuleysi en að stunda launaða vinnu og að mjög auðvelt sé að fá örorkumat. „Í framkvæmd eru afleiðingar þessa sjónarhorns þær að öryrkjar og aðrir lífeyrisþegar, sem ekki hafa aðra lífsbjörg, eru dæmdir til að festast í mestu fátækt samfélagsins. Þessi stefna er almennt ekki ríkjandi á Norðurlöndum,“ segir Stefán.

Jónína Bjartmarz, formaður heilbrigðis- og trygginganefndar, staldrar við hugsanlegan hvata til þess að koma sér af lágmarkslaunum eða atvinnuleysisbótum inn í örorkubótakerfið. Hún segir fráleitt að lækka örorkubæturnar.

### Hækkum þá launin

Jónína kveðst alltaf hafa verið fylgjandi hækkun lægstu launanna. „Þegar laun ófaglærðra starfsmanna leikskóla Reykjavíkurborgar hækkuðu eins og samið var um á dögunum fóru lægstu laun þeirra úr 116 þúsund krónum í um 132 þúsund krónur á mánuði. Eftir hækkunina nálgast þessi lágmarkslaun fyrst það launaviðmið sem gengið er út frá í skýrslu Tryggva Þórs,“ segir Jónína.

„Ég styð launahækkun Reykjavíkurborgar svo sannarlega. Það er ekki nóg að styðja hækkun lágmarkslauna á tyllidögum, benda á kvennastéttir sem illa sé farið með og að forgangsröðun sé röng í samfélaginu. Menn sýndu þarna í verki það sem menn hafa aðeins haft á orði. Ég man alla umræðuna um kvennafrídaginn. Þetta væri ekki bara spurning um kynbundinn launamun heldur einnig spurning um umönnunarstéttir þar sem konur eru í meirihluta. Ég lýsi fullum stuðningi við samningana og blæs á öll rök um að þetta eigi eftir að hleypa upp örorkunni og öðrum launakröfum,“ segir Jónína Bjartmarz.



**TRYGGVI ÞÓR HERBERTSSON, FORSTÖÐUMAÐUR HAGFRÆÐISTOFNUNAR** „Þetta hefur verið borið upp á mig áður. En ég vil auðvitað hag öryrkja sem mestan og bestan.“



**STEFÁN ÓLAFSSON PRÓFESSOR** „Er það svo að flestir vilji frekar verja lífi sínu í iðjuleysi en að stunda launaða vinnu?“ spyr Stefán.



**JÓNÍNA BJARTMARZ, FORMAÐUR HEILBRIGÐIS- OG TRYGGINGANEFNDAR** „Ég lýsi fullum stuðningi við kjarasamningana og blæs á öll rök um að þetta eigi eftir að hleypa upp örorkunni og öðrum launakröfum.“




FRÉTTASKÝRING
JÓHANN HAUKSSON
johannh@frettabladid.is



RANGE ROVER



ROVER RANGE ROVER HSE
Nýskr: 03/1998, 4600cc HSE
Sjálfskiptur, Dökkgrænn,
Ekinn 102.000 þ.
~~Verð: 2.090.000~~
Tilboðsverð kr. 1.590 þ.



LAND ROVER RANGE ROVER HSE
Nýskr: 10/2000, 4600cc HSE
Sjálfskiptur, Blár,
Ekinn 71.000 þ.
~~Verð: 3.350.000~~
Tilboðsverð kr. 2.590 þ.

bíla land B&L notaðir bílar
Grjóthálsi 1
bilaland.is
575 1230



LAND ROVER RANGE ROVER
Nýskr: 07/1996, 2500cc DIESEL
Sjálfskiptur, Dökkgrænn,
Ekinn 288.000 þ.
~~Verð: 1.050.000~~
Tilboðsverð kr. 690 þ.



LAND ROVER RANGE ROVER HSE
Nýskr: 06/2000, 4600cc HSE
Sjálfskiptur, Ljósbrúnn,
Ekinn 70.000 þ.
~~Verð: 3.250.000~~
Tilboðsverð kr. 2.490 þ.



LAND ROVER RANGE ROVER HSE
Nýskr: 01/2000, 4600cc HSE
Sjálfskiptur, Dökkgrænn,
Ekinn 86.000 þ.
~~Verð: 2.890.000~~
Tilboðsverð kr. 2.290 þ.

Með bílinn handa þér
B&L, Grjóthálsi 1, umboðsaðili LAND ROVER á Íslandi.
LAND-ROVER GO BEYOND™


15% afsláttur
af öllum úlpum til jóla.
Verð áður: 28.800 kr.
Verð nú: 24.480 kr.
66°
NORÐUR
Klæddu þig vel
www.66north.is
REYKJAVÍK: Kringlan – Smáralind – Bankastræti 5 – Faxafen 12 GARÐABÆR: Miðhraun 11 – AKUREYRI: Glerárgata 32



hagstæðustu he
meira fy
bomba!
Freschetta og 2l. Pepsi
399 kr.saman
Freschetta pizza og 2l. Pepsi
798 kr.stk.
Nafnakönnur
Fallegar gjafakörfur!
2.899 kr.stk.
Gjafakarfa stór
stingdu einni könnu með í körfuna!
1.899 kr.stk.
Gjafakarfa lítil
798 kr.stk.
Nafnakönnur
2.399 kr.stk.
Gjafakarfa meðalstór
allt í matinn á einum stað
www.netto.is • Verð birt með fyrirvara um prentvillur - www.netto.is
Tilboðin gilda frá 16. til 18. desember. (nema annað sé tekið fram) eða meðan birgðir endast
Akranes • Akureyri • Grindavík • Mjódd Reykjavík • Salahverfi Kópavogi

# eildarinnkaupin

## rir minna



Opið til 22 alla daga til jóla

BAUTABÚRIÐ - fullt búr matar

**979** kr.kg.
Bayonne skinka
verð áður 1.499 kr.kg.

Jólakjötið fæst í nettó



GOÐI

**1.169** kr.kg.
Londonlamb
verð áður 1.549 kr. kg





**landslag**
*fólkið í landinu*

**ATVINNUREKANDINN:** KRISTÍN JÓHANNSDÓTTIR Í EINANGRUNARSTÖÐINNI

# *Fjögurra ára törn fram undan*

Þau eru ekki mörg fyrirtækin í Höfnum; eiginlega bara tvö eftir: Laxeldisstöðin Stofnfiskur og svo Einangrunarstöðin, sem Kristín Jóhannsdóttir er nýbúin að opna. Þar dvelja hundar og kettir fyrst eftir heimkomuna frá útlöndum; þreyja þorrann og góuna í heilan mánuð meðan gengið er úr skugga um að þeir beri ekki smit til landsins.

Kristín hefur í nógu að snúast enda opnaði hún stöðina um nýliðin mánaðamót. „Þetta er gamall draumur hjá mér,“ segir hún brosandi, „og mér finnst ég heppin að geta skapað mér vinnu við það sem mér finnst skemmtilegt að gera, í minni heimabyggð.“

En það er ekki hrist fram úr erminni að opna fyrirtæki sem þetta. Kristín réðst í að byggja nýtt sérhannað hús frá grunni til að uppfylla allar reglur. „Þetta var þrautaganga,“ segir hún og á þar við um tregðu lánastofnana



til að lána fé til verkefnisins. „Það er af því að þetta er á landsbyggðinni,“ segir Kristín og er ekki alveg dús við viðhorfið. Allt hafðist þetta þó að lokum.

Kristín rekur stöðina ein en er með tvær konur í vinnu. Sjálf gengur hún í öll verk og segir þetta vissulega mikla vinnu. „En þetta er skemmtileg vinna,“ bætir hún við og brosir breitt.

Stöðin tekur 23 hunda og fjóra ketti í einu og nú er nánast fullt hús hjá Kristínu. „Það var kominn sjö til átta mánaða biðlisti og ég býst við að það verði nánast fullt meðan ég er að klára hann,“ segir hún. Og hún sér fram á annatíð meðan fyrirtækið er að komast yfir erfiðasta hjallann. „Ætli þetta verði ekki svona fjögurra ára törn,“ segir hún bjartsýn og hlær.

**STAÐURINN**
TÖLUR OG STAÐREYNDIR

## *Hafnir*



**Íbúafjöldi 1. desember 2004:** 119
**Íbúafjöldi 1. desember 2000:** 117
**Íbúafjöldi 1. desember 1988:** 107
**Sveitarfélag:** Reykjanesbær
**Bæjarstjóri:** Árni Sigfússon
**Helstu atvinnufyrirtæki:** Laxeldisstöðin Stofnfiskur, Einangrunarstöðin í Reykjanesbæ
**Vegalengd frá Reykjavík:** 52 km







# Man gjörla eftir logninu

**Hann er æði þungbúinn himinninn yfir Höfnum í Reykjanesbæ þegar við Sigurður Þór Salvarsson og Gunnar V. Andrésson rennum þar í hlað.**



**HAFNIR** Jólaljósin lýsa upp skammdegið í Höfnum. Fjærst sést í kirkjuna, sem byggð var 1861 og er með þeim elstu á Suðurnesjum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Regnþrútnir skýjabakkarnir skríða með jörðu þannig að sú örlitla dagsskíma sem almættið úthlutar okkur á þessum árstíma megnar vart að gera ratljóst. Ofan í kaupið er steytingsvindur á útsunnan.

Hér yst úti á Suðurnesjum er lítið skjól, eilífur stormbeljandi einsog Nóbelsskáldið orti eitt sinn og átti þá reyndar við útlönd. Enda er hér allt marflatt, engin fjöll sem skýla. Og svo rammt kveður að rokinu hér að þeir örfáu dagar á einni mannsævi sem ekki gustar hressilega um eru mönnum sérstaklega minnisstæðir.

### Man eftir logninu

Jón Borgarsson hefur búið í Höfnum í tæp sextíu ár. Hann kom hingað með foreldrum sínum um fermingu vestan úr Jökulfjörðum. Hann man lognið. „Ég segi stundum að það var ekki logn hér um miðjan dag fyrstu fimmtíu árin sem ég átti heima hérna,“ segir hann hlær dátt. „Svo kom logn um miðjan dag og ég man vel eftir því logni. Þá var ég að vinna í Svartsengi og við vorum að koma heim úr vinnu og þegar við komum niður á Stapa þá blasir bara flóinn við spegilsléttur, ekki gára á sjó. Og þá gat ég ekki stillt mig um að segja við drengina: ég segi nú bara einsog kellingin, úr þessu kemur mér ekkert á óvart. Komið blankalogn á Suðurnesjum um miðjan dag og nú á ég von á hverju sem er.“

Ástæðan fyrir því að foreldrar Jóns settust að hér í Höfnum var húsnæðisskortur á Akranesi en þangað ætlaði fjölskyldan að flytjast. Þá var hér öllu fjölmennari byggð en nú er; íbúar hreppsins um þrjú hundruð manns minnir Jón og þar af um 150 til 170 í sjálfu þorpinu. Þar búa nú um 120 manns og hefur fjöldinn haldist svipaður undanfarinn áratug.

Samt segir Jón að húsum í þorpinu hafi fjölgað um nokkur síðan hann kom hér fyrst. „Það segir nefnilega ekki alla söguna um íbúfjöldann,“ útskýrir hann, „það hefur bara fækkað í húsunum,“ bætir hann við og kveikir sér hugsi í pípunni, sem rúmar bara örlitla tóbaksögn eftir áralangar tilreykingar. Blár reykurinn liðast um loftið.

### Alltaf sjóveikur

Sú var tíðin að töluverð útgerð var frá Höfnum. Nafnið segir sitt um tengsl við sjósókn; dregið af nöfnum jarðanna Kirkjuhafnar og Sandhafnar. „Þetta var fyrst og fremst smábátaútgerð,“ rifjar Jón upp en hann var sjálfur á sjó framan af ævi. „Ég átti reyndar aldrei að vera á sjó,“ segir hann kímileitur, „því ég var alltaf sjóveikur,“ bætir hann við og glottir í kampinn. „Ég var bara svo vitlaus að halda að ég gæti ekki gert neitt annað, eða kynni neitt annað; alinn upp við þetta.“

Jón segir okkur sögur af því að þegar hann var að byrja á sjó frá Höfnum hentu menn humri og skötusel. „Það lá við að það þætti ólánsmerki að fá humar eða skötusel á línuna,“ segir hann, „maður var bölvaður klaufi á goggnum ef maður gat ekki slitið skötuselinn af fyrir utan. Það vildi enginn fá þetta óféti inn í bátinn,“ heldur hann hlæjandi áfram og er verulega skemmt yfir þessum endurminningum.

Útgerð dróst saman í Höfnum með árunum og nú er svo komið að hún heyrir alveg sögunni til. Enginn bátur fer lengur á sjó frá Höfnum. „Útgerðin er alveg dauð, gjörsamlega dauð,“ einsog Jón orðar það. „Það var lengi ein trilla hérna en nú er þetta búið. Það væri alveg hægt að vera með eina trillu hérna, en innsiglingin er ekki nógu góð og hafnaraðstaðan ekki eins og þyrfti að vera.“

### Áhyggjulaust líf

Hafnir urðu hluti af Reykjanesbæ eftir sameiningarkosningar 1994. Jón var að vasast í hreppspólitík í Höfnum á sínum tíma og hvatti sem slíkur til þess að íbúum yrði fjölgað. Það gekk ekki eftir og smám saman gerðist Jón mikill sameiningarsinni og studdi heilshugar tilurð Reykjanesbæjar. „Við vorum að reyna að reka þetta litla sveitarfélag hérna, sem var bara ekki nokkur lífsins leið að reka, þetta bara gekk ekki upp,“ segir hann einlæglega. „Eftir sameininguna höfum við lifað áhyggjulausu lífi hér í Höfnum,“ segir hann síðan og hlær góðlátlega um leið og hann slær úr pípunni.

Hann rifjar upp hvernig þetta var þegar hann og fleiri voru að hamast við að fá fólk til að setjast að í Höfnum og byggja þar hús og þar fram eftir götunum. Og hann skammast sín ekki fyrir að hafa skipt um skoðun í þessum efnum. „Nei, núna er ég bara feginn að enginn skuli koma,“ segir hann og glottir skelmislega. „Nú helst hér friður og ró og allt er í fínasta lagi.“



**JÓN BORGARSSON** Hefur búið í Höfnum frá fermingaraldri og segist ekki fara meðan hann er ekki ruglaðri en hann er.

Og hann nefnir sem dæmi um hið gagnstæða það sem nágrannar hans í Innri-Njarðvík hafa þurft að þola. „Þeir bjuggu bara í sveit rétt eins og við og höfðu það virkilega gott, nú er bara allt komið á kaf þar í húsum og enginn friður,“ segir hann brosandi.

### Engar skammir lengur

Og það sem honum finnst eiginlega best við sameininguna er að hann fær engar skammir lengur. „Nú er svo mikill friður hér að það er ekki nokkur maður skammaður fyrir eitt né neitt,“ segir hann guðslifandi feginn. „Meðan maður var að vasast í þessum hreppsmálum var alltaf verið að skamma mann fyrir einhvern fjandann, einhverja vitleysu var maður alltaf að gera. Nú er aldrei skammaður nokkur maður, bara fundið að því sem Keflvíkingarnir eru að gera,“ bætir hann við og brosir breitt.

### Latur með árunum

Jón býr orðið einn og hugsar um sig sjálfur að mestu; fær konu til sín einu sinni í mánuði til að þrífa. „Ég er orðinn svo latur við þetta,“ segir hann og brosir tvíræðu brosi. Og Jón vill búa áfram í Höfnum meðan hann hefur heilsu til. „Það er eitthvað verið að ræða að það þurfi að setja mig á stofnun eða í einhverja íbúð nærri ættingjum, en ég segi bara að meðan ég er ekki ruglaðri en ég er, þá er allt í lagi fyrir mig að vera hérna,“ segir hann og skellir upp úr.



VAXTALAUSIR JÓLAPAKKAR
37" LCD HD ready
VAXTALAUST 16.666 Á MÁNUÐI Í 12 MÁN STAÐGREITT 199.992
ELFUNK LT-3710HD
37" LCD Breiðtjaldssjónvarp. Upplausn 1366X768. Nicam stereo AV inngangur. PC inngangur. Skerpa 800:1. 2 scart tengi. S-Video Heyrnatólatengi. Mynd í mynd. Mynd við mynd. Veggfesting fylgir
VAXTALAUST 14.999 Á MÁNUÐI Í 12 MÁN STAÐGREITT 179.988
42" PLASMA
H&B PL-4265
42" Plasma sjónvarp. Upplausn 852 X 480 Skerpa 3.000:1. Birta 1.000 cd/m2. DVI inngangur. 2 Scart tengi RCA Composite inngangur. S-Video inngangur. PC inngangur Tvöfaldur TV tuner. Nicam stereo. Zoom/Freeze. Mynd í mynd Mynd við mynd
32" LCD
VAXTALAUST 9.995 Á MÁNUÐI Í 12 MÁN STAÐGREITT 119.940
ELFUNK LT-3208
32" LCD sjónvarp. Breiðtjaldssjónvarp. Upplausn 1366X768 Nicam stereo. AV inngangur. PC inngangur. Skerpa 600:1 2 scart tengi. S-Video.Heyrnatólatengi. Mynd í mynd Mynd við mynd. Veggfesting fylgir
20" LCD
VAXTALAUST 4.999 Á MÁNUÐI Í 12 MÁN STAÐGREITT 59.988
ROADSTAR LCD-2020KLTN
20" LCD sjónvarp NICAM stereo. Textavarp. Skerpa 500:1. Birta 450 Cd/m2. Upplausn 640 x 480
15" LCD
VAXTALAUST 3.332 Á MÁNUÐI Í 12 MÁN STAÐGREITT 39.984
ROADSTAR LCD-1520KLTN
15" LCD sjónvarp. Birta 450 Cd/m2 Skerpa 400:1. Scart tengi S-Video tengi A/V tengi inn og út. Heyrnatólatengi PC tengi. Fullkomin fjarstýring 12 og 220 Volt
28"
VAXTALAUST 2.332 Á MÁNUÐI Í 12 MÁN STAÐGREITT 27.984
GOODMANS TVG282
28" sjónvarp með textavarpi. Nicam stereo
VAXTALAUST 1.666 Á MÁNUÐI Í 12 MÁN STAÐGREITT 19.992
SCOTT DVX100HC
Heimabíókerfi með DVD og útvarpi. Spilar: DVD/VCD/S-VCD/MP-3 CD/CD-R/CD-RW/JPEG. Magnari 5X15 + 25 wött RMS. Stafrænt RDS útvarp með 40 stöðva minni. Dolby Digital/DTS. A/V tengi að framan Scart tengi. S-Video tengi. Fullkomin fjarstýring
HEIMABÍÓKERFI
Margverðlaunað af helstu fagtímaritum
Cambridge Audio
540R - 540C - EVO Home Cinema
Glæsilegt heimabíósett
Cambridge 540R 6,1 heimabíómagnari 6 X 80 RMS
Cambridge 540D DVD spilari
Acoustic Energy Evolution heimabíóhátalarasett
VAXTALAUST 14.166 Á MÁNUÐI Í 12 MÁN STAÐGREITT 169.992
AE ACOUSTIC ENERGY
32" LCD HD ready
VAXTALAUST 12.499 Á MÁNUÐI Í 12 MÁN STAÐGREITT 149.988
ELFUNK LT-3210HD
32" LCD Breiðtjaldssjónvarp. Upplausn 1366X768 Nicam stereo. AV inngangur. PC inngangur. Skerpa 800:1 2 scart tengi. S-Video. Heyrnatólatengi. Mynd í mynd Mynd við mynd. Veggfesting fylgir
www.radio.is
RADÍÓBÆR
ÁRMÚLA 38 • SÍMI 553 1133
Færslugjald kortafyrirtækis kr. 150 bætist við hverja greiðslu

# 30–90%




3.143kr
Bókatíðindaverð 4.490,-
30%* afsláttur
Þóra og Marta María árita og lesa upp úr bók sinni föstudag kl. 17 í Smáralind.




3.980kr
Bókatíðindaverð 5.990,-
4. sæti**
Ævisögur
34%* afsláttur
Einar Kárason og Jón Ólafsson árita laugardag kl. 14 í Smáralind og kl. 17 í Kringlunni.




3.280kr
Bókatíðindaverð 4.690,-
2. sæti**
Skáldverk
30%* afsláttur
Rokland rýkur út! Hallgrímur áritar og les á laugardag kl. 17 í Smáralind. Óskar Pétursson kynnir diskinn sinn og aðrar Skagfirskar uppákomur




3.280kr
Bókatíðindaverð 4.690,-
3. sæti**
Skáldverk
30%* afsláttur




3.325kr
Bókatíðindaverð 4.750,-
30%* afsláttur




1.990kr
Bókatíðindaverð 2.980,-
33%* afsláttur
Jón Víðis sýnir töfrabrögð laugardag kl. 13 í Kringlunni og kl. 14 í Smáralind. Sunnudag kl. 13 og 15 í Smáralind og kl. 14 og 16 í Kringlunni.




2.970kr
Bókatíðindaverð 4.
40%* afsláttur
Kristján Hreinsson áritar föstudag kl.16 í Kringlunni laugardag kl. 13 í Smáralind sunnudag kl. 14 í Smáralind




2.790kr
Bókatíðindaverð 3.990,-
10. sæti**
Ævisögur
30%* afsláttur




490kr
Bókatíðindaverð 4.490,-
90%* afsláttur




1.950kr
Bókatíðindaverð 2.990,-
35%* afsláttur




1.980kr
Bókatíðindaverð 2.98
8. sæti**
Barna
33%* afsláttur

* Afsláttur reiknast af Bókatíðindaverði.

** Samkvæmt sölulista Morgunblaðsins 6.-12. des. 2005.

Gildir til 19. desember eða á meðan birgðir endast.


afsláttur af vinsælum bókum
Allar nýjar bækur fást í Hagkaupum, yfir 400 titlar
OPIÐ
til kl. 22
öll kvöld til jóla
GUNNAR HERSVEINN
GÆFU SPOR
GILDIN Í LÍFINU
2.786kr
Bókatíðindaverð 3.980,-
5. sæti**
Almennt
30%*
afsláttur
Guðni Bergs
3.280kr
Bókatíðindaverð 4.690,-
6. sæti**
Ævisögur
30%*
afsláttur
ÞORSTEINN J.
Guðni Bergs og Þorsteinn J. árita laugardag kl. 15 í Kringlunni.
1. sæti**
Almennt
1.999kr
Með lífið að láni
2.990kr
Bókatíðindaverð 4.990,-
MARGRÉT
40%*
afsláttur
3.980kr
Bókatíðindaverð 5.990,-
Thorsararnir
1. sæti**
Ævisögur
34%*
afsláttur
3.276kr
Bókatíðindaverð 4.680,-
Þráinn Bertelsson
VALKYRJUR
30%*
afsláttur
6. sæti**
Skáldverk
JÖRÐIN
7.788kr
Bókatíðindaverð 12.980,-
40%*
afsláttur
6. sæti**
Almennt
2.436kr
Bókatíðindaverð 3.480,-
5. sæti**
Barna
ERAGON
30%*
afsláttur
3.270kr
Bókatíðindaverð 4.690,-
Ævar Örn Jósepsson
30%*
afsláttur
Blóðberg
3.270kr
Bókatíðindaverð 4.690,-
Hrafninn
30%*
afsláttur
Ævar Örn og Vilborg árita bækur sínar á laugardag kl. 15 í Smáralind
ÍSLANDS ATLAS
10. sæti**
Almennt
ÍSLANDSATLAS UPPSELDUR! Tryggðu þér eintak af atlasinum úr næstu prentun á kynningarverðinu 19.990 (fullt verð 24.990) með GJAFAKORTI.
Önnur prentun af Íslandsatlas verður til afhendingar 1. febrúar 2006
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

# skoðun

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Óviss framtíð

„Framtíð Árna Magnússonar félagsmálaráðherra í stjórnmálum þykir óviss," segir í Orðrómi á nýjum vef tímaritsins Mannlífs. „Ráðherrann bókstaflega rambar í embætti sínu og þykir ótrúlega einbeittur í að loka augunum fyrir broti sínu" - og með brotinu er átt við dóminn yfir ráðherranum vegna máls Valgerðar Bjarnadóttur jafnréttisstýru. „Margir telja að sterkast hefði verið fyrir hann að ganga í gegnum þá hreinsun sem afsögn hefði haft í för með sér," segir í pistlinum, sem ritaður mun af Reyni Traustasyni ritstjóra.



### Til Reykjavíkur

Bent er á að Árni hafi komið inn sem uppbótarmaður í Reykjavík norður en vangaveltur hafi verið uppi um að hann myndi næst fara í framboð á Suðurlandi, heimakjördæmi sínu, eða jafnvel í Norðvesturkjördæmi þar sem Kristinn H. Gunnarsson sitji „við litlar vinsældir forystunnar". „En nú þykir einsýnt," segir á vef Mannlífs, „að ráðherrann vængbrotni hyggist reyna fyrir sér aftur í Reykjavík norður því hann hefur fest kaup á húsi í kjördæminu, nánar tiltekið í Grafarvogi, og er því væntanlega á förum frá Hveragerði. Vandinn er aðeins sá að Árni er á botni síns pólitíska ferils og því öldungis óvíst að búseta í Grafarvogi nái að bjarga honum".

### Þingflokkur ræði

Í fréttum Ríkisútvarpsins er haft eftir Kristni H. Gunnarssyni, hinum baldna þingmanni Framsóknarflokksins, að þingflokkurinn þurfi að koma saman sem fyrst og ræða viðbrögð við dómi hæstaréttar yfir félagsmálaráðherra. Eftir Hjálmari Árnasyni þingflokksformanni er hins vegar haft að ráðherrann njóti óskoraðs trausts og málið hafi verið í umræðu í þingflokknum. „Þá umræðu þekkir Kristinn ekki," segir Útvarpið og bætir við: „Tvennum sögum fer af því hvort eða hvernig málið var rætt í þingflokknum; 4 þingmenn telja það órætt, eða vita ekki til þess að það hafi verið rætt, en Dagný Jónsdóttir sem sæti á í stjórn þingflokks framsóknarmanna, tekur undir með Hjálmari Árnasyni og segir menn hafa lýst skoðun sinni og þeir sem tóku til máls lýstu yfir trausti á ráðherrann á stuttum fundi í þinglokin."

gm@frettabladid.is

SJÓNARMIÐ
STEINUNN STEFÁNSDÓTTIR

Dómur í máli Jónínu Benediktsdóttur gegn 365 - prentmiðlum er sigur fyrir fréttastefnu blaðsins.

## Lögbann heldur þrátt fyrir synjun

Í dómi Héraðsdóms Reykjavíkur er lögbannskröfu Jónínu Benediktsdóttur vegna birtinga á efni úr tölvupóstum hennar og fleiri nafngreindra einstaklinga hafnað, auk þess sem útgáfufélag Fréttablaðsins og ritstjóri þess eru sýknuð af miskabótakröfu Jónínu. Niðurstaða Héraðsdóms Reykjavíkur er að ekki hafi verið farið út fyrir mörk tjáningarfrelsisins við birtingu efnis úr umræddum tölvupóstum, auk þess sem komist er að þeirri niðurstöðu að engin efni séu til „að staðhæft verði að útprentanir/ljósrit útprentana af tölvuskeytum, sem um ræðir í málinu, séu einkagögn stefnanda". Einnig er sagt í dóminum að Fréttablaðið hafi birt frásagnir byggðar á þessum gögnum „um efni sem varðar ætlaðan aðdraganda viðamikils opinbers máls en þar var ekki vikið að einkamálefnum stefnanda og er eigi sýnt fram á að sú hafi verið ætlunin."

*Fréttablaðið leitast við að vera hófsamur og heiðarlegur fréttamiðill og dómur Héraðsdóms, sem er eini dómurinn sem fallið hefur um þetta mál enn sem komið er, er staðfesting þess að blaðið er á réttri leið.*

Meginatriði málsins er því að allt það efni úr umræddum tölvupóstum sem birt var hér í Fréttablaðinu snerist um aðdraganda eins stærsta dómsmáls Íslandssögunnar til þessa. Allt efni sömu bréfa sem varðaði persónuleg málefni þeirra sem þá rituðu var látið liggja milli hluta. Dylgjur sækjanda um að ekki hafi verið birt innihald bréfanna sem kynni að koma sér illa fyrir tiltekna hluthafa í 365 - prentmiðlum eru ósannaðar og hér með lýst eftir því að hugaður fjölmiðill komist yfir það efni og birti.

Jónína Benediktsdóttir og lögmaður hennar hafa þegar tekið ákvörðun um að áfrýja dómnum og gildir lögbannið við birtingu efnis úr tölvupóstunum því áfram vegna þess að áfrýjunin frestar réttaráhrifum dómsins. Þetta er samkvæmt lögum um kyrrsetningu, lögbann o.fl. en þar segir í 39. grein: „Þótt synjað sé um staðfestingu gerðar í héraðsdómi stendur hún í þrjár vikur frá dómsuppsögu. Að loknum þeim fresti fellur gerðin niður, nema gerðarbeiðandi fái áður gefna út stefnu til æðra dóms til að fá héraðsdómi hrundið. Ef æðri dómur staðfestir ákvæði héraðsdóms um synjun um staðfestingu gerðar fellur hún úr gildi frá dómsuppsögu þar." Þetta þýðir að þrátt fyrir að Héraðsdómur Reykjavíkur hafi fellt lögbannið við birtingu tölvubréfanna umræddu úr gildi þá stendur það enn þar til Hæstiréttur hefur kveðið upp sinn dóm, nema svo ólíklega fari að Jónína og lögmaður hennar hætti við að áfrýja dómnum.

Þessi lagagrein gerir því að verkum að hægt er að stöðva fréttaflutning fjölmiðils af tilteknu máli um margra mánaða skeið, með því einu að reiða fram 800.000 krónur (sem er sú upphæð sem Jónína Benediktsdóttir greiddi til tryggingar lögbanninu) og að viðkomandi sýslumaður samþykki lögbannskröfuna. Þessi lagagrein setur óneitanlega hömlur á frelsi fjölmiðla.

Engu að síður er dómur Héraðsdóms Reykjavíkur sigur fyrir Fréttablaðið og fréttastefnu þess. Fréttablaðið leitast við að vera hófsamur og heiðarlegur fréttamiðill og dómur Héraðsdóms, sem er eini dómurinn sem fallið hefur um þetta mál enn sem komið er, er staðfesting þess að blaðið er á réttri leið.

## Íslenskur Kunta Kinte

Í DAG
FRAMSÓKN OG REYKJAVÍK
BIRGIR GUÐMUNDSSON



Fyrir mörgum árum var vinsæll þáttur í Ríkissjónvarpinu um blökkumanninn Kunta Kinte. Þátturinn byggði á bókinni „Roots" eftir Alex Hailey og snerist um mikilvægi samhengis sögunnar og þess að einstaklingurinn þekki rætur sínar. Margt bendir til að í íslenskum stjórnmálum sé að hefjast tímabil þar sem pólitískur Kunta Kinte sé að gera vart við sig í öllum flokkum. Það virðist vera eftirspurn eftir reynslu og sögulegri samfellu í flokkunum, ákveðin leit að rótum eftir tímabil hins nýja stíls, þar sem æska, töffaraskapur og nýjungagirni þóttu spennandi. Hjá Sjálfstæðisflokknum birtist þetta í því að Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson sigraði í prófkjöri þar sem átakalínur voru dregnar milli æsku og ferskleika annars vegar og reynslu og festu hins vegar. Hjá Samfylkingunni má greina nostalgíu í umræðum um að draga aftur inn á sviðið gamla krataleiðtoga sem voru fyrir löngu búnir að stimpla sig út úr pólitík. Nokkuð kyrrt virðist raunar á vinstri vígstöðvunum hjá Vg á meðan á ýmsu hefur gengið hjá framsóknarmönnum.

Halldór Ásgrímsson og raunar ýmsir aðrir forustumenn Framsóknarflokksins hafa á umliðnum árum stillt upp nýrri mynd og nýrri ásýnd, meðal annars til að undirbúa kynslóðaskipti í forustusveitinni. Það hefur allt verið í hinum nýja stíl og markað ákveðið rof við hefðir og samhengið sem hafði verið að þróast í flokknum. Töffaralegir stjórnunarhættir sem líta má á sem fylgifisk leiðtogastílsins hafa einkennt margar ákvarðanir flokksforustunnar og samræða, málamiðlun og praktísk skynsemi sem lengi þótti einkennandi fyrir framsóknarmennskuna, vék sem hvert annað gamalt vaðmál. Þeirri endurnýjun sem verið hafði að vaxa upp í skauti flokksins um ára- og áratugaskeið var nánast fórnað fyrir hina nýju leið - leið sem átti að verða hraðferð inn í nútímann.

*Það er áherslan í auglýsingunni sem er sláandi, því ekki er verið að minna á framboðsfrest eða hvetja menn til að vera tímanlega, heldur er beinlínis verið að auglýsa á almennum vettvangi eftir einhverju fólki úti í bæ til að gerast málsvarar Framsóknarflokksins í borgarmálum.*

Brottvikning Sivjar Friðleifsdóttur úr ríkisstjórninni var til vitnis um gengisfellingu þessarar flokkslegu samfellu og framgangur ungra karla í flokknum olli mörgum nokkurri undrun. Það hefur síðan komið á daginn að þrátt fyrir að hinn nýi stíll sé borinn uppi af mjög frambærilegum og hæfileikaríkum mönnum, þá hefur hann litlu skilað flokknum öðru en gagnrýni og vandræðum.

Framsóknarmenn urðu frægir hér um árið þegar þingflokkurinn fór í litgreiningu. Það var afar nútímalegt og snjallt á sínum tíma. Í ljósi reynslunnar hefði kannski þurft pólitíska litgreiningu á hinn nýja stíl líka, því þó hann kunni að fara vel við einstrengingslega hugmyndafræði þá hæfir hann síður pragmatískum miðjuflokki. Viðbrögð Jóns Kristjánssonar heilbrigðisráðherra við öryrkjaskýrslunni voru einmitt dæmi um sígilda framsóknarmennsku. Jón bauð til frekari samræðna um ágreinings- og álitamálin í stað þess að hlaupa strax í skotgrafirnar. Halldór Ásgrímsson átti í nokkrum erfiðleikum með að festa sig í sessi sem forsætisráðherra, en um leið og hann datt út úr hlutverki hins drottnandi leiðtoga og steig inn í hefðbundnara framsóknarhlutverk sem samráðsleitandi foringi og samdi við aðila vinnumarkaðar og færði öryrkjum og öldruðum kjarabót, var hann kominn á heimavöll. Það var eins og hann hefði farið í pólitíska litgreiningu, sem undirstrikaði að stjórnmálaflokkur er ekki forustan ein. Stjórnmálaflokkar eru almannahreyfingar um tiltekna lífssýn, og það verður að vera ákveðið samræmi milli baklandsins og þess sem forustan er að gera og fara. Það kæmi því ekki á óvart að nýr tónn - ef hann er þá kominn til að vera - muni ylja Kunta Kinte Framsóknarflokksins um hjartaræturnar.

Framundan eru byggðakosningar og Framsóknarflokkurinn mun nú bjóða fram í Reykjavík í eigin nafni í fyrsta sinn í þrjú kjörtímabil. Það út af fyrir sig er ærin áskorun fyrir ala R-lista flokkana. Þá mun það spilla fyrir Framsókn ef umræðan á landsvísu - sem meira og minna er afleiðing nýja stílsins - verður flokknum áfram erfið. Framsókn hlýtur að læra af hinum flokkunum, ekki síst sjálfstæðismönnum í borginni, og svara eftirspurninni eftir reynslu og flokkslegri samfellu með því að efla tengslin við rætur sínar, t.d. með vali á frambjóðendum. Vísbending um að tengslaleysið við ræturnar sé raunverulegt eru auglýsingar í dagblöðunum um síðustu helgi, þar sem flokkurinn grípur til þess ráðs að auglýsa eftir framboðum til prófkjörs í Reykjavík. Það er áherslan í auglýsingunni sem er sláandi, því ekki er verið að minna á framboðsfrest eða hvetja menn til að vera tímanlega, heldur er beinlínis verið að auglýsa á almennum vettvangi eftir einhverju fólki úti í bæ til að gerast málsvarar Framsóknarflokksins í borgarmálum. Vonandi svarar Kunta Kinte framsóknarmanna þessu ópersónulega kalli - það yrði sjónarsviptir að flokknum í borgarstjórn Reykjavíkur.



DESEMBERUPPBÓT
Desemberuppbótin á að greiðast í síðasta lagi 15. desember. Hefur þú fengið þína?
Nánari upplýsingar á www.vr.is og í þjónustuveri í síma 510 1700.
www.vr.is
Starf okkar **eflir** þitt starf
VR

MARKAÐURINN
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA
Mest lesna viðskiptablaðið



AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
Gallup könnun fyrir 365 prentmiðla maí 2005.

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRI: Arndís Þorgeirsdóttir VARAFRÉTTASTJÓRI: Trausti Hafliðason FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

**Veldu Focus** Nýtt tákn um gæði - www.ford.is

Nýtt tákn um gæði

**Vertu Comfort um jólin. Taktu jólatilboði Brimborgar**

# Í dag: Besta verð á Focus.

**Vertu á nýjum Focus um jólin. Komdu í Brimborg.**
**Jólatilboð: Lægra verð, betri kjör, tugþúsundir í aukabúnað án aukakostnaðar.**

- Meiri afsláttur - lægra verð
- Lægri vextir
- Lægri mánaðargreiðslur
- Lægri útborgun
- Staðgreiðsla fyrir gamla bílinn**
- Meiri staðalbúnaður
- Upphitanleg framrúða án aukakostnaðar
- Comfort framsæti án aukakostnaðar
- Vetrardekkin undir, sumardekkin í skottið án aukakostnaðar



| Ford Focus Trend 3 dyra 1,6i 5 gíra* | Ford Focus Trend 5 dyra 1,6i 5 gíra* | Ford Focus Trend 4 dyra 1,6i 5 gíra* | Ford Focus Trend Wagon 1,6i 5 gíra* |
|---|---|---|---|
| Jólaverð 1.790.000 kr. | Jólaverð 1.845.000 kr. | Jólaverð 1.875.000 kr. | Jólaverð 1.890.000 kr. |
| Bílasamningur 21.450 kr. | Bílasamningur 22.110 kr. | Bílasamningur 22.600 kr. | Bílasamningur 22.640 kr. |
| Rekstrarleiga 31.900 kr. | Rekstrarleiga 32.300 kr. | Rekstrarleiga 32.550 kr. | Rekstrarleiga 32.800 kr. |

Þú færð án aukakostnaðar fjölstillanleg Comfort framsæti.

Þú færð án aukakostnaðar vetrardekkin undir bílinn og sumardekkin í skottið.

Þú færð án aukakostnaðar rafdrifna hæðarstillingu á ökumannssæti.

Þú færð án aukakostnaðar upphitanlega framrúðu.

Einnig frábært jólaverð á sjálfskiptum Ford Focus – aukalega aðeins 94.000 kr.

**Jólatilboð Brimborgar**

**Jólin nálgast**
**Kynntu þér greiðslukjörin**
**Komdu í Brimborg**

Jólatilboð Brimborgar. Lægra verð. Betri kjör. Tugþúsundir í aukabúnað án aukakostnaðar. Verðmæti jólatilboðs Brimborgar allt að 195.000 kr., ásamt frábæru verði á sjálfskiptingu.

LÝSING *Lýsing býður viðskiptavinum Brimborgar betri kjör á Ford Focus í tilefni jólanna.*




Þú færð án aukakostnaðar fjölstillanleg Comfort framsæti með mjóbaksstillingu og rafdrifinni hæðarstillingu á ökumannssæti veljir þú nýjan Focus. Aðgengi um Focus er auðveldara og þægilegra, bæði fyrir ökumann og farþega.

Þú færð án aukakostnaðar upphitanlega framrúðu veljir þú nýjan Focus. Þú þarft ekki að skafa framrúðuna í vetur þar sem framrúðan öll er upphitanleg. Ath. öll upphituð!

**Nú er rétti tíminn til að kaupa nýjan Ford Focus. Fáir bílar á jólatilboði Brimborgar. Tilboðið gildir aðeins til aðfangadags 24. desember eða á meðan birgðir endast. Skoðaðu www.ford.is**



**Jólatilboð Brimborgar**

Samfélagsleg ábyrgð Brimborgar er veruleiki. Við bjóðum þér enn lægra verð á Ford Focus. Bílaframleiðendur og fjármálafyrirtæki þekkja nú orðið kröfur Brimborgar um lægsta verð og bestu kjör fyrir íslenskar fjölskyldur sem velja Ford. **Kynntu þér greiðslukjörin.** Nýttu þér jólatilboð Brimborgar. Komdu á öruggan stað. Veldu Ford.

**Við staðgreiðum gamla bílinn veljir þú bíl frá Brimborg.****

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

**Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | Brimborg Reykjanesbæ: Njarðarbraut 3, sími 422 7500 | www.ford.is**

* Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Lán er bílasamningur með 20% útborgun og mánaðarlegum greiðslum í 84 mánuði og eru háðar breytingum á vöxtum og gengi erlendra mynta 50% isk / 50% erl.myntkarfa. Leiga er rekstrarleiga og er miðuð við mánaðarlegar greiðslur í 39 mánuði sem eru háðar gengi erlendra mynta og vöxtum þeirra. Smur- og þjónustueftirlit samkvæmt ferli framleiðanda og Brimborgar er innifalið í leigugreiðslu og allt að 20.000 km akstur á ári. ** Staðgreitt 45 dögum eftir afhendingu nýja bílsins. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar. Aukabúnaður á myndum: Álfelgur og þokuljós.

# Aldursflokkun tölvuleikja

**UMRÆÐAN**
TÖLVULEIKIR



**HALLGRÍMUR KRISTINSSON**

*Aðilar SMÁÍS hafa þó ávallt talið að aldursmerkingarnar sjálfar eigi ekki að vera í höndum ríkisins heldur ætti ríkið að sinna eftirliti eingöngu. Sú leið sem SMÁÍS vill fara er að binda PEGI-kerfið í lög og setja á fót eftirlitsnefnd (af ríkinu) sem gæti beitt sektarákvæðum ef þurfa þykir.*

Nýlega var farið af stað með átak í að fræða foreldra og forráðamenn um svokallaðar PEGI-merkingar á tölvuleikjum. Það er vakningarverkefnið SAFT sem unnið er á vegum samtakanna Heimili og skóli sem stendur á bak við þetta átak, í nánu samstarfi við SMÁÍS ¿ Samtök myndrétthafa á Íslandi. Nú þegar ættu öll grunnskólabörn að hafa fengið bækling í hendurnar sem útskýrir aldursflokkunarkerfið og auglýsingar eru sýndar í fjölmiðlum og kvikmyndahúsum.

### Uppruni PEGI

Aldursflokkunarkerfi PEGI (Pan European Game Information) er nýlegt, samevrópskt aldursflokkunarkerfi fyrir gagnvirka leiki. Kerfið nýtur stuðnings allra helstu framleiðenda á leikjatölvum, þar á meðal PlayStation, Xbox og Nintendo, sem og útgefenda og þróunaraðila tölvuleikja um alla Evrópu. ISFE ¿ Evrópusamtök tölvuleikjaframleiðanda þróuðu flokkunarkerfið.

Ástæðan fyrir því að farið var af stað með PEGI-kerfið er einfaldlega sú að fyrir voru nokkur aldursflokkunarkerfi innan Evrópu (t.d. ELSPA í Bretlandi) og önnur lönd voru farin að skoða þróun á eigin kerfum. Mörg mismunandi kerfi valda ruglingi meðal neytenda og auknum endursölukostnaði þar sem vörur sem berast á milli landa þarf að endurmerkja. Til að koma í veg fyrir þetta var ákveðið að koma á einu kerfi fyrir lönd innan Evrópska efnahagssvæðisins. Að hönnun kerfisins komu m.a. barnasálfræðingar og sérfræðingar í málefnum barna. Með PEGI, sem var formlega stofnað vorið 2003, varð til eitt aldursflokkunarkerfi um mestalla Evrópu.

Eins og í öðrum löndum voru háværar raddir hér á landi um nauðsyn þess að koma upp aldursflokkunarkerfi á tölvuleikjum. Dreifingaraðilar á tölvuleikjum innan SMÁÍS (sem dreifa um 90 prósent af tölvuleikjum á Íslandi) hafa ávallt tekið undir þessa umræðu og telja slíkt kerfi nauðsynlegt því ekki eru allir tölvuleikir fyrir börn. Aðilar SMÁÍS hafa þó ávallt talið að aldursmerkingarnar sjálfar eigi ekki að vera í höndum ríkisins heldur ætti ríkið að sinna eftirliti eingöngu. Sú leið sem SMÁÍS vill fara er að binda PEGI-kerfið í lög og setja á fót eftirlitsnefnd (af ríkinu) sem gæti beitt sektarákvæðum ef þurfa þykir. Ríkið verði þar með eftirlitsaðili en að öðru leyti er það markaðarins (í þessu tilviki framleiðanda) að setja á aldursmerkingarnar.

Í lok árs 2004 gerði SMÁÍS samning við ISFE um að kynna og markaðssetja PEGI-tölvuleikjamerkingarnar til neytenda, foreldra, heildsala og verslana hér á landi. Í kjölfarið var gefið út plakat sem útskýrði merkingarnar og það sent á helstu verslanir sem selja tölvuleiki. Að lokum var heimasíða PEGI (pegi.info) þýdd yfir á íslensku.

### Flokkun PEGI

Flokkunarkerfið byggir á tveimur aðskildum en samverkandi þáttum. Fyrri þátturinn er aldursflokkun. Aldurshópar PEGI eru 3+, 7+, 12+, 16+ og 18+. Hinn þátturinn eru efnisvísar leiksins. Efnisvísarnir eru myndtákn aftan á hulstri leiksins sem lýsa innihaldi hans. Fjöldi efnisvísa getur verið allt upp í sex (m.a. ofbeldi og ljótt orðbragð). Innihald leiksins er að sjálfsögðu í samræmi við aldursflokkun hans.

Í PEGI-kerfinu setja útgefendur leikja sjálfir aldursmörkin með því að fylla út sjálfsmatseyðublað. ISFE yfirfer svo þau aldursmörk sem útgefendurnir leggja til. Aldurshóparnir 16+ og 18+ eru athugaðir frekar áður en þeir eru samþykktir endanlega.

Til er sérstök kærunefnd PEGI. Kærunefnd þessi er óháð útgefendum og dreifendum tölvuleikja og fær inn á borð til sín kvartanir vegna merkinga (sem m.a. er hægt að leggja fram í gegnum heimasíðu PEGI). Ef kærunefndin telur að leikur sé of vægt merktur þarf framleiðandi leiksins að kalla leikinn inn umsvifalaust og fær ekki að dreifa honum aftur fyrr en leikurinn hefur verið endurmerktur. Þetta hefur í för með sér gífurlegan kostnað fyrir framleiðandann og því hafa framleiðendur tilhneigingu til þess að hækka aldursmörkin á leik ef vafi leikur á hvaða aldurshóp hann tilheyrir.

Þessa dagana vinnur nefnd að því að þróa „PEGI On-line“ sem eru aldursmerkingar sem eiga að ná yfir leiki sem spilaðir eru á Netinu. Það má geta þess að íslenska fyrirtækinu CCP, sem framleiðir tölvuleikinn Eve On-line (sem leikinn er á Netinu), var boðið, fyrir tilstuðlan SMÁÍS, að vera með í að þróa netleikjamerkingar PEGI.

### Samræmt kerfi

Nær allir leikir sem fluttir eru inn til Íslands af dreifendum hér á landi bera PEGI-merkingarnar. Þann 28. nóvember síðastliðinn var búið að flokka 4.465 leiki með PEGI-flokkunarkerfinu. Þrátt fyrir að fjölmiðlaumræða beri oft keim af öðru, þá voru einungis 3,85 prósent af þeim leikjum flokkaðir fyrir 18+ á móti 48,15 prósent sem voru flokkaðir 3+. Af öðrum flokkum voru 8,44 prósent leikja sem fengu 7+, 25,8 prósent bera 12+ og 13,75 prósent bera 16+.

Þá er nauðsynlegt að minnast á að PEGI-flokkunarkerfið segir ekki til um erfiðleikastig leikjanna. Leikur sem flokkaður er 3+ er talinn skaðlaus en gæti verið of flókinn fyrir 3 ára börn.

Að lokum telur SMÁÍS að þörf sé á frekari breytingu á aldursflokkunarkerfum hér landi og telur að samræma þurfi eitt flokkunarkerfi fyrir kvikmyndir, myndbönd, sjónvarp og tölvuleiki til hagsbóta fyrir neytendur. Best væri ef flokkunin væri í höndum útgefanda og/eða framleiðanda en eftirlit í höndum ríkisins.

*Höfundur er framkvæmdastjóri SMÁÍS – Samtaka myndrétthafa á Íslandi.*

**SENDIÐ OKKUR LÍNU**
Við hvetjum lesendur til að senda okkur línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Eingöngu er tekið á móti efni sem sent er frá Skoðanasíðunni á visir.is. Þar eru nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.

**AF NETINU**

### Ráðherra utan þings

Í miðri Jóns-Baldvins-gleðinni er aftur farið að tala um að Samfylkingin kynni að velja sér ráðherra utan þingflokks þegar flokkurinn fer í stjórn ¿ vorið 2007. Mér finnst það góð umræða og fagna yfirlýsingum formanns míns um að ýmsir utanþingsmenn komi til greina sem ráðherraefni flokksins. Fyrir flokk sem berst fyrir skýrri aðgreiningu löggjafar- og framkvæmdavalds er slíkur kostur eðlilegur ¿ og Össur varpaði þessu fram líka á sínum tíma. Við höfum reyndar sömuleiðis verið áhugasöm um að þingmenn sem verða ráðherrar láti af þingmennsku á meðan, og eigum um það samherja í öðrum flokkum.

**Mörður Árnason á mordur.is**

### Þjófar og þjófsnautar

Ef einhver stelur frá mér er hann þjófur. Ef einhver tekur við einhverju sem er stolið frá mér er hann þjófsnautur. Eigur mínar njóta verndar. Þetta er grundvallaratriði. Þess vegna held ég að Hæstiréttur hljóti að dæma öðruvísi í lögbannsmáli Jónínu Benediktsdóttur en Héraðsdómur. Tjáningarfrelsið þvælist vissulega þarna fyrir, en í meginatriðum getur það ekki verið sett skör ofar eignarréttinum. Ef gögn eru tekin ófrjálsri hendi í því skyni að upplýsa glæpsamlegt athæfi getur hugsanlega gegnt öðru máli. En í tölvupósti Jónínu Benediktsdóttur verður ekki séð að sé neitt að finna sem getur talist glæpur ¿ þarna eru kannski skrítnar hugmyndir um þjóðfélagið ¿ en slíkt varðar ekki við lög. Hví er ekki rannsakað hvar Fréttablaðið fékk þessi gögn? Ég hef unnið lengi sem blaðamaður, en get með engu móti skrifað undir að við í þessari stétt séum svo mikilvæg að við séum með einhverjum hætti hafin yfir lög. Það er bara bábilja ¿ í versta falli skálkaskjól.

**Egill Helgason á visir.is**

### Dómari í fegurðarsamkeppni

Það er greinilega tvennt sem getur komið Íslendingum úr jafnvægi: Að segjast geta læknað sjúkdóma með því að tala við stofnfrumurnar í sér og að vera á móti fegurðarsamkeppnum daginn sem Íslendingur vinnur þær.

**Ármann Jakobsson á murinn.is**






# Fjármálaóstjórn sjálfstæðismanna

**UMRÆÐAN**
REKSTUR REYKJAVÍKURBORGAR



**STEFÁN JÓN HAFSTEIN**

*Hvernig getur verið að algjörlega viðmiðunarhæfar rekstrareiningar, ríki og borg, skuli vera svona fullkomlega ósamanburðarhæfar þegar kemur að rekstrarlegum árangri? Það er vegna þess að Reykjavíkurlistinn hefur í tíð sinni tekið þessi mál föstum tökum svo eftir er tekið.*

Samanburður sýnir að ef lausatök og rekstraróstjórn Sjálfstæðisflokksins hjá ríkinu yrði ráðandi í Reykjavíkurborg myndi það kosta borgina milljarða árlega. Það versta sem gæti komið fyrir rekstrarstöðu borgarinnar væri að taka upp sömu vinnubrögð og ríkið.

Ríkisendurskoðun gagnrýnir harðlega óstjórn í fari ráðuneyta. Á móti er rekstrarstjórn málaflokka og stofnana hjá borginni svo styrk að frávik og halli eru nær óþekkt, enda segir endurskoðandi borgarinnar að áætlun standist nær 100 prósent! Svo er ekki hjá ríkinu. Um það segir Ríkisendurskoðun: „Mörg undanfarin ár hefur Ríkisendurskoðun bent á alvarlega veikleika í framkvæmd fjárlaga. Það hefur lengi verið látið að mestu ótalið að útgjöld margra stofnana fari ítrekað langt fram úr þeim tekjum sem þeim eru ætlaðar... Að mati Ríkisendurskoðunar er slíkt fyrirkomulag óásættanlegt og leiðir til ómarkvissrar fjármálastjórnar hins opinbera.“

Hvað fyndist okkur um að lesa svona í ársreikningi Reykjavíkurborgar? Ég minni á að samkvæmt endurskoðunarmönnum borgarinnar er rekstrarskekkjan engin. En Ríkisendurskoðun heldur áfram um fjármálastjórn ríkisvaldsins: „Rekstur um 120 fjárlagaliða af um 520 fóru 4 prósent eða meira umfram fjárheimild á árinu 2004. Þar af fóru um 80 liðir 10 prósent eða meira fram úr og um 50 fóru 20 prósent eða meira fram úr heimild. Í mörgum tilfellum er útilokað að hægt sé að rétta af stöðu stofnana að óbreyttum fjárveitingum nema draga verulega úr starfsemi þeirra... Ýmislegt bendir til þess að þau mál horfi síður en svo til betri vegar.“

Ef fjármálaóstjórn Sjálfstæðisflokksins hjá ríkinu yrði ráðandi í Reykjavíkurborg myndi hún kosta borgina milljarða árlega. Ef einhver borgarstofnun fer 4 prósent fram úr ætlun er hún sett í gjörgæslu samstundis og látin gera áætlun um leiðréttingu innan ramma fjárveitinga – takið eftir: innan ramma fjárveitinga. Ríkið er hins vegar alltaf að afgreiða milljarða aukafjárveitingar. Hvernig getur verið að algjörlega viðmiðunarhæfar rekstrareiningar, ríki og borg, skuli vera svona fullkomlega ósamanburðarhæfar þegar kemur að rekstrarlegum árangri? Það er vegna þess að Reykjavíkurlistinn hefur í tíð sinni tekið þessi mál föstum tökum svo eftir er tekið. Ríkisvaldið lætur reka á reiðanum. Þess vegna vara ég við þeim stjórnmálaflokki sem stýrir vanhöldum í opinberum rekstri hjá ríkinu og fer svo illa með rekstrarfjármuni ríkisins sem Ríkisendurskoðun lýsir. Ég tel hann sannarlega vanhæfan að taka við rekstri borgarstofnana og málaflokka.

Hjá okkur í Reykavík er allt í böndum, allt eftir leikreglum, engin skekkja, allur rekstur eins og best verður á kosið. Hjá ríkisvaldinu: Allt í steik. Engar leikreglur virtar, ekkert aðald, ótrúleg frávik. Dæmin sanna mál mitt.

*Höfundur er formaður borgarráðs.*

Sólarupprás Hádegi Sólarlag

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 11.17 | 13.23 | 15.30 |
| Akureyri | 11.32 | 13.08 | 14.44 |

*Heimild: Almanak Háskólans*

# allt

[ matur o.fl. **SINNEP** Leynivopn rektors bls. 2 ]

[ tilboð o.fl. **GJAFIR** Eigðu fyrir þeim bls. 4 ]

[ **BORÐSKREYTINGAR** Kaldar skreytingar inni bls. 8 ]



FRÉTTABLAÐIÐ

*Góðan dag!*

**Í dag er föstudagurinn 16. desember, 350. dagur ársins 2005.**

## KRÍLIN




## SMÁAUGLÝSINGAR

**Flokkar**

- Bílar & farartæki
- Keypt & selt
- Þjónusta
- Heilsa
- Skólar & námskeið
- Heimilið
- Tómstundir & ferðir
- Húsnæði
- Atvinna
- Tilkynningar

SMÁAUGLÝSINGAR SÍMI: 550 5000

ÞÚ GETUR PANTAÐ SMÁAUGLÝSINGAR Á visir.is

vísir



Þórunni Ernu Clausen finnst hryggur mjög góður. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Hryggurinn hennar ömmu langbestur

***Þórunn Erna Clausen og fjölskylda eyða jólunum venjulega heima hjá mömmu hennar. Yfirleitt hafa verið rjúpur í jólamatinn en síðustu ár hefur hryggur orðið fyrir valinu.***

Þórunn er mjög hrifin af uppskriftinni að hryggnum sem mamma hennar eldar og hefur oft eldað hann sjálf. „Ég hef boðið vinkonum mínum og fjölskyldu í mat þegar ég hef eldað hrygginn,“ segir Þórunn en uppskriftin að honum er upphaflega komin frá Ragnheiði, ömmu hennar. „Þessi hryggur hefur verið í uppáhaldi hjá mér síðan ég var lítil og ég kallaði þetta alltaf hund. Ég veit eiginlega ekki af hverju en ég held að mér hafi fundist þetta líta út fyrir að vera hundur, ekki það að ég væri mikið fyrir það að borða hunda,“ segir Þórunn.

Fjölskylda Þórunnar er mikil rjúpnafjölskylda og yfirleitt hafa verið rjúpur í jólamatinn. „Mamma mín og systir eru mjög hrifnar af rjúpum en mér fundust þær reyndar aldrei neitt sérstaklega góðar. Ég hef verið mjög heppin síðustu ár því að við höfum verið með hrygg á jólunum,“ segir hún.

Fjölskylda Þórunnar ætlar að vera með rjúpur þessi jól svo það verður enginn hryggur fyrir hana í ár. Hún ætlar samt að gefa lesendum Fréttablaðsins uppskriftina að hryggnum og sósu, salati og kartöflumús sem henni finnst mjög gott að hafa með. Uppskriftin er á næstu opnu.

*emilia@frettabladid.is*

*Jólastemning*





Glæsilegt úrval af húsgögnum og gjafavöru, eitthvað fyrir alla.

20% Afsláttur af öllum SIRIUS Ljósaseríum

**Nýtt kortatímabil**

20% Afsláttur af öllu jólaskrauti

Opið til kl. 22 öll kvöld

| | |
|---|---|
| Þorláksmessa: | 10 - 23 |
| Aðfangadagur: | 10 - 12 |
| Jóladagur: | Lokað |
| Annar í jólum: | Lokað |
| 27 - 30 des.: | 10 - 18 |
| Gamlársdagur: | 10 - 12 |
| Nýjársdagur: | Lokað |

UNIKA

Fákafeni 9 Sími: 568 6700
Opið til kl. 22 öll kvöld
www.unika.is

# Myndlistarhátíðin heldur áfram

Við kynnum vaxtalausu listmunalánin.
**Allir sem kaupa listaverk um helgina á vaxtalausu láni fá grafíkverk eftir Kristján Davíðsson í kaupbæti**

**Öll börn fá jólanammi**

Barnabókahöfundurinn **Bruce McMillan** og myndlistakonan **Gunnella** árita bók sína **Hænur eru hermikrákur**

Föstudagur:
Gallerí Fold – Kringlunni, kl. 17.00–18.00
Laugardagur:
Gallerí Fold – Kringlunni, kl. 14.00–15.00
Gallerí Fold – Rauðarárstíg, kl. 16.00–17.00




Publishers Weekly/New York Times:
**Ein af 10 bestu myndskreyttu barnabókum ársins 2005!**



Mynd eftir Gunnellu

LISTMUNASALA fold

Opið í til kl. 22.00 alla daga til jóla.
Rauðarárstíg 14, sími 5510400 · Kringlunni, sími 568 0400 · www.myndlist.is

Gallerí Fold · Kringlunni og Rauðarárstíg

**Matarafgangar**
fyrirfinnast í flestum ísskápum. Nú er rétti tíminn til þess að búa til almennilega afgangakássu og rýma til fyrir öllum jólamatnum.



**AMSTEL:**

## *Rýkur út á lága verðinu*




Um síðustu mánaðamót lækkaði verðið á hinum vinsæla hollenska Amstel-bjór verulega og óhætt er að segja að það hafi fallið vel í kramið hjá Íslendingum. Með þessari breytingu varð Amstel einn ódýrasti 5% premium bjórinn sem fæst í Vínbúðum. Bjórinn rýkur út enda ekki á hverjum degi sem hægt er að kaupa ekta 5% eðalbjór á slíku verði. Amstel-bjórinn er bruggaður af Heineken í Hollandi, sem gefur honum gæðastimpil, og kostar hálfs lítra dósin nú aðeins 175 kr. Það er því ekki ólíklegt að Amstel verði jólabjórinn hjá mörgum þetta árið.
Verð í Vínbúðum 175 kr.




Ólafur passar að sinnepið verði hæfilega þunnt þannig að það renni. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR


**Allt til víngerðar**

áman Skeifunni 11d
Sími 533 1020



**Réttir kvöldsins**

*Fordrykkur í boði hússins*

*M/ þriggja rétta seðlinum Canasta Cream*

| | verð f/ einrétta | verð f/ þriggja rétta máltíð |
|---|---|---|
| ***Forréttur*** | | |
| ***Humarsúpa*** *m/ rjómatoppi og hvítlauksbrauði* | kr. 850 | |
| ***Aðalréttir*** | | |
| ***Smjörsteiktur skötuselur*** *m/ hvítvínssósu, grænmeti og bakaðri kartöflu* | kr. 2.950 | kr. 3.890 |
| ***Lambafillet*** *m/ sherrybættri sveppasósu, grænmeti og bakaðri kartöflu* | kr. 2.980 | kr. 3.890 |
| ***Nautalundir*** *m/chateaubriandsósu, grænmeti og bakaðri kartöflu* | kr. 3.150 | kr. 3.990 |
| ***Eftirréttur*** | | |
| ***Súkkulaðifrauð*** | kr. 690 | |

*Tilboðin gilda öll kvöld* — *Borðapantanir í síma 562 1988*

*Veitingahúsið Madonna / Rauðarárstíg 27 / www.madonna.is*


# Rektorssinnepið lyftir hangikjöti í æðra veldi

Ólafur Proppé, rektor Kennaraháskólans, hefur alltaf sinnep með jólahangikjötinu og býr það til sjálfur.

„Ég er fjórði ættliður sem ég veit að hefur búið til þetta sinnep svo bak við það liggur að minnsta kosti hundrað og fimmtíu ára saga. Svo á ég afkomendur sem hafa tileinkað sér aðferðina þannig að hefðin er orðin býsna sterk," segir Ólafur. Hann segir fjölskylduna ekki borða hangikjöt öðruvísi en hafa svona sinnep með, hvort sem kjötið er hrátt eða soðið. En hvaðan er siðurinn kominn?

„Langafi minn, Claus Eggert Dietrich Proppé, flutti frá Slésvík-Holstein til Íslands laust eftir miðja nítjándu öld. Hann var bakarameistari, fyrst hjá Bernhöfts og stofnaði svo fyrsta bakaríið í Hafnarfirði. Með honum mun sinnepshefðin hafa borist hingað því langamma mín var íslensk. Langafi lést laust fyrir aldamótin 1900 en ég lærði aðferðina af föður mínum og hann af sínum foreldrum. Við höfum alltaf kallað þetta Proppésinnepið."

Ekki segir Ólafur það þó vera eina nafnið á sinnepinu góða því í Kennaraháskólanum gangi það undir nafninu „rektorssinnepið".

„Það er löng hefð fyrir hangikjötsveislu hjá starfsfólki skólans fyrir jólin og síðustu þrjú síðustu ár hef ég boðið upp á þetta sinnep með kjötinu. Það hefur vakið almenna ánægju," segir hann og bætir við: „Ég tel að þetta lyfti hangikjötinu í annað eða jafnvel þriðja veldi!"

Ólafur segir sérstakt duft notað í sinnepið sem þangað til í fyrra hafi fengist í betri búðum hér á landi eins og Fjarðarkaupum og Pipar og salti en virðist nú ófáanlegt. „Ég hef prófað aðrar tegundir en þær gefa alls ekki sama bragð," segir hann og gefur svo upp galdurinn á bak við sinnepið.

## Rektorssinnepið

FRÁSÖGN ÓLAFS PROPPÉ

„Ég hef aldrei séð sinnepsuppskriftina á blaði því hún er bara í munnlegri geymd en hún er afskaplega einföld. Hlutföllin eru um það bil fjörutíu prósent af Colman-sinnepsdufti á móti sextíu af sykri. Duftið er sigtað og síðan hrært vel saman við sykurinn. Síðan nota ég smávegis af köldu vatni og viskílögg til að hræra það út, magnið fer eftir tilfinningunni. Það er líka til að menn noti edik saman við kalda vatnið. Þetta á að verða dálítið þunnt því þetta er ekki sinnep sem maður smyr heldur á það að renna. Síðan geymir maður það í ísskáp og í einn eða tvo sólarhringa, þá nær sykurinn að bráðna og allt að samlagast vel. Flóknara er þetta nú ekki."



Ólafur Proppé, rektor Kennaraháskólans




**Hátíðarkaffi**

Lokkandi ljúffengan hátíðarilm leggur frá þessari vönduðu blöndu sérvalinna úrvals kaffibauna.

Hátíðarkaffið er í fullkomnu jafnvægi, hefur fágað hunangsmjúkt bragð, mikla fyllingu og eftirkeim af ávöxtum og berjum.

Kaffiáhugafólk ætti ekki að láta þetta kaffi fram hjá sér fara. Kaffið er í frábæru jafnvægi, með meðal fyllingu og einstöku eftirbragði.

Njótið vel !

**Kaffihús:** Laugavegi 24, Smáralind

**Verslanir:** Kringlunni, Smáralind, Laugavegi 27, Suðurveri

TE & KAFFI



**Ostakörfur ..**

.. í öllum stærðum og gerðum fyrir jólin

Opið alla daga til jóla



Osta HÚSIÐ

Strandgötu 75 Hafnarfjörður sími 565 3940

www.ostahusid.is


**uppskrift }**

## Möndlukökur

1 bolli smjör við stofuhita
3/4 bolli sykur
1 tsk. vanilludropar
1/4 tsk. möndludropar
1 bolli fínmalaðar möndlur
2 bollar hveiti
30 möndlur

Smyrjið tvær bökunarplötur eða setjið á þær smjörpappír. Setjið smjörið í stóra skál og hrærið þar til það verður mjúkt, bætið þá í sykri og dropunum. Þar næst er möndlunum bætt út í og hrært vel. Bætið svo hveitinu saman við, hálfum bolla í einu svo deigið verði mjúkt. Mótið kúlur með litlli ísskeið eða teskeið, setjið á plötuna og látið tvo sentimetra vera á milli. Kökurnar eiga að vera u.þ.b. sextíu talsins. Helmingið möndlurnar og skreytið kökurnar með þeim. Kælið í hálftíma. Bakið í blástursofni í tuttugu mínútur við 160 °C eða þangað til botnarnir eru gullnir. Leyfið kökunum að kólna á plötunni. Geymið í kæli.





O'Sushi býður upp á ferskt sushi á færibandi bæði í hádeginu og á kvöldin.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Fyrsta sushi-lestin á Íslandi í Iðuhúsinu

***O'Sushi er nýr sushi-staður sem hefur opnað á annarri hæð í Iðu-húsinu. Þetta er fyrsti íslenski sushi-staðurinn sem býður viðskiptavinum sínum upp á ferskt sushi sem berst þeim á færibandi eða svokallaðri sushi-lest.***



Réttirnir á hvítu diskunum kosta 200 krónur en réttirnir á þeim gulu eru á 350 krónur. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Margir fagna því að nú sé loksins komin sushi-lest til landsins. Staðurinn heitir O'Sushi og er á annarri hæð Iðuhússins á Lækjargötu. Kristján Þorsteinsson er einn eigenda staðarins. Hann segir að vel hafi gengið fyrstu helgina þrátt fyrir að ekkert hafi verið auglýst og engin merking sé einu sinni komin á Iðu-húsið.

„O'Sushi er færiband sem á er sushi að mestu leyti en ekki eingöngu. Þessi hugmynd er mjög þekkt víða um heim en eins og flest annað sem viðkemur sushi er þetta komið frá Japan, þar sem 75 prósent sushi-staða eru svona. Þetta virkar þannig að viðskiptavinurinn einfaldlega sest niður við færibandið og á því eru réttir á mislitum diskum. Réttirnir kosta mismikið, sá ódýrasti er á 200 krónur en sá dýrasti á 500 krónur. Þú tekur síðan bara þá rétti af færibandinu sem þér líst best á. Svo þegar þú ert saddur safnarðu saman diskunum og ferð með þá á kassann og borgar," útskýrir Kristján.

Meginmunurinn á sushi-lestum og hefðbundnum stöðum telur Kristján að sé ferskleikinn. „Hjá okkur er líftími sushisins aðeins fjórir klukkutímar á meðan aðrir staðir geyma það í jafnvel nokkra daga. Grjónin okkar fara heldur aldrei í kæli enda er það bann númer eitt í sushi-gerð."

Staðurinn er opinn frá 11.30 til 22.00 og er því einnig kjörinn til þess að skreppa á í hádeginu. Borðið við færibandið tekur 30 manns og ef sæti eru laus er hægt að setjast beint niður og byrja að borða. „Það eru allir velkomnir, sérstaklega sushi-unnendur," segir Kristján að lokum, glaður í bragði.

**steinthor@frettabladid.is**



Á færibandinu má alltaf finna spennandi og bragðgóða rétti. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# TURNING LEAF:
## *Ný og á kynningarverði*




Turning Leaf-vínin frá Gallo hafa verið vinsæl hérlendis, enda fjölbreytt og á hagstæðu verði. Turning Leaf Cabernet Sauvignon er eitt af jólavínunum sem kynnt eru á hátíðardögum í Vínbúðum og er á kynningarverði fram að jólum. Turning Leaf Sauvignon Blanc er nýkomið í kjarnasölu í Vínbúðum og er sömuleiðis á kynningarverði.

Turning Leaf-vínin eru unnin úr einni þrúgu af ýmsum svæðum Kaliforníu, þó meginuppistaðan sé frá Sonomahéraðinu. Markmiðið er að endurspegla þá þrúgu á stílhreinan hátt í víni á mjög hóflegu verði.

Gallo er öflugasta vínfyrirtæki í veröldinni og hefur unnið til fjölda verðlauna á liðnum árum. Til dæmis hefur Gallo unnið titilinn besti vínframleiðandinn þrjú ár í röð á VinItaly-vínsýningunni í Verona á Ítalíu.

Turning Leaf Sauvignon Blanc:
Ferskt og tært vín sem er afar gott samkvæmisvín, sem fordrykkur og einnig með léttum mat. Alveg sérlega gott mótvægi við öll þyngslin í jólamatnum!
Kynningarverð í Vínbúðum 1.090 kr.

Turning Leaf Cabernet Sauvingon:
Rúbínrautt, bragðljúft vín með berjaríkan ávöxt þar sem þroskuð sólber, súkkulaði og mild krydd ásamt eikarvotti einkenna vínið. Vín flestra tækifæra, sannkallað jólavín því það gengur vel með mildum ostum og flestum kjötréttum.
Kynningarverð í Vínbúðum 1.090 kr.

**uppskrift }**

## Hryggur

ÞÓRUNN ERNA CLAUSEN GEFUR LESENDUM UPPSKRIFT.

### Hryggur

Hryggurinn er kryddaður mjög vel að utan með salti og pipar, best er að spara ekki saltið.
Hryggurinn er settur í ofnskúffu inn í vel heitan ofninn og látinn brúnast að ofan í u.þ.b. 10 til 15 mín.
Vatni er hellt í ofnskúffuna og um 6 nautateningar settir með (fer eftir magni vatnsins) en það er gott að hafa þetta soð svolítið sterkt.
Hryggurinn er hafður inni í ofninum í eina og hálfa klst., þar til hann er orðinn mjúkur og fínn.
Af og til er soðinu hellt yfir hrygginn til að gera puruna sem besta.

### Sósa

Soðið úr ofnskúffunni er notað í sósuna.
Látið standa í smástund og fitunni fleytt ofan af.
Soðið er sett í pott og látið sjóða, þykkt með sósujafnara (Maizena-mjöli).
Ca. 1 dl matreiðslurjóma bætt út í, eða eftir smekk.
Smá sósulitur settur út í og sósan bragðbætt með rifsberjasultu, salti og pipar.

**uppskrift }**

## Meðlæti

ÞÓRUNN ERNA CLAUSEN GEFUR LESENDUM UPPSKRIFT AÐ MEÐLÆTI MEÐ HRYGG.

### Kartöflumús

Kartöflurnar eru flysjaðar, skornar í bita, saltaðar og soðnar mjög vel.
Smjör er sett út í til að stappa þær, gott að nota smá ólífuolíu á móti smjörinu og mjólk.
Gott er að setja tvö pressuð hvítlauksrif og salt út í en fyrir þá sem vilja hefðbundna kartöflumús er sykur og salt sett út í eftir smekk.

### Parmesan og perusalat

1 poki af klettasalatblöndu
1 poki af spínati
Graskersfræ, furuhnetur og sólblómafræ ristuð á pönnu og sett saman við.
1 til 2 perur skornar niður og settar út í salatið.
Ferskur parmesanostur (best að nota kartöfluflysjara til að skafa ostinn).
Skífurnar settar ofan á salatið,
Balsamolíu og ólífuolíu skvett yfir.
Smá steinselja klippt yfir.













**40%** Tilboð vikunnar eru í Hagkaupum þar sem hægt er að fá innfluttar nautalundir á 40% afslætti og í Þinni verslun, en þar er hægt að fá hamborgarhrygg með sama afslætti.





allt
jólin koma
Alla þriðjudaga til laugardaga








**FJARÐARKAUP** — Tilboðin gilda til 18. desember

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Nóa konfekt í lausu 1 kg. | 1.795 | 1.995 | 1.795 | 10 |
| Jólaostakaka | 848 | 998 | 848 | 15 |
| Mackintosh 1.64 kg. & After Eight 200 gr. | 1.498 | 1.895 | 20 | |
| FK hamborgarhryggur úr kjötborði | 1.098 | 1.398 | 1.098 | 20 |
| Fjallalambs hangiframpartur úrbeinaður | 1.298 | 1.776 | 1.298 | 25 |
| Fjallalambs hangilæri úrbeinað | 1.798 | 2.398 | 1.798 | 25 |
| Nautaroast beef í neti | 1.598 | 1.998 | 1.598 | 20 |
| Londonlamb frá Kjarnafæði | 1.077 | 1.539 | 1.077 | 30 |
| Vienetta ísterta 1 l. | 49 | 698 | 498 | 30 |
| SS birkireykt læri úrbeinað | 1.998 | 2.368 | 1.998 | 15 |
| FK hangilæri úrbeinað | 1.998 | 2.568 | 1.998 | 20 |
| FK hangiframpartur úrbeinað | 1.298 | 1.776 | 1.298 | 30 |
| Ali hunangsskinka soðin | 1.348 | 1.798 | 1.348 | 25 |
| Freyju konfekt 550 gr. | 985 | 1.298 | 542 | 25 |

**BÓNUS** — Tilboðin gilda til 18. desember

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Ali hamborgarhryggur | 1.049 | 1.348 | 1.049 | 20 |
| Hreindýrafillet frá Finnlandi | 3.999 | 4.998 | 3.999 | 20 |
| Ístertur Viennetur 650 ml. | 299 | 398 | 598 | 25 |
| Rækja frosin 1 kg. | 589 | 799 | 589 | 25 |
| Bónus kryddað lambalæri | 899 | 1.299 | 899 | 30 |
| Bónus fiskibollur 430 gr. | 299 | | 129 | |
| Fiesta pizzur 380 gr. | 129 | 198 | 49 | 35 |
| K.S. lambabógur frosinn | 599 | | 599 | |
| K.F. hangiframpartur með beini | 595 | 699 | 595 | 15 |
| Bónus malt 500 ml. | 59 | | 118 | |

**Þín verslun** — Tilboðin gilda til 21. desember

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Hamborgarhryggur með beini | 990 | 1.571 | 990 | 40 |
| Hangiframpartur úrbeinaður | 1.259 | 1.726 | 1.259 | 25 |
| Hangiframpartur sagaður | 898 | 1.220 | 898 | 25 |
| Hangilæri úrbeinað | 1.790 | 2.430 | 1.790 | 25 |
| Lambahryggur léttreyktur | 1.198 | 1.538 | 1.198 | 20 |
| Beauvais rauðkál 580 gr. | 99 | 124 | 170 | 20 |
| Beauvais gúrkur 550 gr. | 169 | 198 | 307 | 15 |
| Beauvais gúrkur Apitit 570 gr. | 169 | 198 | 296 | 15 |
| Beauvais gúrkusalat 550 gr. | 169 | 198 | 307 | 15 |
| Beauvais asíur 560 gr. | 169 | 198 | 302 | 15 |

**HAGKAUP** — Tilboðin gilda til 18. desember

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Svínalundir úr kjötborði | 1498 | 2298 | 1498 | 35 |
| Nautalundir innfluttar | 2387 | 3979 | 2387 | 40 |
| Óðals Bayonneskinka | 1198 | 1498 | 1198 | 20 |
| Óðals svínahamborgarhryggur með beini | 1049 | 1498 | 1049 | 30 |
| Ali svínahamborgarhryggur með beini | 1198 | 1498 | 1198 | 20 |
| Ali svínahamborgarhryggur úrbeinaður | 1598 | 1998 | 1598 | 20 |
| Jói Fel ísterta | 899 | | 899 | |

**SPAR** — Tilboðin gilda til 31. desember

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| BK hamborgarhryggur | 990 | 1.571 | 990 | 35 |
| BK londonlamb úrbeinaður frampartur | 1.098 | 1.491 | 1.098 | 25 |
| BK hangiframpartur úrbeinaður | 1.259 | 1.726 | 1.259 | 30 |
| BK hangilæri úrbeinað | 1.790 | 2.430 | 1.790 | 25 |
| Kjörís Jólaís 2 l. | 599 | 694 | 299 | 15 |
| Camembert 150 gr. | 229 | 247 | 1.526 | 10 |
| BK léttreyktur lambahryggur | 1.198 | 1.538 | 1.198 | 20 |
| Grillaður kjúklingur & Coca Cola 2 l. & franskar | 998 | 1.298 | 998 | 25 |

# Njóttu þess að eyða peningunum þínum

***Ingólfur H. Ingólfsson starfar sem fjármálaráðgjafi og aðstoðar þá sem vilja koma skikki á fjármálin. Hann segir að fólk eigi að njóta þess að eyða peningunum sínum og hvetur fólk til að strengja áramótaheit í nafni sparnaðar á komandi ári.***



Ingólfur H. Ingólfsson segir hvern og einn eiga nóg af peningum en oft skorti á að fólk noti peningana rétt.

Ingólfur H. Ingólfsson, félagsfræðingur og fjármálaráðgjafi, ráðleggur fólki að haga fjármálum sínum á þá leið að fólk njóti þess að eyða peningum. „Til dæmis er ekkert gaman að kaupa fallega jólagjöf til að gleðja einhvern en um leið hafa móral yfir því vegna þess að maður á ekki fyrir gjöfinni sem er keypt,“ segir Ingólfur og bætir við að ekki sé gaman að eyða peningum ef maður er með bullandi samviskubit yfir því.

„Fólk á að njóta þess að eyða peningunum sínum en gallinn er sá þegar við tökum út á kredit að þá fara mánuðirnir á eftir í að greiða upp eyðsluna,“ segir Ingólfur. „Ég hef hvatt fólk til þess að leggja reglulega fyrir í neyslusjóð sem menn geta gripið í, til dæmis í útgjaldamánuðum eins og desember.“

Ingólfur hvetur alla til að gera það að áramótaheiti sínu að leggja í sparnað. „Ég held að Íslendingar líti á sparnað sem eitthvað sem geymt er til elliáranna. En sparnaður er líka til að byggja upp eignir sem við notum svo til að gera okkur glaðan dag. Peningarnir eru til, við bara erum ekki að nota þá rétt.“ Ingólfur segir að oft vefjist það fyrir fólki hvenær sé besti tíminn til að byrja sparnaðinn. „Það er enginn tími betri en annar og þess vegna á fólk að byrja strax í janúar, jafnvel þótt það viti að febrúarreikningarnir verði himinháir.“ Ingólfur segir besta og einfaldasta ráðið vera að taka tíu prósent af útborguðum launum og leggja inn á bankabók. „Þetta skal gert strax í byrjun mánaðar. Ef það kemur svo í ljós að það vantar peninga, að þá er hægt að seilast í neyslusjóðinn, til dæmis þegar vísareikningurinn kemur í febrúar. Með þessu er hægt að njóta þess að eyða peningunum því við erum að eyða því sem við eigum. Og það er miklu skemmtilegra.“

*johannas@frettabladid.is*



Í Rúmfatalagernum eru bæði sófasett og borðastofuborð á tilboði núna.

# Sófasett á góðu verði

***Rúmfatalagerinn stendur alltaf fyrir sínu þegar kemur að góðum tilboðum.***

Nú er Rúmfatalagerinn með hugann við þá sem þurfa nýtt sófasett og borðstofuborð. Wilma-leðursófasettin eru á tilboði og hægt er að spara tíu þúsund krónur á hverjum sófa. Hægt er að fá sófana bæði þriggja og tveggja sæta. Sófarnir eru úr brúnu mjúku leðri og er leður á öllum slitflötum.

Á tilboði er einnig gegnheilt eikarborð ásamt eikarstólum með áklæði úr örþráðum. Borðið, ásamt sex eða fjórum stólum, er á tilboðsverði.





# Ice Trend Outlet

***Nýr merkjamarkaður hefur litið dagsins ljós og nú er hægt að gera góð stórkaup á góðum fatnaði.***

Ice Trend Outlet markaðurinn býður góðan afslátt á þekktum merkjum. Úrvalið er mikið. Hægt er að fá barnaföt, barnaúlpur, ungbarnaföt, sniðuga jólabúninga og jogginggalla á börnin. Einnig er hægt að finna boli fyrir dömur, gallabuxur bæði á ungar stelpur og eldri, veski, vindbuxur og margt fleira. Meðal þeirra vörumerkja sem eru á boðstólum eru Sister Point, Pippi og Clair. Markaðurinn er á horni Fellsmúla og Síðumúla og er opinn alla daga vikunnar í desember.

## tilboð }

### Merkjavörumarkaður

Nýr merkjavörumarkaður hefur opnað í Skeifunni 7. Þar er boðið upp á barnaföt í miklu úrvali á góðu verði. Kjörið að spara sér nokkrar krónur og fá góð og endingargóð barnaföt um leið.

### Discovery-reiðhjól



Reiðhjólaverslunin Hvellur í Súðavogi býður fjörutíu prósenta afslátt af Discovery-reiðhjóli. Góð jólagjöf fyrir hjólakappa og góð kaup í snjóleysinu.

### Cristel-búsáhöld

25 prósenta afsláttur er á Cristel-búsáhöldum í Eirvík í desember. Cristel-búsáhaldalínan samanstendur af pottum, pönnum og ýmsum eldhúsáhöldum. Vörurnar eru úr stáli og fallega hannaðar.

### Smith og Norland

Smith og Norland eru í hátíðarskapi og bjóða sérstakt jólaverð á ýmsum vörum. Á jólatilboðum þeirra er allt frá þráðlausum símum upp í ísskápa. Öll tilboðin má skoða á www.sminor.is.

### Trúlofunar- og giftingarhringar



Jólin eru rómantískur tími og eru þeir ófáir herramennirnir sem ætla sér að biðja sína heittelskuðu um ævilanga ást og hjónaband. Nonni Gull í Hafnarfirði býður trúlofunar- og giftingarhringana á tuttugu prósenta afslætti og má skoða úrvalið á www.gunnimagg.is.






# Smásjár fyrir yngri kynslóðina

***Skólavörubúðin býður nú tilboð á smásjám sem henta vel fyrir leikskólabörn og fyrir börn á yngsta stigi grunnskólans.***

Mörg börn eru miklir náttúruunnendur og geta sífellt fundið eitthvað til að skella undir smásjárgler til að skoða nánar. Gamla góða stækkunarglerið dugar skammt og því góður kostur að eiga sína eigin smásjá.

Í desember verður Skólavörubúðin með tuttugu prósenta kynningarafslátt á þessum smásjám sem eru frá framleiðandanum Invicta. Önnur þeirra stækkar fimmtán sinnum, er 25 sentimetrar á hæð og hægt að hafa í náttúruskoðunarferðir. Hægt er að snúa sýniborðinu við og nota þar hólf til dæmis undir fljótandi efni eða lifandi skordýr. Stærri smásjáin stækkar 100, 200 og 300 sinnum, er 30 cm á hæð og hefur tvær innbyggðar ljósastillingar.



Smásjárnar frá Invicta henta vel fyrir ung börn.

# Borðstofuborð og sófasett á góðu verði

***Rúmfatalagerinn stendur alltaf fyrir sínu þegar kemur að góðum tilboðum.***

Nú er Rúmfatalagerinn með hugann við þá sem þurfa nýtt sófasett og borðstofuborð. Wilma-leðursófasettin eru á tilboði og hægt er að spara tíu þúsund krónur á hverjum sófa. Hægt er að fá sófana bæði þriggja og tveggja sæta. Sófarnir eru úr brúnu mjúku leðri og er leður á öllum slitflötum.

Á tilboði er einnig gegnheilt eikarborð ásamt eikarstólum með áklæði úr örþráðum. Borðið, ásamt sex eða fjórum stólum, er á tilboðsverði.








**Gamlar jólamyndir** eru til á flestum heimilum. Það getur verið skemmtilegt að skoða myndir frá liðnum jólum og rifja þau upp. Svo er alltaf hægt að gera grín að gömlum jólafötum og hárgreiðslum.



# Bragðgóðu piparköku-húsin hennar Kötlu

*Nú er mikið um dýrðir í Kringlunni þar sem risið hefur piparkökuhúsaþorp.*



Piparkökuhúsakeppni Kötlu er nú í hámarki. Keppendur hafa skilað inn piparkökuhönnuninni sinni sem verða til sýnis í Kringlunni til 17. desember. Í piparkökuhúsaþorpinu má finna konungshallir, raðhúsalengjur, einbýlishús og blokkir og er ekkert sparað hjá keppendum.

Úrslit keppninnar verða tilkynnt á morgun og verður spennandi að sjá hver fer með sigur af hólmi. ■




















Demantar
Demantaskartgripir
Gull & Silfur
Laugavegi 52 • Reykjavík

Létt 96,7
Jólastöðin þín!

Pottasett 3 pottar 18/10 stál
Glerlok 1,L 2,L 3,L
Verð: 8.900
Vandaðar heimilis- og gjafavörur
DUKA
Kringlunni - sími : 533 1322

SNYRTISTOFAN
HELENA
FAGRA
S. 561 3060
LAUGAVEGI 163
DEKUR FYRIR ÞIG
PANTANIR Í SÍMA 561 3060



Verslun
Lámarks álagning
Mikið úrval
Búsáhöld- jólavörur- klukkur
Ljós- leikföng- sjöl- skartgripir
slæður- úr- verkfæri- veski ofl. ofl.
Flottur fatnaður á
alla fjölskylduna
á sama verði og erlendis
nýkomið í verslun!
Allt í jólapakkann
fæst hjá okkur
B.MAGNÚSSON
Austurhrauni 3,Gbæ/ KAYS (nóg af bílastæðum)
www.bmagnusson.is bm@bmagnusson.is sími: 5552866
Opið virka daga 10-18, og á lau.17.des. 10-18



Ókeypis nafngylling
fylgir Atson leðurvörum
Leðuriðjan ehf
Brautarholti 4
Atson
Opið frá 12 til 22 um helgina

## jólasveinar }



MYND/ÞJÓÐMINJASAFNIÐ

### Askasleikir

*Sá sjötti, Askasleikir,*
*var alveg dæmalaus.*
*– Hann fram undan rúmunum*
*rak sinn ljóta haus.*

*Höf. Jóhannes úr Kötlum*

Askasleikir var slunginn við að ná sér í askana. Hann faldi sig undir rúmum og þegar fólkið lagði askana á gólfin fyrir hund og kött teygði hann sig í þá og sleikti úr þeim af bestu lyst. Askasleikir er á leið til byggða í kvöld. Vonandi verða ekki of margir bæir á vegi hans á leið til byggða, hann væri vís til að stoppa í þeim öllum til að komast í askana. Kannski flýtir það för hans ef allir lofa að setja góðgæti handa honum í gluggasylluna í kvöld.

# Jólakveðju í útvarpið

***Ríkisútvarpið er í óðaönn að taka við jólakveðjum Íslendinga sem lesnar verða upp á Þorláksmessu og aðfangadag.***

Sá siður að hlusta á jólakveðjur Ríkisútvarpsins er þekktur á mörgum heimilum. Þeir sem hafa hug á að senda kveðju geta haft samband við Ríkisútvarpið eða gengið frá pöntun í gegnum heimasíðu Ríkisútvarpsins www.ruv.is. Lestur jólakveðjanna hefst klukkan eitt á Þorláksmssu. Byrjað verður á almennum og óstaðbundnum jólakveðjum sem lesnar verða til átta og þá hefst lestur í sýslur landsins. Að þeim kveðjum lesnum tekur aftur við lestur á almennum kveðjum. ■



Hjá sumum koma jólin ekki fyrr en lestur jólakveðja hefst á Þorláksmessu.


















**Tröllafell**

**Barna- og unglingabókin í ár**

Grípandi saga um spennandi tröll, hugaða krakka og skemmtilega illkvittna þrjóta í The Guardian

www.stilbrot.com/trollafell




**Körfur-körfur-körfur!**

Fyrir blóm, snyrtivörur, ost, brauð og fleira. Fjölbreytt úrval.



GRÆNN MARKAÐUR

Eingöngu sala til fyrirtækja
Opið frá kl. 08.00-16.00.

Réttarhálsi 2 - 110 Rvk - Sími: 535-8500 - Netfang: info@flora.is

**Ný kennslumynd í hestamennsku**




eftir Eyjólf Ísólfsson tamningameistara er komin. Þessi mynd er sjálfstætt framhald af fyrri mynd Eyjólfs.

Markviss kennsla um tamningu og þjálfun sem nýtist öllu hestafólki.

Eyjólfur kynnir myndina í Ástund laugardag og sunnudag milli kl 15:00 og 17:00. Allir velkomnir.

**Jólagjöf hestamannsins**

**Póstsendum**

ÁSTUND

Háaleitisbraut 68 • sími 568 4240
astund@astund.is • www.astund.is




Límónugræna línan er líka falleg. Úr Árbæjarblómum.



Hvítu greinarnar fara vel með grænu. Frá Blómastofu Friðfinns á Suðurlandsbraut.



Hvítt minnir á jólasnjóinn. Frá Blómaverkstæði Binna á Skólavörðustíg.

# Kaldar skreytingar inni í ár

***Gaman er að punta heimilin fyrir jólin með sérstökum borðskreytingum.***

Þegar litið er í blómabúðir sést að úrvalið af borðskreytingum er breitt. Í bland við hefðbundnar skreytingar með greni, hýasintum, könglum og kúlum ber mikið á kaldari litum. Bláum kúlum og silfurlitum, hrímuðum gervigreinum og gráleitum mosa.

„Það sem kemur skemmtilega á óvart fyrir þessi jól er hversu mikið er að seljast af skreytingum í köldum litum. Þá er ég til dæmis að tala um silfur og hvítt," segir Helga Helgadóttir í Árbæjarblómum. Hún tekur það fram að það sé ekki bara unga fólkið sem kaupi slíkar skreytingar, heldur líka þeir eldri. Límónugræna línu segir hún líka vinsæla og finnst það skemmtileg tilbreyting frá því hefðbundna.

Annað verslunarfólk blómabúða tekur undir þetta og segir kremað og gyllt líka ganga vel út. Svo eru auðvitað margir sem halda í hefðirnar og finnst grænt og rautt jólalegast af öllu.



Hefðbundnari litir. Frá Blómaverkstæði Binna á Skólavörðustíg.



Nýstárleg skreyting í háu glasi. Frá Blómastofu Friðfinns á Suðurlandsbraut.



Ljósaskreyting frá Blómaverkstæði Binna á Skólavörðustíg.



Hýasintan veit að jólin nálgast. Frá Blómastofa Friðfinns á Suðurlandsbraut.



Dæmigerð köld skreyting. Úr Árbæjarblómum.



## Mín skoðun

JÓLAKÖTTURINN TEKUR TIL MJÁLMS

## Stúfur slær í gegn!

Þið börn sem ekki fenguð í skóinn frá Stúfi - örvæntið ekki því þið eruð ekki ein. Og ekki hafa neinar áhyggjur af Stúfi, hann kom eins og um var samið - í boði Stuðbankans og birtist í Laugardalshöllinni á þriðjudagskvöldið þar sem valinkunnir gestir biðu hans með miklum spenningi. Þangað var aðeins boðið börnum sem heita nöfnum sem byrja á St- eins og sveinki sjálfur svo að börn sem heita Steinunn, Steinn, Stefán og Stína, meðal útvalinna annarra, mættu með skóna sína og héldu þeim uppi í einfaldri röð á meðan jólasveinninn þeytti í þá demantsskreyttu belgísku konfekti með undraverðum hraða. Jólasveinninn tók nokkur af sínum bestu lögum við undirleik Stynfóníuhljómsveitarinnar og svo var dansað kringum risastórt jólatré sem var sérhöggvið í Heiðmörk fyrir þetta tilefni. Forsetinn var auðvitað á staðnum og hafði boðið með sér Romeo og Brooklyn Beckham, sem voru nú ekkert tiltakanlega hressir enda skildu þeir ekkert í lagavalinu og kunnu hvorki Þyrnirós var besta barn né Göngum við í kringum. Maddox Jolie lék hins vegar á als oddi. Yðar einlægur æsifréttaköttur sat uppi í rjáfri og fylgdist grannt með öllu saman. Svona samkomur eru nefnilega alveg nauðsynlegar fyrir alla sem eiga sér ákveðna stafi í stafrófinu eða staði í samfélaginu. Auðvitað þurfa allir þeir sem heita nöfnum sem byrja á St- að vera minntir á sérstöðu sína öðru hvoru, þeir sem stuðla við ekki bara einn jólasvein, heldur TVO! Önnur börn verða bara að skilja þetta og láta sér nægja að fá í skóinn frá hinum jólasveinunum, sem láta sér það lynda að syngja og dansa með alþýðu barna á Íslandi. Og ekki orð um það meir!

Lifið heil!

# Gjafir opnaðar á jóladag

***Sá skemmtilegi siður hefur þróast innan fjölskyldu Margrétar Margeirsdóttur að opna gjafir frá öðrum fjölskyldumeðlimum í jólaboði Margrétar á jóladag.***



Margrét Margeirsdóttir er farin að hlakka til jólaboðsins sem hún og eiginmaður hennar halda fyrir afkomendur sína á hverjum jóladegi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

„Þau koma með gjafir sem þau vilja gefa okkur og hinum frændum sínum og frænkum, það hittast allir hér á jóladag og þetta finnst þeim óskaplega skemmtilegt, sérstaklega vilja barnabörnin halda í þetta," segir Margrét Margeirsdóttir, formaður Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni.

Fjölskylda Margrétar og manns hennar, Sigurjóns Björnssonar, hefur löngum safnast saman heima hjá þeim hjónum í Laugarásnum á jóladag, og hefur sá siður myndast að barnabörnin koma með gjafir til ömmu og afa þann dag og setja undir jólatréð. Jafnframt fara Margrét og Sigurjón aldrei með gjafirnar til barnabarnanna, heldur setja þær bara undir tréð heima hjá sér. Síðan taka allir upp gjafirnar í jólaboðinu, þó aðrar gjafir séu opnaðar á aðfangadagskvöld.

„Þetta er mikil veisla þar sem ýmiss konar góðgæti er borið á borð og við förum í leiki með krökkunum," segir Margrét.

Þau Sigurjón eiga fjögur börn og er hópurinn orðinn að um sautján manns með börnum, mökum, barnabörnum og stjúpbarnabörnum.

„Svo er alltaf gert laufabrauð á mínu heimili, og það er alltaf haft á borðum í jólaboðinu, en við borðum um klukkan sex á jóladagskvöld," segir Margrét og bætir við að hún hlakki alltaf til þessara jólaboða.

*smk@frettabladid.is*

# Nýársmatseðlar veitingahúsanna

***Margir hafa þann sið að fagna nýju ári með glæsilegum kvöldverði. Nú hafa veitingastaðirnir birt nýársseðlana sína og geta sælkerar því skoðað úrvalið og vandað valið vel.***

**NÝÁRSMATSEÐILL HÓTEL HOLTS**

Lystauki

Kóngakrabba-, aspas- og myrkilsalat með sinnepsparmesanolíu og ediksósu

Kjúklinga og andarlifrarterrína í brioche-brauði með heslihnetum og kirsuberjum

Fiskur: Skata fersk og reykt á beikonkartöflum með kapers-olíu, ediksósu og sósu Maltaise

Frískandi lynghænurúlla með gljáðum perum, kantarellum, marglaga kartöflum og perusósu

Marineraðir ávextir með stökkum kryddbrauðsteningum, kókosvanillufroðu og ástríðualdinfrauði

Graskersís og romm baba með valhnetukaramellusósu og sykruðum graskersfræjum

**GRILLIÐ HÓTEL SÖGU NÝÁRSHÁTÍÐARMATSEÐILL**

Smásnittur og kampavín

Íslensk gæsalifur með sveppadufti – nitrogen ís – steikt foie gras með espresso sýrópi – kengúru þynnur

Kóngakrabba og hörpuskels lasagna með sultuðum tómat

Frönsk gæsalifur með risahumar og köldu skelfisk og engifer kremi

Sandhverfa með vatnakarsa mauki, kavíar og ostrufroðu

Hægeldaður héri og strútur pressaður með myrkilsveppum og granat eplum

Hreindýrahryggur með pistasíum, blómkáli og svörtum vetrartrufflum

Lychee-mús með ferskum ávöxtum ástríðarinnar

Eftirréttur Anno 2006

Kaffi og konfekt

**SÚLNASALUR HÓTEL SÖGU**

Saltfiskterrine og innbakaður kóngakrabbi með reyktri papriku og humgargljáa

Villisveppahjúpuð dádýralund með sætkartöflumosaik og djúpsteiktum blámygluosti

Heit súkkulaðikaka og hvítur súkkulaðiteningur fylltur með hindberjakaramellu

**NÝÁRSMATSEÐILL PERLUNNAR 2006**

Kampavín og lystauki

Kanadískur humar og humarkló með ravíolí, humarsósu og aspas

Kúrbítsblóm með hörpuskelsfarsi og foie gras sósu

Sveppafylltar dúfu bringur með ætiþistlum og madeirasósu

Nautalund með steiktum portobellosveppum, basil kartöflumauki og kálfa jus

Geita ostur með fíkjusalati

Hvítt súkulaði, ástríðuávöxur og pistasíu mousse með hindberjum

Kaffi og konfekt











Börnin skemmtu sér vel á jólaballinu.

# Giljagaur mætti á jólaball Leikgarðs

***Jólaböll eru haldin víða á leikskólum þessa dagana. Börnin á leikskólanum Leikgarði héldu jólaball í fyrradag.***

Börnin á Leikgarði mættu í sínu fínasta pússi á leikskólann í fyrradag þar sem haldið var jólaball. Börnin voru dugleg að dansa í kringum jólatréð og syngja jólalög en fljótlega eftir að ballið byrjaði birtist jólasveinninn Giljagaur og þá færðist fjör í leikinn. Sumum yngstu barnanna varð ekki um sel þegar þau sáu þennan skeggjaða mann og nokkur tár féllu en flest voru samt ánægð að fá að hitta jólasveininn í eigin persónu. Börnin og starfsfólk leikskólans skemmtu sér vel og voru mjög ánægð með jólaballið.


Í skóginum stóð kofi einn.


Jólasveinninn dansaði í kringum tréð með börnunum.

# Ítalskar ávaxtakökur

***Panettone-kökur eru ættaðar frá Ítalíu. Þær verða sífellt vinsælli en fólk kaupir þær jafnt í gjafir sem á jólaborðið.***

Panettone er hin dæmigerða ítalska jólakaka, há og sívöl í laginu. Hún er ættuð frá Mílanó en fæst nú um víða veröld. Kakan er gerð úr nokkuð þurru og sætu gerdeigi en í henni eru oftast rúsínur og sykraðir ávextir.

Pétur Guðmundsson í Melabúðinni segir sölu á þessum sérstöku kökum stöðugt að aukast. „Fólk er að uppgötva hvað þetta er gott. Við erum með kökurnar fyrir hver jól en þær eru til í ýmsum stærðum og gerðum og kosta allt frá 300 til 3000 króna,“ segir hann og bætir því við að kökurnar séu mikið keyptar í gjafir en einnig til að hafa á jólaborðinu á jóladag eða aðventunni. „Það er gaman að hafa árstíðabundnar vörur. Það væri til dæmis ekkert gaman að fá laufabrauð í júní,“ segir hann.

Það er sem sagt auðvelt að nálgast kökuna í búðum en fyrir þá sem kjósa fremur að baka hana geta séð uppskriftina hér til hliðar.

*mariathora@frettabladid.is*

**PANETTONE:**
2 dl blandaðir þurrkaðir ávextir, saxaðir
2 msk. ljósar rúsínur
1 msk. súkkat
1 msk. pomerans
3 msk. appelsínusafi
40 g ger
2 msk. vatn, ylvolgt
3 msk. sykur
450 g hveiti
75 g smjör
1 1/2 dl mjólk, ylvolg
2 egg og 3 rauður að auki

Blandaðir ávextir, rúsínur, súkkat, pomerans og appelsínusafi sett í skál og látið standa nokkra stund. Ger, vatn og 1 tsk. af sykri hrært saman og látið standa á hlýjum stað í um 10 mínútur. Hveitið sigtað í skál og smjörið mulið saman við. Ávöxtunum hrært saman við og laut gerð í miðjuna. Mest öll mjólkin, egg, eggjarauður og sykur þeytt saman og hrært út í hveitiblönduna. Hrært mjög vel með sleif og síðan látið lyfta sér í um hálftíma. Þá er deigið aftur hrært vel og síðan hnoðað. Sett í smurt mót með háum börmum og látið lyfta sér í hálftíma. Ofninn hitaður í 210 gráður. Brauðið penslað með afganginum af mjólkinni og bakað í 15 mínútur. Þá er hitinn lækkaður í 180 gráður og bakað í klukkustund í viðbót, eða þar til kakan er vel brún og holhljómur heyrist þegar slegið er á botninn.
(Uppskrift fengin úr Matarást eftir Nönnu Rögnvaldsdóttur)


Hægt er að fá panettone í mjög fallegum gjafaöskjum. Hér má sjá kökurnar í ýmsum stærðum og gerðum í Melabúðinni.







allt ferðir
Alla miðvikudaga og laugardaga

# Fá aðstoð matardrottningar

***Nanna Rögnvaldsdóttir kom með tillögur og hugmyndir að jólahlaðborði Rauða hússins. Ingi Þór Jónsson segir Nönnu hafsjó af fróðleik og gestir hafi verið mjög ánægðir með jólamatinn í ár.***

Rauða húsið á Eyrarbakka hefur notið aðstoðar Nönnu Rögnvaldsdóttur við jólahlaðborðið á aðventunni. „Nanna er náttúrlega ókrýnd matardrottning Íslands, það er bara ekkert flóknara en það,“ segir Ingi Þór Jónsson, veitingamaður á Rauða húsinu.

„Hún er hafsjór af fróðleik og okkur fannst það eitthvað svo í



Rauða húsið á Eyrarbakka.

anda Rauða hússins að fá Nönnu til liðs við okkur með tillögur og hugmyndir að matseðlinum.“ Meðal þeirra uppskrifta sem koma frá Nönnu eru kanilpækladur kalkúnn og tekílalax. Einnig er saltfisksalat og sítrónulegin lúða samsuða af hugmyndum hennar og Rauða hússins.

„Oft fær maður hugmynd sem lítur vel út en er síðan kannski ekki svo sniðug. Það að fá aðstoð Nönnu hefur hins vegar svínvirkað og gestir hafa verið gríðarlega ánægðir.“ Síðustu hlaðborðin verða haldin nú um helgina en boðið verður upp á hrátt hangikjöt við anddyrið og lifandi tónlist á staðnum. „Síðan nær jólastemningin hámarki með skötuveislu á Þorláksmessu. Þar verða ýmsar tegundir á boðstólum, til að mynda vestfirskur hnoðmör, tindabikkja og mikið kæst skata. Síðan verður lifandi tónlist og tjúttað fram eftir nóttu,“ segir Ingi Þór að lokum.



Ingi Þór Jónsson, matreiðslumaður á Rauða húsinu.



Handsmíðað hálsmen.



Pétur Tryggvi blandar saman ýmsum efnum í sinni smíði.



Fagurlega formuð næla.



Fingurgull af flottri gerð.



Skartið er með öllu móti.

# Vestfirskt skart

***Silfursmiðurinn Pétur Tryggvi býr til fegurstu skartgripi í smiðju sinni sem henta vel til jólagjafa.***

Pétur Tryggvi býr á Ísafirði og þar leggur hann stund á silfursmíðina sem hann hafði áður stundað í Danmörku um árabil. Meðal þess sem hann býr til eru handsmíðaðir skartgripir sem hann selur um víða veröld, meðal annars til Japan. Honum finnst gott að búa á Ísafirði en hann kveðst bregða sér til borgarinnar með flugi þegar honum henti. Nú er hann einmitt væntanlegur í slíka bæjarferð því hann ætlar að vera í Epal í Skeifunni vikuna fyrir jól að kynna skartgripina sína og kannski eitthvað fleira.

## á jóladöfinni }

### 16. desember

**Pottasleikir** heimsækir Þjóðminjasafnið kl. 11.



**Jólahrollur í hádeginu** - Þráinn Bertelsson les úr bók sinni Valkyrjur í Þjóðmenningarhúsinu kl. 12:15.

**Jólasöngvar Kórs Langholtskirkju** kl. 23.00. Auk kórsins syngja Gradualekór Langholtskirkju, Eivör Pálsdóttir, Garðar Thór Cortes og Ólöf Kolbrún Harðardóttir.






...um tísku og ferðir
í samanburði við aðra miðla.




Lesendur „Allts" er fólk með áhuga á efni hverrar opnu og eru auglýsingarnar eðlilegur hluti lesefnisins og ein af ástæðum þess að þeir staldra við.

Það er með öðrum orðum, vel skilgreindur og áhugasamur hópur, sem skoðar t.d. þessa auglýsingu.

Grunnhugmyndin á bak við „Allt" er að flokka auglýsingar og staðsetja í lesefni sem vekur áhuga þeirra sem auglýsandinn vill ná til. „Allt" er löngu tímabær og áhugaverður valkostur á íslenskum auglýsingamarkaði.

Hafið samband við auglýsingadeild „Allts"

**Síminn er 550-5000**

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN EHF./SIA.IS - PRE 28023 04/2005





## Hestamennska

**Bújörð**
Til leigu jörð í Borgarfirði 143 fm einbýli, hesthús og útihús. Tilvalið fyrir hestamenn og fl. Sími 694 2171.




## Húsnæði í boði




Glæsileg íbúð eða allt húsið til sölu eða leigu. Tvær 170 m2 íbúðir til leigu, önnur með húsgögnum. Einnig er hægt að kaupa fasteignina samtals 440m2 og þá fylgir til viðbótar 80m2 íbúð eða vinnustofa. Mjög skemmtilega staðsett umkringt útivistarsvæðum neðst í Breiðholti, nálægt Mjódd, skólar, kirkjur, íþróttamiðstöð og verslanir í göngufjarlægð. Nánari upplýsingar á netinu www.pulsinn.com/hus

Til leigu snotur 75 ferm íbúð á 1. hæð á svæði 101. Leigist með öllum húsbúnaði, frá 1. jan. '06 til 1. júlí '06 eða lengur, 80 þús á mánuði. Uppl. í s. 567 5066.

Herb. á sv105, búið húsgögnum. allt í eldhúsi, þvottavél, Stöð2, Sýn, 895-2138

Miðbær, 101, til leigu nýstand. herb. m/ aðgangi að eldh. og baði, allt nýtt. Afnot af þvottav., stöð 2. Laust strax. Helst kvk. Uppl. í s.846 0408 e. kl. 16.

## Húsnæði óskast

5 manna fjölskylda óskar eftir íbúð á leigu helst í Hafnarfirði frá áramótum til 15.júlí. Fyrirframgreiðsla, tryggingavíxill. S 899-3050.

Ungur einstæður faðir leitar eftir fjölskyldu vænu herbergi eða studió íbúð. Helst á Höfuðborgarsvæðinu. Þeir sem hafa upplýsingar um fjölskyldu vænan stað hafið samband í s: 822 1532

Herbergi eða einstaklingsíbúð óskast til leigu á höfuðborgarsvæðinu. Uppl. í s. 865 6710.

**Atvinnuhúsnæði**
Listamanna hópur leitar að vinnuaðstæðu á Höfuðborgarsvæðinu. Þarf helst að vera rúmgott rými. Þeir sem hafa eitthverjar upplýsingar hafið samband í s:616 7490

## Atvinnuhúsnæði

**Nýuppgerð íbúð í Hveragerði**
96 fm íbúð til leigu. 2 stór svefnherb. stórt eldús, bað, þvottahús, forstofa og borðstofa og svalir. Sími. 891 7565.

## Geymsluhúsnæði

Búslóðageymsla Olivers geymir búslóðir á brettum. Starfað í 18 ár. S. 567 4046 & 892 2074. Sækjum og sendum búslóðirnar.

## Gisting

Gistiheimili Halldóru Hvidovre/Köben Ódýr og góð gisting. www.gistiheimilid.dk 0045 24609552

**Gisting í Reykjavík.**
Hús með öllum búnaði. Heitur pottur. Uppl og pantanir í síma 588 1874 eftir kl.. 18:00. www.toiceland.net og travel@toiceland.net

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Vegna aukinna verkefna**
Vantar okkur hæft kynningarfólk í Reykjavík strax til starfa. Mikilvægt að viðkomandi hafi ánægju af samskiptum og sé áreiðanlegur og stundvís. Snyrtimennska og lífsgleði er áskilin. Fólk á aldrinum 25 og eldri sérstaklega velkomið. Áhugasamir hafi samband við Þórönnu Gunnarsdóttir hjá Kynningu ehf. í síma 586 9000 eða í GSM 898-9903. Einnig má senda umsóknir á thoranna@kynning.is eða á kynning@kynning.is

**Ferð þú ekki í skóla eftir áramót?**
Ýmis störf í boði í fullu starfi í vaktavinnu á American Style. Viltu vinna í góðum hópi af skemmtilegu fólki? Hentar best fólki 18-40 ára, en allir umsækjendur velkomnir! American Style er á fjórum stöðum á höfuðborgarsvæðinu.
**Upplýsingar veitir starfsmannastjóri (Herwig) í síma 533 1048, einnig umsóknir á americanstyle.is og á stöðunum.**

**Vantar þig góða vinnu eftir áramót?**
Viltu vinna með skemmtilegu fólki á Aktu Taktu? Ertu dugleg/ur og mætir á réttum tíma í vinnu? Góð laun fyrir líflegt og skemmtilegt starf. Hentar best fólki 18-40 ára en allir umsækjendur velkomnir! Vaktavinna og hlutastörf í boði. Aktu Taktu er á fjórum stöðum á höfuðborgarsvæðinu.
**Umsóknir á aktutaktu.is og á stöðunum. Upplýsingar veitir starfsmannastjóri (Herwig) í síma 533 1048.**

Reynir Bakarí

Okkur bráðvantar duglegt starfsfólk í afgreiðslu á ýmsar vaktir í báðar okkar búðir í Kópavogi. Uppl. í s. 564 4700 eða umsókn á reynirbakari@islandia.is

**Hrafnista Reykjavík.**
Starfsfólk óskast í aðhlynningu, vaktavinna eða bara virka daga. Starfshlutfall og vinnutími samkomulag. Einnig eru í boði stuttar vaktir, t.d. frá kl 8-13 eða 18-22 'Oskum eftir starfsfólki í eldhús.Um er að ræða tvær 100% stöður. Unnið er frá 8-16 alla virka daga og önnur hver helgi. Einnig vantar starfsmann í borðsal. Starfshlutfall og vinnutími samkomulag.
Þvottahús - ræsting Starfsfólk óskast í ræstingar og í þvottahús
**Uppl. veitir starfsmannaþjónustan í s:585-9529 og á Hrafnista.is**

**Hrafnista Hafnarfirði.**
Starfsfólk óskast í aðhlynningu, vaktavinna eða bara virka daga. Starfshlutfall og vinnutími samkomulag. Einnig eru í boði stuttar vaktir, t.d. frá kl 8-13 eða 18-22
**Uppl. veitir starfsmannaþjónustan í síma 585-9529 Sjá heimasíðu www.hrafnista.is**

**Global-tæki ehf**
– þú ert með heiminn í hendi þér
Flugumýri 28 - 270 Mosfellsbær
Sími 544 2090 - Fax 544 2091
www.global-taeki.com
Við óskum eftir að ráða til starfa verkstæðismenn
Starfslýsing:
Standsetning tækja, viðgerðir, akstur á vörubíl með vagn og fl.
Uppl. gefur Baldur í síma: 544-2090

**Vaktstjóri í eldhús á Pizza Hut**
Pizza Hut leitar að vaktstjóra í eldhús á Sprengisandi. Starfið felst í pizza bökun, almennum eldhússtörfum, stjórnun og allri umsýslu í eldhúsi í samráði við veitingastjóra. Hæfniskröfur eru reynsla af vinnu í eldhúsi, samviskusemi og hæfni í mannlegum samskiptum. Æskilegur aldur 25 ára og eldri. Áhugasamir sendi inn umsókn á www.pizzahut.is sem fyrst eða á Sprengisand. Nánari upplýsingar veitir Þórey Björk veitingastjóri í síma 822 3642.

**Starf í sal á Pizza Hu**
Pizza Hut getur bætt við sig starfsfólki í fullt starf í sal. Hæfniskröfur eru reynsla af þjónustu, þjónustulund, samviskusemi og hæfni í mannlegum samskiptum. Æskilegur aldur 20 og eldri. Áhugasamir sendi inn umsóknir á www.pizzahut.is eða loa@pizzahut.is

Snæland Video Rvk, Kóp., Hafn. óska eftir starfsfólki í fullt starf eða hlutastarf. áhugasamir hringi í 693 3777 Pétur eða petursma@isl.is

**Ræsting Breiðholt.**
Vantar starfsmann til að þrífa verslun, 3 sinnum í viku. (Mán-mið-föst.) kl. 9:50 í ca. einn klukkutíma í senn.
**S. 533 6020 raestir@raestir.is**

**Ræsting á svæði. 101**
Vantar fólk í ræstingar fimm daga vikunnar eftir kl. 17:00
**Upplýsignar í síma 533 6020 & raestir@raestir.is**

**BÍLSTJÓRAR**
Olíudreifing ehf. óskar eftir að ráða bílstjóra í framtíðarstarf á Reyðarfirði.
Umsækjendur þurfa að hafa meirapróf.
Starfið stendur báðum kynjum jafnt til boða.
**Allar nánari upplýsingar veitir: Már í síma 474-1525 tölvupóstfang mar@odr.is**

**Loftorka**
Óskar eftir verkamönnum til jarðvinnuframkvæmda. Heimkeyrsla og matur í hádeginu. Upplýsingar í síma 565 0877
**Upplýsingar í síma 565 0877**

**Komdu að vinna hjá okkur**
Óskum eftir vönum beitingamönnum sem allra, allra fyrst! Uppl. í síma 899 1667.

**Ræsting hentar vel fyrir heimavinnandi**
Morgunvinna, unnið frá 08:00-12:00 og 08:00-14:00 til skiptis tvo daga aðra vikuna og 5 daga hina vikuna. Uppl. og umsóknir á staðnum eða á www.kringlukrain.is

**Dyravarsla**
Viljum ráða áreiðanlegan starfsmann við dyravörslu um helgar. Æskilegt að viðkomandi sé 25 ára eða eldri. Uppl. og umsóknir á staðnum eða á www.kringlukrain.is.

**Uppvask**
Vegna anna viljum við bæta við okkur starfsmanni í uppvask sem fyrst. Aðalega kvöld og helgarvinna. Uppl. á staðnum eða á www.kringlukrain.is

**Just-Eat.is**
Vantar nokkra góða bílstjóra á eigin bíl til að keyra út mat á kvöldin. Þarf að geta byrjað strax. Uppl. í s. 820 6992.

**Rafsuðumaður.**
Rafsuðumaður með hæfnispróf óskast strax sem undirverktaki. Áhugasamir hafið samband við Kára í síma 660 3600.

**Gullið er á Austfjörðum.**
Vélvirkjar / járnsmiðir og einstakir hæfilekamenn óskast til starfa í vélsmiðja á eskifirði.. Góð vinnuaðstaða. Mikil vinna. áhugasamair hafi samband við Davíð þór 660 3601. Hamar ehf.

Styrimann vantar á línubát sem rær með beitningavél. Upplýsingar í síma 852 2389 og 892 1757

Okkur vantar góðan starfskraft í eldhús, ef þú ert dugleg/ur og hefur áhuga á skemmtilegri vinnu og vinnuumhverfi þá ert þú sá eða sú sem við erum að leita að. Góð laun í boði fyrir réttan aðila. Uppl. gefa Jón í s. 690 1074 og Signý í s. 695 0786 eða á staðnum. Café Bleu Kringlunni. S. 588 0300.

## Atvinna óskast

Get bætt við mig verkefnum í allri almennri trésmíði. Uppl. í s. 869 9633.

# TILKYNNINGAR

## Einkamál

TANTRA
Erotisk verslun
LANDSINS MESTA ÚRVAL AF VHS, DVD OG LEIKFÖNGUM
OPIÐ Í DAG
FRÁ 12:00 -22:00
FÁKAFENI 11
HLÍÐASMÁRA 13
SÍMI 588 6969 / 587 6969
WWW.TANTRA.IS

**Viltu kynnast fólki?**
Fólk með sömu þarfir og þú er akkúrat núna að að spjalla saman á einkamal.is. Einfalt og skemmtilegt að kynnast góðu fólki. Einkamal.is

Nýtt nýtt. Engin þarf að vera makalaus á Íslandi ! www.makalaus.is Partý og matarklúbur á síðunni.

## ATVINNA

IÐNVÉLAR
Traust samstarf við íslenskan iðnað

### Rafvirki – Vélfræðingur

Við þurfum að bæta við í viðhaldsdeildina og leitum að manni vönum að umgangast vélar, rafmagns – vélfræðings menntun æskileg.

Nýjasta tækni
Spennandi starf með góðum hóp.

IÐNVÉLAR er leiðandi fyrirtæki í þjónustu og sölu á á iðnaðarvélum – fyrir járn, trésmíði og almennan framleiðsluiðnað.

Áhugasamir hafi samband við skrifstofu: 565 5055 eða sendið tölvupóst með upplýsingum hulda@idnvelar.is

allt atvinna
Alla sunnudaga

**Breyttur afgreiðslutími í Skaftahlíð 24**
Virka daga kl. 8–18.
Helgar kl. 11–16.

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000
OG ER OPINN ALLA DAGA FRÁ KL. 8–22.

DV FRÉTTABLAÐIÐ vísir

póst húsið

### Þjónustufulltrúi í póst- og blaðadreifingadeild óskast

Pósthúsið er ungt og öflugt dreifingarfyrirtæki á sviði blaða-, bréfa og vörudreifingar.

Hjá Pósthúsinu starfa um tvö þúsund manns að uppbyggingu á fjölbreyttum og skemmtilegum vettvangi.

Pósthúsið óskar eftir að ráða þjónustufulltrúa í póst- og blaðadreifingadeild. Í boði er krefjandi starf á skemmtilegum vinnustað. Unnið er á vöktum.

Við erum að leita að áreiðanlegum, þjónustulunduðum og duglegum starfsmanni til að sjá um samskipti við póst- og blaðberana okkar.

Áhugasamir hafi samband við Hildi Þórisdóttur, í síma 5858300. Einnig er hægt að senda umsóknir á umsoknir @posthusid.is

**Pósthúsið ehf. Suðurhrauni 12a, 210 Garðabæ, sími 585 8300 fax 585 8309, posthusid@posthusid.is**

# SAMLESNAR AUGLÝSINGAR

! 90,9 · 98,9 Bylgjan · FRÉTTABLAÐIÐ · Létt 96,7 · vísir

Byggt og búið tilkynnir komu flugsendingar með flestum áður uppseldum Siríus seríum.
Pantanir óskast sóttar sem fyrst.
**Byggt og búið seríubúðin þín.**

Fartölvutilboð.
**Tæknival.is**

Persónuleg jólakort, þín mynd,
**www.design.is**

Í tilefni af komu jólanna munu höfundar lesa upp úr bókum sínum kl. 14.30 í dag föstudag í Landsbankanum Aðalbanka, Austurstræti 11.
**Allir velkomnir**

Góðan daginn.
**Herrafataverslun Birgis.**

Flauelsbuxur.
**Herrafataverslun Birgis.**

Jólahappaþrennurnar eru komnar á sölustaði. Gleðileg jól.
**Happaþrennan.**

Borðtölvutilboð.
**Tæknival.is**

Öll verk á netinu.
Galleri Lind, Bæjarlind.
**Galleri-Lind.is**

Mikilvæg sending, hratt og örugglega.
Allt að 10 kíló á aðeins 700 krónur til allra áfangastaða.
**Flugfrakt Flugfélags Íslands.**

Nú er Húsasmiðjublaðið komið heim til þín.
Stútfullt af spennandi jólagjafahugmyndum.
**Húsasmiðjan.**

Tollfrjáls jólatré um helgina.
**Blómaval.**

Allar gerðir hjálma
**Vdo.is**

Bretti í jólapakkann.
**Útilíf.**

Dregið aðfangadag, glæsilegir vinningar. Greiðslukortaþjónusta.
**Jólahappdrætti Krabbameinsfélagsins.**

Jólavörur, Jólaknöll.
**Partýbúðin Grensásvegi.**

Hólsfjallahangikjöt um jólin.
**Fjallalamb.**

Fluguveiðiskóli, gjafabréf.
**Langa.is**

Herranáttföt
**Selena, Síðumúla**

Mundu happdrættisgíróseðilinn.
**Jólahappdrætti Krabbameinsfélagsins**

Sérhæfð smurþjónusta fyrir jeppaeigendur.
**Jeppamiðstöð Arctic Trucks, Kletthálsi 3.**

Tollfrjáls jólatré.
**Blómaval.**

Ljósritunarvélar.
**Tæknival.is**

Hamborgarabúlla_Tómasar, grænmetisborgari, Grænmetisborgari.
**Hamborgarabúlla Tómasar.**

Ránið eftir Gunnhildi Hrólfsdóttur
**Útgefandi.**

Við höfum jólagjöfina henn-ar.
Skóverslunin Gull í grjóti, Skólavörðustíg.
**gull_í_grjóti.is**

Grænmetispíta.
**Pítan Skipholti.**

Flottar vetrarkápur,
**Hjá Hrafnhildi.**

Lene-Bjere auglýsir!
Sloppar fyrir dömur og herra.
**Lene-Bjere Bæjarleind 6**

Silkináttföt, satínnáttföt, bómullarnáttföt.
**Selena, Síðumúla.**

Langar þig að senda þínum nánustu jólakveðjur? Hringdu í síma 550-5000 og pantaðu jólakveðju sem birtist á Bylgjunni, Létt 96,7 og Talstöðinni.
**Jólakveðja þín kemst til skila á BLT.**

Réttu stærðirnar.
**Belladonna.**

Hamborgarabúlla_Tómasar, ekkert stress.
**Hamborgarbúlla Tómasar.**

Prentarar.
**Tæknival.is**

Galakjólar á nýársfagnaðinn,
**Hjá Hrafnhildi**

Lene-Bjere auglýsir!
Handklæði og fylgihlutir á bað.
**Lene-Bjere Bæjarlind 6**

Allt til víngerðar.
**Áman.**

Bingó í kvöld. allir velkomnir.
**Vinabær.**

Full búð af nýjum vörum. Opið frá kl. 10-22 í Kringlunni og á Laugavegi.
**Franska búðin du pareil au meme, Laugavegi og Kringlunni.**

Kvenskór og fylgihlutir í jólapakkan.
Gull í grjóti, Skólavörðustíg.
**gull_í_grjóti.is**

Kalkúnapíta.
**Pítan, Skipholti.**

Dagatalskubbar.
**Guðjón Ó.**

Tilboðsverð á jólabókum.
**Bóksala stúdenta.**

Landakort í tölvuna.
**Penninn-Eymundsson.**

Jakkaföt
**Herrafataverslun Birgis.**

Opið laugardag
**Herrafataverslun Birgis.**

Verið velkomin í Spöngina. Þægilegur verslunarkjarni og næg bílastæði.
**Spöngin-Grafarvogi.**

Frábær þjónusta á skíðasvæðinu í Tindastól.
**Kaffi Krókur, skagafjordur.is**

Skíði í jólapakkann.
**Útilíf.**

Handklæðaofnar í miklu úrvali.
**Ofnasmiðja Reykjavíkur.**

Opið um helgina.
**Bóksala stúdenta.**

Bingó í kvöld.
**Vinabær.**

Jólavörur
**Birkihlíð, Kópavogi.**

Opið til 22 til jóla.
**IKEA.**

Vertu þú sjálf.
**Vertu Belladonna.**

Mjúkir jólapakkar fyrir litla krílið.
**Móðurást. Hamraborg.**

Harðir pakkar.
**Tæknival.is**

Við hjá Snælandsvideo erum í jólaskapi.
Fjórir ostborgarar, stór skammtur af frönskum og **2 lítrar af ísköldu Coca-Cola á aðeins 1890 kr.**

Sérhannaður jeppa- og vélasleðagalli, jakki og buxur, á jólatilboði 18.600 kr.
**Jeppamiðstöð Arctic Trucks, Kletthálsi 3.**

Myndavélar.
**Tæknival.is**

Góðar gjafir þurfa ekki að kosta mikið.
**IKEA.**

Hamborgarabúlla_Tómasar, glóðasteiktir búlluborgarar.
**Hamborgarabúlla Tómasar.**

Silkipeysur, ullarpeysur,
**Hjá Hrafnhildi.**

Dömusloppar, herrasloppar.
**Selena, Síðumúla**

Auðvitað vilja börn bækur
**Penninn-Eymundsson.**

Normansþinur!
25% afsláttur.
**Blómaval.**

Verið velkomin í Spöngina. Þægilegur verslunarkjarni fyrir jólin.
**Spöngin, Grafarvogi.**

Gjafavörur.
**Birkihlíð, Kópavogi.**

Jólagjöfin hans.
**Vdo.is**

Vertu Belladonna
**um jólin.**

Jólagjafir fyrir litla krílið.
**Móðurást, Hamraborg.**

Flottar ítalskar sparidragtir,
**Hjá Hrafnhildi.**

Bingó í kvöld kl. 19:15.
**Vinabær, Skipholti 33**

Buffpíta.
**Pítan Skipholti.**

Förðun og snyrtivörur.
**Maddina Laugavegi.**

Eiginmenn og elskhugar, munið gjafakortin,
**Hjá Hrafnhildi**

Nýi kortadiskur Landmælinga fæst hjá okkur.
**Penninn-Eymundsson.**

Glæsileg undirföt.
**Selena, Síðumúla**

Jólaskreytingar.
**Birkihlíð, Kópavogi.**

Leðurjakkar
**Herrafataverslun Birgis.**

Stakar buxur.
**Herrafataverslun Birgis.**

Álfelgur. Mikið úrval.
**Vdo.is**

Gerðu sjálfur þitt gæðavín.
**Áman.**

Líf og fjör á skíðasvæðinu í Tindastól.
**Esso, skagafjordur.is**

Lene-Bjere auglýsir!
Jólagjafir í úrvali.
**Lene-Bjerre Bæjarlind 6**

Auðvitað bækur í útskriftargjafir.
**Bókabúð Máls og Menningar.**

Jólin eru komin í frönsku búðinni. Opið frá kl. 10-22 í Kringlunni og á Laugavegi.
**Franska búðin du pareil au meme, Laugavegi og Kringlunni.**

Opið til 22 öll kvöld í Skútuvogi.
**Blómaval, Skútuvogi.**

Stakir jakkar
**Herrafataverslun Birgis.**

Hefur þú heppnina með þér fyrir jólin?
**Jólahappaþrennan er komin á sölustaði.**

Hamborgarabúlla_Tómasar. Förum Varlega.
**Hamborgarabúlla Tómasar.**

Auðvitað bækur í í útskriftargjafir.
**Penninn-Eymundsson.**

**Eitt símtal – meiri útbreiðsla – lægra verð**

Hringdu í síma 550 5000 og fáðu auglýsinguna þína lesna samdægurs á BLT (Bylgjunni, Létt og Talstöðinni) og birta í smáauglýsingum í Fréttablaðinu og á vísir.is Mun fleiri en áður lesa og heyra auglýsinguna þína á einfaldan og ódýran hátt.


# KONUR HLUSTA

83% íslenskra kvenna undir fimmtugu stilla á Bylgjuna, Létt 96,7 eða Talstöðina á viku og heyra þvísamkeyrðar auglýsingar.

Auglýstu þar sem markhópurinn þinn er að hlusta - á þremur stöðvum í einu.



pósthúsið

Pósthúsið ehf
Suðurhrauni 12a
210 Garðabæ
sími 585 8300
fax 585 8309
posthusid@posthusid.is


## Póst- og blaðberar óskast

Um er að ræða hressandi útiveru við útburð á blöðum og pósti milli kl. 6 og 7 á morgnana. Hafðu samband í síma 585 8330 eða fylltu út umsókn á www.posthusid.is

### Reykjavík:

| | |
|---|---|
| 107-01 | Hringbraut |
| 107-03 | Hagamelur |
| 107-04 | Hofsvallagata, Melhagi |
| 107-06 | Grenimelur |
| 107-08 | Grímshagi, Tómasarhagi |
| 107-10 | Fálkagata |
| 107-11 | Dunhagi, Hjarðarhagi |
| 107-13 | Ægisíða |
| 107-14 | Faxaskjól, Sörlaskjól |
| 107-16 | Frostaskjól |
| 107-17 | Kaplaskjólsvegur |
| 107-18 | Eiðistorg, Öldugrandi |
| 107-21 | Aflagrandi |
| 107-22 | Bárugrandi, Álagrandi |
| 107-23 | Reynimelur |
| 107-24 | Framnesvegur, Lágholtsvegur |
| 107-25 | Meistaravellir |
| 107-28 | Sörlaskjól |
| 107-30 | Hjarðarhagi, Smyrilsvegur, Þrastargata |
| 107-31 | Hringbraut |
| 107-33 | Grenimelur, Hagamelur, Reynimelur |
| 107-34 | Grenimelur, Hagamelur |
| 107-37 | Tómasarhagi |
| 107-39 | Nesvegur |
| 107-42 | Flyðrugrandi |

### Keflavík:

| | |
|---|---|
| 233-01 | Djúpivogur, Hafnargata |
| 230-10 | Hringbraut, Miðtún, Sunnubraut, Sóltún, Tjarnargata, Vallartún |
| 230-11 | Faxabraut, Háholt, Lyngholt, Skólavegur |
| 230-12 | Baugholt, Krossholt, Þverholt |
| 230-13 | Hafnargata, Hringbraut, Suðurgata |
| 230-14 | Austurgata, Framnesvegur, Hrannargata, Suðurgata, Vatnsnesvegur |

### Grindavík:

| | |
|---|---|
| 240-04 | Baðsvellir, Selsvellir, Ásvellir |
| 240-05 | Blómsturvellir, Efstahraun, Gerðavellir, Hólavellir, Höskuldarvellir, Iðavellir, Litluvellir, Sólvellir |

### Garður:

| | |
|---|---|
| 250-01 | Einholt, Eyjaholt, Hraunholt, Lindartún, Silfurtún |
| 250-02 | Garðbraut, Rafnkelsstaðar-vegur |
| 250-03 | Garðbraut, Gaukstaðavegur, Gerðavegur, Sunnubraut |
| 250-05 | Garðaveg, Garðbraut, Melabraut, Melteigur, Nýjaland-Kríuland, Skagabraut, Skólabraut |

### Njarðvík:

| | |
|---|---|
| 260-03 | Hlíðarvegur, Holtsgata, Hraunsvegur, Hólagata, Móavegur |
| 260-04 | Gónhóll, Holtsgata, Hæðargata, Hólagata |
| 260-07 | Kirkjubraut, Kópubraut, Njarðvíkurbraut, Njarðvíkur-vegur, Thorkellsgata |
| 260-08 | Akurbraut, Háseyla, Lágseyla |

Skipulags stofnun

## Mat á umhverfisáhrifum

### – Ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu framkvæmda

Skipulagsstofnun hefur tekið ákvörðun um að eftirtalin framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

Rannsóknir á niðurrennslissvæði Hellisheiðarvirkjunar, Sveitarfélaginu Ölfusi.

Ákvörðunin liggur frammi hjá Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, 150 Reykjavík. Hana er einnig að finna á heimasíðu Skipulagsstofnunar: www.skipulag.is.

Ákvörðun Skipulagsstofnunar má kæra til umhverfisráðherra og er kærufrestur til 13. janúar. 2006.

**Skipulagsstofnun**

Reykjavíkurborg
Skipulags- og byggingarsvið

## Tillaga að breytingu á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2001-2024
## Þétting íbúðarbyggðar á miðborgarsvæði Reykjavíkur

Borgarstjórn Reykjavíkur auglýsir skv. 2. mgr. 14. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.br. tillögu að breytingu á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2001-2024. Gerð er tillaga um að heildaríbúðafjöldi árið 2024 á byggðasvæðum nr. 2-4 (Nesið norðan Miklubrautar og vestan Kringlumýrabrautar), verði aukinn úr 10.700 íbúðum í 12.000 íbúðir. Hér er um að ræða 12% viðbótaraukningu á fjölda íbúða á umræddu svæði. Telji einstakir aðilar sig verða fyrir tjóni samfara þessari breytingu munu borgaryfirvöld Reykjavíkur taka að sér að bæta það tjón.

Tillagan hefur verið send sveitstjórnum á höfuðborgarsvæðinu til kynningar. Tillagan verður send Skipulagsstofnun sem gerir tillögu til umhverfisráðherra um lokaafgreiðslu.

Þeir sem óska nánari upplýsinga um tillöguna geta snúið sér til skrifstofu skipulags- og byggingarsviðs Reykjavíkurborgar, Borgartúni 3.

**Sviðsstjóri skipulags- og byggingarsviðs Reykjavíkurborgarr**

BORGARTÚN 3 • 105 REYKJAVÍK • SÍMI 411 3000 • MYNDSENDIR 411 3090

Reykjavíkurborg
Skipulags- og byggingarsvið

## Auglýsing um breytingu á Aðalskipulagi í Reykjavík

Í samræmi við 18. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, er hér með auglýst til kynningar tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2001 - 2024.

### Mýrargötusvæði.

Tillagan gerir ráð fyrir eftirfarandi breytingum: Þéttingarsvæði nr. 4 er endurskilgreint og verður nú gert ráð fyrir 700 íbúðum á svæðinu (þar af allt að 200 hjúkrunaríbúðum), í stað 200 íbúða áður. Þéttingarsvæði nr. 4 markast af Ánanaustum og Grandagarði í vestri, Ægisgarði til norðurs, Verbúðarbryggjum og Hafnarbúðum að austan og að sunnanverðu af Mýrargötu, Ægisgötu, lóðamörkum milli Nýlendugötu og Vesturgötu, Seljavegi og Vesturgötu að Ánanaustum, sbr. afmörkun rammaskipulags Mýrargötu-Slippasvæðis. Gert er ráð fyrir færslu Mýrargötu sem stofnbrautar til norðurs inná núverandi Slippasvæði. Stofnbrautin verður lögð í stokk og er gert ráð fyrir gangamunnum, annarsvegar skammt vestan Seljavegar og hinsvegar austan Ægisgötu. Stofnstígur sem samkvæmt aðalskipulagi liggur með Mýrargötu að norðanverðu, mun áfram liggja meðfram núverandi götu. Umhverfisáhrif gatnaframkvæmdanna verða metin samkvæmt lögum nr. 106/2005 m.s.br. Ofangreindar breytingar ná til skipulagsuppdráttar og 5. myndar í staðfestri greinargerð (1. mynd í netútgáfu), samanber myndir á uppdrætti.

Tillagan liggur frammi í upplýsingaskála skipulags- og byggingarsviðs í Borgartúni 3, 1. hæð, virka daga kl. 08:20 – 16:15, frá 16. desember 2005 til og með 27. janúar 2006. Einnig má sjá tillöguna á heimasíðu sviðsins, ***skipbygg.is***. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. Ábendingum og athugasemdum við hana skal skila skriflega eða á netfangið ***skipulag@rvk.is***, til skipulagsfulltrúa, merkt viðkomandi svæði og undirritað skilmerkilega, eigi síðar en 27. janúar 2006.

Þeir sem eigi gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkja tillöguna.

Reykjavík, 16. desember 2005
Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur

BORGARTÚN 3 • 105 REYKJAVÍK • SÍMI 411 3000 • MYNDSENDIR 411 3090

Sveitarfélagið ÁLFTANES

**Auglýsing um tillögu að aðalskipulagi Álftaness 2005 - 2024**
Sveitarstjórn Álftaness hefur tekið aðalskipulag Álftaness til fyrri umræðu sbr. 2. mgr. 17. gr. Skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.
Sveitarstjórn Álftaness hefur samþykkt að auglýsa, samkvæmt 18. gr. Skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum, tillögu að aðalskipulagi Álftaness 2005-2024. Tillagan samanstendur af greinargerð og uppdrætti í mælikvarðanum 1:10.000.
Aðalskipulagstillagan verður til sýnis á skrifstofu Sveitarfélagsins Álftaness, Bjarnastöðum, 225 Álftanesi, **frá og með 16. des. 2005 til 12. jan. 2006.** Ennfremur er tillagan til sýnis á heimasíðu sveitarfélagsins, www.alftanes.is, og hjá Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, Reykjavík.
Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við skipulagstillöguna. Frestur til að skila inn athugasemdum er **til og með 27. janúar 2006**. Athugasemdir skulu vera skriflegar og þeim skilað til skrifstofu Sveitarfélagsins Álftaness, Bjarnastöðum. Hver sá sem eigi gerir athugasemdir við tillöguna fyrir tilskilinn frest telst samþykkja hana.

**Auglýsing um tillögu að deiliskipulagi Norðurness á Álftanesi**
Sveitastjórn Álftaness hefur samþykkt að auglýsa, samkvæmt 25. gr. Skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum, tillögu að deiliskipulagi Norðurness á Álftanesi. Í deiliskipulagstillögunni er m.a. gert ráð fyrir nýjum íbúðarsvæðum, golfvallarsvæði, hesthúsasvæði, smábátahöfn, þjónustusvæði og athafnasvæði. Deiliskipulagið er lagt fram á uppdrætti og í greinargerð.
Uppdrátturinn er í mælikvarðanum 1:2500.
Deiliskipulagstillagan verður til sýnis á skrifstofu Sveitarfélagsins Álftaness, Bjarnastöðum, 225 Álftanesi og á heimasíðu sveitarfélagsins, www.alftanes.is, **frá og með 16. des. 2005 til 12. jan. 2006**.
Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við deiliskipulagstillöguna. Frestur til að skila inn athugasemdum er **til 27. janúar 2006.** Athugasemdir skulu vera skriflegar og þeim skilað til skrifstofu Sveitarfélagsins Álftaness, Bjarnastöðum. Hver sá sem eigi gerir athugasemdir við tillöguna fyrir tilskilinn frest telst samþykkja hana.
*Deiliskipulagstillagan er byggð á tillögu að aðalskipulagi Álftaness 2005 - 2024 sem auglýst er samhliða. Hægt er að nálgast upplýsingar um aðalskipulagið á skrifstofu Sveitarfélagsins Álftaness og á heimasíðu þess.*

**Auglýsing um breytingu á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2001-2024**
Sveitarstjórn Álftaness auglýsir hér með, skv. 2. mgr. 14. gr. Skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum, tillögu að breytingu á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2001-2024. Gerð er tillaga um að árið 2024 verði fjöldi íbúða í sveitarfélaginu 1.080 talsins árið 2024, í stað 850 eins og kemur fram í núgildandi svæðisskipulagi. Sveitarstjórn bætir það tjón sem einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna. Tillagan hefur verið send sveitarstjórnum á höfuðborgarsvæðinu til kynningar. Tillagan verður send Skipulagsstofnun sem gerir tillögu til umhverfisráðherra um lokaafgreiðslu. Þeir sem óska nánari upplýsinga um tillöguna geta snúið sér til skrifstofu sveitarfélagsins Álftaness, Bjarnastöðum, 225 Áfltanesi.
*Samhliða auglýsingu á breytingu á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins er auglýst aðalskipulag Álftaness 2005-2024.*

Guðmundur G. Gunnarsson
Bæjarstjóri

FRÉTTABLAÐIÐ
AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

# DRAUMAHELGIN

## *Draumur að synda með höfrungum*



Agnar Jón Egilsson dreymir um sól og sjávarböð.

Agnar Jón Egilsson, leikari og leikstjóri, segir draumahelgi sína hvorki vera flókna né íburðarmikla. „Draumahelgin mín myndi hefjast á því að ég vaknaði í ókunnu landi í hita og yndislegheitum. Við hliðina á mér lægi ástmaður minn og að sjálfsögðu værum við í bambuskofa rétt við ströndina. Öll helgin færi svo meira og minna í það að synda í sjónum með höfrungum. Það er ekki flóknara en það," segir Agnar.

Agnar Jón hefur ekki átt margar fríhelgar upp á síðkastið en hann hefur nýlokið við að lóðsa þátttakendur í Idol-stjörnuleitinni og að leikstýra Blóðbergi í Stúdentaleikhúsinu. „Það er um að gera að hringja upp í Loftkastala og ná sér í miða. Það eru tvær sýningar eftir og ég hvet fólk eindregið til að mæta og sjá hvað ungir leikarar eru að gera í dag."

# SJÓNARHORN


Við Rauðavatn að haustlagi. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

# TOPP 5: QUENTIN TARANTINO

**1. Pulp Fiction** (1994). Hlaut Gullpálmann í Cannes fyrir myndina. Daniel Day-Lewis vildi leika Vincent Vega en Tarantino hafnaði honum. Hafði gert handritið að myndinni fyrir fyrri myndir sínar en notaði þær til þess að fjármagna þessa. Fimm af þeim átta milljón dollurum sem myndin kostaði fóru í launakostnað.

**2. Kill Bill** (2003 og 2004). Kevin Costner kom til greina í hlutverk Bills. Sú mynd Tarantinos þar sem orðið fuck heyrist sjaldnast. 41 sjást drepnir í fyrri myndinni en aðeins þrír í þeirri seinni. Hvorug myndin fékk eina einustu óskarstilnefningu.

**3. Reservoir Dogs** (1992). Orðið fuck kemur 252 sinnum fram í myndinni. Var valin áhrifamesta mynd síðustu 15 ára af Empire kvikmyndatímaritinu. Kostaði aðeins um 1,5 milljónir dollara í framleiðslu og sumir leikaranna þurftu að nota eigin föt því ekki var nægt fé fyrir fleiri búningum.

**4. Jackie Brown** (1997). Hefur eins og aðrar myndir Tarantino fullt af vísunum í fyrri verk hans, til dæmis er notaður sami bíll og Bruce Willis keyrði á í Pulp Fiction. Rödd Tarantinos heyrist á símsvara í myndinni.

**5. From Dusk till Dawn** (1996). Leikstýrði myndinni ekki en framleiddi, skrifaði handritið og lék eitt aðalhlutverkanna. Vildi ekki leikstýra heldur frekar einbeita sér að handritinu og leiknum. Endurnýtti nokkra parta úr fyrri myndum sínum í myndinni.



allt
atvinna
Alla sunnudaga



# Gamla menn eða nýjan flokk?

JÓHANN M. HAUKSSON
SKRIFAR UM KREPPU VINSTRIFLOKKA

Margt vinstra sinnað fólk á við vanda að etja, og það kemur m.a. fram í minnkandi fylgi Samfylkingarinnar. Talað hefur verið um þetta sem tilvistarkreppu krata. Nú hefur komið til tals að ráða bót á málum með því að gera gamla kratafor-ingja að ráðherrum fari svo að Samfylkingin komist í ríkisstjórn. Í raun mundi það ekki breyta neinu því vandinn felst í því að það vantar nýjan flokk sem stæði fyrir málefnum sem þessu fólki (krötum) eru kær.

Stjórnmál eiga að snúast um málefni, og stór vandi íslenskra stjórnmála í dag er að stór hópur vinstri sinnaðra kjósenda finnur sig ekki málefnalega í þeim flokkum sem fyrir eru. Gott er að taka landbúnaðarmál sem dæmi. Alþýðuflokkurinn var á móti þeirri óráðsíu sem landbúnaðarkerfið felur í sér, og með því að kjósa hann vissi fólk að hverju það gekk í þeim efnum. Þetta á ekki við um núverandi flokka, þar sem Samfylkingin er útvötnuð í þessu efni eins og svo mörgum öðrum (VG og Framsókn hafa alltaf verið fylgjandi núverandi kerfi).

Þetta er sérlega slæmt vegna þess að landbúnaðarkerfið er svo dýrt að mikilvægt er að landsmenn hafi þann kost að hafna því í kosningum. Svipaða sögu má segja af jafnréttismálum. Nú tröllríður femínismi öllu í Samfylkingunni og VG, þannig að vinstri fólk sem getur ekki hugsað sér að kjósa fléttulista og kynjakvóta hefur ekki kost á öðrum flokki en... Sjálfstæðisflokknum. Þeir sem eru á móti monti og snobbi finna ekki fulltrúa sína í Samfylkingunni. Flokknum sem styður framboð til Öryggisráðsins, eða sem hefur hafið byggingu snobbhallarinnar (Tónlistarhússins) við höfnina fyrir milljarða. Sama gegnir um þá sem vilja að stjórnmálamenn hlusti á vilja fólksins, en hefur Samfylkingin ekki lagt ógeðslega hraðbraut í hjarta borgarinnar fyrir stórfé - og það án þess að hlusta á borgarbúa?

Svona mætti halda áfram að telja lengi málefni sem eru mörgum kær en sem finnast ekki í stefnum núverandi vinstri flokka: Að landið verði allt eitt kjördæmi, að fullkominn aðskilnaður verði á ríki og kirkju... Sá er helsti vandi íslenskra stjórnmála í dag, að margir finna ekki hugðarefni sín í núverandi flokkum. Þess vegna væri hugsanlegur ráðherradómur Jónanna frekar (mögulega) til þess fallinn að bæta stöðu Samfylkingarinnar en að ráða bót á pólitískri tilvistarkreppu krata. Til að takast á við vanda fólksins væri farsælla að stofna nýjan flokk sem væri fulltrúi málefna sem eiga ekki upp á pallborðið hjá núverandi flokkum.

*Höfundur er stjórnmálafræðingur.*




# Ertu að leita að gjöf?
## – stæði fyrir alla

Á bíl í jólaösinni í miðborg Reykjavíkur. Hvað má bjóða þér? Miðastæði, stöðumæli eða bílahús. Viltu greiða með korti eða krónum, eða kannski gsm símanum þínum?

**Tímamiðar** úr miðamælum gilda áfram þegar lagt er við stöðumæli innan sama gjaldsvæðis.

**Ótakmarkaður tími** býðst á stöðumælum í miðborginni.

**Bílahúsin** eru nú opin tveimur klukkustundum lengur en verslanir í miðborginni en **frá 15. desember og fram til jóla verða þau opin til kl. 24:00.** Gleðilega aðventu!



Nú er einnig hægt að greiða fyrir stæði við stöðu- og miðamæla í gegnum gsm-síma. Upplýsingar um skráningu á www.rvk.is/bilast

Reykjavíkurborg
Bílastæðasjóður
... svo í borg sé leggjandi

Næst

HARÐIR GÓÐIR JÓLAPAKKAR



12 v loftdælur
verð frá kr. 1.490



Borðsmergel
verð frá kr. 2.900



Loftlyklasett
verð frá kr. 3.900



Borðsög
kr. 16.900



Súluborvél
kr. 5.900



Framdraganleg
bútsög m/standi
kr. 16.900

ÞÓR HF
REYKJAVÍK - AKUREYRI

birta

# GJÖFIN HENNAR

ávísun á vellíðan

DEKURDAGUR Í BAÐHÚSINU



Komdu á óvart
gefðu henni Dekurdag í Baðhúsinu
í jólagjöf

**LÚXUSDAGUR**

* lúxus andlitsbað
* litun og plokkun
* lúxus handsnyrting
* lúxus fótsnyrting
* spa líkamsmeðferð
* léttar veitingar
* augnmaski
* heit laug
* vatnsgufa
* hvíldarhreiður

8 KLST. PAKKAVERÐ 25.900 KR.
FULLT VERÐ 30.100 KR.

**DEKURDAGUR A**

* lúxusandlitsbað
* augnmaski
* litun og plokkun
* handsnyrting
* fótsnyrting
* vax að hnjám
* heilnudd
* heit laug
* vatnsgufa
* hvíldarhreiður

6-7 KLST. PAKKAVERÐ 24.900 KR.
FULLT VERÐ 28.400 KR.

**DEKURDAGUR B**

* andlitsbað
* augnmaski
* plokkun
* handsnyrting
* fótsnyrting
* heilnudd
* heit laug
* vatnsgufa
* hvíldarhreiður

5 KLST. PAKKAVERÐ: 19.600 KR.
FULLT VERÐ 21.800 KR.

**DEKURDAGUR C**

* nudd og maski
* litun og plokkun
* ljósatími
* handsnyrting
* fótsnyrting
* partanudd
* heit laug
* vatnsgufa
* hvíldarhreiður

4-5 KLST. PAKKAVERÐ: 18.300 KR.
FULLT VERÐ 19.910 KR.

hönnunlinda@isf.is

ICELAND
SPA & FITNESS
Brautarholti 20 105 Reykjavík
sími 561 5100 mottaka@isf.is
www.isf.is


# Með leyfi til að drepa

**UMRÆÐAN**
HUNGUR



**JÚLÍUS BRJÁNSSON**

Enski leikarinn Roger Moore er afskaplega geðslegur maður. Fas hans og framkomu einkennir margt það glæsilegasta og fágaðasta sem ensk háttvísi er þekkt fyrir. Aðdáendur hans eru þeirrar skoðunar að honum hafi tekist, öðrum Bond-leikurum fremur, að gera njósnara hennar hátignar breskari en flest sem breskt er. Að sýna fullkomna siðfágun í framkomu um leið og hann tekur menn og konur af lífi án nokkurrar tilfinningasemi.

Hingað er hann kominn til að safna peningum handa dauðvona börnum. Popparar hafa ekki síður verið duglegir við að benda á hungrið í heiminum og haldið ótal styrktartónleika. Íslenskir popparar komu saman fyrir um tuttugu árum og sungu inn á hljómplötu lag sem varð vinsælt og nú tuttugu árum síðar er þörf á að endurtaka sama lagið en með nokkrum nýjum söngvurum. Ef að líkum lætur þurfa enn aðrir að syngja lagið enn aftur, að tuttugu árum liðnum.

Enn sveltur stór hluti mannkyns. Hvers vegna hefur þessi barátta ekki skilað meiri árangri? Myndirnar frá hungursvæðunum nú eru eins og þær sem ég sá fyrst fyrir hálfri öld. Litlu vannærðu deyjandi börnin líta alveg eins út og þá. Hvers vegna hefur ekkert gerst á þessum fimmtíu árum? Hvers vegna hefur ekkert rofað til á meðan hin svokölluðu ríku þjóðfélög hafa orðið fjáðari og fjáðari með hverju árinu og nú er svo komið að erfiðasta heilsufarsvandamál þeirra er ofneysla og ofát. Byggja þarf hátæknisjúkrahús fyrir milljarðatugi til að berjast við velmegunarsjúkdóma. Fólk er hvatt til að gefa peninga handa hungruðum heimi. Engin upphæð er svo smá að hún komi ekki að gagni, er sagt. Það er alltaf verið að safna.

Hvers vegna er þá allt þetta hungur? Af hverju þarf að senda sjálfan James Bond í heimsókn? Njósnara sem hafði leyfi til að drepa. Er að undra þótt spurt sé? Safnanir á neyðarstundum gera það eitt að veita friðþægingu þeim sem af göfuglyndi halda að þeir séu að leggja sitt af mörkum til bjargar hungruðum heimi. Þessi marklausa friðþæging verður síðan til þess að tefja fyrir raunhæfum lausnum vandans, hún kemur ró yfir samvisku hins ríka og sadda og telur honum trú um að hann hafi gert skyldu sína. Kaldur veruleikinn er sá að neyðarópin eru engu lægri nú en áður og þörfin síst minni. Hefur verkið að stórum hluta mistekist? Hvernig stendur á því að í kringum fjörutíu þúsund börn og fullorðnir deyja daglega af völdum hungurs og örbirgðar? Hungrið og barnadauðinn heldur áfram eins og hann sé óhagganlegt lögmál. Staðbundnar náttúruhamfarir fá mikla umfjöllun fjölmiðla og þjóðir heims eru oft fúsar að hlaupa undir bagga og veita aðstoð.

Það er kunn staðreynd að ekki er sama hvar mannfall á sér stað, s.s. náttúruhamfarir eða hryðjuverkaárásir, með tilliti til fréttaflutnings. Eigi atburðurinn sér stað í góðu sjónvarpsumhverfi má reikna með áhrifameiri umfjöllun og skilningi ríkra þjóða, en ef fólk deyr í tugþúsundatali á dag í Afríku, fjarri alfaraleið. Hryðjuverkaárásirnar á New York kostuðu um þrjú þúsund manns lífið og skal á engan hátt gert lítið úr þeirri hörmung en benda má á að fjöldi látinna af völdum þess voðaverks var ekki nema brot af því sem deyr daglega úr hungri og næringarskorti niðri í Afríku og víðar. Er líf barns sem deyr úr hungri eða vatnsskorti í örmum móður sinnar í Afríku minna virði en mannslíf í New York?

*Hvers vegna hefur þessi barátta ekki skilað meiri árangri? Myndirnar frá hungursvæðunum nú eru eins og þær sem ég sá fyrst fyrir hálfri öld.*

Með hljómleikahaldi, stjórnuheimsóknum og samskotabaukum verður þetta vandamál ekki leyst til frambúðar. Þær aðferðir sem reyndar hafa verið eru máttlitlar og í mörgum tilfellum máttlausar. Að vinna bug á hungurvofunni er ekki einfalt verkefni og skal á engan hátt gert lítið úr þeim erfiðu aðstæðum sem víða er við að glíma. Hinn ríki hluti heimsins verður að bindast samtökum um að eyða þessum smánarbletti. En til þess að það megi gerast þarf líklega að hitta á þá pólitísku óskastund að við stjórnvölinn í öflugustu ríkjum heims verði samtímis svo hugsjónaríkir og metnaðarfullir forustumenn að þeim auðnist í sameiningu að útrýma hungurdauða. Eins og staðan er nú í þeim málum er ekki tilefni til mikillar bjartsýni. Sjálfur verður maður sennilega dauður áður en sú stund rennur upp. Dauður úr einhverjum velferðarsjúkdómi.

*Höfundur er leikari.*



**BOB GELDOF Í EÞÍÓPÍU** Írski tónlistarmaðurinn skipulagði Live Aid tónleikana fyrir tuttugu árum gegn fátækt og endurtók leikinn í ár.


ERTU AÐ LEITA?
Yfir 20.000 titlar af tónlist, DVD og tölvuleikjum
VINSÆLASTA TÓNLISTIN...
1.999 kr.
Garðar Cortes - Cortes
1.999 kr.
CD+DVD
Robbie Williams - Intensive Care
1.999 kr.
Guðrún Gunnars og Friðrik Ómar - Ég skemmti mér
1.999 kr.
CD+DVD
1.599 kr.
CD
Írafár - Írafár
1.999 kr.
Sigur Rós - Takk
1.999 kr.
KK og Ellen - Jólin eru að koma
1.999 kr.
Pottþétt 39 - Ýmsir
1.999 kr.
2CD
Gavin DeGraw - Chariot
1.999 kr.
Magnús Þór - Hljóð er nóttin
1.499 kr.
Emiliana Torrini - Fisherman's Woman
DVD TÓNLISTIN ÞÍN...
3.499 kr.
2DVD
Eagles - Farewell Tour
1.999 kr.
Ávaxtakarfan
1.999 kr.
U2 - Vertigo: Live From Chicago
1.999 kr.
Frostrósir
2.999 kr.
2DVD
Cream - Royal Albert Hall
MESTA ÚRVALIÐ ER Í SKÍFUNNI
S·K·Í·F·A·N
skemmtir þér ;)
Skífan Laugavegi 26 opið alla daga til 22 · Skífan Smáralind · Skífan Kringlunni · Póstkröfusími 591-5310 · www.skifan.is





**Little Heliboot II**
Sterk yfirbygging úr leðri
Góð öndun. Riflás, auðvelt úr og í

St. 19-27
Leiðb.verð kr. 2.490.-

nike(play)
Sérhönnun með þarfir barna á mismunandi þroskastigum í huga

>>> Útilíf - Sportver - Toppmenn - Ozone - Fjölsport - Íþróttabúðin



**Little Heliboot II**
Sterk yfirbygging úr leðri
Góð öndun. Riflás, auðvelt úr og í

St. 19-27
Leiðb.verð kr. 2.490.-

nike(play)

>>> Útilíf - Sportver - Toppmenn - Ozone - Fjölsport - Íþróttabúðin



**Baby Fit II**
Hlýr og notalegur
Auðvelt úr og í

St. 17-19,5
Leiðb.verð kr. 2.990.-

nike(play)
Sérhönnun með þarfir barna á mismunandi þroskastigum í huga

>>> Útilíf - Sportver - Toppmenn - Íþróttabúðin



**Baby Fit II**
Hlýr og notalegur
Auðvelt úr og í

St. 17-19,5
Leiðb.verð kr. 2.990.-

nike(play)

>>> Útilíf - Sportver - Toppmenn - Íþróttabúðin


# Athugasemd vegna réttarhalds

**UMRÆÐAN**
TJÁNINGARFRELSI Í TYRKLANDI



**ORHAN PAMUK**

Í dag verð ég leiddur fyrir dómara í dómhúsinu í Istanbúl, gegnt þriggja hæða húsinu þar sem amma mín bjó einsömul í fjörutíu ár, í Sisli-hverfinu þar sem ég hef alið manninn allt mitt líf.

Ég er ákærður fyrir að „ófrægja tyrkneska þjóðarímynd á opinberum vettvangi“. Saksóknarinn mun fara fram á að ég verði dæmdur til þriggja ára fangelsisvistar. Það ætti kannski að vera mér áhyggjuefni að réttað var yfir tyrknesk-armenska blaðamanninum Hrant Dink í sama dómhúsi fyrir sama glæp, með tilvísun til sama lagaákvæðis, númer 301, í sömu hegningarlögum, og var hann fundinn sekur, en ég er samt bjartsýnn. Ástæðan fyrir því er sú að ég trúi, líkt og lögmaðurinn minn, að ákæran gegn mér sé ekki studd nægilega góðum rökum; ég hef ekki trú á því að ég lendi í fangelsi.

Það er því dálítið vandræðalegt að sjá hversu mikið er gert úr réttarhöldunum yfir mér. Ég veit að margir vina minna í Istanbúa hafa á einhverjum tímapunkti sætt verri meðferð en ég, gengið í gegnum grimmilegri yfirheyrslur og glatað mörgum árum ævi sinnar í málaferli og fangelsisvist bara vegna bóka sem þeir skrifuðu.

Í febrúar sagði ég í viðtali við svissneskt dagblað að: „milljón Armenar og þrjátíuþúsund Tyrkir hefðu verið drepnir í Tyrklandi“ og ég sagði í framhaldinu að bannað væri að tala um þessi mál í Tyrklandi. Meðal fræðilega þenkjandi sagnfræðinga er það almenn vitneskja að stór hluti þeirra Armena sem bjuggu í Ottómanaveldinu var rekinn úr landi og gefið að sök að hafa tekið afstöðu gegn Ottómanaveldinu í fyrri heimsstyrjöldinni, og var mörgum þeirra slátrað meðan verið var að reka þá úr landi. Talsmenn tyrknesku ríkisstjórnarinnar, sem flestir hverjir eru diplómatar, staðhæfa enn þann dag í dag að tala þeirra sem voru drepnir sé miklu lægri en sagt hefur verið, að ekki sé hægt að skilgreina slátrunina sem þjóðarmorð því ekki hafi verið um kerfisbundin morð að ræða og að Armenar hafi líka drepið marga múslima í fyrri heimsstyrjöldinni.

Þrátt fyrir andstöðu frá ríkisvaldinu sameinuðust þrír virtir háskólar í Istanbúl um að halda ráðstefnu í september um þessa atburði. Þar komu fram fræðimenn sem hafa skoðanir sem ríkið líður ekki. Síðan í september hafa átt sér stað umræður um morðin opinberlega, sem er í fyrsta skipti sem það hefur gerst í níutíu ár, og það þrátt fyrir hræðslu manna við ákvæði númer 301.

**Bækur Pamuks brenndar á báli**

Ef ríkið er reiðubúið að leggja þetta á sig til að koma í veg fyrir að almennir borgarar í Tyrklandi komist að því hvað henti Armenana hlýtur sú vitneskja að flokkast sem eitthvað sem fólk má ekki vita. Og af því að orð mín fjölluðu um það sem bannað er að tala um ollu þau mikilli bræði: mörg blöð tóku upp á því að hefja hatursáróður gegn mér, sumir hægrisinnaðir (en ekki endilega íslamskir) dálkahöfundar gengu svo langt að segja að það ætti að „þagga niður“ í mér til frambúðar; hópar þjóðernissinnaðra ofstækismanna skipulögðu fundi og samkomur til að mótmæla „landráðum“ mínum og haldnar voru samkomur þar sem bækur mínar voru brenndar á báli.

Líkt og Ka, söguhetjan í bók minni *Snjór*, kynntist ég þeirri tilfinningu að þurfa að yfirgefa ástkæra heimaborg mína vegna pólitískra skoðana minna. Vegna þess að ég vildi ekki gera það að verkum að deilan yrði enn harðari en hún var og vildi helst ekki heyra talað um hana hafði ég hægt um mig fyrst eftir að hún blossaði upp, uppfullur af einkennilegri skömm, í felum frá opinberum vettvangi og jafnvel frá mínum eigin orðum. Þá fyrirskipaði ríkisstjóri á landsbyggðinni að bækur mínar skyldu brenndar og í kjölfar endurkomu minnar til Istanbúl var mér stefnt af ríkissaksóknara. Þá áttaði ég mig á því að ég og mál mitt voru farin að valda áhyggjum á alþjóðavísu.

Gagnrýnendur mínir voru ekki aðeins keyrðir áfram af persónulegu hatri, né voru þeir einungis að tjá fjandskap sinn við mig einan; ég vissi að mál mitt var þess virði að það yrði rætt bæði innan Tyrklands og í öðrum löndum. Að hluta til var þetta vegna þess að ég trúði því að það sem setti blett á „heiður“ landsins væru ekki aðeins allir svörtu blettirnir á fortíð landsins heldur einnig það að ég skyldi benda á það að frjáls umræða væri ómöguleg í Tyrklandi. En það var líka vegna þess að ég trúði því að í Tyrklandi samtímans væri bannið við umræðum um afdrif Armenanna bann á tjáningarfrelsi Tyrkja, og að þessi tvö atriði væru bundin óaðskiljanlegum böndum. Þrátt fyrir að áhuginn á vandræðum mínum og sá stuðningur sem ég fann fyrir hafi veitt mér hugarró fannst mér á stundum einnig óþægilegt að vera fastur á milli heimalands míns og umheimsins.

*Í febrúar sagði ég í viðtali við svissneskt dagblað að: „milljón Armenar og þrjátíuþúsund Tyrkir hefðu verið drepnir í Tyrklandi“ og ég sagði í framhaldinu að bannað væri að tala um þessi mál í Tyrklandi.*

**Tyrkir og Hund-Tyrkir**

Það erfiðasta var að útskýra hvers vegna land, sem opinberlega virtist staðráðið í að fá inngöngu í Evrópusambandið, vildi fangelsa rithöfund sem samið hefur bækur sem eru vel þekktar í Evrópu og hvers vegna ráðamenn í landinu sáu sig knúna til að finna lausn á málinu fyrir framan „augu Vesturlanda“ (eins og Joseph Conrad gæti hafa sagt).

Þessi mótsögn verður ekki útskýrð sem hrein fáviska, öfundssýki eða skortur á umburðarlyndi og hún er ekki eina mótsögnin. Hvað á mér að finnast um land þar sem því er haldið fram að Tyrkir séu samúðarfull þjóð sem er ófær um að fremja þjóðarmorð, ólíkt nágrönnum sínum í vestri, á meðan þjóðernissinnaðir hópar láta líflátshótanir dynja á mér? Hvernig er hægt að rökstyðja það að ríki kvarti yfir því að óvinir þess beri lygasögur um Ottómanaveldið á borð fyrir heimsbyggðina á meðan ríkisvaldið sækir hvern rithöfundinn á eftir öðrum til saka og varpar þeim í fangelsi og breiðir þannig út um heiminn þá ímynd af Tyrkjum að þeir séu ekkert annað en Hund-Tyrkir?

Þegar ég hugsa til prófessorsins sem ríkisvaldið bað um að segði skoðanir sínar á þeim minnihlutahópum sem búa í Tyrklandi, sem sendi ríkisvaldinu skýrslu með skoðunum sínum sem svo féllu ekki í góðan jarðveg, og var í kjölfarið lögsóttur, eða þegar ég hugsa um fréttir þess efnis að á milli þess sem ég byrjaði að skrifa þessa ritgerð og byrjaði á setningunni sem þú ert að lesa núna hafa fimm rithöfundar og blaðamenn til viðbótar verið ákærðir fyrir brot á lagaákvæði númer 301, ímynda ég mér að Flaubert og Nerval, tveir af guðfeðrum Austurlandafræða, myndu lýsa þessum tilvikum sem kynlegum kvistum, og það réttilega.

**Þjóðernishyggja alþjóðleg plága á ný**

Að þessu sögðu eru þeir atburðir sem við horfum nú upp á verða að veruleika fyrir augunum á okkur að mínu mati ekki fáránlegur og órannsakanlegur harmleikur sem aðeins gæti átt sér stað í Tyrklandi; miklu frekar er hér um að ræða birtingarform nýs alþjóðlegs fyrirbæris sem við erum rétt að byrja að átta okkur á að er til og við þurfum nú að hefjast handa við að taka á, þó að þær aðgerðir kunni að verða hægfara til byrja með.

Á síðustu árum höfum við orðið vitni að efnahagslegu risi Indlands og Kína og í báðum þessum löndum höfum við einnig horft upp á uppgang millistéttarinnar. Hvað svo sem þessar nýju elítur kallast, hin óvestræna borgarastétt eða hinir nýríku skriffinnar, finna þær sig knúnar, líkt og hinar vestrænu elítur í heimalandi mínu, til að fylgja tveimur aðskildum og að því er virðist ósamþættanlegum leiðum við að rökstyðja nýfengið vald sitt og auð.

Í fyrsta lagi verða þær að rökstyðja skjótfenginn auð sinn með því að tileinka sér tungutak og lífsstíl Vesturlandabúa og eftir að hafa búið til eftirspurn eftir slíkri þekkingu taka þær upp á því að innræta samlöndum sínum hvernig eigi að lifa. Þegar þetta fólk er ávítt fyrir að virða hefðir landanna að vettugi er ávítunum svarað með hatursfullri og óumburðarlyndri þjóðernishyggju. Þær deilur sem utanaðkomandi aðili, sem við getum ímyndað okkur að hugsi á svipuðum nótum og Flaubert, gæti kallað kynlega kvisti geta einfaldlega verið árekstrar á milli þessarar nýju stefnu í stjórnmálum og efnahagsmálum og þeirra menningarlegu hugmynda sem þessi stefna hefur getið af sér. Hér er um að ræða ásóknina í að verða hluti af hagkerfi heimsins og óvægna þjóðernishyggju þar sem litið er á lýðræði og hugsanafrelsi sem uppfinningar Vesturlanda.

**Stefna Bandaríkjanna kemur niður á umræðu um lýðræði**

V.S. Naipaul var einn fyrsti rithöfundurinn til að lýsa einkalífi hinna miskunnarlausu valdastétta innfæddra sem tóku við stjórn þeirra landa sem áður höfðu verið nýlendur Vesturlanda, eftir að nýlendutímabilið leið undir lok. Síðastliðinn maí, í Kóreu, þegar ég hitti japanska rithöfundinn Kenzaburo Oe, heyrði ég að hann hefði líka orðið fyrir árásum af þjóðernissinna eftir að hann hélt því fram að í Tókýó ætti að ræða opinberlega þá glæpi sem Japanser framdi í innrásunum í Kóreu og Kína. Það vægðarleysi sem rússneska ríkið hefur sýnt Tsjetsjenum og öðrum minnihlutahópum og hópum sem berjast fyrir því að fá borgararéttindi í landinu, árásir hindúískra þjóðernissinna á Indlandi á tjáningarfrelsið og þjóðernishreinsanir Kínverja á Úghúríumönnum; orsök alls þessa ofbeldis er sömu mótsagnirnar.

Um leið og rithöfundar morgundagsins gera sig reiðubúna til að segja frá einkalífi hinnar nýju valdastéttar reikna þeir væntanlega með því að Vesturlönd setji fram gagnrýni á þær takmarkanir sem ríki þeirra gera á tjáningarfrelsi í löndunum. En um þessar mundir hafa lygarnar um stríðið í Írak og fregnirnar af leynifangelsum CIA gert svo mikið til að skaða trúverðugleika Vesturlanda í Tyrklandi og víðar að það er orðið erfiðara fyrir menn eins og mig að halda uppi málflutningi um að löndin í mínum heimshluta taki upp vestrænt lýðræði í sinni sönnustu mynd.

*Höfundur er tyrkneskur rithöfundur. Greinin mun birtast í tímaritinu The New Yorker mánudaginn 19. desember.*

# Vandaðar jólagjafir

**OPIÐ**
til kl. 22
öll kvöld til jóla




**Leðurbelti** í gjafaöskju — **1.999** kr
2 silgjur í pakkanum




**Bindi** í gjafaöskju — **1.999** kr
margir litir




**Bindi** — verð frá **1.299** kr
margir litir




**Skyrtur** 2 í pakka — **3.999** kr
svartar, gráar, st. M-XXL



**Skyrta og bindi** — **1.999** kr
margir litir, st. 15-17




**Hanskar** leður/rúskinns — verð frá **1.499** kr
svartir, rauðir, st. 9-11 1/2



CONCORD – COLLECTION –
**Teinótt jakkaföt**
svört, d.blá
st. 46-60
**14.999** kr

CONCORD – COLLECTION –
**Silfurnæla**
**3.499** kr

**Hátíðar-skyrta**
beinhvít
st. S-XXL
**3.999** kr

**Hátíðar-búningur**
svartur
st. 46-64
**19.999** kr

CONCORD – COLLECTION –
**Jakki**
svartur,d.blár
st. 46-64
**9.999** kr

**Buxur**
svartar,d.bláar
st. 46-64
**4.999** kr

Jakkafötin fást einungis
í Skeifur, Kringlu,
Smáralind og á Akureyri.




**Skór** Extra víðir — **5.999** kr
svartir, st. 40-46



**Mokkasínur** — **4.999** kr
svartar, st. 41-46



**Skór** — **4.999** kr
svartir, st. 41-46

Gildir á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*



HEIMILISLEGAR
OG VANDAÐAR
Pioneer
Pioneer
PIONEER heimabíókerfi DCS-333
Kr. 49.900
12 mánaða vaxtalausar raðgreiðslur
PIONEER heimabíókerfi DCS-232
Kr. 29.900
KOMIÐ OG GERIÐ HLJÓÐSAMANBURÐ
SHARP
SHARP XLMP40H
hljómtækjastæða
Kr. 12.900
SHARP
SHARP XLMP10H
hljómtækjastæða
Kr. 9.900
SAMSUNG
SAMSUNG V5450
Sambyggður VHS
og DVD spilari
Kr. 16.990
SHARP
SHARP LC-15SH2E
15 " Svartur
TFT LCD skjár,
Kr. 49.900
Pioneer
PIONEER DVD spilari DV-380
Kr. 12.900
QONIX
QONIX PRA2000
Útvarp
Kr. 6.990
COBY CX-CD240
Ferðageislaspilari
Kr. 3.990
QONIX
QONIX
Útvarpsvekjaraklukka
Kr. 2.390
SAMSUNG
SAMSUNG MP3 spilari
Kr. 22.900
SAMSUNG MP3 spilarar
frá kr. 6.990
Nintendo
Nitnendo DS
Leikjatölva
Kr. 12.900
Auglýsingastofa Guðrúnar Önnu
CELESTRON
Celestron 60AZ
Stjörnusjónauki
Kr. 9.900
Nintendo Micro
Leikjatölva
Kr. 8.900
Mikið úrval tölvuleikja!
Heimsins
bestu tónleikar
heim í stofu!
TÓNLEIKAR
Á DVD
Æðislegt úrval!
QUEEN
LIVE
Við seljum merkjavöru. Merkjavara þýðir gæði.



LÁGMÚLA 8
SÍMI 530 2800
Heimilistæki, raftæki ofl.
SÍÐUMÚLA 9
SÍMI 530 2800
Hljómtæki, sjónvörp ofl.
SMÁRALIND
SÍMI 530 2900
Allt vöruúrvalið
Smáralind BETRI LEIÐ TIL AÐ VERSLA
ORMSSON
GAMAN AÐ SJÁ YKKUR!
JÓLAGJAFIR
Solis OF SWITZERLAND
Expresso-kaffivél
Verðlaunakaffivél
Kr. 54.900
TEFAL
Raclette grill
Kr. 4.900
Solis OF SWITZERLAND
Ávaxta- og grænmetispressa
Kr. 13.900
TEFAL
Hraðsuðukanna
Kr. 2.990
AEG
Brauðrist
Kr. 4.990
TEFAL
Blandari m/gleri
Kr. 5.990
AEG
Örbylgjuofn
Kr. 9.900
TEFAL
Mínútugrill
Kr. 7.990
AEG
Kaffivél
Kr. 3.990
TEFAL
Töfrasproti
Kr. 2.590
AEG
Handþeytari m/skál
Kr. 7.990
AEG
Matvinnsluvél
Kr. 13.900
TEFAL
Straujárn
Kr. 4.790
AEG
Uppþvottavél, íslenskt stjórnborð
TILBOÐ:
Kr. 69.900
Kr.79.900 (stál)
AEG
Þvottavél -1200 sn. íslenskt stjórnborð
Kr. 69.900
AEG
EFTIRSÓTTASTA PAR LANDSINS
Þvottavél -1600 sn. íslenskt stjórnborð
Þurrkari - 6 kg. íslenskt stjórnborð
JÓLATILBOÐ: Kr. 149.900
AEG
Ryksuga Turbo T2 1600 W
Kr. 8.900
TEFAL
AEG
Hárblásari
Kr. 2.690
RADIONAUST
FURUVÖLLUM 5 • AKUREYRI • SÍMI 461 5000
Umboðsmenn um land allt.

## KAUPHÖLL ÍSLANDS [Hlutabréf]

**ICEX-15** 5.320 **-0,58%** **Fjöldi viðskipta:** 653 **Velta:** 1.608 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **Kögun** | **+1,00%** | **Össur** | **-2,12%** |
| **Marel** | **+0,15%** | **FL Group** | **-1,70%** |
| | | **Flaga** | **-1,40%** |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 49,80 -0,40% ... Bakkavör 51,90 +1,80% ... FL Group 17,40 -1,70% ... Flaga 4,92 -1,70% ... HB Grandi 9,50 +0,00% ... Íslandsbanki 17,30 +0,00% ... Jarðboranir 24,20 +0,00% ... KB banki 692,00 -0,43% ... Kögun 60,90 +1,00% ... Landsbankinn 24,30 -0,82% ... Marel 65,00 +0,15% ... SÍF 4,15 -0,96% ... Straumur-Burðarás 15,50 -1,27% ... Össur 116,50 -1,27%

Tölur miðast við 15. des. kl. 14:55

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## Peningaskápurinn...

### Krækt í greiningarmann

Hraðinn í bankaheiminum er mikill og bankarnir í keppni á mörgum sviðum. Ein keppnin er um starfsfólk. Stjórnendur bankanna eru sífellt að kíkja eftir toppfólki í sínar raðir. Ástandið er á stundum ekki ósvipað því sem gerist hjá góðum knattspyrnuliðum. Sigurjón Þ. Árnason og félagar hans í Landsbankanum kræktu í einn góðan á dögunum. Það er Atli Guðmundsson sem verið hefur lykilmaður í Greiningu Íslandsbanka undanfarin ár. Atli, sem er verkfræðingur að mennt, hefur verið yfirvegaður skýrandi í fjölmiðlum þegar leitað hefur verið eftir sérfræðingum um markaðinn. Atli mun hins vegar ekki bætast í greiningardeild Landsbankans, heldur verða verkefni hans á sviði viðskiptaþróunar eða með öðrum orðum að greina ný tækifæri fyrir bankann og þá væntanlega á erlendum vettvangi.



### Of lágt verð í Kauphöll

Stjórn London Stock Exchange hefur hafnað yfirtökutilboði ástralska fjármálafyrirtækisins Macquarie í kauphöllina. Tilboðið hljóðaði upp á 580 pens á hlutinn og er of lágt að mati stjórnarinnar. Stjórnin segir að komandi uppgjör kauphallarinnar muni sýna að meiri verðmæti séu í félaginu.

Macquarie er ástralskt fyrirtæki sem hefur vaxið hratt. Þeim hefur tekist vel upp í kynningarstarfi sínu, svo vel að áhuga þeirra á kauphöllinni var vel tekið. Það hefði stundum þótt saga til næsta bæjar að erlendu tilboði væri svo vel tekið.

Meðal þess sem hefur verið fjallað um með jákvæðum hætti í Bretlandi er að fyrirtækið borgar stjórnendum sínum ofurlaun. Hvernig svo sem þeim tókst að gera það svo jákvætt.

## MARKAÐSFRÉTTIR

Gefin hafa verið út skuldabréf erlendis í íslenskum krónum fyrir 13 milljarða króna í vikunni. Samtals er skuldabréfaútgáfa erlendis komin yfir 150 milljarða króna.

Verðbréfastofan hefur fengið leyfi Fjármálaeftirlitsins til að stunda lánastarfsemi og getur hafið fjárfestingabankastarfsemi. Fyrir hafði fyrirtækið starfsleyfi sem verðbréfafyrirtæki.

Hluthafar Icelandc Group samþykktu tillögu í gær um að auka hlutafé félagsins um allt að tvo milljarða króna. Viku þeir frá forgangsrétti til að kaupa bréfin.






# Yfirtaka síðasti kostur

**Skarphéðinn Berg Steinarsson, framkvæmdastjóri hjá Baugi, segir að það hefði verið síðasti kostur í stöðunni að fara í yfirtöku á FL Group. „Okkur líður mjög vel með FL Group skráð og held að það sama eigi við um aðra hluthafa.“**



**YFIRTAKA VAR SÍÐASTI KOSTUR** Ef Baugur hefði yfirtekið FL Group hefði yfirtökuverð verið langt undir markaðsvirði. Greiningardeild KB banka segir að yfirtökunefnd sé i vanda vegna þessa máls.

Yfirtökuskylda Baugs Group í FL Group hófst þegar hlutafjárútboði í síðarnefnda félaginu lauk þann 10. nóvember. Samkvæmt lögum um verðbréfaviðskipti hefði Baugur líklega þurft að bjóða 14,05 krónur til annarra hluthafa í FL Group ef félagið hefði kosið að taka félagið yfir. Tilboðsverð skal vera að lágmarki jafnhátt og síðasta viðskiptaverð var daginn áður en tilboðsskylda myndaðist.

Fullvíst má telja að yfirtakan hefði ekki gengið eftir þar sem núverandi markaðsgengi FL Group er 17,7 krónur á hlut eða rúmum fjórðungi hærra en tilboðsverð.

Greiningardeild KB banka segir að niðurstaða yfirtökunefndar í máli Baugs Group og FL Group skilji eftir fleiri spurningar en hún svari. Baugur Group og Oddaflug seldu um tíu prósent til Landsbankans og gerðu samhliða afleiðusamninga um hlutina sem færir atkvæðisréttinn til bankans en alla áhættu og ávinning af gengisþróun bréfanna á seljendur. KB banki spyr hvort bankinn muni kjósa gegn viðskiptavinum sínum á hluthafafundi og hvort það sé heppilegt fyrir aðra hluthafa að einn hluthafi fari með tíu prósenta eignarhlut en hafi ekki fjárhagslega áhættu af bréfunum.

Veltir bankinn fyrir sér stöðu Yfirtökunefndar: „„Afleiðusamningar“ sem urðu til þess að komist var hjá yfirtökuskyldu hljóta að setja yfirtökunefndina í vanda. Það liggur í hlutarins eðli að fyrst hægt er að hanna samninga með þessum hætti til að komast hjá yfirtökuskyldu verða úrræði nefndarinnar að teljast bitlítil.“

Skarphéðinn Berg var spurður að því hvort komið hefði til greina að selja hlutina til nokkurra fjárfesta og dreifa þar með eignarhaldinu á FL Group. Hann segir að viðskiptin á miðvikudaginn séu góð lausn fyrir alla aðila og seljendur njóti góðs af þeirri áhættu sem þeir tóku í hlutafjárútboðinu, sem engan hafði órað fyrir að myndi ganga það vel sem raun bar vitni.

Jónas Fr. Jónsson, forstjóri Fjármálaeftirlitsins, sagði í samtali við Fréttablaðið að starfsmenn stofnunarinnar hefðu ekki kynnt sér álit yfirtökunefndar í máli FL Group og því gæti hann ekkert sagt um hvort málið yrði skoðað frekar.

**eggert@frettabladid.is**






# KB banki vildi í búlgarska tóbakið

**Ekki er rétt að Björgólfur Thor Björgólfsson hafi undirbúið kaup á búlgörsku tóbaksfyrirtæki árið 2002.**

KB banki reyndi að ná saman hópi fjárfesta ásamt þýska bankanum Deutsche bank til að kaupa búlgarska tóbaksfyrirtækið Bulgartabac eftir að stjórnvöld ákváðu að einkavæða það árið 2002. Leitaði KB banki meðal annars til íslenskra fjárfesta til að taka þátt í verkefninu. Áform ríkisstjórnarinnar um sölu Bulgartabac mistókust í þessari atrennu.



**BJÖRGÓLFUR THOR BJÖRGÓLFSSON.** Umsvifamikill fjárfestir í Búlgaríu sem fær mörg boð um samstarf við ákveðin verkefni.

Í Markaðinum á miðvikudaginn kom fram að Björgólfur Thor Björgólfsson, sem hefur fjárfest mikið í Búlgaríu, hefði stefnt að því að kaupa tóbaksfyrirtækið á þessum tíma. Var fréttin byggð á úttekt búlgarska blaðsins Standart News á ferli og umsvifum Björgólfs Thors.

Ásgeir Friðgeirsson, talsmaður Björgólfs Thors, segir þetta ekki rétt. Björgólfur hefði ranglega verið orðaður við þetta því væntanlegt tilboð tengdist Íslendingum. Fréttin í Markaðinum, sem byggðist á úttekt Standart News, hefði því verið röng hvað þetta varði.

Ásgeir segir Björgólf Thor hafa leitt þrjú kauptilboð í Búlgaríu. Fyrst í Balcanpharma árið 1999, í búlgarska landssímann BTC árið 2003 og í bankann EIBank á þessu ári. Þau hafi öll tekist. **- bg**

# Hátíð í bæ





## kl. 15-17 á laugardag

## áratuga einokun lokið!









Fyrir rúmu ári fögnuðum við upphafi samkeppni í sölu eldsneytis á Vestfjörðum þegar Bensínorkan opnaði inn í Súðavík. Nú er búið að opna nýja stöð á Ísafirði og ekki síður ástæða til að halda uppá það. Við bjóðum því bæjarbúum til allnokkurrar gleði laugardaginn 17. desember við nýju stöðina inní firði.

Þar ber helst til tíðinda:




### Tombóla

Allir eiga möguleika á eldsneytisvinningi, 500 kr. 1000 kr. eða 5000 kr. Hver bíll fær einn skafmiða, engin núll.

### Skörulegt skíðamót





Skíðafélag Ísfirðinga stendur fyrir skíðagöngu frá hringtorginu sem leið liggur inn í fjörð. Á svæði Orkunnar fer síðan fram keppni í sprettgöngu.

### Vinalegar veitingar



Kakó og vöfflur, hangikjöt og jólaöl



### Hljómfagur flutningur

Félagar úr Harmonikufélagi Vestfjarða leika jólalög.
Tónlistaratriði frá Tónlistarskóla Ísafjarðar.
Hurðaskellir og Stúfur leika og skemmta eins og þeim einum er lagið.
Jólatríó Ísafjarðar, Addý, Denni og Stebbi leika jólalög.




ORKAN BENSÍN

ÞAÐ MUNAR UM MINNA

**LUDWIG VAN BEETHOVEN (1770-1827) FÆDDIST ÞENNAN DAG**

*„Tónlistin á að koma frá hjarta karlmannsins og framkalla tár á hvörmum kvenna.“*

*Ludwig van Beethoven var þýskt tónskáld.*



# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÞETTA GERÐIST > 16. DESEMBER 1773

Þennan dag árið 1773 mótmæltu nýlendubúar í Norður-Ameríku teskatti breska heimsveldisins með eftirminnilegum hætti. Mótmælin, sem kölluð hafa verið Boston-teboðið fóru fram, eins og nafnið gefur til kynna, í bandarísku hafnarborginni Boston.

Árið 1773 lenti einokunarfyrirtækið Austur-Indíafélagið, sem sá um allan innflutning á tei til Ameríku, í fjárhagsvandræðum. Stór ástæða þessara fjárhagsvandræða fyrirtækisins var sú að nýlendubúarnir keyptu ekki lengur te af því til að mótmæla háum sköttum sem lagðir voru á nýlendur Breta og voru níutíu prósent af öllu tei flutt inn ólöglega.

Breska þingið treysti sér ekki til að halda úti skattlagningunni, nema teskattinum, og var honum viðhaldið til að Austur-Indíafélagið gæti komist á réttan kjöl. Í skjóli teskattsins reyndi fyrirtækið að undirbjóða tesölumenn í Bandaríkjunum. Þetta vakti reiði nýlendubúa og kaupmenn Austur-Indíafélagsins voru hraktir burt frá mörgum nýlendum í Bandaríkjunum og skipum fyrirtækisins vísað burt frá hafnarborgum landsins.



Í Boston naut fyrirtækið hins vegar stuðnings ríkisstjóra sem var hliðhollur breskum stjórnvöldum. Áætlun breskra stjórnvalda var að skip fyrirtækisins sigldu inn í höfn Boston í fylgd breskra herskipa. Sú áætlun gekk eftir en reiddi nýlendubúana til reiði. Þeir tóku sig því til og dulbjuggu sig sem indíána, læddust um borð í skip Austur-Indíafélagsins og hentu öllu teinu, 342 kössum, í sjóinn.

Aðgerðir nýlendubúa ollu því að bresk stjórnvöld hleyptu aukinni hörku í viðskipti sín við nýlendurnar í Bandaríkjunum. Þar varð svo til þess að nýlendubúarnir urðu sífellt ósáttari við heimsveldið og þessi mikla óánægja leiddi að lokum til sjálfstæðisbaráttu Bandaríkjanna.

## MERKISATBURÐIR

**1653** Enski herforinginn og stjórnmálamaðurinn Oliver Cromwell verður einvaldur yfir Englandi, Skotlandi og Írlandi.

**1946** Léon Blum verður forsætisráðherra Frakklands.

**1966** Rauða kverið eftir Maó Tse-tung er gefið út í Kína.

**1985** Mafíósinn John Gotti verður leiðtogi Gambino-fjölskyldunnar eftir að tveir helstu foringjar hennar eru skotnir til bana.

**1989** Rúmenska byltingin, sem leiddi til falls og aftöku einræðisherrans Nicolae Ceausescu, hefst.

**2000** Bandaríska geimferðastofnunin, NASA, tilkynnir að haf leynist undir ísilögðu yfirborði Ganymedesar, sem er eitt af tunglum reikistjörnunnar Júpíters.



*Útför mannsins míns, föður, tengdaföður og afa,*

**Stefáns Reynis Kristinssonar**

framkvæmdastjóra Spalar, Aflagranda 17, Reykjavík,

sem lést á Landspítalanum 10. desember sl. verður gerð frá Dómkirkjunni föstudaginn 16. desember kl. 13:00.

| | |
|---|---|
| **Guðríður Þorsteinsdóttir** | |
| **Ingibjörg Stefánsdóttir** | **Gísli Hrafn Atlason** |
| **Nína Guðríður Sigurðardóttir** | **Þorbjörg Anna Gísladóttir** |



*Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi.*

**Viggó Einarsson**

flugvirki, Gullsmára 8,

lést á Landspítalanum Fossvogi fimmtudaginn 8. desember. Útför hans fer fram frá Fossvogskirkju mánudaginn 19. desember kl. 13.00.
Þeim sem vilja minnast hans er bent á Krabbameinsfélagið.

| | |
|---|---|
| **Sigurbjörg Hjálmarsdóttir** | |
| **Hjálmar Viggósson** | **Ragnheiður Hermannsdóttir** |
| **Magnea Viggósdóttir** | **Kenneth Morgan** |
| **Erna Margrét Viggósdóttir** | **Kristján Þ. Guðmundsson** |
| **Helen Viggósdóttir** | **Þórarinn Þórarinsson** |
| **barnabörn og barnabarnabörn.** | |



*Ástkær móðir okkar, systir og fósturdóttir,*

**Ólöf Guðjónsdóttir**

lést 12. desember. Útför hennar fer fram frá Fossvogskirkju miðvikudaginn 21. desember kl 11.00.

F.h. annarra vandamanna.

| | |
|---|---|
| **Marvin Ingólfsson** | **Þóra Björk Ingólfsdóttir** |
| **Ingi Guðjónsson** | **Margrét Ólafsdóttir** |



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Klemens Jónsson**

byggingameistari, Ólafsvegi 7, Ólafsfirði,

andaðist á dvalarheimilinu Hornbrekku 10. desember sl. Útför hans fer fram frá Ólafsfjarðarkirkju laugardaginn 17. desember klukkan 14.

| | |
|---|---|
| **Sumarrós Helgadóttir** | |
| **Jón Ævar Klemensson** | **Helga Jónsdóttir** |
| **Arnar Klemensson** | |
| **Guðrún Jónsdóttir** | **Árni Jónsson** |
| **Klemenz Jónsson** | **María Magnúsdóttir** |
| **Rósa Jónsdóttir** | **Sigurbjörn Þorgeirsson** |
| **og langafabörn.** | |

STEFÁN GUNNLAUGSSON FYRRVERANDI BÆJARSTJÓRI Í HAFNARFIRÐI: ER ÁTTRÆÐUR

# Rólegur dagur fjarri Reykjavík

Stefán Gunnlaugsson, fyrrverandi þingmaður og bæjarstjóri í Hafnarfirði, ætlar ekki að halda veislu í tilefni stórafmælis síns í dag.

„Ég verð að heiman, ætla að fara út á land en er ekki ennþá búinn að ákveða hvert ferðinni er heitið. Ég ætla að njóta þess að vera í sveitasælunni,“ segir Stefán, en hann hefur í gegnum tíðina ekki oft haldið upp á afmælið sitt. „Ég hef sjaldan haldið upp á afmælin mín, en það hefur nú reyndar eitthvað verið skrifað um mig þegar ég hef átt stórafmæli.“

Einn atburður sem tengist afmælisdegi Stefáns er honum hins vegar mjög minnisstæður. „Öll mín námsár, frá þrettán ára aldri, var ég togarasjómaður á sumrin samhliða námi á veturna. ég byrjaði sem hjálparkokkur á togara sem hét Óli Garða, varð svo háseti og kolakyndari. Í desember árið 1948 var ég í háskólanámi í Bretlandi og ákvað að fara í jólafrí til Íslands til að hitta fjölskylduna. Ég fékk far með togara frá Hull fyrir lítinn sem engan pening og það var svo á mínum öðrum degi á Íslandi sem ég hitti skipstjóra togarans, Baldvin Halldórsson. Hann spurði mig hvort ég hefði áhuga á að taka einn túr með togaranum yfir jólin. Ég var alinn upp við reglusemi og sparnað og foreldrar mínir lögðu áherslu á að ég legði pening fyrir, þannig að ég tók því boði.



STEFÁN GUNNLAUGSSON Hefur ekki lagt það í vana að halda formlega upp á afmælið sitt og ætlar að njóta dagsins úti á landi.



FJÓRIR ÞINGMENN Stefán og synir hans þrír; Finnur Torfi, Gunnlaugur og Guðmundur Árni, hafa allir setið á Alþingi um lengri eða skemmri tíma.

Stefán segir að túrin hafi gengið vel. „Við fórum á Halamið fyrir utan Vestfirði og vorum fljótir að fylla skipið. Á meðan á túrnum stóð fékk ég afmælisskeyti og jólaskeyti frá foreldrum mínum, sem gladdi mig. Farið var með aflann til Bretlands en ég varð eftir á Íslandi hjá fjölskyldu minni. Nokkrum dögum seinna fékk ég far aftur til Bretlands með togaranum. Þegar togarinn var kominn rétt vestan við Orkneyjar fengum við neyðarskeyti frá breskum togara. Við fórum og tókum togarann í slef, eins og það er kallað, og drógum hann til Orkneyja. Við tókum eftir því þegar þeir voru að reyna að festa skipið við okkur út á hafi að það gekk erfiðlega hjá þeim enda urðum við þess varir að breski skipstjórinn var mjög drukkinn.

Loks þegar við komum í höfn sáum við að þeim bresku gekk illa að binda skipið við bryggju og nokkrir af okkur á íslenska togaranum ákváðum að fara og aðstoða þá. En hvar sem við komum í þetta skip, hvort sem það var í káetuna, brúnna eða aftast var sterkur brennivínsfnykur, öll áhöfnin var meira og minna drukkin. Þetta er ákaflega eftirminnilegt,“ segir Stefán.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli, andlát og jarðarfarir í smáletursdálkinn hér að ofan má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is**.

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **550 5000**.



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Guðmunda Þorbjörg Jónsdóttir**

frá Kjörvogi,

lést á Hjúkrunarheimilinu Eir miðvikudaginn 14. desember. Jarðarförin auglýst síðar.

| | |
|---|---|
| **Alda Guðjónsdóttir** | **Ásgeir Gunnarsson** |
| **Laufey Kristinsdóttir** | |
| **Elísabet Guðjónsdóttir** | **Bragi Eggertsson** |
| **Sólveig Guðjónsdóttir** | |
| **Guðmundur H. Guðjónsson** | **Dagný Pétursdóttir** |
| **Guðrún M. Guðjónsdóttir** | **Óskar Pétursson** |
| **Haukur Guðjónsson** | **Vilborg G. Guðnadóttir** |
| **Fríða Guðjónsdóttir** | **Karl Ómar Karlsson** |
| **Rannúa Leonsdóttir** | |
| **Kristín Guðjónsdóttir** | **Þórir Stefánsson** |
| **Daníel Guðjónsson** | **María Ingadóttir** |
| **Þuríður H. Guðjónsdóttir** | **Garðar Karlsson** |
| **ömmubörn og langömmubörn.** | |

## ANDLÁT

**Elsa Ágústdóttir**, Digranesheiði 45, Kópavogi, lést á Landspítalanum við Hringbraut miðvikudaginn 30. nóvember. Útförin hefur farið fram í kyrrþey.

**Guðmundur Helgi Franklínsson** frá Litla-Fjarðarhorni, síðast til heimilis á Dalbraut 20, Reykjavík, lést laugardaginn 3. desember. Útförin fór fram í kyrrþey að ósk hins látna.

**Klemens Jónsson**, byggingameistari, Ólafsvegi 7, Ólafsfirði, lést á dvalarheimilinu Hornbrekku laugardaginn 10. desember.

**Sveinn Sveinsson**, Bláhömrum 2, Reykjavík, lést á Landakotsspítala þriðjudaginn 13. desember.

## AFMÆLI

**Egill R. Friðleifsson,** tónmenntakennari og kórstjóri, er 65 ára.

**Kjartan Steinbach,** fyrrverandi handboltadómari, er 56 ára.

**Aðalheiður Jensen** líkamsræktarkona er þrítug.

**Ólafur Stígsson** knattspyrnumaður er þrítugur.




Rúnar Geirmundsson Sigurður Rúnarsson Elís Rúnarsson

**Þegar andlát ber að**

**Síðastliðin 15 ár höfum við feðgar aðstoðað við undirbúning útfara.**
**Alhliða útfararþjónusta**
**Símar: 567 9110, 893 8638 og 897 3020**

Útfararþjónustan ehf.
Stofnað 1990


## JARÐARFARIR

13.00 **Einar Thorlacius Magnússon**, Lækjasmára 2, Kópavogi, verður jarðsunginn frá Hallgrímskirkju.

13.00 **Herborg Jónsdóttir**, Álfatúni 37, Kópavogi, verður jarðsungin frá Fossvogskirkju.

13.00 **Sólveig Ágústa Runólfsdóttir**, Laufbrekku 17, Kópavogi, verður jarðsungin frá Fríkirkjunni í Reykjavík.

13.00 **Stefán Reynir Kristinsson**, framkvæmdastjóri Spalar, Aflagranda 17, Reykjavík, verður jarðsunginn frá Dómkirkjunni.

14.00 **Þórunn Viðarsdóttir**, Eyjabakka 8, Reykjavík, verður jarðsungin frá Keflavíkurkirkju.

15.00 **Jón Guðjónsson**, Hrafnistu, Reykjavík, verður jarðsunginn frá Seltjarnarneskirkju.

15.00 **María Erla Kjartansdóttir**, Vogatungu 85, Kópavogi, verður jarðsungin frá Kópavogskirkju.

15.00 **Richard Jónsson**, Krummahólum 2, Reykjavík, verður jarðsunginn frá Dómkirkjunni.

15.00 **Sigurður G. Kristjánsson**, frá Súðavík, áður til heimilis á Grettisgötu 73, Reykjavík, verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju.


PSP PAKKI
PSP LEIKJATÖLVUPAKKI
Á FRÁBÆRU TILBOÐI Í VERSLUNUM SKÍFUNNAR
HEYRNARTÓL
HLEÐSLURAFHLAÐA
TÖLVULEIKURINN
NEED FOR SPEED
MOST WANTED 510
FYLGIR MEÐ PSP.
32 MB MINNISKORT
HLÍFÐARTASKA
DEMO DISKUR
26.499 kr.
SVONA NOTAR ÞÚ PSP
SPILAR TÖLVULEIKI!
HLUSTAR Á TÓNLIST, MP3!
SPILAR ÞRÁÐLAUST VIÐ
ALLT AÐ 16 MANNS.
FERÐ Á NETIÐ OG SENDIR
TÖLVUPÓST!
HORFIR Á KVIKMYNDIR
AF UMD EÐA MINNISKORTI!
S·K·Í·F·A·N
...skemmtir þér ; )
Skífan Laugavegi 26 opið alla daga til 22 · Skífan Smáralind · Skífan Kringlunni · Póstkröfusími 591-5310 · www.skifan.is








## STUÐ MILLI STRÍÐA Fangelsi fegurðarinnar

**MARTA MARÍA** JÓNASDÓTTIR FINNUR TIL MEÐ UNNI BIRNU VILHJÁLMSDÓTTUR.



Síðasta laugardag var ég að keyra þegar síminn minn byrjar að pípa. Ég var næstum því búin að keyra útaf þegar ég var að reyna að finna símann minn því það hlaut eitthvað sérlega merkilegt að hafa gerst fyrst svo margir væru að senda mér SMS á sama tíma. Þegar ég loksins fann símann kom í ljós að Unnur Birna Vilhjálmsdóttir hafði verið valin fallegasta kona í heimi. Ég varð fyrir miklum vonbrigðum með vini mína, að þeir væru í alvörunni að eyða símreikningnum í svona lágkúru. Þetta hefur þó ekkert með Unni Birnu að gera enda er hún bæði falleg og vel gefin stúlka sem á framtíðina fyrir sér. Þetta segir meira um vini mína en hana.

Þegar ég var átta ára fannst mér fegurðarsamkeppnir frekar töff. Hófí var ædol enda var hún góð við börn og brosti alltaf allan hringinn og veifaði fallega til allra veiku barnanna í útlöndum milli þess sem hún kynnti sjávarrétti í útlöndum. Maður ætlaði svo sannarlega að verða eins og hún þegar maður yrði stór. Það sama má segja um Lindu Pé. En svo þroskaðist maður og sá ljósið enda eru svona keppnir barn síns tíma.

Þegar Unnur Birna sagði í blaðaviðtali að hennar fyrsta hugsun hafi verið „Hvað er ég búin að koma mér í“ skildi ég það svosem vel. Það getur ekki verið gaman að búa í ferðatösku, vera langt frá fjölskyldu og vinum, þurfa að burðast með níðþunga kórónu á milli landa með fullar ferðatöskur af straufríum sparifötum, blanda geði við fullt af ókunnugu fólki og þurfa að setja líf sitt til hliðar í heilt ár meðan skrifstofa úti heimi skipuleggur tímann fyrir mann. Í ofanálag þarf Unnur Birna líklega að fresta lögfræðinámi og eigin frama á kostnað „landkynningar“. Þetta finnst mér ekki sjarmerandi. Þetta er stofufangelsi.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Overli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Pú og pa
Eftir SÖB




### Kjölturakkar
Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán
Eftir Kirkman/Scott




## Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com. Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

**Lausn á gátu gærdagsins**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 9 | 7 | 3 | 8 | 2 | 4 | 1 | 6 |
| 2 | 8 | 3 | 4 | 1 | 6 | 9 | 5 | 7 |
| 1 | 4 | 6 | 7 | 5 | 9 | 3 | 8 | 2 |
| 3 | 6 | 2 | 9 | 7 | 8 | 1 | 4 | 5 |
| 9 | 1 | 5 | 2 | 4 | 3 | 7 | 6 | 8 |
| 8 | 7 | 4 | 5 | 6 | 1 | 2 | 9 | 3 |
| 7 | 3 | 1 | 8 | 9 | 5 | 6 | 2 | 4 |
| 4 | 5 | 9 | 6 | 2 | 7 | 8 | 3 | 1 |
| 6 | 2 | 8 | 1 | 3 | 4 | 5 | 7 | 9 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | | | | | 8 | | 2 | |
| | 5 | 9 | 6 | | | | | 8 |
| | 2 | | 3 | | | | | |
| | | 3 | | | | 1 | 5 | 4 |
| 8 | | | | | | | | 9 |
| 7 | 9 | 1 | | | | 2 | | |
| | | | | | 2 | | 1 | |
| 9 | | | | | 3 | 6 | 4 | |
| | 8 | | 1 | | | | | 3 |




# Mikið úrval af spilum

**OPIÐ**
til kl. 22
öll kvöld til jóla

**Party & Co,** þetta frábæra spil er komið aftur.
TILBOÐ **3.790kr**
Verð áður 4.999,-




**Rapidough,** nýtt spil þar sem leirinn er málið.
TILBOÐ **2.890kr**
Verð áður 3.999,-




**Leonardo & Co,** alfræðispil. Spilaðu, lærðu, leiktu.
**1.999kr**




TILBOÐ **1.990kr**
Verð áður 2.999,-
**Sequence,** spennandi, ögrandi skemmtun.




**Sequence** fyrir börn 3-4 ára.
TILBOÐ **1.790kr**
Verð áður 2.999,-







**Sudoku,** vinsælasta talna spilið í dag.
**1.390kr**



**Sequence,** ferðaspil. Frábært í ferðalagið.
**790kr**

TILBOÐ **1.390kr**
Verð áður 1.699,-




**Sequence,** teningaspil fyrir 2-4, aldur 6+

Gildir á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*

**!** **Kl. 12.15**

*Í hádeginu í dag er röðin komin að* ***Þráni Bertelssyni*** *að lesa úr spennusögu sinni, Valkyrjur, í bókasal Þjóðmenningarhússins.*

# menning

menning@frettabladid.is

# *Sólarupprás Murnaus*

Tvær þöglar kvikmyndir verða sýndar í Loftkastalanum annað kvöld með lifandi tónlist eftir franska tónlistarmanninn Angil.

Báðar myndirnar eru sannkallaðar perlur frá gullöld þöglu myndanna. Önnur er Sunrise, mynd sem þýski kvikmyndagerðarmaðurinn Friedrich Wilhelm Murnau gerði í Bandaríkjunum árið 1927 og þykir ein merkasta og fegursta kvikmynd sögunnar. Þar segir frá heillandi konu úr stórborginni sem kemur inn í lítið sveitasamfélag, tælir þar bónda nokkurn og reynir að fá hann til að myrða eiginkonu sína.

Hin er frönsk frá árinu 1926, heitir Rien que les heures og er gerð af Alberto Cavalcanti. Þar er fylgst með lífinu í París í einn sólarhring, frá sólsetri til sólseturs. Myndin þótti framsækin á sínum tíma, tilraunakennd og margslungin. Brugðið er upp margvíslegum myndum af mannlífinu í stórborginni, jafnt auðlegð sem örbirgð, fegurð og ljótleika.



Franski tónlistarmaðurinn Angil hefur samið tónlist við báðar þessar kvikmyndir og nýtur hann fulltingis íslensks strengjakvartetts við flutninginn.

Franska sendiráðið og þýska sendiráðið skipuleggja þessa kvikmyndatónleika, sem hefjast í Loftkastalanum klukkan 20 annað kvöld. Aðgangur er ókeypis.

## > Ekki missa af ...

... jólatónleikum **Kammersveitar Reykjavíkur** í Áskirkju á sunnudaginn, þar sem flutt verða fjögur verk eftir Leopold Mozart, föður undrabarnsins og tónsnillingsins óviðjafnanlega.



... jólatónleikum **Sinfóníuhljómsveitar Íslands**, sem verða í Háskólabíói á morgun. Tónleikarnir eru að venju hugsaðir sem skemmtun fyrir alla fjölskylduna. Kynnir verður leikarinn Halldór Gylfason.

... ***Ævintýrinu um Augastein***, sem sýnt verður í Tjarnarbíói núna um helgina. Þetta verða einu sýningarnar á þessari vinsælu sögu Felix Bergssonar í Reykjavík í ár. Sjá nánar á www.senan.is





Postulín, glös og hnífapör
– fyrir brúðhjón og betri veitingahús



Rekstrarvörur
- vinna með þér
Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is




**EIVÖR PÁLSDÓTTIR, GARÐAR THOR CORTES OG ÓLÖF KOLBRÚN HARÐARDÓTTIR SYNGJA MEÐ KÓR LANGHOLTSKIRKJU** Jólasöngvar Kórs Langholtskirkju verða haldnir í 27. skiptið núna um helgina. Boðið verður upp á súkkulaði og piparkökur í hléinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Samdi jólalag fyrir kórinn

**Jólastemningin ræður ríkjum í Langholtskirkju núna um helgina þegar kór kirkjunnar heldur Jólasöngva sína í tuttugasta og sjöunda skipti. Í ár syngja Eivör Pálsdóttir, Garðar Thor Cortes og Ólöf Kolbrún Harðardóttir einsöng.**

„Ég hef aldrei samið jólalag áður,“ segir Eivör Pálsdóttir, sem gerði sér lítið fyrir og bjó til eitt slíkt sérstaklega fyrir þessa tónleika.

„Hann Jón Stefánsson spurði mig hvort ég væri til í það. Ég fékk ýmsar hugmyndir og samdi síðan lag sem heitir Jólanótt. Ég samdi þetta upprunalega á færeysku en Kristján Valur hefur þýtt það fyrir mig.“

Eivöru ætlar að syngja nokkur jólalög með Kór Langholtskirkju á tónleikunum, sem verða haldnir fjórum sinnum núna um helgina. Einsöng syngja einnig þau Garðar Thor Cortes, sem hefur verið að gera það heldur betur gott með nýju plötunni sinni, og Ólöf Kolbrún Harðardóttir.

Eivör er nýkomin frá Færeyjum þar sem hún söng á þrennum jólatónleikum með þremur kórum. Núna eftir helgina er hún síðan komin í jólafrí en eftir áramótin heldur hún til Danmerkur.

„Ég ætla að búa í eitt ár í Danmörku, prófa það en vera samt með annan fótinn hér,“ segir Eivör, sem ætlar að ferðast um Skandinavíu og halda fullt af tónleikum þar ein með gítarinn sinn. Einnig eru nokkrir tónleikar á dagskrá hjá henni með stórsveit danska ríkisútvarpsins og að öllum líkindum annar geisladiskur með þeirri sveit.

Á tónleikunum í Langholtskirkju syngur Gradualekór kirkjunnar auk Kórs Langholtskirkju. Einnig leika þær Hallfríður Ólafsdóttir og Arna Kristín Einarsdóttir á flautur, Monika Abendroth á hörpu, Jón Sigurðsson á kontrabassa, Guðmundur Sigurðsson á orgel, Kjartan Valdemarsson á píanó og Pétur Grétarsson á trommur. Stjórnandi er Jón Stefánsson.

Fyrstu tónleikarnir verða í kvöld klukkan 23, síðan verða tvennir tónleikar annað kvöld og loks þeir síðustu á sunnudagskvöldið. Boðið verður upp á súkkulaði og piparkökur.


Tilkynning frá Kirkjugörðum Reykjavíkurprófastsdæma

Jólaþjónusta starfsfólks



Jól í görðunum

Á jólum kemur fjöldi fólks í **Fossvogskirkjugarð, Gufuneskirkjugarð og Hólavallagarð við Suðurgötu** til þess að huga að leiðum ástvina sinna. Við munum leitast við að leiðbeina ykkur eftir bestu getu. Hægt er að nálgast upplýsingar um staðsetningu leiða á vefnum **gardur.is**

Þjónustusímar
585 2700 og 585 2770

Aðalskrifstofan í **Fossvogi,** sími **585 2700** og skrifstofan í **Gufunesi,** sími **585 2770,** eru opnar á **Þorláksmessu** og **aðfangadag** frá **kl. 9.00** til **kl.15.00.**

Þar veitum við upplýsingar, gefum leiðbeiningar um aðhlynningu leiða og afhendum ratkort ef þörf krefur.

Þjónusta á Þorláksmessu og aðfangadag

Á **Þorláksmessu** og **aðfangadag,** milli **kl. 10.00** og **15.00,** verður **Fossvogskirkja** opin fyrir þá sem vilja staldra við í dagsins önn. Starfsmenn Kirkjugarðanna verða á vettvangi í görðunum báða þessa daga og taka á móti ykkur og leiðbeina frá **kl. 9.00** til **15.00.**

Gleðilega jólahátíð
Kirkjugarðar
Reykjavíkurprófastsdæma
www.kirkjugardar.is


# Brúðkaup raskar hryllingsbúð

Seinni hluti leikársins hjá Leikfélagi Akureyrar hefur verið stokkaður upp og endurskipulagður vegna þess hve gríðarleg eftirspurnin hefur verið eftir miðum á gamanleikritið Fullkomið brúðkaup.

Til þess að geta haldið áfram sýningum á Fullkomnu brúðkaupi í janúar og febrúar hefur Leikfélagið ákveðið að fresta frumsýningu á söngleiknum Litlu hryllingsbúðinni, en hún verður samkvæmt nýjustu áætlunum frumsýnd 23. mars. Á hinn bóginn var ákveðið að flýta frumsýningu á Maríubjöllunni, þannig að sú sýning verður frumsýnd 17. febrúar í nýju leikrými sem Leikfélag Akureyrar tekur í notkun og getur því gengið samhliða sýningum á Fullkomnu brúðkaupi.

Sýningum á Fullkomnu brúðkaupi átti að ljúka um áramótin enda hefur Leikfélag Akureyrar tekið upp nýtt sýningarfyrirkomulag þar sem hvert verk er sýnt þétt í tiltekinn tíma en aukasýningum bætt við eftir því sem þörf er á. Allar aukasýningar á Fullkomnu brúðkaupi hafa hins vegar selst upp jafnóðum. Verkið hefur verið sýnt allt að fimm sinnum í viku hverri en ekkert lát er á aðsókninni.

Fullkomið brúðkaup er drepfyndinn og rómantískur farsi um brúðkaupsdag sem fer á annan endann. Leikarar eru Álfrún Örnólfsdóttir, Esther Talía Casey, Guðjón Davíð Karlsson, Jóhannes Haukur Jóhannesson, Maríanna Clara Luthersdóttir og Þráinn Karlsson.



**FULLKOMIÐ BRÚÐKAUP** Vegna vinsælda þessa farsa hefur frumsýningu Litlu hryllingsbúðarinnar verið frestað.

# Tónlist verður til á sýningu

Heldur óvenjuleg sýning verður opnuð núna um helgina í Suðsuðvestur, gallerí sem staðsett er í Hafnargötu 22 í Keflavík. Hljómsveitin Hellvar ætlar að gera sig heimakomna í sýningarrýminu með allar sínar græjur.

Hljómsveitin ætlar að semja tónlist og taka upp geisladisk þar á staðnum meðan sýningin stendur yfir. Jafnframt þessu ætlar myndlistarkonan Sunna Guðmundsdóttir að sýna eigin verk á sýningunni.

Hljómsveitin Hellvar er skipuð þeim Heiðu Eiríksdóttur og Elvari Sævarssyni, sem fyrst rugluðu saman reitum fyrir rúmlega tveimur árum og komu fram á Innipúkanum 2003, sem þá var í Iðnó. Þau fluttust síðan til Berlínar síðastliðinn vetur, þar sem þau segjast hafa fundið sitt sanna sjálf, rafrokk með popp- og pönkáhrifum eins og þau orða það. Með þeim spilar nú Flosi Þorgeirsson á bassa.

Í Suðsuðvestri ætla þau að semja splunkunýtt efni eins og andinn blæs þeim í brjóst. Eina reglan er sú að ekki má nota hugmyndir sem þegar eru fæddar. Ekkert verður því vitað um útkomuna, geisladiskinn, fyrr en sýningunni er lokið, en hún stendur fram á þrettándann þegar Hellvar heldur lokapartí og býður fólki að kaupa geisladiskinn sem hefur orðið til þarna á staðnum.

Yfirskrift sýningarinnar er „Hellvar - ekki Helvar", sem stafar af þrálátri prentvillu sem fylgt hefur hljómsveitinni allar götur síðan hún kom fyrst fram í Iðnó fyrir tveimur árum.

Sýningin verður opnuð á morgun klukkan 15 og verður opin fram á kvöld.



**HELLVAR** Heiða ásamt Elvari og Flosa.

# Drengir og karlar

Karlakór Reykjavíkur heldur sína árlegu jólatónleika í Hallgrímskirkju núna um helgina ásamt Drengjakór Reykjavíkur, sem er sérstaklega boðið að taka þátt í tónleikunum þetta árið.

Karlakórinn flytur hefðbundin aðventu- og jólalög frá ýmsum tímum, en drengjakórinn, sem hefur að jafnaði aðsetur í Hallgrímskirkju, flytur meðal annars lagið Jól eftir Jórunni Viðar. Einnig syngja kórarnir saman í fjórum lögum.

Í drengjakórnum eru fjörutíu drengir, þar á meðal þeir Ísak Ríkharðsson og Árni Þór Lárusson sem báðir syngja einsöng. Einnig syngur Þóra Sif Friðriksdóttir einsöng.

Trompetleikarar eru Ásgeir H. Steingrímsson og Eiríkur Örn Pálsson, á flautu leikur Guðrún S. Birgisdóttir. Orgelleikari er Lenka Máteova. Stjórnandi jólatónleikanna er Friðrik S. Kristinsson.

Tónleikarnir verða á laugardaginn klukkan 17 og á sunnudag klukkan 18 og 20.



**ÍSAK RÍKHARÐSSON** Syngur einsöng á jólatónleikum Karlakórs Reykjavíkur í Hallgrímskirkju.



**JÓN LAXDAL** Sýning hans verður framlengd til áramóta.

# Sýna lengur

Sýningum þeirra Guðrúnar Hrannar Ragnarsdóttur, Kristins E. Hrafnssonar og Jóns Laxdal í Safni við Laugaveg 37 hefur verið framlengt til áramóta.

Í Safni er samtímamyndlist til sýnis á þremur hæðum. Aðgangur er ókeypis.

Lokað verður í Safni dagana 24. til 27. desember og á gamlársdag, en annars verður opið klukkan 14 til 18 miðvikudaga til föstudaga og klukkan 14 til 17 um helgar. Leiðsögn er um safnið alla laugardaga klukkan 14.





Töfra ryksuga

Roomba ryksuguvélmennið vinnur vinnuna fyrir þig




Roomba ryksuguvélmennið ryksugar gólfin á meðan heimilisfólkið sinnir öðrum störfum. Með vélinni fylgir hleðslutæki og nemi sem heldur vélmenninu á réttu vinnusvæðinu.



vilborga@centrum.is

Verðlistaverð: kr. 40.800
Tilboð: kr. 28.560
GJAFABRÉF
EIRVÍK
Suðurlandsbraut 20 - 108 Reykjavík
Sími 588 0200 - www.eirvik.is



# Óreiðan í nafni þínu

**BÓKMENNTIR**

**[UMFJÖLLUN]**

Svo nefndist skemmtileg skáldsaga eftir spænska rithöfundinn Juan José Millas sem út kom 1988 og fjallaði um höfund sem var að reyna að skrifa bók með þessu nafni, um leið og hann „leitaði að sjálfum sér“ með hjálp sálkönnuðar, og heillaðist æ meir af dularfullri konu sem hét Lára, eða hét hún það? En leitin leiddi hann bara lengra inn í óreiðuna, samferða lesandanum. Og bandaríski rithöfundurinn Paul Auster lét aðalpersónu einnar skáldsögu sinnar fá svo dularfullar hringingar í vitlaust númer að hann ákvað að lokum að svara þeim og gegna hinu vitlausa númeri, og sogast þar með inn í allt aðra sögu en sína eigin. Og þó?

Bæði verkin geta staðið sem dæmi um þá tegund nútímabókmennta sem lætur lesandann alltaf vita af því að hann er að lesa bókmenntir, forðast hreinræktaðan blekkingaleik hefðbundnari sagnalistar, og spyr sig um leið hver erum við, læst í tukthúsi tungumálsins, hvað býr á bak við nafn? Þessi verk eru óhugsandi án tékknesk-þýska rithöfundarins Franz Kafka sem fékkst við allar þessar spurningar í sögum sínum frá fyrsta fjórðungi 20. aldar.

Bók Hermanns Stefánssonar, Stefnuljós, tilheyrir þessum skóla, ef við leyfum okkur að kalla hann svo. Hún er saga rithöfundar sem er að skrifa skáldsögu sem að hluta til er birt í bókinni, og sem samtímis er að missa tökin á sínu eigin lífi, hverfa inn í óreiðuna. Enda tekur Hermann ofan fyrir Kafka, lætur aðalpersónu sína sækja rithöfundaþing í Prag og skrifa þar kafla í bók sína Fallið, þar sem aðalpersónan heitir Gregor, rétt einsog ein þekktasta persóna Kafka (í sögunni Hamskiptin). Hermann hneigir sig reyndar í margar áttir, lesandi sem vill leita að vísunum í aðrar bækur hefur nóg að sýsla.

En það er ekki nýtt fyrir bóklesendum nútímans að texti sé samsettur af orðum þar sem merkingin fer á skrið, og að bækur séu fæddar af öðrum bókum. Sá útgangspunktur dugir höfundi nú orðið í besta falli til að vera sniðugur og fljótlega spyr lesandi slíkra verka einsog kona í bakaríi spyr aðalpersónu Stefnuljóss sem getur ekki pantað neitt, yfirkominn af merkingarskriði: „Ætlarðu að fá eitthvað eða komstu bara til að reyna að vera fyndinn?“

Hermanni Stefánssyni tekst oftast að sneiða hjá þessum hættum í bók sinni. Og þar skiptir öllu að það er í henni eitthvert seiðandi andrúmsloft, sterk lýsing á hjónabandi í upplausn og ást á afvegum, mynd af karli og konu sem vita ekki sitt rjúkandi ráð og grípa því til örþrifaráða. Guðjón Ólafsson rithöfundur verður æ óhamingjusamari eftir því sem myndirnar, og hans eigin ímyndanir, af konu hans að halda framhjá með mági hans leita sterkar á hann; við finnum hvernig smám saman þyrmir yfir þetta fólk. En það er ekki bara óhugur heldur líka víða góður húmor og leikur í textanum, einsog þegar Guðjón skrifar ýkta íslenska blaðapistla fyrir mág sinn, eða þegar hann er að leita leiða til að kaupa bókina „Sjálfsfróun í Portúgal“ af sætu stelpunni í bókabúðinni. Og þýskri brauðvél er afar haganlega fléttað inn í frásögnina.

Það er skemmtilega óvæntur leikur að birta ljósmynd af aðalpersónum „meðan allt lék í lyndi“ snemma í bókinni en ég er meira efins um málverk Jan Brueghels og allítarlega útlistun þess undir bókarlok. Hér og á nokkrum stöðum öðrum hættir höfundi til að draga pælingar sínar á langinn, rétt einsog hann treysti lesanda ekki alveg þrátt fyrir allt. Sem breytir því ekki að kostir verksins eru ótvíræðir: Hún er víðast vel stíluð, full af skemmtilegum hugmyndum og sterku andrúmslofti.

**- Halldór Guðmundsson**




STEFNULJÓS

**HÖF:** HERMANN STEFÁNSSON

**ÚTG:** BJARTUR 2005

**Niðurstaða:** Kostir verksins eru ótvíræðir, bókin er víðast vel stíluð, full af skemmtilegum hugmyndum og sterku andrúmslofti.


# Jólatónleikar

TÓNSPROTINN Í HÁSKÓLABÍÓI

LAUGARDAGINN **17. DESEMBER** KL. 14.00 – ÖRFÁ SÆTI LAUS
LAUGARDAGINN **17. DESEMBER** KL. 17.00* – ÖRFÁ SÆTI LAUS

Hljómsveitarstjóri ::: Bernharður Wilkinson
Kynnir ::: Halldór Gylfason
Einleikari á klarinett ::: Arngunnur Árnadóttir
Einleikari á trommur ::: Ingólfur Gylfason
Kór ::: Barnakórar frá Flúðum og Selfossi
Kórstjórar ::: Edit Molnar og Glúmur Gylfason
Dansarar ::: Nemendur úr Listdansskóla Íslands
Danshöfundur ::: Anna Sigríður Guðnadóttir

Klassískt jólakonfekt úr ýmsum áttum

*Tónleikar utan áskrifta

VISA ER BAKHJARL TÓNSPROTANS

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS
SÍMI 545 2500 ::: WWW.SINFONIA.IS

Fíton / SÍA F I 0 1 5 0 2 8



BORGARLEIKHÚSIÐ

| Stóra svið | Nýja svið/Litla svið |
|---|---|
| **SALKA VALKA** | **ÞRJÁR SYSTUR e. TSJEKHOV** |
| Mi 28/12 kl. 20 Su 8/1 kl. 20 | Nemendaleikhúsið, aðeins í desember |
| **WOYZECK** | Í kvöld kl. 20 Lau 17/12 kl. 20 |
| Fi 29/12 kl. 21 Fö 30/12 kl. 21 | Su 18/12 kl. 20 Þr 27/12 kl. 20 |
| Lau 7/1 kl. 20 Su 15/1 kl. 21 | Mi 28/12 kl. 20 |
| **KALLI Á ÞAKINU** | **MANNTAFL** |
| Má 26/12 kl. 14 Su 8/1 kl. 14 | Mi 28/12 kl. 20 |
| Su 15/1 kl. 14 | **ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR** |
| **CARMEN** | Fi 29/12 kl. 20 AUKAS. UPPSELT |
| Fi 12/1 kl. 20 FORS. miðav. 2.000- kr | Fö 30/12 kl. 20 AUKASÝNING |
| Fö 13/1 kl. 20 FORS. miðav. 2.000- kr | Síðustu sýningar! |
| Lau 14/1 kl. 20 FRUMSÝNING UPPSELT | **SÖNGLIST** |
| **GJAFAKORT** GEFÐU EFTIRMINNILEGA UPPLIFUN GJAFAKORT Í BORGARLEIKHÚSIÐ GILDA ENDALAUST | Létt og skemmtilegt jólaleikrit með söngvum og dönsum. e. Erlu Rut Harðardóttur í leikstjórn Gunnars Helgasonar. Miðaverð 700- kr. Lau 17/12 kl. 14 og kl. 16 Su 18/12 kl. 14 og kl. 16 |

Miðasala í síma 568 8000 - www.borgarleikhus.is



HILMIR SNÆR GUÐNASON

ÉG ER MÍN EIGIN KONA



| | | |
|---|---|---|
| fös. | 16.12 | laus sæti |
| lau. | 17.12 | laus sæti |
| þri. | 27.12 | **uppselt** |
| mið. | 28.12 | laus sæti |
| fim. | 29.12 | **uppselt** |

GJAFAKORT - TILVALIN JÓLAGJÖF

MIÐASALA: www.midi.is og í Iðnó s. 562 9700

Landsbankinn

Landsbankinn er stoltur bakhjarl sýningarinnar.



Leikhópurinn Á senunni kynnir:

ÆVINTÝRIÐ UM AUGASTEIN

Sýnt í Tjarnarbíói Tjarnargötu 12.
Miðasala er hafin í síma 861 9535 og á senan@senan.is



mið. 14. des. kl. 10.00
fim. 15. des. kl. 10.00
lau. 17. des. kl. 17.00
sun. 18. des. kl. 14.00
sun. 18. des. kl. 16.00

ATH - AÐEINS ÞESSAR SÝNINGAR!

www.senan.is



Ekkert blað í morgun?

Hringdu í 550 5000 og láttu okkur vita.

FRÉTTABLAÐIÐ – stærsti fjölmiðillinn



HIMNARÍKI

Geðklofin gamanleikur eftir Árna Ibsen

24. sýn. 28. des.

HAFNARFJARÐAR LEIKHÚSIÐ

Miðapantanir í síma 555 2222 og á midi.is



ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

Þjóðleikhúsið – leikhúsið þitt!

STÓRA SVIÐIÐ KL. 20.00

KLAUFAR OG KÓNGSDÆTUR
Sun. 15/1 kl. 14:00, sun. 22/1 kl. 14:00.

EDITH PIAF 1915-2005 - söngdagskrá á afmælisdegi Piaf
Mán. 19/12 kl. 21:00 örfá sæti laus.

TÚSKILDINGSÓPERAN
**Frumsýning mán. 26/12 uppselt**, 2. sýn. þri. 27/12 **uppselt**, 3. sýn. mið. 28/12 örfá sæti laus, 4. sýn. fim. 29/12 örfá sæti laus. 5. sýn. fös. 30/12 örfá sæti laus.

SMÍÐAVERKSTÆÐIÐ KL. 20.00

ELDHÚS EFTIR MÁLI
**Frumsýn. fim. 29/12 uppselt**, fös. 30/12 örfá sæti laus, fös. 6/1, sun. 8/1.

LEIKHÚSLOFTIÐ/LEIKHÚSKJALLARINN

LEITIN AÐ JÓLUNUM
Lau. 17/12 kl. 13:00 **uppselt**, kl. 14:15 **uppselt** og kl. 15:30 **uppselt**, sun. 18/12 kl. 14:00 **uppselt** og kl. 16:00 **uppselt**, fim. 22/12 kl. 13:00 **uppselt**, mið. 28/12 kl. 13:00 **uppselt**, **aukasýning kl. 15:00** örfá sæti laus og kl. 17:00 **uppselt**.

LEIKHÚSKJALLARINN

Í kvöld fös. 16/12 **uppselt** og lau. 17/12 örfá sæti laus - Jólahlaðborð Leikhúskjallarans. Örn Árnason, Bjargræðiskvartettinn og Kjallarabandið skemmta gestum.
**Leikhúskjallarinn er opinn fyrir og eftir sýningar.**
Miðasala við innganginn. Upplýsingar um viðburði og borðapantanir í s. 585 1295. Húsið er opnað kl. 18:00 fös. og lau. Annars klukkustund fyrir viðburð.

MIÐASALA Á NETINU ALLAN SÓLARHRINGINN - WWW.LEIKHUSID.IS
AFGREIÐSLA ER OPIN FRÁ KL. 12:30-18:00 MÁN.-ÞRI. AÐRA DAGA KL. 12:30-20:00.
MIÐASÖLUSÍMI: 551 1200. SÍMAPANTANIR FRÁ KL. 10:00 VIRKA DAGA.



Ekkert jólastress, bara góður matur





Heineken

POTTURINN OG PANNAN
Vandaður veitingastaður

Opið 11.30 - 22.00 – Brautarholt 22 – 105 Reykjavík – Sími 551 1690 – www.potturinnogpannan.is

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

DESEMBER

13 14 15 **16** 17 18 19

### Föstudagur

### TÓNLEIKAR

17.00 Hljómsveitin **Úlpa** leikur í Smekkleysu plötubúð.

21.00 Reykvíska sveitin **Jan Mayen** kemur fram á stuttum tónleikum í Gallerí Humar eða frægð, Smekkleysu plötubúð, Laugavegi 59 með splunkunýjum og næstum því splunkunýjum bassaleikara.

23.00 Tuttugustu og sjöundu **Jólasöngvar kórs Langholtskirkju** verða haldnir í Langholtskirkju. Einsöngvarar í ár verða **Eivör Pálsdóttir, Garðar Thór Cortes** og **Ólöf Kolbrún Harðardóttir**. Stjórnandi er **Jón Stefánsson**.

23.00 Hljómsveitirnar **Úlpa** og **Worm is Green** leika á Grand Rokki.

Rokksveitirnar **Dimma** og **Nilfisk** fagna nýútkomnum geislaplötum sínum með sameiginlegum miðnætur-rokktónleikum á Gauknum.

### SKEMMTANIR

23.00 **Geirmundur Valtýsson** skemmtir á Kringlukránni.

### BÆKUR

12.15 **Þráinn Bertelsson** les úr spennusögu sinni, Valkyrjur, í bókasal Þjóðmenningarhússins í hádeginu. Súpa í boði á veitingastofunni.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.


SMÁAUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS

**Fréttablaðið er smáauglýsingablaðið**

FRÉTTABLAÐIÐ

– smáauglýsingar sem allir sjá

Classic ROCK SPORTBAR

Ármúli 5

**Létt Jólastemming alla helgina**
**Idoltilboð á barnum og boltinn í beinni**






ÖÐRUVÍSI VÍNARTÓNLEIKAR

**ÖÐRUVÍSI VÍNARTÓNLEIKAR – Kammersveitin Ísafold og Ágúst Ólafsson barítón flytja Vínartónlist í útsetningum eftir Schönberg og Webern.**
Sunnudaginn 8. jan. kl. 20

**ÖSKUBUSKA - La Cenerentola eftir ROSSINI**
**Frumsýning sun. 5. feb. kl. 20**
2. sýn. fös. 10. feb. kl. 20 – 3. sýn. sun. 12. feb. kl. 20 – 4. sýn. sun. 19. feb. kl. 20

**GJAFAKORT Í ÓPERUNA – jólagjöf sem gleður!** Verð við allra hæfi.

www.opera.is | opera@opera.is | **Sími: 511 4200**

Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga.
Símasala kl. 10-18 þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.

ÍSLENSKA ÓPERAN





**ÚTSALA ÚTSALA**
**50 – 70 % AFSLÁTTUR**
**Meiri verðlækkun**

| Dæmi um verð. | Áður. | Núna. |
|---|---|---|
| Rúllukragapeysa | 6.000.- | 2.900.- |
| Marglit peysa | 7.200.- | 2.900.- |
| Jakkapeysa | 6.200.- | 2.900.- |
| Flís-jakkapeysa | 5.300.- | 1.900.- |
| Blúndutoppur m/rós | 4.000.- | 1.900.- |
| Dömuskyrta | 4.900.- | 1.900.- |
| Ullarblaser | 6.600.- | 2.900.- |
| Gallajakki | 5.300.- | 2.500.- |
| Úlpa m/hettu og skinni | 5.800.- | 2.900.- |
| Mokkajakki | 10.800.- | 4.900.- |
| Pelsjakki | 7.900.- | 3.900.- |
| Kjóll m/perlum | 7.300.- | 2.900.- |
| Gallapils | 4.800.- | 1.900.- |
| Teinóttar buxur | 3.600.- | 1.800.- |
| Kvartbuxur | 4.700.- | 1.900.- |
| Gallabuxur | 5.400.- | 2.700.- |
| Leðurstígvél | 15.200.- | 4.900.- |
| Silfur sandalar | 5.400.- | 1.900.- |

Einnig fantaður á kr. 500.- og kr. 990.-
Og margt margt fleira

**Opið virka daga 10:00 – 18:00**
**og Laugardaga 10:00 – 16:00**

friendTex

Síðumúla 13 • 108 Reykjavík • Sími 568-2870










> Í SPILARANUM HJÁ RITSTJÓRNINNI

**KK og Ellen:** Jólin eru að koma, **Páll Rósinkranz:** Christmas Song, **Antony and the Johnsons:** I am a Bird Now, **Jim Noir:** Tower of Love og **Korn:** See You on the Other Side.

# tónlist

tonlist@frettabladid.is

## Gus Gus og Ghostigital starfa saman

Hljómsveitirnar Gus Gus og Ghostigital munu leiða hesta sína saman annað kvöld á tónleikum á Nasa.

Tilefnið er af tvennum toga. Annars vegar er Gus Gus að fara í samstarf við Smekkleysu og hins vegar ætlar Ghostigital að gefa út væntanlega plötu sína, In Cod We Trust, hjá Pineapple Records, sem er nýtt hljómplötufyrirtæki Gus Gus.

Gus Gus mun spila lög af væntanlegri plötu sinni Forever, sem mun einnig koma út á vegum Pineapple Records. Gus Gus endurhljóðblandaði nýverið lagið Not Clean með Ghostigital og mun það væntanlega líka fá að hljóma á Nasa annað kvöld.

Að sögn Birgis Arnar Thoroddsen úr Ghostigital kemur nýja platan út þann 3. mars bæði hér á landi og erlendis. Ghostigital tók nýverið upp lag með Bob Log III sem hélt tónleika hér á landi fyrir skömmu og ber Birgir Örn honum vel söguna. „Við fengum hann til að spila inn á lag með okkur sem er gert fyrir þýskan safndisk. Það var æðislegt að fá hann. Ég er búinn að dýrka hann í fimm ár og ég byrjaði eiginlega að hlusta á blús út af honum," segir Birgir.



**GHOSTIGITAL** Hljómsveit Birgis Arnar Thoroddsen og Einars Arnar Jónssonar spilar á Nasa í kvöld.

Hægt verður að fá lagið Not Clean á tónleikunum á morgun, sem hefjast klukkan 23.00. DJ Casanova mun leika listir sínar í upphafi og enda kvölds. Miðaverð er 1500 krónur við hurð en 1200 í forsölu, sem fer fram á Nasa.

> Plata vikunnar...



**AMPOP: MY DELUSIONS**

*„Þriðja plata Ampop er full af vönduðu poppi. Þetta er engin stuðplata en þeir sem vilja eitthvað þægilegt og gott skulu leggja við hlustir."*

FB

> popptextinn ...

*„One day I'll grow up*
*Be a beautiful woman*
*One day I'll grow up*
*Be a beautiful girl"*



Forsprakki Antony and the Johnsons vill verða kvenmaður í laginu For Today I Am a Boy af hinni stórgóðu plötu I Am a Bird Now.

## X-LISTINN

**TOPP 10 LISTI X-INS 977**

1. **DIKTA** SOMEONE, SOMEWHERE
2. **WHITE STRIPES** THE DENIAL TWIST
3. **QUEENS OF THE STONE AGE** BURN THE WITCH
4. **THE STROKES** JUICE BOX
5. **AMPOP** MY DELUSIONS
6. **WEEZER** PERFECT SITUATION
7. **FALL OUT BOY** SUGAR, WE´RE GOING DOWN
8. **SYSTEM OF A DOWN** HYPNOTIZE
9. **JAKOBÍNARÍNA** I'VE GOT A DATE WITH MY TELEVISION
10. **HARD-FI** LICING FOR THE WEEKEND



**DIKTA** Rokksveitin Dikta er í efsta sæti X-listans með nýtt lag af plötunni Hunting for Happiness.

## Frestar yfirlýsingum

Rapparinn Kanye West hefur frestað yfirlýsingum sínum um að plata hans, Late Registration, verði pottþétt valin plata ársins á Grammy-verðlaununum á næsta ári.

Hann segist enn eiga eftir að hlusta á nýjustu plötu Pauls McCartney, sem einnig er tilnefnd, og því geti hann ekki dæmt um það. Hann segir aftur á móti að platan sín sé miklu betri en hinar tilnefndu plöturnar með Mariah Carey, Gwen Stefani og U2. ■

# Finnegan fékk miðann til London

**Metalsveitin Finnegan spilaði í London Astoria í síðustu viku eftir að hafa unnið tónlistarkeppnina The Global Battle of the Bands hér heima.**

Metalsveitin Finnegan bar sigur úr býtum í hinni alþjóðlegu tónlistarkeppni The Global Battle of the Bands sem var haldin í Hellinum, tónleikasal Félags Tónlistarþróunarmiðstöðvarinnar á dögunum.

Sveitin komst aftur á móti ekki í eitt af sex efstu sætunum í lokakeppninni sem var haldin í hinni þekktu tónleikahöll, London Astoria, í síðustu viku. Þar tóku 24 hljómsveitir frá 24 löndum af öllum stærðum og gerðum þátt og varð írska hljómsveitin Kokpek! sigurvegari. Dómnefndin var m.a. skipuð Steve Lylliywhite, sem hefur tekið upp fyrir U2 og The Rolling Stones, Glen Matlock úr Sex Pistols og Kate Havnevik, sem hefur m.a. sungið með Royksopp og Moby. Sigurlaunin í keppninni hljóðuðu upp á tónleikaferð um heiminn og ávísun upp á 11 milljónir króna.

Hljómsveitin Finnegan er skipuð þeim Andra Ágústssyni söngvara, Arnari Hallbjörnssyni gítarleikara, Bjarka Atlasyni gítarleikara, Snæbirni Árnasyni bassaleikara og trommaranum Martin Jensen. Að sögn Andra fór Finnegan ekki almennilega í gang fyrr en í september á þessu ári. Fyrstu tónleikar hennar voru á undanúrslitakvöldinu í Hellinum og þeir þriðju voru einmitt í London Astoria. Sannarlega góður árangur fyrir svo reynslulitla sveit.

„Við vildum bara komast aðeins út úr æfingahúsnæðinu," segir Andri um þátttökuna í keppninni hér heima. „Við þurftum að spila bara tvö eða þrú lög og við höfðum ekkert mikið meira efni til að spila þannig að það hentaði mjög vel fyrir okkur."

Hann segir þá félaga síður en svo hafa átt von á að vinna keppnina. „Við bjuggumst ekki einu sinni við að vinna á fyrra kvöldinu. Það var svo mikið af góðum böndum þar og ég var með þrjú önnur bönd líkleg. Þetta kom allt saman mjög mikið á óvart," segir hann.

Að sögn Andra var frábært að taka þátt í lokakeppninni í London. „Það var mjög góð stemning á milli keppenda og það voru allir voða fínir vinir. Fólkið í salnum var dálítið að halda með hljómsveitunum frá Wales og Írlandi en það var samt ekki tekið illa í hin böndin. Það var rosalega skemmtilegt að fá að spila á sviði og mjög margir færir sem hafa spilað þar." Nefnir Andri að ein af uppáhaldssveitum Finnegan, Lamb of God, hafi einmitt spilað þar kvöldið áður.

Næst á dagskrá hjá Finnegan er að semja meira efni og taka upp. Næstu tónleikar verða síðan væntanlega eftir tvo til þrjá mánuði. Þá verður sveitin væntanlega reynslunni ríkari eftir ævintýrið í London Astoria.



**FINNEGAN** Metalsveitin Finnegan spilaði í hinni þekktu tónleikahöll London Astoria í síðustu viku.

## SMS

**UM NÝJUSTU PLÖTURNAR**

**Sign: Think God For Silence**
„A Little Bit er langbesta lag þessarar þriðju plötu Sign. Hin lögin eru flest hver lítt eftirminnileg og bara alls ekki nógu grípandi." FB

**Sveppi, Nylon, Jónsi, o.fl.: Jólaskraut**
„Jólaskrautið á örugglega eftir að koma fólki í réttu stemninguna mitt í allri jólaösinni. Friðrik Örn stendur upp úr en fast á hæla hans kemur Heiða. Sveppi hefði mátt missa sín." FB

**Svala: Bird of Freedom**
„Það er bjart yfir þessari nýjustu plötu Svölu. Um helmingur plötunnar er í fínu lagi og þar sannast að Svala er hæfileikaríkur tónlistarmaður." FB

**Hjálmar: Hjálmar**
„Allir Hjálmarnir komast vel frá sínu á þessari samnefndri plötu sveitarinnar en stjarna Sigurðar Guðmundssonar skín þó skærast. Frábær plata sem allir ættu að eiga í safni sínu." BG

**Írafár: Írafár**
„Samnefnd plata sveitarinnar er heilsteypt og fjölbreytt poppplata sem skartar öllu því besta sem Írafár hefur yfir að ráða í vopnabúri sínu." FGG

**Babyshambles: Down in Albion**
„Pete Doherty, mest pirrandi persóna slúðurfréttanna, mætti einbeita sér meira að því að búa til tónlist því hann er hæfileikaríkur andskoti. Frumraun Babyshambles er skítug og sveitt en hlaðin góðum melódíum og heiðarlegum textum." BÖS



AKG hljóðnemar frá kr. 3.600
AKG heyrnartól frá kr. 3.700


lexicon HEARD IN ALL THE RIGHT PLACES
Omega heimastúdíó sem tengist við heimilistölvu kr. 34.900

FOSTEX

Heimastúdíó m/40GB hörðum diski Verð frá kr. 52.500

Margar gerðir og stærðir! Soundcraft

4 rása Soundcraft mixer kr. 14.900

BESTU MERKIN Í BRANSANUM!

JBL Soundcraft AKG gemini lexicon DENON FOSTEX dbx crown

Mikið úrval af ljósum

Mini strobe kr. 2.500
Ljósashow kr. 7.900

- heill heimur af hljóði
HLJÓÐX
Grensásvegi 12 Sími 553 3050 www.hljodx.is

hausverk / SIA

# Jólagjöf til þín frá EJS

## Kauptu Dell Dimension fyrir jól og þú gætir fengið hana í jólagjöf!



Nú er rétti tíminn til að hressa upp á heimilistölvuna því ef þú kaupir Dell Dimension fyrir jól gætirðu fengið hana ókeypis. Við drögum í jólaleiknum okkar 17. og 24. desember og þá fá tveir heppnir viðskiptavinir tölvuna sína endurgreidda!

En jafnvel þó þú þurfir að borga færðu frábæra tölvu á hagstæðu verði, nýjustu örgjörva og íhluti og einstaklega vandaðan frágang. Veldu merki sem þú getur treyst og vertu með í jólaleik EJS!



### Dell Dimension 1100

- Intel Celeron D 325 2.53GHz/533Mhz FSB 256k
- 256MB 400MHz DDR vinnsluminni
- 80GB (7,200 rpm) IDE harður diskur
- 48x DVD/CD+RW Combo geislaskrifari
- 17" TFT flatskjár (Dell E173FP)
- Intel Extreme 2 skjástýring
- AC97, ADI 1980 hljóðkort
- Íslenskt lyklaborð & Logitech ljósamús
- XP Home, Microsoft Works og Dell Media Experience
- 1 árs ábyrgð, 2ja ára neytendaábyrgð

Tilboðsverð **79.900,-** m/vsk



### Dell Dimension 5150

- Intel Pentium 4 630 3.00GHz/2MB, 800MHz FSB & HT
- 512MB 400MHz DDR2 vinnsluminni
- 9-1 minniskortalesari (les öll algengustu minniskort)
- 160GB (7,200 rpm) SATA harður diskur
- 16x DVD+RW Dual Layer geislaskrifari
- 17" TFT flatskjár (Dell E173FP)
- 128MB ATI Radeon X300 SE skjákort
- Microsoft XP Home SP2
- Microsoft Works 7.0
- Dell Media Experience 3.0 Deluxe
- 1 árs ábyrgð, 2ja ára neytendaábyrgð

Tilboðsverð **119.900,-** m/vsk

Dregið 17. og 24. desember. Fjöldi aukavinninga. **Gleðileg jól!**

**Dell tölvur fást hjá EJS og eftirtöldum aðilum:**
R. SIGMUNDSSON / Reykjavík / 520 0000 • TÖLVUÞJÓNUSTAN Á AKRANESI / 575 9200 • TÖLVUÞJÓNUSTA VESTURLANDS / Borgarnesi / 437 2260 • MAREIND / Grundarfirði / 438 6611 • NETHEIMAR / Aðalstræti 27 / ÍSAFIRÐI 456-5006 • NETOS / Ísafirði / 456 8440 • BÓKAVERSLUN ÞÓRARINS STEFÁNSSONAR / Húsavík / 464 1234 • TÖLVUSMIÐJAN / Neskaupstað / 470 2230 / Egilsstöðum / 470 2220 • BVT / Vík / 487 1510 • TÖLVU- OG RAFEINDAÞJÓNUSTA SUÐURLANDS / Selfossi / 480 3300 • TÖLVUN / Vestmannaeyjum / 481 1122

Fiton/SÍA F1015658

DELL

**Það er til lausn á öllu**

www.ejs.is // Grensásvegi 10, Reykjavík / 563 3000 // Tryggvabraut 10, Akureyri / 463 3000

EJS

Opið 9–18 alla virka daga og 10–16 á laugardögum í verslun EJS, Grensásvegi 10



# Hlær að óléttunni

Leikkonan undurfagra Jennifer Aniston, sem nýlega skildi við leikarann Brad Pitt, hefur staðfastlega neitað sögusögnum um óléttu sem hafa nú gengið eins og eldur í sinu í slúðurblöðum vestra. Hún hefur undanfarið verið í tygjum við leikarann góðkunna, Vince Vaugn, og halda slúðurfjölmiðlar vestan hafs því fram að hún sé þegar orðin ófrísk eftir aðeins nokkurra mánaða samband. Leikkonan segir í viðtali við tímaritið Instyle að ekkert sé til í þessum sögusögnum. „Ef þessar eilífu sögusagnir væru sannar þá ætti ég tíu börn og væri búin að gifta mig fimm sinnum. Þegar þetta raunverulega gerist munuð þið fá að vita það, trúið mér.“ Hún viðurkennir einnig að það hafi tekið hana langan tíma að byrja að fara aftur á stefnumót. „Ég vaknaði í raun bara einn daginn og fann að ég var að svolitlu leyti að komast yfir þetta mikla áfall. Þá vissi ég að ég þyrfti að fara aftur að hitta annað fólk.“

allt bílar
Alla laugardaga




**HULDA DÖGG PROPPÉ 900 9001 SMS 1918 IDOL 1** Hin 26 ára gamla Hulda Dögg Proppé ætlar að flytja gamla Ray Charles slagarann Hit the road Jack. Hún er Reykvíkingur og sér sjálfa sig sigra heiminn eftir fimm ár. Henni þykir afar vænt um sængina sína sem Hulda segir vera sinn upppháldshlut.




**ALEXANDER ARON GUÐBJARTSSON 900 9002 SMS 1918 IDOL 2** Alexander Aron er 26 ára Reykvíkingur og ætlar að þenja raddböndin með lagi Hootie and the Blowfish, Let her Cry. Hann hræðist köngulær en finnst rauðu transant-skórnir vera eftirlætis skórnir sínir en fyrirmyndin í lífinu er mamma hans.




**ÍRIS HÓLM JÓNSDÓTTIR 900 9003 SMS 1918 IDOL 3** Það svífur Eurovisionandi yfir lagi Írísar Hólm en hún syngur lagið Hægt og hljótt sem Halla Margrét gerði frægt 1987. Íris er sextán ára og er úr Mosfellsbæ en hún lítur mikið upp til Óla frænda síns. Hún segist vera skelfilega hrædd við myrkrið.

# Jólahópur Idol - stjörnuleitar

Í kvöld stígur á sviðið síðasti Idol hópurinn fyrir jól. Í boði eru tvö laus sæti fyrir aðalkeppnina í Smáralindinni og nú fer hver að verða síðastur. Átta eru komnir í lokakeppnina og bíða spenntir eftir því að geta reynt með sér í beinni útsendingu. Að venju er það þjóðin sem hefur örlög keppenda í sínum höndum þó dómnefndinni gefist auðvitað tækifæri til að láta sína skoðun í ljós. Hana skipar að venju Einar Bárðarson, Bubbi Morthens, Sigríður Beinteinsdóttir og Páll Óskar Hjálmtýsson en kynnar eru hinir eiturhressu Jói og Simmi.




**TELMA BJÖRG KRISTINSDÓTTIR 900 9004 SMS 1918 IDOL 4** Telma Björg ætlar að flytja lagið Everytime en þessi 21 árs gamla Reykjavíkurmær á sér enga uppáhaldshljómsveit. Hana langaði til að verða barnaskurðlæknir en það varð að engu þegar í ljós kom að hún hafði óbeit á blóði.




**SVAVA ANNE SVEINSDÓTTIR 900 9005 SMS 1918 IDOL 5** Það er þjóðhátíðarbragur á lagi Svövu Anne sem syngur lagið Ég veit þú kemur í kvöld eftir Ása í bæ. Svava er 21 árs og er úr Reykjavík. Hún elska r kúrekastígavélin sín en hræðist mest að missa ástvin.




**SNORRI SNORRASON 900 9006 SMS 1918 IDOL 6** Snorri Snorrason kemur til með að flytja lagið Can't try hard enough en þessi 28 ára gamli Reykvíkingur hræðist mest konuna sína sem hann segir vera yfirnáttúrlega. Hannhefur alltaf dreymt um að vera rokkstjarna.




**GUÐRÚN LÁRA ALFREÐSDÓTTIR 900 9007 SMS 1918 IDOL 7** Guðrún Lára ætlar að reyna fyrir sér með lagi HLH flokksins Riddari götunnar. Guðrún Lára er 23 ára og er úr vesturbænum í Reykjavík, en hún segist vera sjúklega lofthrædd. Hún vill allra helst hitta Madonnu þar sem hún sé svo rosalegur töffari.






**HOT DAMN!** Rokkdúettinn Hot Damn! heldur tvenna útgáfutónleika á laugardag.

# Tvennir útgáfutónleikar

Rokkdúettinn Hot Damn! heldur tvenna útgáfutónleika í Kaffi Hljómalind á laugardag. Þeir fyrri hefjast klukkan 15.00 en hinir síðari klukkan 18.00.

Vegna anna hjá söngvaranum Jenna og félaga hans í Brain Police hefur gefist lítill tími til tónleikahalds hjá Hot Damn! upp á síðkastið. Þess vegna lá þessi laugardagur vel við höggi. Aðgangur á tónleikana er ókeypis auk þess sem plata þeirra, The Big´n Nasty Groove O´Mutha, verður á tilboðsverði.

nokian DEKK
PIRELLI

Jólagjöf NÚNA* frá Max1
Komdu strax!

Þú vilt ekki vera út og suður um jólin. Nú er vetur og allra veðra von. Stuðlaðu að áfallalausum akstri. Hugsaðu um þig og fjölskylduna. Vertu á góðum og vönduðum vetrardekkjum frá Max1 í vetur. Veldu gæði.



Komdu við á Max1, Bíldshöfða eða Breiðhöfða í Reykjavík eða Tryggvabraut á Akureyri, og kauptu fjögur ný vetrardekk á hagstæðu verði. Þú færð innifalið í verðinu umfelgun og jafnvægisstillingu. En ekki bara það: **Við færum þér líka veglega og flotta jólagjöf; öflugan 12V rafmagnsfelgulykil að verðmæti 6 þúsund krónur.*** Frábær í bílinn - eða bílskúrinn. Komdu strax og náðu í jólagjöfina þína! Ekki taka óþarfa áhættu. Stuðlaðu að öruggum akstri þínum og fjölskyldunnar í vetur.

* Meðan birgðir endast

*Þú færð flotta jólagjöf ef þú kaupir 4 ný vetrardekk hjá Max1 fyrir 17. desember nk.**

Rað- og léttgreiðslur

BRIMBORG / GCI ALMANNATENGSL - GREY COMMUNICATIONS INTERNATIONAL

**REYKJAVÍK - MAX1 BÍLAVAKTIN:**
**Bíldshöfða 8.** Símar 515 7097 og 515 7098. Opnunartími virka daga frá kl. 8-18
**Breiðhöfða 1.** Símar 515 7095 og 515 7096. Opnunartími virka daga frá kl. 8-18. Laugardaga 9-13 nema í júní, júlí og ágúst.
**AKUREYRI - MAX1 BÍLAVAKTIN:** Tryggvabraut 5. Sími 462 2700. Opnunartími virka daga frá kl. 8-18

Forðastu óþægindi.
Komdu með bílinn til okkar.
Skoðaðu: www.max1.is

MAX1 BÍLAVAKTIN

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Victoria Beckham er ekki ánægð með fimmtuga konu sem eltir David eiginmann hennar á röndum. Hún var búin að fá sig fullsadda af Önu Obregon um daginn og fór til hennar á nýlegum fótboltaleik og skammaði hana. „Af hverju ætti hann að hafa áhuga á gamalli kerlingu eins og þér?“ spurði hún Obregon og sagði henni einnig að fara og kaupa sér föt sem myndu henta hennar aldri betur en Obregon var klædd í stuttbuxur.



Fatasmekkur Madonnu sætir harðri gagnrýni frá dóttur hennar, sem skammast sín stundum fyrir klæðaburð móður sinnar. „Dóttir mín er afar gagnrýnin. Stundum er hún algjörlega mótfallin því sem ég klæðist, hún vill ekki að ég klæði mig skringilega og segir við mig: „Engin íþróttaföt, takk.“,“ segir Madonna. „Það nýjasta er að hún spyr mig í sífellu af hverju ég geti ekki bara klætt mig eins og venjulegar mæður. Sonur minn hins vegar segir mér alltaf að ég sé falleg, hvernig sem ég er,“ sagði hún um fimm ára son sinn Rocco.



Sögusagnir þess eðlis að Elisha Cuthbert sé hætt með Trace Ayala hafa sprottið upp og er talið að þau hafi slitið trúlofuninni. Cuthbert hefur víst kelað með hokkístjörnunni Sean Avery. Ayala bað hennar í fyrra en parið hefur ekki sést saman í marga mánuði og Cuthbert er hætt að ganga með trúlofunarhringinn. Spurður um málið sagði Ayala: „Ég mun alltaf elska hana svo að hvað svo sem gerist, gerist. Það er svo mikið að gera hjá okkur þessa dagana.“



Söngkonan Joss Stone neyddist til að yfirgefa sviðið þegar hún söng á tónleikum í Manchester nýlega, vegna þess að eldur braust út á salernum staðarins. Tónleikarnir töfðust töluvert og þurfti að tæma staðinn á meðan slökkviliðið réð niðurlögum eldsins. Þegar Joss kom til baka á sviðið sagði hún einfaldlega, „Ahh, fyrirgefið þetta..... jæja, eruði tilbúin?!“



Fyrrverandi eiturlyfjasali rokkarans Petes Doherty hefur hvatt hann til að fara í alnæmispróf eftir að hann greindist sjálfur með sjúkdóminn. Owen O'Dwyer segir þá félaga oft hafa sprautað sig saman og þó þeir hafi aldrei notað sömu sprautuna hafi þeir geymt þær í sama glasi. „Ég er dauðhræddur um að Pete sé með alnæmi. Ég er svo hræddur um að blóð á nálunum hafi blandast saman,“ sagði hann skelkaður.



Rapparinn Kanye West vonar að nýjasta platan, Late Registration, verði valin plata ársins á næstu Grammy-verðlaunahátíð vegna þess að þá kemst hann í sögubækurnar. „Platan er mjög mikilvæg, ekki bara vegna þess að sala á henni gekk vel í fyrra heldur vegna þess að eftir tíu ár mun fólk líta til baka og sjá hvað hún gerði mikið fyrir rappheiminn,“ sagði hinn hógværi Kanye. „Þetta yrði fyrsta rappplatan sem myndi hljóta verðlaun sem plata ársins,“ segir hann.

## HELGIN MÍN: PÁLL RÓSINKRANS

# *Háannatími tónlistarmannsins*

„Ég er að fara á jólahlaðborð á Broadway að horfa á hann Björgvin vin minn. Þar verða fleiri vinir mínir að spila með honum þarna svo það verður gaman að fylgjast með þessu,“ segir Páll Rósinkrans söngvari sem gefur út plötuna Christmas songs þessi jólin og eins og nafnið gefur til kynna eru þarna klassísk jólalög á ensku á ferðinni.

„Svo er ég að fara að árita plötuna mína í Kringlunni og Smáralind og verð eitthvað að stússast í því bæði á morgun og á sunnudaginn. Auk þess er ég að fara að koma fram ásamt Agli Ólafssyni, Bergþóri Pálssyni og Garðari Cortes í Fríkirkjunni þar sem við höldum tónleika til styrktar Reykjalundi. Svo það er nóg að gera hjá mér,“ segir Páll Rósinkrans og viðurkennir að þetta sé alls ekki í fyrsta sinn sem jólin séu svo þétt setin hjá honum. „Já það er alveg ljóst að þetta er algjörlega háannatími tónlistarmannsins, það verður að segjast. Það þekkja þetta allir sem eru í tónlistarbransanum, jólin eru alls enginn afslöppunartími frekar en hjá öðrum.

Þegar Páll er beðinn um að lýsa hinni fullkomnu helgi segir hann: „Ef ég ætti að lýsa minni fullkomnu helgi þá myndi ég segja að hún einkenndist einfaldlega af friði og ró í heimahúsum og svo væri alls ekki verra ef góð steik í vinahópi fylgdi með.“



PÁLL RÓSINKRANS


# Nokia styður EDGE

Nýverið tilkynntu bæði farsímafyrirtækin á Íslandi að þau væru búin að virkja EDGE gagnatengingu fyrir farsíma.

EDGE gagnatenging er bylting og þýðir í raun að nú er það raunhæfur valkostur að skoða vefsíður í farsímanum þar sem hraðinn er stóraukinn, en ekki síst vegna þess að líkt og með GPRS og ADSL tengingu, þá greiðir þú ekki fyrir tímann sem þú ert tengdur, eingöngu fyrir niðurhal. Afkastageta EDGE er 3 – 10 sinnum meiri en GPRS.

EDGE fyrir farsíma má auðveldlega líkja við þá byltingu sem varð þegar ADSL tók við af venjulegu 56K innhringimódemi fyrir tölvur. EDGE gagnatenging nýtist mjög vel öllum sem senda og/eða móttaka MMS myndskilaboð sem og þeim sem þurfa að nota farsímann sem módem fyrir tölvu.

Nokia símar sem styðja EDGE gagnatengingu:




Þessu til viðbótar munu nær allir nýjir Nokia símar styðja EDGE

NOKIA
CONNECTING PEOPLE

www.nokia.is

# Stjörnurnar fíla Dior

Þær voru margar stjörnurnar sem létu sjá sig í kynningarhófi fyrir nýjasta armbandsúrið sem tískuhúsið Christian Dior kynnti til sögunnar á dögunum. Úrið er hannað af John Galliano og nefnist Dior Christal, enda virðist það vera alsett dýrindis kristöllum. Meðal þeirra úr þotuliði Hollywood sem létu sjá sig voru hjónin Courteney og David Arquette, Lisa Kudrow, Eliza Cuthbert, Eva Mendes, Charlize Theron og nýstirnið Ginnifer Goodwin, sem fer á kostum í myndinni Walk the Line þar sem hún leikur fyrstu eiginkonu Johnny Cash.

Allar voru stjörnurnar í sínu fínasta pússi enda ekki annað hægt þegar kemur að einhverju sem tengist Christian Dior.



**JOY BRYANT** Hún er frekar ný í Hollywood en hefur þó leikið í myndum eins og Skeleton Key og Spider Man 2.



**ELISHA CUTHBERT** Þessi stjarna er sennilega þekktust fyrir leik sinn í þáttunum 24.



**CHARLIZE THERON** Hún var virkilega elegant í svörtu og hvítu.



**ANGIE HARMON** Hún hefur meðal annars leikið í Law and Order þáttunum og var í fallegum blómakjól.



**EMMY ROSSUM** Þessi unga leikkona er alltaf jafn skínandi falleg og mætti í þessum vínrauða kjól í kynningarhófið.



**ESTELLA WARREN** Hún var glæsileg í kynningarhófinu en hún hefur meðal annars leikið í myndinni Planet of the Apes.





| 16. DESEMBER | | 17. DESEMBER | | 18. DESEMBER | |
|---|---|---|---|---|---|
| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | KL. 2-4-6-8-10 | SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | KL. 12-2-4-6-8-10 | SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | KL. 12-2-4-6-8-10 |
| ÁLFABAKKI LÚXUS VIP | KL. 2-6-10 | ÁLFABAKKI LÚXUS VIP | KL. 2-6-10 | ÁLFABAKKI LÚXUS VIP | KL. 2-6-10 |
| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI | KL. 4.20-8-11.40 | SAMBÍÓIN KRINGLUNNI | KL. 2-4.20-8-11.40 | SAMBÍÓIN KRINGLUNNI | KL. 2-4.20-8-11.40 |
| SAMBÍÓIN KEFLAVÍK | KL. 5.30-9 | SAMBÍÓIN KEFLAVÍK | KL. 2-5.30-9 | SAMBÍÓIN KEFLAVÍK | KL. 2-5.30-9 |
| SAMBÍÓIN AKUREYRI | KL. 5.30-9 | SAMBÍÓIN AKUREYRI | KL. 2-5.30-9 | SAMBÍÓIN AKUREYRI | KL. 2-5.30-9 |
| HÁSKÓLABÍÓ | KL. 5-7-9-11 | HÁSKÓLABÍÓ | KL. 2.45-5-7-9-11 | HÁSKÓLABÍÓ | KL. 2.45-5-7-9-11 |
| LAUGARÁSBÍÓ | KL. 2-4-6-8-10 | LAUGARÁSBÍÓ | KL. 2-4-6-8-10 | LAUGARÁSBÍÓ | KL. 2-4-6-8-10 |
| SELFOSSBÍÓ | KL. 5.30-9 | SELFOSSBÍÓ | KL. 3.30-7-10.30 | SELFOSSBÍÓ | KL. 3.30-7-10.30 |

# Skáld og faðir rappsins

„Krakkarnir útveguðu staðinn, þröngt mega sáttir sitja og svo framvegis,“ segir Eyvindur Eiríksson, sem hélt upp á sjötugs afmæli sitt á Thorvaldsen á þriðjudagskvöld. Húsfyllir var og lásu margir gestanna upp kveðskap, enda má segja að þarna hafið verið að finna nokkurs konar þverskurð af ritlistarmönnum þjóðarinnar. Meðal þeirra yngstu voru sonur Eyvinds, Erpur, sem rappaði gamla manninum til heiðurs, og barnabarn hans Særós Mist sem dansaði magadans. Einnig voru önnur skáld sem hafa látið að sér kveða undanfarið, eins og Birgitta Jónsdóttir, Kristjón Kormákur og Kristian Guttesen. Meðal eldri listamanna voru Þorsteinn frá Hamri, sem er rúmum tveimur árum yngri en Eyvindur, og Ketill Larsen, sem er tveimur árum eldri. „Við Þorsteinn frá Hamri höfum þekkst síðan við vorum tæplega tvítugir. Ég kynntist honum og mönnum eins og Degi Sigurðssyni, Elíasi Mar og Einari Ólafssyni, gömlum baráttufélaga og herstöðvaandstæðingi, þegar ég kom hingað suður til að vinna á sumrin sextán ára gamall. Við stunduðum stað sem hét Laugavegur 11 og er þar sem Ítalía er nú. Þarna voru menntaskólakrakkar, skáld og hommar samankomin, þetta var góð blanda.“

Eyvindur stundaði nám við Menntaskólann á Akureyri á þessum tíma en varð seinna lektor í íslensku og kenndi í Finnland og í Danmörku. Síðan þá hefur hann einkum fengist við ritstörf. „Ég kom seint inn og byrjaði í raun fyrst að skrifa þegar ég kom heim frá Danmörku árið 1988. Ég gaf síðast út bókina Örfok sem er innlegg í kynjaumræðuna. Ég tók þátt í mótmælum með rauðsokkum á sínum tíma og fannst það þarft, en nú er eins og allir karlmenn séu stimplaðir ofbeldismenn. Það er einhver amerísk hystería hlaupin í þetta.“ Eyvindur skrifaði einnig einleikinn „Píanókonsert nr. 1 eftir Tsjækovskí“ sem settur var upp á Ísafirði síðasta sumar. „Ég er alltaf að skrifa eitthvað. Ég er að vinna í þremur bókum núna. Ég setti upp sjö ára áætlun fyrir tveimur árum síðan þegar ég fann að ég var farinn að eldast og á því fimm ár eftir af henni, en maður getur ekki verið viss um góða heilsu eftir 75 ára aldur. Ein af þessum bókum er framtíðarsaga sem gengur illa að fá útgefna þar sem hún er fremur pólitísk, og önnur ber vinnuheitið „Water“ sem verður líklega minn svanasöngur.“

Eyvindur las einnig upp sjálfur á afmæliskvöldinu: „Ég raulaði finnskan tangó og kvað stemmur.“ Gjafir fékk hann líka, eins og vera ber. „Guðjón Kristinsson höggmyndalistamaður, sem á mikið safn af öxum, gaf mér Mímishöfuð úr rekavið.“ Eyvindur ber titilinn Vestfjarðagoði. „Mímir var jötunn en samt vitrastur allra. Það er ekkert algott né vont, sem er kannski kjarninn í heimsmynd okkar ásatrúarmanna.“ Líklegt er að Mímishöfuðið muni dvelja á Vestfjörðum. „Ég er að byggja bátaskemmu fyrir vestan og mun líklega geyma það þar. Ég er helst hræddur við að svona glæsilegum Mími verði stolið, þó hann sé sjálfsagt rammgöldróttur.“


**EYVINDUR EIRÍKSSON**


**ERPUR OG GUNNVÖR RÓSA** Börn Eyvindar.


**DIDDA SKÁLDKONA OG GRO TOVE NORSKULEKTOR**


Líkamsrækt í Markinu

KETTLER

10.000 kr. afmælisafsláttur
af hlaupabrettum.
+ 5% staðgr. afsláttur.





Gott úrval gæðatækja og góð þjónusta
• ÞREKHJÓL • FJÖLÞJÁLFAR • HLAUPABÖND
• RÓÐRAVÉLAR • TRAMPÓLÍN • MAGAÞJÁLFAR
• ÆFINGASETT • BEKKIR • LÓÐ • DÝNUR

25 ÁRA 1980 - 2005

- taktu mark á sérfræðingum

MARKIÐ

www.markid.is • Sími: 553 5320 • Ármúla 40

hausverk / SÍA

REGATTA GREAT OUTDOORS TM



OPIÐ UM HELGINA

virka daga 10 – 18
laugard. 10 – 22
sunnud. 13 – 17

ÚTIVIST&SPORT

verslanir / hópa- og fyrirtækjaþjónusta

Reykjavík Faxafen 12 S. 533-1550
Akureyri Strandgata 3 S. 464-4450
Keflavík Hafnargata 25 S. 421-3322
Ísafjörður Hafnarbúðin S. 456-3245.
Reyðarfjörður Molinn S. 474-1400.
Höfn H. Hafnarbraut 34 S. 478-2216

BYKO
ÚTSALA
Allt að
50
afsláttur
af öllu jólaskrauti


%
OPIÐ TIL
22:00
öll kvöld til jóla
í BYKO Breidd,
Glerártorgi á Akureyri
& Selfossi
BYKO
BYGGIR MEÐ ÞÉR











# Falinn gullmoli

[UMFJÖLLUN]

TÓNLIST

Nú styttist í lista yfir bestu plötur ársins og því er ráð að grafa vel inn í bunkann á skrifborðinu í von um að finna einhverja falda gullmola.

Sons and Daughters er án efa einn slíkur. Þetta er ruddaleg og svöl indírokksveit frá Glasgow, Skotlandi, og hljómar eins og sjálfur Nick Cave hafi lánað þeim undirleikssveit sína. Tónlistin hefur sterka vísun í blús og breska þjóðlagatónlist. Lögin gætu verið keyrð áfram á björgðum gítar einum saman, má yfirleitt heyra mandólínleikara gefa undirtóninn. Hetja sveitarinnar er þó trommuleikarinn. Hann gerir flókna takta á einfaldan hátt og veit nákvæmlega hvenær hann á að vera þögull og hvenær hann á að berja á bumburnar eins og hann sé að hræða burt Satan sjálfan.

Sons and Daughters eiga líka töluvert skylt með Arab Strap, því einn liðsmaður þessarar sveitar hefur spilað inn á breiðskífur þeirra. Tveir aðrir hafa líka samið lög sem Arab Strap hefur svo sett á breiðskífur sínar.

Textarnir minna líka á Nick Cave eða Johnny Cash. Í þeim fremja Skotarnir morð eins og í hinu frábæra Rama Lama. Þetta er ein af þessum plötum þar sem ekki eitt einasta lag er á plötunni bara til þess að sparsla upp í eyður. Hvert einasta lag lifir sjálfstæðu lífi og stendur eitt og sér. Það eru greinilega frábærir lagahöfundar hér innanborðs.

Harður skoskur hreimur söngvaranna tveggja, Adele Bethel og Scotts Paterson, er stórkostleg viðbót og gefur tónlistinni enn meiri hreðjar. Þetta yrði fullkomin í tónlist fyrir breska kvikmynd sem fjallar um morð á hverfispöbbnum.

Þó að þið hafið aldrei heyrt um þessa sveit áður og hún kannski ekki spiluð í útvarpinu, þýðir ekki að hún sé ekki góð. Þetta er algjör gullmoli, falinn undir botnleðjunni á botni árinnar. Þið þurfið bara að dýfa höndunum ofan í, þreifa fyrir ykkur í smá stund og sækja hann. **Birgir Örn Steinarsson**




**SONS AND DAUGHTERS: THE REPULSION BOX**

NIÐURSTAÐA:

**Skoska** sveitin Sons and Daughters skýst fram á sjónarsviðið með fersku blús-indí-þjóðagarokki sem myndi gera Nick Cave stoltan.








**NYLON** Stúlknasveitin Nylon heldur til Bretlands í janúar á næsta ári.

# Nylon til Bretlands

Nylon-flokkurinn fer að öllum líkindum til Bretlands í kringum 20. janúar á næsta ári. Umboðsmaður sveitarinnar, Martin O´Shea, hefur verið önnum kafinn undanfarið við að undirbúa komu stúlknanna og m.a. er verið að leita að íbúð fyrir þær.

Í mars fer Nylon í tónleikaferð um Bretland. Mun sveitin m.a. spila í London, Glasgow, Liverpool og Manchester. Nylon hefur þegar tekið upp 17 lög á ensku sem gefa á út í Bretlandi.




# Þrjár milljónir sáu U2

Tónleikaferð írsku rokksveitarinnar U2, Vertigo, var sú vinsælasta á árinu 2005 samkvæmt tölum frá bandaríska tímaritinu Billboard. Rúmlega þrjár milljónir manna sáu sveitina spila á nítíu tónleikum víðsvegar um heiminn. Halaði U2 inn hvorki meira né minna en rúma sextán milljarða króna. Tónleikar sveitarinnar í heimaborg sinni Dublin í júní höluðu inn rúma 1,3 milljarða og drógu til sín tæplega 247 þúsund aðdáendur.

Bandaríska hljómsveitin The Eagles, sem var stofnuð árið 1972, spilaði á 77 tónleikum á árinu og þénaði rúma 7,2 milljarða en Neil Diamond, sem var í þriðja sæti, fékk um 4,4 milljarða.

Kántrístjarnan Kenny Chesney kom næst á eftir með tæpa fjóra milljarða en rúmlega 1,1 milljón manns fór á tónleikana hans, sem er næstmest á eftir U2. Í fimmta sæti kom síðan Bítillinn fyrrverandi, Paul McCartney, sem halaði inn rúma 3,7 milljarða.

The Rolling Stones, sem er að ljúka A Bigger Bang-tónleikaferð sinni um Bandaríkin, er ekki með á listanum vegna þess að tölur frá þeirri ferð eru ekki tilbúnar.



**U2** Alls sáu rúmar þrjár milljónir manna tónleika U2 á árinu.

**TEKJUHÆSTU TÓNLEIKAFERÐIRNAR**

| | |
|---|---|
| 1 | U2 |
| 2 | The Eagles |
| 3 | Neil Diamond |
| 5 | Kenny Chesney |
| 6 | Paul McCartney |
| 7 | Rod Stewart |
| 8 | Elton John |
| 9 | Dave Matthews Band |
| 10 | Jimmy Buffet |
| 11 | Green Day |

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Leikkonan Jennifer Aniston ætlar að taka sér frí frá leiklistinni til að kynnast betur grískum rótum sínum. Fjölskyldunafn Aniston er Anastassakis en faðir hennar fæddist á Krít. Þangað vill Aniston fara sem allra fyrst. „Ég bjó þar í eitt ár þegar ég var fimm og sex ára. Það væri mjög hressandi fyrir mig að komast aðeins í burtu,“ sagði Aniston, sem skildi við Brad Pitt fyrr á árinu.



Josh Hartnett mun fara með aðalhlutverkið í kvikmyndinni Texas Lullaby sem er nútímaútgáfa af leikriti Shakespeares, Hamlet. Myndin gerist á seinni hluta níunda áratugarins og fjallar um ungan mann sem reynir að átta sig á því hvers vegna faðir hans dó. Með önnur hlutverk fara John Malkovich, Ellen Barkin, Tom Waits og Alison Lohman.





## Ekki hættir að versla

Keflavík ætlar að bæta við sig varnarmanni og jafnvel miðjumanni fyrir næsta sumar og munu þeir koma erlendis frá að því er Rúnar Arnarson, formaður knattspyrnudeildar, segir. Ungur Færeyingur sem var á reynslu hjá félaginu gæti verið á leiðinni en litlar líkur eru á að Zoran Ljubicic spili.

**sport**

sport@frettabladid.is

ÍSLENSKA LANDSLIÐIÐ Í HANDBOLTA: SIGURÐUR EGGERTSSON EINI NÝLIÐINN

# *Spurning um að meiðast á réttum tíma*



Það er einn nýliði í landsliðshópi Viggós Sigurðssonar sem fer á EM í Sviss í janúar. Það er Valsarinn og líffræðingurinn Sigurður Eggertsson sem fór á kostum með Val í upphafi leiktíðar en hann meiddist síðan, var frá í tvo mánuði og er nýbyrjaður að spila á nýjan leik.

„Þetta er allt spurning um að vera meiddur á réttum tíma," sagði Sigurður í léttum tóni en nokkrir leikmenn sem að öllu jöfnu hefðu átt öruggt sæti í hópnum eru meiddir og komast ekki með. Þar með opnaðist hliðið fyrir Sigurð. „Ég gerði mér vonir um sæti í hópnum þegar Markús og Logi meiddust. Engu að síður var mér nokkuð brugðið þegar Viggó hringdi í mig og sagði mér að ég væri í hópnum. Ég fór alveg úr sambandi og gat ekkert lært allan daginn."

Sigurður, sem er uppalinn Valsari og sonur Eggerts Þorleifssonar leikara, hefur yljað íslenskum handknattleiksáhugamönnum síðustu ár með leikni sinni og hraða en hann er leikmaður sem erfitt er að eiga við enda með snöggar hreyfingar og þá sjaldan hann er stöðvaður er andstæðingurinn rekinn af velli með tveggja mínútna brottvísun á bakinu.

„Sigurður er leikmaður með einstaka hæfileika sem getur spilað hvar sem er. Hann getur leyst vinstra hornið sem og fyrir utan," sagði Viggó Sigurðsson landsliðsþjálfari á blaðamannafundi í gær. „Það er auðvitað ákveðin áhætta að velja nýliða en ég vel aðeins menn sem ég treysti alveg fullkomlega. Hann er orðinn heill og getur orðið jóker fyrir okkar lið á mótinu."

## > Hans áfram hjá Fram



Danski miðjumaðurinn Hans Mathiesen verður áfram í herbúðum Fram en hann skrifaði í gær undir þriggja ára samning við félagið. Þessi ákvörðun Mathiesens kemur nokkuð á óvart enda var hann einnig með tilboð frá liðum í Landsbankadeildinni sem og í Danmörku. Fram er kannski ekki eins illa statt fjárhagslega og margur hélt.












# Gríðarlega öflugur hópur

**Einn nýliði er í 15 manna landsliðshópi Viggós Sigurðssonar fyrir lokakeppni EM í handbolta sem hann tilkynnti í gær. Landsliðsþjálfarinn kveðst hafa öflugan hóp í höndunum og er mjög bjartsýnn á gott gengi á EM.**

**HANDBOLTI** Sigurður Eggertsson, 23 ára leikmaður Vals, er eini nýliðinn í 15 manna hópi íslenska landsliðsins sem fara mun á Evrópumótið í Sviss sem hefst í lok næsta mánaðar, en Viggó Sigurðsson landsliðsþjálfari tilkynnti val sitt í gær. Hann heldur einu sæti opnu fyrir sextánda leikmanninn sem hann ætlar að velja milli jóla og nýárs.

„Ég tel að það sé ekki óskynsamlegt að halda einu sæti þar sem það er mikið álag á mörgum af leikmönnum okkar næstu vikur og það er alltaf hætta á þeir lendi í meiðslum. Auk þess getur þetta virkað sem hvatning fyrir þá leikmenn sem eru inni í myndinni hjá mér um að leggja enn meira á sig," sagði Viggó, aðspurður um ástæður þess að hann kaus að skilja eitt sæti eftir opið.

Fyrir utan Sigurð er fátt sem kemur á óvart í val Viggós en einna mesta athygli vekur að Ásgeir Örn Hallgrímsson er enn úti í kuldanum og segir Viggó að hann muni líklega ekki hreppa þetta síðasta sæti. „Það eru frekar minni líkur en meiri," sagði Viggó og útilokaði um leið Vilhjálm Halldórsson, leikmann Skjern, sem kemur ekki til greina að þessu sinni. Líklegast þykir að valið standi á milli Baldvins Þorsteinssonar hjá Val og Heimis Arnar Árnasonar hjá Fylki þar sem sá fyrrnefndi er þó af flestum talinn líklegri til að hreppa hnossið. Logi Geirsson og Markús Máni Mikaelsson hafa þegar verið útilokaðir frá þátttöku á mótinu vegna meiðsla og segir Viggó það vera mikið áfall.

Markvörðurinn Roland Eradze hjá Stjörnunni kemur aftur inn í liðið á ný og er einn þriggja markvarða. Að sögn Viggós munu hann og Hreiðar Guðmundsson verða Birki Ívari Guðmundssyni til halds og trausts en Haukamaðurinn er fyrsti kosturinn í markið. „Birkir Ívar er númer eitt en það er mjög gott að hafa mann eins og Roland til taks, hann er gífurlega reyndur og við vitum vel hvað hann getur," segir Viggó.

Evrópumótið í Sviss er áttunda stórmótið í röð þar sem Ísland er á meðal þátttökuþjóða og kveðst Viggó vera mjög bjartsýnn á gott gengi. „Ég tel að þetta sé gríðarlega öflugur landsliðshópur og við erum mjög vel mannaðir í öllum stöðum. Ég er mjög bjartsýnn og geri mér góðar vonir um gott gengi," segir Viggó sem hefur þó enn ekki sett sér nein yfirlýst markmið. „Við erum í öflugum riðli og fyrsta markmið er klárlega að fara upp úr honum. Síðan sjáum við til eftir það."

vignir@frettabladid.is



**VIGGÓ SIGURÐSSON** Heldur einu sæti opnu þar sem mikið álag er á leikmönnum í desember og svo gæti farið að leikmenn myndu lenda í meiðslum. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

**LANDSLIÐSHÓPURINN**

| Nafn | Félag | Hæð (cm) | Þyngd (kg) | Landsl./Mörk |
|---|---|---|---|---|
| **MARKMENN** | | | | |
| Roland Valur Eradze | Stjarnan | 191 | 89 | 41/0 |
| **Birkir Í. Guðmundsson** | **Haukar** | **192** | **93** | **80/0** |
| Hreiðar Guðmundsson | KA | 196 | 96 | 16/0 |
| **ÚTILEIKMENN** | | | | |
| Vignir Svavarsson | Skjern | 196 | 96 | 16/0 |
| **Sigurður Eggertsson** | **Valur** | **178** | **80** | **0/0** |
| Sigfús Sigurðsson | Madgeburg | 198 | 114 | 94/253 |
| **Arnór Atlason** | **Madgeburg** | **191** | **91** | **22/34** |
| Guðjón Valur Sigurðsson | Gummersbach | 187 | 83 | 141/578 |
| **Snorri Guðjónsson** | **Minden** | **187** | **86** | **71/155** |
| Ólafur Stefánsson | Ciudad Real | 196 | 94 | 219/1029 |
| **Einar Hólmgeirsson** | **Grosswallstadt** | **190** | **100** | **43/150** |
| Þórir Ólafsson | Tus. Lubecke | 185 | 75 | 18/39 |
| **Alexander Peterson** | **Grosswallstadt** | **186** | **94** | **23/85** |
| Jalesky Garcia | Göppingen | 194 | 100 | 40/138 |
| **Róbert Gunnarsson** | **Gummersbach** | **190** | **100** | **66/222** |

Liverpool komst í úrslitaleik HM félagsliða í gær:

# Ekki fengið á sig mark ellefu leiki í röð

**FÓTBOLTI** Liverpool setti félagsmet í gær, þegar lagði lagði Deportivo Saprissa 3-0 á heimsmeistaramóti félagsliða í Japan, en þetta var ellefti leikurinn í röð sem Liverpool leikur án þess að fá á sig mark.Peter Crouch skoraði fyrsta mark leiksins á þriðju mínútu leiksins en fyrirliðinn Steven Gerrard bætti öðru marki skömmu síðar, og staðan því 2-0 í hálfleik Liverpool í vil. Peter Crouch bætti svo þriðja markinu við í seinni hálfleik.

Rafael Benitez, knattspyrnustjóri Liverpool, var ánægður með sigurinn en sagði leikmönnum sínum að koma sér fljótt niður á jörðina.

„Þetta voru góð mörk hjá Crouch og Gerrard og það var mikilvægt að halda markinu hreinu. En við ætlum okkur að vinna þessa keppni og nú erum við bara 90 mínútum frá því að vinna hana. Ég er sannfærður um að að við getum unnið keppnina," sagði Spánverjinn Benitez en Liverpool mætir Sao Paolo frá Brasilíu í úrslitum mótsins á sunnudaginn, en leikurinn verður í beinni útsendingu á Sýn.



**PETER CROUCH** Crouch lék vel í gær og skoraði tvö mörk fyrir Liverpool og virðist í góðu formi þessa dagana. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

# Jólatilboð aldarinnar

## 1 Þú kaupir Medion 40" LCD sjónvarp eða Medion 42" plasmasjónvarp...

40" LCDsjónvarp

HDTV READY

VAR AÐ LENDA

19.999**

Á MÁNUÐI Í 12 MÁNUÐI VAXTALAUST

239.988 STAÐGREITT

MEDION®

**40" LCD SJÓNVARP** 30140

- HD Ready LCD sjónvarp
- Upplausn 1366 x 768
- 1000:1 í Skerpu
- Birta 500cd/m2
- Mynd í Mynd (PIP)
- Textavarp með 2100 síðna minni
- Styður PAL/SECAM/NTSC
- 2 x 10W RMS hátalarar innbyggðir
- 2x SCART, Composite og S-Video
- DVI-I tengi fyrir tölvur og HD efni
- Fullur HDCP stuðningur fyrir HD útsendingu

**Mynd í mynd**
Hægt að sjá hvað er í gangi í sjónvarpinu á meðan þú horfir á DVD eða eitthvað annað

**HD Ready**
Styður næstu kynslóð af BlueRay og HD-DVD spilurum sem verða með mun meiri upplausn og skýrari mynd.

**Tengdu við tölvuna**
Stafrænt tölvutengi svo þú getur notað sjónvarpið sem risatölvuskjá! Gerist ekki betra fyrir nýjustu leikina!

**Ótal tengimöguleikar**
Tvö Scart tengi, Component tengi og S-Video tengi þýðir að þú getur tengt nóg af græjum við án þess að lenda í vandræðum.

**Skýrari mynd**
Venjuleg sjónvörp eru með 640 x 480 upplausn. Medion 40" LCD getur sýnt 1366 x 768 línur eða þrefalt skýrari mynd en gamla tæknin ræður við.

42" Plasmasjónvarp

HDTV READY

Skerpa 10.000:1

40% skýrari mynd*

15.799**

Á MÁNUÐI Í 12 MÁNUÐI VAXTALAUST

189.588 STAÐGREITT

MEDION®

Glerstandur!

**42" Plasmasjónvarp** MD35798

- Mynd í Mynd (PIP)
- Tveir sjónvarpsmóttakarar
- Mikil skerpa, 10000:1
- Birta 1000cd/m2
- Textavarp með 2100 síðna minni
- HDTV stuðningur, 720p, 1080i
- HDCP stuðningur
- Innbyggðir víðóma hátalarar
- Vönduð ál yfirbygging
- Styður PAL/NTSC/SECAM
- DVI-I tengi sem styður VGA og DVI búnað
- 2 EURO SCART tengi
- Composite video tengi (RCA)
- S-Video tengi (MINI DIN)
- Þyngd án stands: 38kg

**Miklir tengimöguleikar**
2 SCART tengi og S-Video tengi sem gera þér kleift að tengja sjónvarpið við tölvu og nota sem RISAstóran tölvuskjá ásamt mörgum öðrum tengimöguleikum.

**Mynd í mynd**
Ekki missa af neinu, þú getur horft á tvær sjónvarpsstöðvar í einu. Þú getur haft sem hornmynd eða skipt stöðvunum jafnt á skjáinn.

Vá!

9" Ljóttsjónvarp

## 2 ...skilar gamla sjónvarpinu þínu...

Tegund, stærð, ástand, aldur eða áhorf sjónvarpsins skiptir ekki máli, bara að það sé eða hafi verið sjónvarp.

## 3 ...færð Sony heimabíó og 11 DVD myndir

Nú er ráð að skipta um tæki!

SONY GÆÐI

SONY

**SONY HEIMABÍÓ DAVDZ100**
DAVDZ100

- S-Master Digital Magnari
- BV720 Watt • Útvarp FM/AM RDS
- A/V Sync • Fjölkerfa • Mutli Stereo
- Spilar CD-/CD-RW/DVD+R/DVD+RW/DVD-R/DVD-RW
- VCD/S-VCD/MP3/JEG/Divx
- Dolby Digital, DTS og PLII
- Hljóðtengi fyrir sjónvarp
- Fjarstýring

35.999

Klikkaður kaupauki!

BT

BT Skeifan • BT Kringlan • BT Smáralind • BT Hafnarfjörður • BT Spönginni • BT Akureyri • BT Egilsstaðir • BT Selfoss • BT Ísafjörður • www.bt.is • Sími 550 4444






# Roy Keane samdi við Celtic til átján mánaða

Roy Keane hefur gengið frá átján mánaða samningi við Glasgow Celtic. Theodór Elmar Bjarnason, leikmaður félagsins, segir líklegast að Keane muni leika sem miðvörður, en hann hefur lengst af leikið sem miðvallarleikmaður.




**GORDON STRACHAN OG ROY KEANE** Keane sést hér með knattspyrnustjóra Celtic, Gordon Strachan. Keane mun bera sama númer á bakinu hjá Celtic og hann gerði hjá Man. Utd., það er sextán. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

**FÓTBOLTI** „Ég finn fyrir mikilli tilhlökkun hjá öllum sem að félaginu koma yfir því að fá Roy Keane til félagsins. Hann er mikil stjarna í knattspyrnuheiminum og á eflaust eftir að kenna okkur ungu leikmönnunum margt," sagði Theodór Elmar Bjarnason, leikmaður Celtic í Skotlandi, en Roy Keane, fyrrum fyrirliði Manchester United, gerði í gær átján mánaða samning við félagið.

Roy Keane hefur verið orðaður við mörg félög síðan hann var látinn fara frá Man. Utd en sterkasti orðrómurinn hefur ávallt verið sá að hann myndi fara til félagsins sem hann studdi sem ungur drengur, Celtic.

Theodór Elmar segir leikmenn hafa talað mikið um komu Keanes að undanförnu en flestir hjá félaginu eru á því að Keane muni leika í vörninni hjá Celtic. „Flestir leikmenn eru á því að Keane muni leika í vörninni, því miðjumennirnir Stilian Petrov og Neil Lennon, eru virkilega sterkir. Keane mun því örugglega leika í stöðu miðvarðar en svo kannski einnig einhverja leiki á miðjunni."




**THEODÓR ELMAR BJARNASON**
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Keane hefur lengi verið í miklu uppáhaldi hjá Theodóri Elmari er hefur haldið með Man. Utd frá unga aldri. „Það er virkilega gaman að fá svona stóran leikmann til félagsins. Hann hefur lengi verið einn besti miðjumaður í heimi og svo finnst mér skemmtilegt að hann skuli hafa valið Celtic fram yfir önnur félög, því ég hef lengi haldið upp á Man. Utd og það er alveg ljóst að hann mun styrkja leikmannahópinn, og eflaust hressa upp á liðsandann."

Keane tekur á sig mikla launalækkun frá samningi sínum hjá Man. Utd en hann var þar með um 90 þúsund pund á viku, eða hátt í tólf milljónir íslenskra króna.

Celtic mun borga Keane um 20 þúsund pund á viku, um þrjár milljónir íslenskra króna, en einn af aðaleigendum Celtic, Írinn Dermot Desmond, mun sjá um að borga Keane 20 þúsund pund til viðbótar á viku og því verða heildar vikulaun hans um 40 þúsund punda, eða um fimm og hálf milljón íslenskra króna.

Keane var frekar fámáll á blaðamannafundi í gær en sagði þó Celtic alltaf hafa verið sitt uppáhaldsfélag. „Draumur minn hefur ræst. Ég er orðinn leikmaður Celtic sem er mitt uppáhaldsfélag. Verkefni mitt hjá Celtic er það sama og áður. Ég ætla að leggja hart að mér á æfingum og reyna að vinna leiki."

magnush@frettabladid.is





**MICHAEL ESSIEN** Fékk að borga fyrir tæklinguna á Hamann.

Michael Essien:

# Fékk tveggja leikja bann

**FÓTBOLTI** Aganefnd knattspyrnusambands Evrópu dæmdi Ganabúann Michael Essien, leikmann Chelsea, í tveggja leikja bann í gær fyrir skrautlegu tæklinguna á Dietmar Hamann í leik Chelsea og Liverpool á dögunum. Brotið fór fram hjá dómara leiksins en aganefndin tók engu að síður á málinu.

„Michael er búinn að hringja í Dietmar og biðja hann afsökunar," sagði talsmaður Chelsea. „Hann gerði þetta ekki viljandi og hann kom þeim skilaboðum til Hamanns að hann hafi ekki verið að reyna að meiða hann." - hbg

Nýjung hjá Og Vodafone:

# Íþróttaleikir í GSM-símann

**TÆKNI** Og Vodafone hefur tekið í notkun nýja þjónustu sem nefnist Vodafone Live. Um er að ræða efnisveitu sem tryggir viðskiptavinum fyrirtækisins nýjan afþreyingarheim í farsíma sína sem felst í þeim möguleika að sækja nýjustu íþróttafréttirnar og fá úrslit og myndskeið úr leikjum. Síðast en ekki síst er mögulegt að sækja sér fjölda tölvuleikja í Vodafone Live sem snúast um margs konar íþróttir: Fótbolta, tennis, snjóbretti, golf og margt fleira.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

DESEMBER

13 14 15 **16** 17 18 19

### Fimmtudagur

**LEIKIR**

- 20.00 **HK** og **Valur** mætast í DHL-deild karla í handbolta.
- 20.00 **Þór Ak.** og **KA** mætast í DHL-deild karla í handbolta.
- 20.00 **Selfoss** og **Stjarnan** mætast í DHL-deild karla í handbolta.

**SJÓNVARP**

- 10.10 **Heimsmeistarakeppni félagsliða** á Sýn.
- 16.20 **Heimsmeistarakeppni félagsliða** á Sýn.
- 18.30 **NFL-tilþrif** á Sýn.
- 19.00 **Heimsmeistarakeppni félagsliða** á Sýn.
- 20.40 **Torfæra í Noregi** á Sýn.
- 21.35 **World Supercross** á Sýn.
- 23.00 **NBA** á Sýn. Leikur Detroit Pistons og Sacramento Kings.


vísir

NFS ER Á VISIR.IS

NFS í beinni á VefTV og upptökur þegar þér hentar

Visir.is er stærsta fréttalind landsins. Þar miðla Fréttablaðið og Nýja fréttastofan fréttum allan sólarhringinn og nú er NFS í beinni á VefTV frá morgni til kvölds. Þú færð fréttirnar beint í æð í vinnunni eða heima og upptökur af fréttum dagsins tryggja að þú missir ekki af neinu.

NFS



Liverpool búð Loksins á Íslandi
Í beinu samstarfi við Liverpool FC
Verslaðu beint við félagið þitt



YOU´LL NEWER WALK ALONE

Stigahlið 45-47 105 Reykjavík 534-2034 OPIÐ er alla daga fram að jólum frá klukkan 10-22






# Ungir leikmenn fá ekki nægilega mörg tækifæri

Einar Bollason segir að ungir og efnilegir körfuboltamenn á landinu fái ekki að spila eins og þeir ættu að gera vegna mikils fjölda erlendra leikmanna.

**KÖRFUBOLTI** Einar Bollason, körfuboltaspekúlant með meiru, telur að breyting KKÍ á reglugerðum varðandi fjölda erlendra leikmanna í liðum hér á landi hafi ekki heppnast sem skyldi og segir unga og efnilega leikmenn á landinu líða fyrir þessar breytingar. Einar bendir á að unglingalandslið Íslands hafi aldrei verið betri en að leikmenn þeirra liða fái ekki að spila með liðum sínum eins og þeir þurfa.

„Ég tel að körfuboltahreyfingin þurfti að staldra verulega við á þessum tímapunkti. Við erum með unglingalandslið sem hafa unnið sig upp í A-deild í Evrópu og náð að halda sér þar. Það er ótrúlegur árangur. Ungir og efnilegir leikmenn hafa aldrei verið fleiri en maður spyr sig, hvernig komum við öllum þessum ungu og stórefnilegu leikmönnum að á meðan reglurnar eru svona?“ segir Einar en félög á landinu eru nú bundin við að hafa aðeins einn leikmann utan evrópska efnahagssvæðisins í sínum röðum í stað tveggja tímabilið áður. en eins marga Evrópubúa og þau vilja - svo framarlega sem að þau sprengi ekki launaþakið.


EINAR BOLLASON

Unglingalandsliðin sem Einar á við eru U-16 og U-18 ára lið landsins sem bæði eru í A-deild en það er árangur sem engin önnur Norðurlandaþjóð getur státað sig af. „Unglingalandsliðin hafa sýnt að körfuboltinn er í mikilli framför en af hverju skilar það sér ekki í A-landsliðið okkar eða efstu deild? Sum lið eru með allt að þrjá erlenda leikmenn og ég leyfi mér að halda því alveg blákalt fram að það eru yngri leikmenn í flestum þessara félaga sem eru ekkert síðri en þessir útlendingar,“ segir Einar.


**JEB IVEY** „Frábær leikmaður sem ég skil hreinlega ekki hvernig Fjölnir fór að því að missa,“ segir Einar Bollason. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Nú þegar flest liðin í Iceland Express-deildinni hafa leikið 10 leiki eru línur nokkuð farnar að skýrast og telur Einar, eins og stigataflan gefur til kynna, að Suðurnesjaliðin þrjú séu í ákveðnum sérflokki eins og svo oft áður.

„Miðað við mannskap þá finnst mér að Njarðvík ætti að standa upp sem sigurvegari að lokum. Þeir hafa Brenton Birmingham, sem hefur verið minn uppáhaldsleikmaður á Íslandi í mörg ár og svo hefur Jeb Ivey reynst þeim gríðarlega vel, frábær leikmaður sem ég skil hreinlega ekki hvernig Fjölnir fór að því að missa,“ segir Einar sem jafnframt vonar að sínir menn í KR nái sér á strik þegar líður enn meira á mótið.

„Fannar Ólafsson er ekki enn kominn á fulla ferð og Pálmi Sigurgeirsson er loksins í síðustu leikjum fyrst farinn að sýna sitt rétta andlit svo að KR-ingar eiga eftir að verða betri,“ segir Einar.

Eins og staðan er í dag hallast ég að Njarðvíkingum en Keflavík á eftir að stilla strengi sína og þeir eru vanir að bæta sinn leik verulega á síðari hluta mótsins. En þeir hafa unnið síðustu þrjú ár og gamla reglan segir að það styttist í að þeir nái ekki að vinna,“ segir Einar að lokum. **vignir@frettabladid.is**

Njarðvík lagði Fjölni að velli 77-90 í gær:

## Öruggur Njarðvíkursigur í Grafarvogi

**KÖRFUBOLTI** Njarðvíkingar voru heldur betri í fyrsta leikhluta gegn Fjölnismönnum í Grafarvogi í gær og hafði Njarðvík níu stiga forskot að loknum fyrsta leikhluta, 29-20. En greinilegt var á leik beggja liða að leikmenn voru tilbúnir að leggja mikið á sig til þess ná hagstæðum úrslitum út úr leiknum, en Fjölnismenn þurftu sérstaklega á sigri að halda í leiknum eftir frekar sveiflukennt gengi í vetur.

Annar leikhluti var frekar tíðindalítill en Fjölnismenn náðu þó að laga stöðuna og hafði Njarðvík eins stigs forskot í hálfleik, 43-44, og munaði þar sérstaklega um framlag Jeb Ivey en hann skoraði 23 stig fyrir Njarðvík á sínum gamla heimavelli í fyrri hálfleik, en hann var áður leikmaður Fjölnis. Njarðvíkingar voru með ágæt tök á leiknum í síðari hálfleik og náðu oft ágætu forskoti, en barátta heimamanna var mikil og tókst þeim jafn harðan að minnka forskotið, og var staðan 61-64 Njarðvík í vil, þegar síðasti leikhlutinn hófst.

Njarðvík hafði tögl og hagldir í síðasta fjórðungnum og seig hægt og bítandi fram úr Fjölnismönnum sem náðu aldrei að ógna toppliðinu. Friðrik Stefánsson fór mikinn í vörn og sókn hjá Njarðvík og réðu leikmenn Fjölnis ekkert við hann undir körfunni. Njarðvík vann því leikinn með þrettán stiga mun, 77-90. **-hbg/- mh**


**FRIÐRIK STEFÁNSSON** Friðrik sést hér, einbeittur á svip, leggja boltann ofan í körfuna hjá Fjölnismönnum. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL

Sögulegar sættir?:

## Hittast Henry og Aragones?

**FÓTBOLTI** Knattspyrnusamband Evrópu, UEFA, hefur hvatt Thierry Henry til þess að hitta Luis Aragones og ræða málin í þágu baráttunnar gegn kynþáttafordómum í knattspyrnunni. Sem frægt er orðið þá sektaði UEFA Aragones á sínum tíma fyrir að kalla Henry svartan skít. Ummælin féllu á æfingu hjá spænska landsliðinu og Aragones gerði sér ekki grein fyrir því að hljóðnemi væri nálægt þegar hann lét orðin falla.

Það yrðu vægast sagt sögulegar sættir ef þessir tveir myndu hittast og grafa öxina enda fór Henry ekki fögrum orðum um þjálfarann í kjölfarið. **- hbg**

## ÚRSLIT GÆRDAGSINS

*Iceland Express-deild kvk:*

HAUKAR-BREIÐABLIK 99-45

*Iceland Express-deild karla:*

FJÖLNIR-NJARÐVÍK 77-90

**Stig Fjölnis:** Nemanja Sovic 27, Fred Hooks 22, Marvin Valdimarsson 12, Hörður Vilhjálmsson 8, Lárus Jónsson 4, Hjalti Vilhjálmsson 3.

**Stig Njarðvíkur:** Jeb Ivey 30, Friðrik Stefánsson 26, Brenton Birmingham 20, Egill Jónasson 6, Ragnar Ragnarsson 4, Jóhann Ólafsson 4, Halldór Karlsson 2.

ÍR-ÞÓR 95-76
SNÆFELL-HAUKAR 97-93
HÖTTUR-KR. 71-95




# hjálpum þeim

„Hjálpum þeim" er söfnunarátak fyrir Hjálparstarf kirkjunnar vegna hamfaranna í Pakistan. Ný útgáfa af laginu er flutt af landsliði íslenskra tónlistarmanna.

Söluandvirði þessarar geislaplötu, utan við virðisaukaskatt, rennur óskipt til söfnunarátaksins.

DV hagar sagafilm

## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

**„It only took me one night to realize if brains were dynamite you couldn't blow your nose.“**

**Svar:** Debbie Dunham úr kvikmyndinni American Graffiti frá árinu 1973.

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ Brynhildi Björnsdóttur langar að vera eyland

# *Ilmurinn er indæll...*

Já, jólalyktin fyllir loftið og hvergi frekar en í tækinu mínu þar sem ilmvatnsauglýsingar eru allsráðandi. Auglýsingar þar sem fallegar, ójarðneskar konur stara djúpt í augun á mér með leyndardómsfullt bros á vör vegna þess að þær hafa uppgötvað eitthvað sem mér er ennþá hulið, nefnilega ilmvatnið sem veitir þeim auð og völd eða að minnsta kosti gerir þær mjóar og tælandi. Í öðrum auglýsingum af þessum toga eru karl og kona saman, stundum í mjög svo óraunverulegum koddaslag, á öðrum stundum í sérkennilega rykkjóttum dansi. Ein kvennanna er eins og litskrúðugur páfagaukur og hún hlær reyndar og skemmtir sér án þess að missa nokkuð af leyndardómnum úr augunum. Það talar enginn í þessum auglýsingum, í mesta lagi að nafn ilmvatnsins sé hvíslað nokkrum sinnum á meðan á þeim stendur eða sagt í ábúðarfullum tóni í lokin eins og til skýringar á öllu því sem á undan er gengið. Og áhorfendur varpa öndinni léttar, nú þetta var þá bara Júfóría sem olli þessu öllu, eða Sittí glam fyrir hann og hana sem fær blessað fólkið til að rykkjast svona til og frá. Og það er ekkert verið að vafstra með að reyna að telja okkur trú um að þetta fólk sé í rauninni hér á Íslandi. Við fáum enga kunnuglega íslenska rödd sem segir: Ilmvatnið fyrir þig... eða eitthvað slíkt. Minnir mig reyndar á alfyrstu auglýsinguna sem brenndi sig í barnsminni mitt og hefur verið þar æ síðan. Þar sást skuggamynd af konu á strönd, eða gott ef hún var bara ekki úti í hafi. Mér finnst að allt umhverfið hafi verið gullinbrúnt en það getur ekki verið því sjónvarpið okkar var svarthvítt og ég sennilega fjögurra ára. Konan var leyndardómsfull og seiðandi og velti sér letilega um á sjávarfletinum. Og íslensk karlmannsrödd útskýrði þetta allt saman fyrir okkur: konan er eyland, Fiji er ilmvatnið hennar.



**VIÐ EYJUNA FIJI** Hver vill ekki vera eyland með sjálfri sér?



▶ 20.10 *Börn*

LATIBÆR



▶ 19.00 *Spjall*

ÍSLAND Í DAG



▶ 21.50 *Spenna*

SMALLVILLE



▶ 22.00 *Gaman*

THE GRUBBS



▶ 23.00 *Körfubolti*

NBA TV DAILY 2005/2006

## SJÓNVARPIÐ

**17.00** Jóladagatal Sjónvarpsins – Töfrakúlan (15:24) **17.05** Leiðarljós **17.50** Táknmálsfréttir **17.55** Tobbi tvisvar (16:26) **18.20** Fjársjóðsleitin (4:6)

**18.50 Jóladagatal Sjónvarpsins – Töfrakúlan (16:24)**
**19.00 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35 Kastljós**
▶ **20.10 Latibær** Þáttaröð um Íþróttaálfinn, Glanna glæp, Sollu stirðu og vini þeirra í Latabæ. Textað á síðu 888 í Textavarpi.
**20.40 Kraftaverkabarn** (Miracle Child) Bandarísk fjölskyldumynd.
**22.15 Skógurinn** (The Wood) Rómantísk gamanmynd frá 1999. Rithöfundur rifjar upp atvik úr æsku sinni og vina sinna eftir að einn úr hópnum hverfur þegar hann á að fara að gifta sig. Kvikmyndaskoðun telur myndina ekki hæfa fólki yngra en 12 ára.

**0.05** Könguló, könguló... (Kvikmyndaskoðun telur myndina ekki hæfa fólki yngra en 16 ára. e) **1.45** Útvarpsfréttir í dagskrárlok

## STÖÐ 2

**6.58** Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi 2005 **9.35** Oprah **10.20** Missing **11.00** Það var lagið **12.00** Hádegisfréttir **12.25** Neighbours **12.50** Í fínu formi 2005 **13.05** Joey **13.35** George Lopez **14.00** Night Court **14.25** Fresh Prince of Bel Air **14.50** Apprentice 3, The **15.35** Entourage **16.00** Shin Chan **16.25** Beyblade **16.45** Froskafjör **16.55** Simpsons **17.20** Jesús og Jósefína **17.40** Bold and the Beautiful **18.05** Neighbours

**18.30 Fréttir, íþróttir og veður**
▶ **19.00 Ísland í dag**
**20.00 Galdrabókin (16:24)** Nýtt íslenskt jóladagatal.
**20.10 Arrested Development (19:22)** (Tómir asnar) (Whistler's Mother) Einn umtalaðasti og frumlegasti gamanþáttur síðari ára.
**20.40 Idol – Stjörnuleit 3** (Stúdíó / NASA – 5. hópur) Nú er það á valdi þjóðarinnar að kjósa í símakosningu tvo úr þeim hópi til að keppa til úrslita í Smáralindinni.Stöð 2 2005.
**21.35 Punk'd (5:16)**
**22.05 Idol – Stjörnuleit 3**
**22.35 Listen Up (9:22)** (Takið eftir) (Thanksgiving) Nýir gamanþættir.

**23.00** Blue Collar TV (19:32) **23.25** New Rose Hotel (Stranglega bönnuð börnum) **0.55** The Hot Chick **2.40** Heartbreakers **4.40** Fréttir og Ísland í dag **6.10** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

## SIRKUS

**18.30 Fréttir NFS**
**19.00 Laguna Beach (11:11)**
**19.30 Idol extra 2005/2006** Umsjón með þættinum hefurhárgreiðslumaðurinn og tískulöggan Svavar Örn.
**20.00 Sirkus RVK (7:30)**
**20.30 Outfoxed** Heimildarmynd sem vakti gífurleg viðbrögð í Bandaríkjunum sem og um heim allan.
▶ **21.50 Smallville (1:22)** (Crusade) Fjórða þáttaröðin um Ofurmennið í Smallville. Í Smallville býr unglingurinn Clark Kent. Hann er prúðmenni og er fús til að rétta öðrum hjálparhönd.
**22.35 HEX (11:19)** Yfirnáttúrulegir þættir sem gerast í skóla einum í Englandi.

**23.20** The Newlyweds (10:30) **23.45** Tru Calling (10:20)

## SKJÁREINN

**17.25** Cheers – 8. þáttaröð **17.50** Upphitun **18.20** Íslenski bachelorinn – lokaþáttur (e)

**19.20 Fasteignasjónvarpið** Umsjón hafa Hlynur Sigurðsson og Þyri Ásta Hafsteinsdóttir.
**19.30 The King of Queens (e)** .
**20.00 Charmed** .
**20.45 Stargate SG-1** Afar vandaðir þættir.
**21.30 Complete Savages** .
▶ **22.00 The Grubbs** Í Grubb-fjölskyldunni eru eintómir minnipokamenn, margar kynslóðir aftur í tímann. Faðirinn, Mike, mjólkar örorkubætur út á gömul bakmeiðsli og nýtur aðstoðar eiginkonunnar Rosie, sem óttast ekkert meira en breytingar. Jimmy, eldri sonurinn, nýtur þess í botn að sprengja allt mögulegt í tætlur.
**22.30 Ripley's Believe it or not!**

**23.15** Íslenski bachelorinn (e) **0.15** Íslenski bachelorinn (e) **1.00** Silvía Nótt (e) **1.55** New Tricks – lokaþáttur (e) **2.45** Tvöfaldur Jay Leno (e) **4.05** Óstöðvandi tónlist

## SÝN

**10.10** FIFA World Cup Championship 2006

**16.20** FIFA World Cup Championship 2006 **18.00** Íþróttaspjallið **18.12** Sportið

**18.30 NFL-tilþrif** (NFL Gameday 05/06)
**19.00 FIFA World Cup Championship 2006** (L1 – L2)
**20.40 Mótorsport 2005** (Torfæra í Noregi) Ítarleg umfjöllun um íslenskar akstursíþróttir. Umsjónarmaður er Birgir Þór Bragason.
**21.35 World Supercross GP 2004-05** (BC Place Stadium) Nýjustu fréttir frá heimsmeistaramótinu í Supercrossi.
**22.30 Fifth Gear** (Í fimmta gír)Breskur bílaþáttur af bestu gerð. Hér er fjallað jafnt um nýja sem notaða bíla en ökutæki af nánast öllum stærðum og gerðum koma við sögu. Greint er frá nýjustu tíðindum úr bílaiðnaðinum og víða leitað fanga.

▶ **23.00** NBA TV Daily 2005/2006 **1.00** NBA TV Daily 2005/2006

## STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00** I Spy (B. börnum) **8.00** Kangeroo Jack **10.00** Johnny English **12.00** 2001: A Space Travesty **14.00** Kangeroo Jack **16.00** Johnny English **18.00** 2001: A Space Travesty **20.00 I Spy** (Spaugsamir spæjarar) Bandarískir stjórnarherrar eru á nálum eftir að fullkomnustu orrustuþotunni þeirra var stolið. Bönnuð börnum. **22.00 Derailed** (Dauðalestin) Hasar og spenna frá upphafi til enda. Stranglega bönnuð börnum. **0.00** Heist (Str. b. börnum) **2.00** A Man Apart (Str. b. börnum) **4.00** Derailed (Str. b. börnum)

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## E! ENTERTAINMENT

**12.00** The E! True Hollywood Story **13.00** E! News **13.30** Gastineau Girls **14.00** 101 Biggest Celebrity Oops! **15.00** 101 Biggest Celebrity Oops! **16.00** 101 Biggest Celebrity Oops! **17.00** 101 Biggest Celebrity Oops! **18.00** Kill Reality **19.00** E! News **19.30** Celebrity Soup **20.00** The E! True Hollywood Story **21.00** 101 Biggest Celebrity Oops! **22.00** Girls of the Playboy Mansion **22.30** Superstar Money Gone Bad **23.00** Wild On Tara **23.30** Wild On Tara **0.00** E! News **0.30** Celebrity Soup **1.00** Girls of the Playboy Mansion **1.30** Superstar Money Gone Bad **2.00** The E! True Hollywood Story

## AKSJÓN

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

## ENSKI BOLTINN

**14.00** Everton – West Ham **16.00** Charlton – Sunderland frá 10.12 **18.00** Stuðningsmannaþátturinn „Liðið mitt“ (e)
**19.00 Upphitun** Knattspyrnustjórar, leikmenn og aðstandendur úrvalsdeildarliðanna spá og spekúlera í leiki helgarinnar.
**19.30 Að leikslokum (e)**
**20.30 Stuðningsmannaþátturinn „Liðið mitt“ (e)**
**21.30 Upphitun (e)**
**22.00 Man. Utd. – Wigan frá 14.12**
**0.00** Dagskrárlok




## VIÐ MÆLUM MEÐ...

**Outfoxed** Sirkus **kl. 20.30**

### *Einn maður stjórnar stórum hluta allra fjölmiðla*

*Stríð á hendur fjölmiðlarisans Robert Murdoch*




Heimildarmynd sem vakti gífurleg viðbrögð í Bandaríkjunum sem og um heim allan. Myndin rannsakar innra gangverk fjölmiðlaveldis Ruperts Murdoch, með FOX News fréttastöðina í broddi fylkingar. Hverjar eru afleiðingar þess að sífellt stærri risafyrirtækjasamsteypur eru að eignast allar fréttastofur Bandaríkjanna? Hvaða áhrif hefur það á samfélag þegar einn maður stjórnar stórum hluta allra fjölmiðla? Fyrrverandi starfsmenn FOX News leysa frá skjóðunni og lýsa því hvernig þeir voru neyddir til að þjóna skoðunum hægri stefnu eða eiga hættu á að missa starfið. Margir þeirra koma fram undir nafnleynd því þeir óttast að stofna lífsviðurværi sínu í hættu.

## TALSTÖÐIN FM 90,9

**6.58** Ísland í bítið. Samsent með Stöð 2 **9.10** Allt og sumt

**12.25** Fréttaviðtalið. **13.10** Birta **14.10** Hrafnaþing **15.10** Síðdegisþáttur Fréttastöðvarinnar **17.59** Á kassanum. Illugi Jökulsson. **18.30** Fréttir Stöðvar 2 **19.00** Ísland í dag

**20.00** Allt og sumt e. **22.00** Á kassanum e. **22.30** Síðdegisþáttur Fréttastöðvarinnar e.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**6.30** Morguntónar **6.50** Bæn **7.05** Morgunvaktin **9.05** Óskastundin **9.50** Leikfimi **10.13** Sagnaslóð **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttayfirlit **12.03** Hádegisútvarp

**12.20** Fréttir **12.45** Veður **12.50** Dánarfregnir **13.00** Vítt og breitt **14.03** Útvarpssagan **14.30** Miðdegistónar **15.03** Uppá teningnum **16.13** Fimm fjórðu **17.03** Víðsjá **18.00** Fréttir

**18.25** Spegillinn **19.00** Lög unga fólksins **19.30** Samfélagið í nærmynd **20.30** Kvöldtónar **21.00** Úr alfaraleið **21.55** Orð kvöldsins **22.15** Pipar og salt **23.00** Kvöldgestir

**0.10** Útvarpað á samtengdum rásum

## RÁS 2 FM 90,1/99,9

**6.05** Morguntónar **6.30** Morgunþáttur Rásar 2 **9.03** Brot úr degi

**12.03** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland

**16.00** Fréttir **16.10** Síðdegisútvarpið **18.00** Kvöldfréttir **18.24** Auglýsingar **18.25** Spegillinn **19.00** Sjónvarpsfréttir **19.30** Tónlist að hætti hússins **20.00** Geymt en ekki gleymt

**22.10** Næturvaktin **0.00** Fréttir

## BYLGJAN FM 98,9

**5.00** Reykjavík Síðdegis. **7.00** Ísland Í Bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi Bylgjunnar **13.00** Bjarni Arason **16.00** Reykjavík Síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland Í Dag. **19.30** Bragi Guðmundsson - Með Ástarkveðju

## ÚTVARP SAGA FM 99,4

**8.00** Arnþrúður Karlsd. **10.00** Rósa Ingólfsdóttir **11.00** Bláhornið **12.25** Meinhornið **13.00** Ylfa Lind **14.00** Kjartan G. Kjartansson **15.00** Hildur Helga **17.00** Gústaf Nielsson **18.00** Meinhornið **19.00** Bláhornið **20.00** Arnþrúður Karlsdóttir **22.00** Rósa Ingólfsdóttir **23.00** Kjartan G. Kjartansson **0.00** Hildur Helga **2.00** Gústaf Nielsson **3.00** Rósa Ingólfsdóttir **4.00** Kjartan G. Kjartansson **5.00** Arnþrúður Karlsd.

## AÐRAR STÖÐVAR

**FM 95,7 Effemm** / Zúúber tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying
**FM 104,5 Radíó Reykjavík** / Tónlist og afþreying



▶ **21.10** *Fræðsla*

48 HOURS

## NFS

**7.00** Ísland í bítið **9.00** Fréttavaktin fyrir hádegi

**12.00** Hádegisfréttir **13.00** Íþróttaþáttur **14.00** Hrafnaþing/Miklabraut **15.00** Fréttavaktin eftir hádegi **18.00** Kvöldfréttir/Fréttayfirlit/Ítarlegar veðurfréttir/Íþróttafréttir/Kvöldfréttir NFS/Ísland í dag/Yfirlit frétta og veðurs

**19.35 Kvölddagskrá** Samantekt úr Fréttavöktum dagsins og valdir helgarþættir NFS.

▶ **21.10 48 Hours** (48 stundir)(48 Hours 2005-2006) Bandarískur fréttaskýringaþáttur.

**21.55 Kvölddagskrá** Samantekt úr Fréttavöktum dagsins og valdir helgarþættir NFS.

**23.00** Endursýningar

## ERLENDAR STÖÐVAR

**EUROSPORT**

**12.00** Football: UEFA Cup **12.30** Biathlon: World Cup Osrblie Slovakia **14.00** Snooker: UK Championship York **16.30** Curling: European Championship Germany **18.00** Football: Top 24 Clubs **18.30** Biathlon: World Cup Osrblie Slovakia **19.30** Luge: World Cup Lake Placid **20.00** Snooker: UK Championship York **22.00** Football: Top 24 Clubs **22.30** Xtreme Sports: Yoz Xtreme **23.00** Xtreme Sports: LG Action Sports **0.00** Football: Top 24 Clubs

**BBC PRIME**

**12.00** To the Manor Born **12.30** Dad's Army **13.00** Miss Marple **14.00** Balamory **14.20** Binka **14.25** Tweenies **14.45** Fimbles **15.05** Tikkabilla **15.35** The Really Wild Show **16.00** Home From Home **16.30** Ready Steady Cook **17.15** The Weakest Link **18.00** Holby City **19.00** The Life of Mammals **20.00** The Office **20.30** The Office **21.00** Knowing Me, Knowing Yule... With Alan Partridge **21.40** The Way We Live Now **22.55** Black Cab **23.05** Cutting It **0.00** Battlefield Britain **1.00** Journey of Life **2.00** Suenos World Spanish

**NATIONAL GEOGRAPHIC CHANNEL**

**12.00** When Expeditions Go Wrong **13.00** Katrina – Pet Rescue **14.00** Seconds From Disaster **15.00** Most Amazing Moments **16.00** Most Amazing Moments **17.00** When Expeditions Go Wrong **18.00** Explorations **18.30** Storm Stories **19.00** Katrina – Pet Rescue **20.00** Katrina **21.00** Megastructures **22.00** Megastructures **23.00** When Expeditions Go Wrong **0.00** Megastructures **1.00** Explorations **1.30** Storm Stories

**ANIMAL PLANET**

**12.00** Amazing Animal Videos **12.30** Monkey Business **13.00** Big Cat Diary **13.30** The Snake Buster **14.00** Killer Crocs of Costa Rica **15.00** Animal Precinct **16.00** Pet Rescue **16.30** Wildlife SOS **17.00** Amazing Animal Videos **17.30** The Planet's Funniest Animals **18.00** The Snake Buster **18.30** Monkey Business **19.00** Ultimate Killers **19.30** Big Cat Diary **20.00** Britain's Worst Pet **20.30** Animal Planet at the Movies **21.00** Animal Cops Detroit **22.00** Ultimate Killers **22.30** Monkey Business **23.00** Emergency Vets **23.30** Hi-Tech Vets **0.00** Pet Rescue **0.30** Wildlife SOS **1.00** Britain's Worst Pet **1.30** Animal Planet at the Movies **2.00** The Snake Buster

**DISCOVERY**

**12.05** Hackers **13.00** Rex Hunt Fishing Adventures **13.30** Hooked on Fishing **14.00** Super Structures **15.00** Extreme Machines **16.00** Junkyard Mega-Wars **17.00** The Scrappy Races **18.00** American Chopper **19.00** Mythbusters **20.00** Brainiac **21.00** Biker Build-Off **22.00** Reel Race **23.00** Mythbusters **0.00** Forensic Detectives **1.00** FBI Files **2.00** Hitler's Women

**TCM**

**20.00** Sitting Target **21.30** Never So Few **23.30** Where the Spies Are **1.20** Old Acquaintance





## HRÓSIÐ

*...fær Ingunn Huld Sævarsdóttir sem hefur gefið sjálf út ljóðabókina Hungr míns hjarta en flest eru ljóðin hennar á trúarlegum nótum.*

**REYKJAVÍKURNÆTUR** ER HARPA PÉTURSDÓTTIR BÚIN AÐ MISSA AF LESTINNI?

# *Hvar er lestin?*



Fyrir tæpum fimmtán árum eða þegar ég var tíu ára skrifaði ég ritgerð í skólanum. Hún fjallaði um það hvar og hvernig ég sæi mig þegar ég yrði tuttuguogfimm. Mín hugmynd á þeim tíma var þessi: Ég verð lögfræðingur á framabraut, á stórt einbýlishús með garði, hund og tvö börn. Ég verð búin að skoða heiminn endilangan og auðvitað hamingjusamlega gift hinum fullkomna manni.

Ég fékk auðvitað hláturskast þegar ég las í gegn um draumóra mína því þeir eru svo fjarri raunveruleikanum. Ég á ekki hús, ég er ekki orðin lögfræðingur, ég er fjarri því að vera gift og enn fjær því að eiga tvö börn. Ég er þó búin að sjá stóran hluta heimsins en langt frá því að hafa séð hann í heilan hring.

Er maður svona hrikalega veruleikafirrtur þegar maður er ekki nema tíu ára eða er ég svona svakalega eftir á? Það er kannski ekki óeðlilegt að hafa haldið þessu fram þar sem móðir mín elskuleg var gift kona á framabraut með tvö börn á þessum aldri. Ég verð þó að viðurkenna það að hugmyndir mínar voru ekki svo fjarri lagi því ég á þónokkrar vinkonur sem eru jafngamlar mér og lifa akkúrat lýsingunni sem ég taldi raunhæfa fyrir fimmtán árum. Svo þegar við hittumst, skiptumst við á sögum af okkur sem eru allsvakalega ólíkar. Þær tala um börnin og endurbætur á húsinu og ég segi þeim frá því hvernig mér gekk í prófunum og hvernig deitlífið gangi þá stundina.

Það sem ég er að velta fyrir mér er þó hvort sé eðlilegra. Hvað er svosem eðlilegt í þessum málum. Er ég eitthvað verri fyrir að vera ennþá að haga mér eins og unglingur eða er það einmitt málið? Það má auðvitað líta til beggja hliða og sjá hið jákvæða í öllu. Það þrætir enginn fyrir það hversu gaman er að vera ungur og vitlaus á djamminu að skoða heiminn. Það þrætir heldur enginn fyrir það hversu frábært er að upplifa einskæra hamingju, þann undursamlega dag að gifta sig og hvað þá þegar frumburðurinn lítur dagsins ljós.

Maður spyr sig: er ég að missa af lestinni til að finna hamingjuna, ætti ég að vera búin að finna rétta manninn í þessu gúrkugróðurhúsi sem við lifum í og vil ég yfir höfuð gifta mig? Ég er ansi hrædd um að svarið finnist aldrei. Á meðan ég er ein finnst mér best í heiminum að gera það sem ég geri, hins vegar er ég handviss um eitt: um leið og ég verð kreisíinlöv á ég eftir að heimta hring á puttann og snúð í ofninn. Þangað til held ég að sé best að njóta ferðarinnar!



**LÁRÉTT** 2 hvetja 6 hljóm 8 taug 9 lágur 11 til dæmis 12 heitur drykkur 14 yfirstéttar 16 rás 17 flíkur 18 fálm 20 grískur bókstafur 21 handa.

**LÓÐRÉTT** 1 fita 3 í röð 4 vitsmunamissir 5 á móti 7 farðaður 10 runa 13 útdeildi 15 bás 16 þjálfa 19 tveir eins.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** 2 örva, 6 óm, 8 sin, 9 lár, 11 td, 12 glögg, 14 aðals, 16 æð, 17 föt, 18 fum, 20 pí, 21 arma.
**LÓÐRÉTT:** 1 tólg, 3 rs, 4 vitglóp, 5 and, 7 málaður, 10 röð, 13 gaf, 15 stía, 16 æfa, 19 mm.

## [ VEISTU SVARIÐ ]

1 Íran
2 Noregi
3 Baldvin Þorsteinsson í Val






**FRAMVARÐARSVEIT SIRKUS** Sjónvarpsstöðin veðjar á þessa þáttastjórnendur til að fanga tíðaranda unga fólksins á næsta ári. FRÉTTABLAÐIÐ / E.ÓL

SIRKUS: HNAKKAVÆÐINGIN HELDUR ÁFRAM

# Sækir fram með nýju fólki

Sjónvarpsstöðin Sirkus ætlar sér mikla hluti á næsta ári. Þegar hefur verið tilkynnt um tvo nýja íslenska þætti sem stöðin ætlar að setja á dagskrá sína í upphafi næsta árs. Annars vegar mun kraftajötuninn Egill Gilzenegger vera með sinn eigin þátt ásamt félögum sínum af heimasíðunni kallarnir.is og hins vegar mun Ólafur Geir Jónsson og bróðir hans halda áfram með sjónvarpsþáttinn Splash. Þá ætlar Ásgeir Kolbeinsson að auka fjölbreytnina í þætti sínum Sirkus Reykjavík og mun meðal annars fylgjast með djammlífi Íslendinga erlendis.

Ný stjarna lítur einnig dagsins ljós þegar nýja árið er gengið í garð en Brynja Björk Garðarsdóttir mun stjórna sínum eigin þætti. Brynja Björk ætti að vera einhverjum kunn en hún var á forsíðu tímaritsins Sirkus þar sem orðið „hnakkamella“ leit fyrst dagsins ljós. Guðmundur Arnar Guðmundsson, kynningarstjóri Sirkus, sagði þáttinn vera mjög spennandi. „Hann verður í ætt við þætti sem hafa slegið í gegn erlendis en þátturinn er enn í mótun og hefur ekki verið gefið nafn,“ sagði Guðmundur.

Stöðin hefur verið óhrædd við að þreifa fyrir sér á sínu fyrsta ári en nú segir Guðmundur að þeir séu búnir skipa framvarðarsveit fyrir menningu ungs fólks í dag. „Þetta er þáttastjórnendurnir sem við teljum að fangi tíðarandann og eru talsmenn ungs íslensks fólks,“ útskýrir Guðmundur. „Við ætlum að hleypa af stokkunum fullt af íslenskum þáttum og verðum auk þess með marga góða erlenda þætti,“ heldur hann áfram og nefnir sem dæmi My name is Earl og American Idol.

Guðmundur sagði allan gang vera á því hver kostnaðurinn væri við gerð þessara nýju þátta. Hann upplýsti að stöðin væri með tvö mjög dýr verkefni í burðarliðunum og annað þeirra væri jafnvel nýr raunveruleikaþáttur. Hvað áhorfendatölur á þætti eins og Ástarfleyið varðaði þá sagði hann mjög eðlilegar skýringar á þeim en þátturinn mældist eingöngu með 6,6 prósent áhorf í síðustu fjölmiðlakönnun Gallups. „Dreifing stöðvarinnar hefur ekki verið nægilega góð en stöðin ætlar í mikið átak í þeim málum,“ sagði hann og útilokaði ekki að Ástarfleyinu yrði ýtt aftur úr vör að ári.

**freyrgigja@frettabladid.is**

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Gargandi snilld verður frumsýnd í kvöld en íslenskir tónlistarmenn hafa átt góðu gengi að fagna í borginni, ekkert síður en samlandar þeirra úr viðskiptalífinu. Það má því búast við miklum stjörnufans á rauða dreglinum en Daníel Ágúst mun víst spila fyrir sýninguna. BBC ætlar að mæta á staðinn og gera innslag um sýninguna en það má vera ljóst að Gargandi snilld er að verða sú íslenska kvikmynd sem hefur ferðast hvað mest. Myndin verður einnig tekin til sýningar bráðum í New York, París og Tokyo en hún hefur nú þegar verið sýnd á þrjátíu kvikmyndahátíðum um allan heim. Fyrir skömmu var hún svo sýnd í sænska ríkissjónvarpinu á besta tíma á laugardagskvöldi. Ari Alexander, leikstjóri myndarinnar, er nýkominn heim frá Spáni og Amsterdam þar sem myndin fékk góðar viðtökur. Þá er dvd-diskurinn væntanlegur í verslanir í dag en hann hefur að geyma rúmlega 160 tíma af aukaefni. Ari verður ekki viðstaddur sýninguna í kvöld heldur mun framleiðandi myndarinnar, Sigurjón Sighvatsson, ætla að sjá um kynningarstarfið að þessu sinni.



Það hvílir mikil leynd yfir því hver hafi keypt hið ómálaða verk eftir Hallgrím Helgason en það var boðið upp á styrktarsamkomu fyrir UNICEF þegar Sir Roger Moore var hér á dögunum. Það vakti athygli viðstaddra þegar Sybil Kristinsdóttir, systir Bolla oft kenndan við 17, keypti það á 20 milljónir. Fjölmiðlar hafa að undanförnu hamast í henni og viljað fá að vita sitthvað um þessi kaup hennar en í samtali við Fréttablaðið kom sannleikurinn í ljós. Hún hafði alls ekki keypt þetta málverk heldur eingöngu verið að ganga erinda fyrir ónefndan aðila sem hún vildi ómögulega gefa upp nafnið á. Sybil sagðist heldur ekkert vita hvernig málverkið yrði en staðfesti þó að það yrði ekki af sér. Ýmsir hafa amast yfir því að einhver skyldi greiða slíka fjárhæð fyrir verk af þessu tagi en aðrir hafa bent á að þetta þyki ansi rausnarlegt framlag; að borga 20 milljónir fyrir verk sem er ekki einu sinni til.



STÓR HUMAR
RISARÆKJUR
HÖRPUSKEL
TUNFISKUR
SALTSÍLD
KRYDDSÍLD
OPIÐ ALLA LAUGARDAGA 10-14
FISKBÚÐIN HAFBERG
Gnoðarvogi 44, sími 588 8686

# Fjáröflunaruppboð til stuðnings BUGL

Í kvöld stendur Barnaheill fyrir fjáröflunarkvöldverði og uppboðs undir nafninu „Hátíð trjánna“ á Hótel Sögu. Verður það til stuðnings barna- og unglingageðdeild LSH, BUGL, og börnum með hegðunarörðugleika og geðraskanir en boðin verða upp verk þrettán listamanna sem gestir og gangandi hafa getað virt fyrir sér í verslun Sævars Karls.

Þema listaverkanna er jólatré og segir Guðbjörg Björnsdóttir, formaður Barnaheilla, að listamennirnir hafi fengið tiltölulega frjálsar hendur með efnisval. Meðal listamanna sem tóku þátt í þessu verkefni eru Gabríela Friðriksdóttir, Finnbogi Pétursson og Brian Pilkington en hann gerði sitt úr tré og er það fyrsta verkið sem hann gerir í þrívídd.

Að sögn Guðbjargar hefur þetta verkefni verið í gangi á vegum Barnaheillar um allan heim og þetta er í fyrsta skipti sem samtökin hér á landi standa fyrir þessu.



**NÓG AÐ GERA** Það var allt á fullu við að undirbúa fjáröflunina sem haldin er til styrktar BUGL og börnum með hegðunarörðugleika og geðraskanir á Hótel Sögu í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ / E.ÓL

„Fyrirtækjum hefur verið boðið að kaupa sæti á þennan viðburð og þau geta síðan keypt verkin,“ segir hún og bætir við að viðbrögðin hafi verið óvenju góð. „Miðað við að þetta er svona nálægt jólum þá komu viðbrögðin okkur á óvart en kannski hafa þau einmitt líka þessi áhrif,“ segir hún.

Frú Dorrit Moussaieff er verndari þessa verkefnis og mun hún ásamt forseta Íslands, Ólafi Ragnari Grímssyni, heiðra samkomuna með nærveru sinni. Ágóðinn af þessu kvöldi mun renna bæði í byggingasjóð til stækkunar á húsakynnum BUGL og gerðar vegvísis um óreiðustíga sem Ólafur Ó. Guðmundsson, yfirlæknir BUGL, hefur fjallað um í fjölmiðlum. **-fgg**


Jólin koma
SPARIÐ 20.000,-
ALLT SETTIÐ 3+2
VERÐ ÁÐUR 109.900,-
89.900,-
„BERLIN" 3 + 2 SÓFASETT
Einfalt og stílhreint sófasett úr bycast leðri. Fáanlegt í svörtu og dökkbrúnu. St. 2ja sæta 144x83x83,5 sm. St. 3ja sæta 203x83x83,5 sm.
SPARIÐ 20.000,-
HORNSÓFI
VERÐ ÁÐUR 149.900,-
129.900,-
„BRANDON" LEÐURHORNSÓFI MEÐ TUNGU
Glæsilegur, brúnn leðurhornsófi úr bycast leðri. Þykkt og sterkt leður ásamt leðurpúðum. Stílhreinn hornsófi sem sómir sér vel í hvaða stofu sem er! St. 210 x 237 sm.
„MIAMI"
24.900,-
„MIAMI" HILLUSAMSTÆÐA
Falleg og stílhrein hillusamstæða. Í þessari hillusamstæðu er pláss fyrir sjónvarpið, hljómflutningstækin auk allra myndbandsspólanna og geisladiskanna. Fáanlegt í eik og hlyn. St. 214,5 sm há, 192,5 sm breið og 51,5 sm djúp.
SPARIÐ 3.000,-
„GYRO"
VERÐ ÁÐUR 7.990,-
4.990,-
„GYRO" SKRIFBORÐSSTÓLL
Skrifborðsstóll með gaspumpu, örmum og krómfótum. Áklæði er úr microfiber sem sérstaklega auðvelt er að þrífa. Fæst í brúnum og bláum lit.
990,-
HIMNASÆNG
Falleg himnasæng með bleikum rósum. Hringur og festingar fylgja með.
1.990,-
ENGILL
Virkilega fallegur engill með ljósleiðara. Ljós í vængjum. Gengur fyrir batteríum.
STK.
1.990,-
„BATMAN", „SPIDERMAN" OG „BRATZ" BAKPOKAR
Flottir bakpokar með mörgum góðum hólfum.
VERÐ ÁÐUR 1.490,-
990,- STK.
JÓLASVEINABÚNINGAR
Vandaðir flís jólasveinabúningar fyrir stelpur og stráka. Fáanlegir í st: 86 - 92, 98 - 104, 110 - 116, 122 - 128, 134 - 140.
1.490,-
JÓLATRÉSFÓTUR
Góður fótur undir jólatréið úr grænu smíðajárni.
790,-
MYNDAHANDKLÆÐI
Nýkomið mikið úrval af myndahandklæðum á frábæru verði! Tilvalin jólagjöf!
100% bómull
ST. 140X200 SM.
1.990,-
SÆNGURVERASETT MEÐ ÚTSAUMI
Fallegt sængurver með fallegum útsaumi, nokkur falleg mynstur fáanleg. Efni 100% bómull. Stærð 140x200 sm. Koddaver 50x70 sm. Einnig fáanleg auka koddaver í st.40x50 sm. verð 299,- og st. 50x70 sm. verð 399,-
-góð kaup
RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ
www.rumfatalagerinn.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**









BAKÞANKAR

SÚSANNA SVAVARSDÓTTIR

## Status symbol

Kínverjar hlaða niður börnum til þess að grobba sig af ríkidæmi sínu, við étum. Við erum ein ríkasta þjóð í heimi og sönnum það með því að gúffa í okkur krásum sem eru langtum dýrari en gengur og gerist meðal granna okkar sem hafa ekki fattað þessa skemmtilegu leið til að berast á. Einu vonbrigðin í niðurstöðunum hljóta að vera þau að ekki hafi enn sannast að matvöruverð hér sé hið hæsta í heimi. Við viljum vera í efstastigi. Alltaf. Vera algert metfé meðal heimssauðanna.

**EKKI** þar fyrir, við hljótum að geta látið einhvern fræðing innan einhvers ráðuneytis finna þá niðurstöðu. Ráðuneytafræðingar hafa nefnilega einstakt lag á að finna þá niðurstöðu sem óskað er eftir, rétt einsog þeir hafi lagt á sig langt og strangt nám í „pantaðri niðurstöðufræði“. Mikil guðsblessuð gæfa að eiga slíkt fólk. Einkum á þeim tíma sem menn ætla að gera innflutningshöft að blórabögglum fyrir háu matarverði, eins og slíkt verð sé eitthvað annað en status symbol.

**AÐ** hætti hússins eru stjórnvöld fljót að reka slíkar ásakanir öfugar oní kokið á því sem heldur slíku fram, rétt eins og þau hafa rekið niðurstöður ráðuneytislausra fræðimanna af sér í slíkum ófrægingar marseríngum að unun er á að horfa. Það er svo gott fyrir okkur, sauðsvartan almúgann sem fær að éta tros fyrir sama verð og milljónerar í Evrópu graðka í sig gæsalifrarpatei, kampavíni og kavíar, að vita að það er einmitt það sem gerir okkur að næsthamingjusömustu þjóð í heimi. Hamingjan felst í því að fá yfirhöfuð að éta. Mikil ráðgáta hvað helvítis Danirnir gerðu til að velta okkur úr fyrsta sæti hamingjuhjólsins.

**HEF** verið að reyna að finna ástæðuna. Skoða fátæktarskýrslur og öryrkjaskýrslur, kjararannsóknaskýrslur og jafnréttisskýrslur sem sýna að við eigum þar velflest met – en, vei ó vei, eru þær þá ekki unnar af illþýði sem á sér það eitt markmið að trufla hinn langa svefn okkar lúnu valdhafa. Er ekki hægt að fara að leggja rándýrar stofnanir á borð við Háskóla Íslands niður. Það væri svo miklu betra fyrir þjóðarhag og þar með ráðamenn að velflest fræði yrðu kennd út úr ráðuneytunum. ■







